# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

106. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. MAÍ 2017




## Ég elska Ísland

Stórstjarnan Mads Mikkelsen í einkaviðtali við Fréttablaðið um áhrifavalda, ferilinn og nýafstaðnar krefjandi tökur í faðmi íslenskra fjalla. ➔26

MYND/HELEN SLOAN



## Nauðgun var áfall

Dóttur Magnúsar og Lindu var nauðgað. ➔24



## Létt og gott sumar í mat og drykk ➔76



## Framtíðin ræðst

Á sunnudag verður ljóst hver verður næsti forseti Frakklands. ➔78

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA ● FERÐIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag er spáð hægum norðanvindi og að dragi heldur fyrir sól norðan- og austanlands og kólni þar. Áfram ætti að vera sórikt og hlýtt fyrir sunnan og vestan. SJÁ SÍÐU 58



Úr vinnslu HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nærri tveir milljarðar í arð hjá Granda

**SJÁVARÚTVEGUR** Ein króna á hvern hlut í HB Granda verður greidd í arð vegna ársins 2016. Samtals nemur fjárhæðin 1,8 milljörðum króna. Arðurinn verður greiddur þann 31. maí næstkomandi. Þetta var samþykkt á aðalfundi HB Granda í gær.

Þau Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Teitsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Kristján Loftsson og Rannveig Rist voru kjörin í stjórn félagsins. Þá var einnig samþykkt að þóknun til stjórnarmanna vegna næsta árs verði 264.000 krónur á mánuði og að formaður fái tvöfaldan hlut.

Undanfarið hefur HB Grandi verið mikið í umræðunni vegna áforma um að hætta botnfiskvinnslu á Akranesi. Eru þau áform tilkomin þar sem útlit er fyrir tap af vinnslu botnfisks.

Þá greindi Fréttablaðið frá því á fimmtudag að HB Grandi hefði ákveðið að ganga til samninga við spænska skipasmíðamiðstöð um smíði frystitogara. Samningsupphæðin liggur nærri fimm milljörðum króna en togarinn er hannaður af Rolls Royce í Noregi. – þea

> Arðurinn verður greiddur þann 31. maí næstkomandi. Þetta var samþykkt á aðalfundi HB Granda í gær.

## Slys á Esjunni




Kalla þurfti út slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um hádegi í gær til að koma konu til aðstoðar. Sú datt og slasaðist í fjallgöngu á Esjunni. Sérhæfður fjallabjörgunarhópur frá slökkvistöðinni í Mosfellsbæ og Tunguhálsi var sendur á staðinn. Greiðlega gekk að finna konuna, en hún var í símasambandi við björgunarhópinn allan tímann, auk þess sem hún var ekki ein á ferð. Konan er slösuð, en ekki er vitað hversu alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kajakræðarinn nafngreindur

**SLYS** Kajakræðarinn, sem leitað var út af Þjórsárósum að kvöldi 29. apríl síðastliðins og úrskurðaður var látinn á sjúkrahúsi degi síðar, hét Sigurður Birgir Baldvinsson.

Sigurður Birgir var fæddur þann 23. október árið 1973 og var til heimilis að Hólmaseli í Flóahreppi. Hann lætur eftir sig sambýliskonu og þrjú börn, fjögurra ára gamla dóttur og sautján og nítján ára syni.

Sigurður Birgir var í för með öðrum kajakræðara frá Frakklandi þegar slysið átti sér stað. Sá er við ágætis heilsu.

Ræðararnir tveir lentu í vandræðum í briminu við ós Þjórsár. Voru björgunarsveitir af Suðurlandi og úr Vestmannaeyjum, auk sérhæfðra björgunarsveitarmanna af höfuðborgarsvæðinu, ræstar út til að gera víðtæka leit að mönnunum tveimur. – þea

# Íslendingar héldu uppi stuðinu í Kænugarði

**Um hundrað mættu í gleðskap Íslendinga í Kænugarði. Svölu Björgvinsdóttur var einkar vel tekið. Felix Bergsson segir sendinefndina í keppnisskapi. Kappsamlega verði unnið að því að Svölu gangi vel, en hún fái litla sem enga hvíld.**

**EUROVISION** Um hundrað manns sóttu gleðskap íslensku Eurovision-sendinefndarinnar í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, í gær. Meðal annars létu sendinefndir Finna, Ástrala og Moldóva sjá sig.

„Við erum að vonum ánægð með mætinguna. Þarna kom fólk úr öðrum sendinefndum, svolítið af þulum. Við lögðum áherslu á að reyna að ná þulunum sem eru með okkur í undanriðli til að fá þá til að tala svolítið fallega um okkur og fá þá atkvæði frá þeim þjóðum,“ segir Felix Bergsson, einn nefndarmanna, léttur í bragði.

Felix segir stemninguna hafa verið rosalega góða. „Ekki síst vegna þess að Svala steig á stokk og söng og gerði það alveg dásamlega. Það kom einna helst á óvart að Vetrarsól Gunnars Þórðarsonar fór svona vel í þá sem voru á svæðinu. Fólk bara táraðist.“

Þá segir hann að Svala Björgvinsdóttir, keppandi Íslands, hafi að sjálfsögðu flutt lag sitt, Paper, bæði á íslensku og á ensku.

Íslenska sendinefndin er í keppnisskapi og ætlar að sjá til þess að Svölu gangi sem allra best. „Við erum bara á fullu að kynna hana til að koma henni á framfæri og koma laginu áfram. Þetta er endalaus vinna. Þetta er í raun heilmikið álag á listamanninum,“ segir Felix.

Til dæmis hafi Svala sungið fjögur lög í boðinu og staðið svo í viðtölum og myndatökum í klukkutíma. Hún fær hins vegar litla hvíld. „Hún er rétt búin að skríða heim á hótel núna til að hvíla sig í hálftíma. Svo förum við af stað í rútu, nýmáluð og í nýju átfitti, til að fara í moldóvska partíið þar sem hún ætlar að performera,“ segir Felix.

Hann segir að margir geri sér ekki grein fyrir því að keppendur eigi það til að missa röddina eftir allan undirbúninginn. „Það er ekki síst vegna þess að þeir tala svo mikið. Það er svo mikið áreiti, mikið af viðtölum og mikið af aðdáendum sem þarf að sinna.“

Svala stígur á svið á þriðjudaginn á fyrra undanúrslitakvöldinu. Aðalkeppnin fer síðan fram laugardagskvöldið 13. maí, eftir rétta viku, og íslenska þjóðin stendur af heilum hug á bakvið íslenska keppandann. Ábyrgð Felix og félaga í íslensku sendinefndinni er því mikil.

„Við erum með stóran og góðan hóp í kringum hana og þetta gengur allt mjög vel,“ segir Felix.

Þeir Benedikt Bóas Hinriksson og Stefán Árni Pálsson, blaðamenn á fréttastofu 365, eru í Kænugarði. Munu þeir standa fyrir ítarlegri umfjöllun á Vísi, Stöð 2, Bylgjunni og hér í Fréttablaðinu á næstu dögum. thorgnyr@frettabladid.is



Svala á æfingu í Kænugarði. MYND/EUROVISION

> Þetta er endalaus vinna. Þetta er í raun heilmikið álag á listamanninum.
>
> Felix Bergsson, í sendinefnd Íslands



FJÖRÐUR
*Vinalega verslunarmiðstöðin í miðbæ Hafnarfjarðar!*

TAX FREE

Sirkus Íslands
Sýning kl. 14:00



SÍÐASTI DAGUR TAXFREE


4.-8. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
Kringlan
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 30.04.2017 – 06.05.2017

**930**
milljarðar voru launagreiðslur fyrirtækja á almennum markaði á árinu 2016.



**19**
mánuði tekur að meðaltali að rannsaka flugslys á Íslandi.

XD

**43**
ár eru síðan varaformaður Sjálfstæðisflokksins kom af landsbyggðinni.

**81**
vændismál kom inn á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2013.

**25**
nýjum eftirlitsmyndavélum hefur verið komið upp vítt og breitt um miðbæinn.



**150**
milljónir er kostnaður samfélagsins við hvern þann sem líður fyrir einelti – og ber örin alla ævi.



**2,4**
milljónir ferðamanna koma til Íslands á þessu ári, er spáð.

unicef

**10**
milljónir króna höfðu safnast á fimmtudag í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir Sómalíu, Suður-Súdan, Jemen og Nígeríu.

## Þrjú í fréttum
### Eldri feður, einkavæðing og lífeyrissjóðir

**Runólfur Ágústsson**
*formaður Félags eldri feðra*



sagði feður sem eignast börn eftir fimmtugt hafa meiri tíma fyrir börnin sín í dag en þeir höfðu kannski fyrir 20 til 30 árum. Eftir fimmtugt væru menn hættir þeirri vitleysu að sigra heiminn. Jafnframt væri að mörgu leyti betra að ala börn upp núna þar sem þjónusta samfélagsins sé betri.

**Svandís Svavarsdóttir**
*þingflokksformaður VG*



sagði einkavæðingu Fjölbrautaskólans við Ármúla ómerkileg vinnubrögð eða jafnvel óheiðarleg. Um væri að ræða breytingar á íslensku samfélagi í skjóli nætur. Ráðherra málaflokksins hefði hitt fastanefnd Alþingis örfáum dögum fyrir tilkynninguna um áformin og ekki greint frá þeim.

**Ragnar Þór Ingólfsson**
*formaður VR*



benti á að lífeyrissjóðirnir væru stærstu eigendur fasteignalána á Íslandi. Þeir hefðu hag af verðtryggingunni og háum vöxtum. Lífeyrissjóðirnir ættu að gera meira til þess að draga úr þenslu á fasteignamarkaði með hagkvæmum lausnum fyrir kaupendur íbúða. Ragnar telur að lífeyrissjóðir ættu að sinna samfélagslegri ábyrgð betur, til dæmis með því að byggja nokkur þúsund íbúðir fyrir aldraða.

# Skært skilti allan sólarhringinn

**Athugasemdir íbúa nærri Fífunni í Kópavogi vegna mikillar birtu frá nýju auglýsingaskilti streyma nú til bæjaryfirvalda og til heilbrigðiseftirlitsins. „Viljum við virkilega vera eins og Ameríka?“ spyr einn íbúinn. Byggingarfulltrúi bæjarins skoðar málið.**





**Nýtt LED háskerpuskilti sem Breiðablik leigir er þyrnir í augum nágrannanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**UMHVERFISMÁL** „Þetta skilti fyllir alveg mælinn,“ segir Ingibjörg V. Friðbjörnsdóttir, íbúi í Hlíðarhvammi í Kópavogi, í bréfi til heilbrigðiseftirlitsins vegna nýs auglýsingaskiltis Breiðabliks við Kópavogslæk nærri Fífunni.

Ingibjörg er einn margra Kópavogsbúa sem undanfarnar vikur hafa snúið sér til yfirvalda vegna nýja skiltisins. Segist hún vilja vekja athygli á „gríðarlegri sjónmengun“ sem fylgi skiltinu.

„Við erum ekki hrifin af þessu áreiti sem bætist við hljóðmengunina frá veginum og bílamengunina/bílasótið. Fólk kemur að tjörninni til að njóta náttúrunnar og fuglalífsins,“ skrifar Ingibjörg meðal annars.

Hrafnhildur Smith, sem kveðst búa í Fífuhvammi, kvartar í bréfi til heilbrigðiseftirlitsins undan þeirri „sjónmengun sem þetta nýja háskerpuljósaskilti“ sé. „Það skín óskrandi skært 24 klukkustundir á dag þrátt fyrir að ég hafi heyrt að það ætti að slökkva á sér klukkan 10.30 á kvöldin.“

Þá segir Hrafnhildur að ljósaskiltið sé truflandi fyrir umferðina auk þess að vera sjónmengun á fallegu og ósnortnu svæði. „Hverjum datt í hug að setja þetta upp? Af hverju var ekki nein grenndarkynning? Umhverfismat? Er þetta yfirhöfuð leyfilegt? Viljum við virkilega vera eins og Ameríka?“ spyr hún og lýsir yfir mikilli óánægju allrar fjölskyldu sinnar.

Að sögn Sigríðar Bjargar Tómasdóttur, upplýsingafulltrúa hjá Kópavogsbæ, veitti bærinn leyfi fyrir því að breyta skiltinu í ljósaskilti síðastliðið haust. Hún segir ellefu kvörtunarbréf frá íbúum í Hvömmunum og Smárahverfi hafa borist bænum vegna skiltisins.

Einn bréfritarinn, Steen Henriksen sem býr í Fífuhvammi, sneri sér beint til bæjarritara og var erindi hans tekið fyrir á bæjarráðsfundi á fimmtudag. Þar var ákveðið að fela byggingarfulltrúa bæjarins að gera umsögn um málið.

Steen segist í bréfinu leggja fram

> **Hverjum datt í hug að setja þetta upp? Af hverju var ekki nein grenndarkynning? Umhverfismat? Er þetta yfirhöfuð leyfilegt? Viljum við virkilega vera eins og Ameríka?**
>
> Hrafnhildur Smith, íbúi í Fífuhvammi í Kópavogi



kvörtun vegna skiltisins. „Ég bý nálægt skiltinu og sjónræn áhrif skæra ljóssins frá skjánum eru mjög mikil og afar angrandi,“ skrifar hann.

Eysteinn Pétur Lárusson, sem nýtekinn er við starfi framkvæmdastjóra Breiðabliks, segir umsjón og rekstur skiltisins alfarið í höndum leigutakans sem sé fyrirtækið Billboard. Íþróttafélaginu sjálfu hafi ekki borist athugasemdir vegna málsins. Ekki náðist tal af forsvarsmönnum Billboard.

Málið var tekið fyrir á síðasta fundi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þar sem afgreiðslu var frestað þar sem beðið væri frekari upplýsinga.

**gar@frettabladid.is**





# Þúsund íbúar mótmæla sjúkrabílaleysi

**ÓLAFSFJÖRÐUR** Rúmlega eitt þúsund undirskriftir íbúa Fjallabyggðar hafa safnast gegn áformum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) um að leggja af sjúkrabíl í Ólafsfirði. Telja íbúar mikilvægt að sjúkrabíll sé áfram í byggðarlaginu.

HSN hefur tekið ákvörðun um að aðeins verði sjúkrabílar á Dalvík og Siglufirði til taks á norðanverðum Tröllaskaga. Íbúar eru gríðarlega ósáttir og telja öryggi sínu ógnað.

Jón Valgeir Baldursson, bæjarfulltrúi í Fjallabyggð og fyrrverandi sjúkraflutningamaður, telur þetta mikla afturför. „Að missa sjúkrabíl af svæðinu er afturför áratugi aftur í tímann. Viðbragðstíminn eykst allavega um 20 til 25 mínútur við bestu aðstæður,“ segir Jón Valgeir.

„Sjúkrabíllinn í Ólafsfirði er staddur miðsvæðis þeirra þriggja sem eru á Tröllaskaganum og er því alltaf með stystan viðbragðstíma ef kalla þarf út aukabíl til Siglufjarðar eða Dalvíkur.“

Í fyrra fór sjúkrabíllinn í 107 aðgerðir á meðan sjúkrabíllinn á Siglufirði fór í 181 útkall og 125 útköll á Dalvík. Það sem af er árinu 2017 hefur sjúkrabíllinn á Ólafsfirði farið í 29 útköll.

„Ég skora á forstjóra HSN að koma í Ólafsfjörð og halda opinn fund fyrir íbúa og leggja fram rökstuðning HSN fyrir þessari aðgerð áður en þau leggja niður starfsemi sjúkrabílsins í Ólafsfirði,“ bætir Jón Valgeir við.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN, segir mótmæli íbúa ekki munu breyta ákvörðuninni. „Þetta er gert að vel ígrunduðu máli. Við munum auðvitað skoða það sem komið hefur fram en ég tel á þessari stundu ekkert breyta þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið,“ segir Jón Helgi.

„Nú eru gerðar ríkari kröfur til sjúkraflutningamanna um fjölda útkalla til að þeir haldi sér í þjálfun. Fjöldi útkalla í Ólafsfirði er hreinlega of lítill til að hægt sé að halda úti mannaðri vakt á sjúkrabíl þar.“

**sveinn@frettabladid.is**

> **Við munum auðvitað skoða það sem komið hefur fram en ég tel á þessari stundu ekkert breyta þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið.**
>
> Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN



**107**
sinnum fór sjúkrabíllinn á Ólafsfirði í útköll árið 2016.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Húsasmiðjublaðið troðfullt af frábærum tilboðum

# TILBOÐS VEISLA



Broil King
SÚPER TILBOÐ
**45.900 kr**
~~55.900 kr~~
**Royal 320**
3 ryðfríir brennarar: Dual tube 8,8kW/h, rafstýrður kveikjari, grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind. Grillflötur: 38x67 cm, hitamælir í loki.
3000604



Sjáðu verðið!

Broil King
SÚPER TILBOÐ
**34.990 kr**
~~42.900 kr~~
**Gasgrill Gem 320**
3 brennarar, grillflötur: 55x37 cm. Grillgrind úr steypujárni, hliðarborð.
3000613

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Dagskrá

laugardag í Skútuvogi

**Úlfar Finnbjörnsson**, matreiðslumeistari, gefur góð grillráð í grilldeildinni frá **kl. 13-17**.

**Vilmundur Hansen**, garðyrkjufræðingur, verður með kaffispjall kl. 11:30 þar sem hann fer yfir hvernig best er að fjarlægja mosa úr grasflötinni og í framhaldi ráðgjöf til **kl. 16** í Blómavali.

**Kynning á sláttuvélum** á laugardaginn. Sérfræðingur okkar verður með ráðgjöf og kynning á sláttuvélum.

**Allir fá ís** í Skútuvogi og Akureyri, laugardag



21% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**10.995 kr**
~~13.995 kr~~
**Rafmagnssláttuvél**
1100W, sláttubreidd 32 cm, 6 hæðarstillingar, 30 ltr., safnari, þyngd 8,3 kg.
5085113

IKRA mogatec
**Rafmagnshekkklippa**
520W, 50 cm blað, klippir allt að 16 mm.
5083756
**5.995 kr**
Sjáðu verðið!



OUTBACK
Þú sparar: 5.000 kr.
**15.990 kr**
~~20.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225



25% afsláttur
Nilfisk
SÚPER TILBOÐ
**11.995 kr**
~~15.995 kr~~
**Háþrýstidæla** C 105.7-5
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gagnsetning og stöðvun með click & Clean kerfi.
5254201



**999 kr**
**Jarðarberjaplöntur**
3 stk.
10260732

Stríð gegn mosa!
**1.299 kr**
~~1.790 kr~~
**Grasfræ**
1 kg.

**999 kr**
**Kalkkorn**
5 kg.
5087658

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Íslenskur karlmaður borinn þungum sökum í nafnlausu bréfi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur til rannsóknar nafnlausar bréfasendingar þar sem karlmaður er borinn þungum sökum um kynferðisbrot. Maðurinn hefur kært málið. „Við erum með til skoðunar kæru manns sem telur að sér veist með þessum hætti,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Umrætt bréf hefur undanfarið borist inn á lögmannsstofur, fjármálastofnanir og til fjölmiðla. Um er að ræða útprentað blað með mynd af manninum þar sem hann er sagður hafa, á ótilgreindum tíma kvöld eitt, brotið gegn konu sem fór með honum heim eftir skemmtun.

Þá kemur fram að bréfsendandi viti að fólki kunni að finnast slíkar nafnlausar ásakanir siðlausar en um slíkt skeyti hann engu. Tilgangurinn sé að vara konur við manninum.

Sending bréfsins getur varðað við 236. grein almennra hegningarlaga sem segir að sé ærumeiðandi aðdróttun birt eða borin út opinberlega varði það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

> 236. grein almennra hegningarlaga segir að sé ærumeiðandi aðdróttun birt opinberlega varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Jón Þór Ólason, sérfræðingur í refsirétti, segir að alla jafna séu ærumeiðingamál einkarefsimál sem þýði að viðkomandi beri að stefna geranda í málinu án aðkomu ákæruvalds. Því sé öðruvísi farið í þessu máli. Samkvæmt 242. almennra hegningarlaga breytir öllu að um sé að ræða nafnlaust, skriflegt bréf. Nafnleysið geri málið að opinberu refsimáli þar sem hinu opinbera ber að rannsaka mál og gefa út ákæru ef þykir líklegt til sakfellingar. Engin fordæmi eru fyrir því að dæma til fangelsisvistar fyrir ærumeiðandi aðdróttanir.

Í opinberum sakamálum tíðkast að brotaþolar njóti nafnleysis og hægt er að fara fram á lokað þinghald. – **snæ**

# Kvótakerfið risaskref í umhverfismálum

**Lögð verður áhersla á umhverfisskatta í nýrri áætlun í loftslagsmálum undir forystu umhverfis- og forsætisráðherra. Skattaundanþága skiptir miklu fyrir fjölgun rafbíla, segir framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Útgerðarmaður sér tækifæri með nýjum skipum.**



Sex af ráðherrum ríkisstjórnarinnar skrifuðu undir yfirlýsingu um aðgerðaáætlunina í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**UMHVERFISMÁL** Sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvar hægt er að beita grænum hvötum og umhverfissköttum til að ýta undir þróun íslensks samfélags í átt að lágkolefnishagkerfi, samkvæmt nýrri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Áætlunin var kynnt í gær. Hún miðar að því að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum til 2030 og varði veginn að róttækri minnkun losunar til lengri tíma í samræmi við leiðsögn fræðasamfélagsins.

Áætlunin verður unnin undir forystu forsætisráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, en fjármála- og efnahagsráðuneytið, samgönguráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið munu einnig taka fullan þátt í gerð hennar.

Í yfirlýsingunni segir að helstu tækifæri Íslands til að draga frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda liggi í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun. „Rafvæðing bílaflotans er til að mynda raunhæf leið til að nýta innlenda græna orku á hagkvæman hátt og sjávarútvegurinn hefur mikla möguleika á að draga frekar úr losun í gegnum til að mynda orkuskipti og tæknilausnir við veiðar,“ segir í áætluninni.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir skattalega hvata skipta öllu máli varðandi aukna notkun rafbíla. Það sé góður stígandi í notkun slíkra bíla. „Það skýrist fyrst og fremst af því að það er enginn virðisaukaskattur á þessum bílum. Þannig að þeir eru vel samkeppnishæfir í verði við hefðbundna bíla. Ef það væri virðisaukaskattur á þessum bílum þá værum við ekki að sjá þá á götunum,“ segir hann.

Özur segir framleiðsluna á rafhlöðum í bílana vera dýra, þótt hún hafi lækkað og muni lækka áfram. „En á meðan hún er dýr þurfum við að hafa niðurfellingu á þessum gjöldum,“ segir Özur.

> **Menn eru að smíða ný og orkusparneytnari skip.**
>
> Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunar

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir að tækifærin fyrir sjávarútveginn liggi í hagkvæmari skipum og veiðarfærum og hvernig þeim sé beitt. Hann segir gríðarlega mikið hafa verið gert til að draga úr umhverfisáhrifum í sjávarútvegi á liðnum árum. „Kvótakerfið er sennilegast eitt stærsta skref í umhverfismálum sem stigið hefur verið, hvort sem andstæðingar þess vilja viðurkenna það eða ekki. Við erum að nota margfalt minna af olíu en áður. Menn eru að smíða ný og orkusparneytnari skip og menn eru stöðugt að horfa á orkuferla í landvinnslu,“ segir Gunnþór. Til að mynda hafi verið stigin mjög stór skref í að rafvæða fiskimjölsverksmiðjurnar. **jonhakon@frettabladid.is**

TAX FREE
AF ÖLLUM FATNAÐI
4.–8. MAÍ
TAX FREE JAFNGILDIR 19,36% VERÐLÆKKUN. DAGANA 4. – 8. MAÍ 2017. GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI. *GILDIR AÐEINS Á FATNAÐI.
INTERSPORT®
BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**Ársfundur 2017**

**Dagskrá**

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Breytingar á samþykktum – kynning.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 30. maí 2017 kl. 16:30, að Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 25. 04. 2017
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**






LSR og LH halda fund fyrir sjóðfélaga á lífeyri 8. maí 2017 á Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

**Dagskrá:**

- Kynningar frá LSR
- Guðni Ágústsson flytur erindi
- Bergþór Pálsson syngur nokkur lög
- Kaffiveitingar
- Fyrirspurnir og umræður

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vef LSR.

LSR Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is


# Áformin feli ekki í sér einkavæðingu Ármúlaskóla

**Samtöl um sameiningu Tækniskólans og FÁ hófust seint í febrúar. Skólameistari Tækniskólans segir töluverða samlegð nást með sameiningu. Enginn kennari myndi missa vinnuna ef af sameiningu yrði.**

**MENNTAMÁL** „Tækniskólinn er ekki einkavæddur, heldur er hann einkarekinn,“ segir Jón B. Stefánsson, skólastjóri Tækniskólans, um fyrirhugaða sameiningu skólans við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, sagði í Fréttablaðinu í gær að ef sameining skólanna yrði að veruleika myndi það fela í sér einkavæðingu Ármúlaskólans.

Jón bendir á að samþykktir Tækniskólans séu í anda sjálfseignarstofnana. „Hluthafar í skólanum geta aldrei tekið krónu í arð út úr skólanum,“ segir Jón. Þá bætir hann við að ef ríkið kjósi að hætta með þjónustusamning við Tækniskólann, þá segi menntamálaráðuneytið samningnum upp. Sex mánuðum seinna gangi stjórnendur skólans burt og allar eignir skólans standi eftir hjá skólanum. „Við erum að reka starfsemi skólans fyrir ríkið,“ segir hann.

Jón segir að ráðuneytið hafi byrjað að tala við skólana um sameiningu seinni hlutann í febrúar. Með sameiningu myndi nást stærðarhagkvæmni sem sé mjög mikilvæg í verknámsskólum. Þá sé mikilvægt að bregðast við fyrirsjáanlegri fækkun í árgöngum og fækkun vegna styttingar náms til stúdentsprófs.

Jón segir að hægt væri að ná fram töluverðri samlegð með sameiningu skólanna. Til dæmis séu báðir skólarnir með töluvert bóknám, Fjölbraut í Ármúla sé sterk í fjarnámi og Tækniskólinn hafi verið bæði með fjarnám og endurmenntun. „Báðir skólarnir eru með sérdeildir. Þeir eru með nám fyrir fólk með hreyfihömlun en við erum með einhverfudeild. Báðir skólarnir eru með töluvert af nýbúum. Það passar vel saman,“ segir Jón. Þá séu báðir skólar með nám á fagháskólastigi. Aðrir hlutir passi síður saman, til dæmis sé Tækniskólinn með iðngreinar en Ármúlaskóli með heilbrigðisgreinar. Þetta myndi gefa sameinuðum skóla fjölbreytni og nemendunum ný tækifæri.

> **Hluthafar í skólanum geta aldrei tekið krónu í arð út úr skólanum. Við erum að reka starfsemi skólans fyrir ríkið.**
>
> Jón B. Stefánsson, skólastjóri Tækniskólans



Nemendur Tækniskólans eru í dag um 2.100 en yrðu um 3.000 eftir stækkun. En síðan er gert ráð fyrir fækkun nemenda og Jón gerir ráð fyrir að eftir 2020 yrði skólinn álíka stór og þegar hann var stærstur fyrir efnahagshrunið.

Jón segist hafa fundað með starfsmönnum Ármúlaskóla í dag. Þar hafi hann gert starfsfólki grein fyrir því að öll réttindi starfsmanna sem ráðast til Tækniskólans yrðu óbreytt og flyttust yfir. „Það munu náttúrlega einhverjir hætta vegna biðlauna, eins og gerist og gengur. En þeir kennarar sem vilja vinnu verða allir ráðnir á sömu kjörum og með sömu réttindum. Eina tæknilega breytingin sem verður er sú að fólk fær launaseðilinn sinn frá öðrum aðila,“ segir hann. **jonhakon@frettabladid.is**

# Bíða eftir fjárlögum því erfitt sé að átta sig á áætlun

**HEILBRIGÐISMÁL** Forsvarsmenn Sjúkrahússins á Akureyri hafa áhyggjur af fjárframlögum til starfsemi spítalans samkvæmt fjármálaáætlun. Raunaukning peninga til spítalans er ekki nægileg til að tryggja þá auknu þjónustu sem spítalinn veitir. Hins vegar sé erfitt að mati spítalans að lesa í áætlunina til að átta sig á áhrifum hennar á rekstur spítalans.

„Eins og þetta lítur út fyrir okkur þá er mjög erfitt að sjá hvernig fjármálaáætlun hefur áhrif á rekstur sjúkrahússins á Akureyri,“ segir Bjarni Jónasson, forstjóri SAK á Akureyri. „Það er afar erfitt að lesa út hvernig nákvæmlega þetta mun hafa áhrif, hversu mikið fer í tækjakaup og stofnkostnað eða í beinan rekstur.“

Þjónusta sjúkrahússins hefur aukist mikið síðustu ár vegna samþjöppunar heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi, hækkaðs aldurs íbúa og aukins fjölda ferðamanna. Til að mynda voru um 5 prósent koma á bráðamóttöku á Akureyri ósjúkratryggðir einstaklingar.




**Sjúkrahúsið á Akureyri.**
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hins vegar getum við séð að það fjármagn sem á að fara til spítalans sé ekki nægjanlegt að okkar mati. Annars er framsetning fjármálaáætlunarinnar þannig að við bíðum bara fjárlaga og í því plaggi munum við fá betri mynd af því hvernig rekstur okkar mun líta út,“ bætir Bjarni við. **– sa**

# Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS




Hannes Hannesson er skynsamur og spilar í Happdrætti DAS

## Meira en milljarður í vinningum ár hvert

# Það eru 1000 milljónir!

## Nýtt happdrættisár hefst í maí

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða

# Rísandi sól kínverskrar snjallsímaframleiðslu

**Kínverskir snjallsímar seljast betur en símar Apple og Samsung í heimalandinu. Símarnir eru ódýrari en búnir sama innvolsi. Seljast einnig vel á Indlandi.**

**TÆKNI** Kínverskir snjallsímaframleiðendur hafa sótt í sig veðrið undanfarið. Í nýrri rannsókn frá Counterpoint Research kemur fram að sala á snjallsímum kínverska fyrirtækisins Oppo hafi aukist um 81 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama tímabil árið 2016. Þá seldi Vivo 60 prósent fleiri síma og sala á Huawei-snjallsímum jókst um fjórðung.

Þessi mikli uppgangur hefur bitnað á sölu stærstu snjallsímaframleiðenda heims. Seldu Apple og Samsung til að mynda mun færri snjallsíma í Kína á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en í fyrra. Fimmtán prósenta hnignun var hjá Apple og öllu meiri hjá Samsung, alls sextíu prósent.

Þýðir þetta að snjallsímamarkaðurinn í Kína er talsvert frábrugðinn því sem við höfum vanist á Íslandi. Í stað þess að framleiðendur á borð við Apple, Samsung, Google og LG sláist um markaðinn eru þrír kínverskir snjallsímaframleiðendur með samtals rúmlega 54 prósenta markaðshlutdeild.

Alls voru 19,7 prósent seldra snjallsíma á fyrsta ársfjórðungi frá Huawei, samanborið við 16,4 prósent í fyrra. 17,5 prósent frá Oppo en 10,1 prósent í fyrra og 17,1 prósent frá Vivo, 11,2 prósent í fyrra.



**Kona virðir fyrir sér F1 Plus síma frá Oppo á snjallsímahátíð í Barcelona.** NORDICPHOTOS/AFP

**22,4%**

**var markaðshlutdeild þriggja kínverskra snjallsímaframleiðenda á fyrsta ársfjórðungi.**

Til samanburðar var markaðshlutdeild Apple 12,3 prósent en er nú 10,1 prósent. Samsung var með 8,6 prósenta markaðshlutdeild en hún féll í 3,3 prósent.

En Kínverjar beina sjónum sínum ekki einungis að samlöndum sínum heldur herja þeir einnig á Indlandsmarkað. Samtals búa nærri 2,7 milljarðar í ríkjunum tveimur og markaðirnir því gríðarlega stórir. Í þremur af efstu fimm sætunum yfir markaðshlutdeild á snjallsímamarkaði í Indlandi má finna þrjá kínverska framleiðendur, Xiaomi, Oppo og Vivo.

Þá raða Kínverjar sér í þrjú af efstu fimm sætunum á heimsvísu. Símar Samsung hafa 22,8 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu og Apple 14,9 prósent og hafa því þessir risar yfirburðastöðu. Hins vegar hefur Huawei 9,8 prósenta markaðshlutdeild, Oppo 7,4 prósent og Vivo 5,2 prósent. Samtals 22,4 prósent sem er litlu minna en Samsung.

Kínverskir símar eru búnir til úr álíka öflugu innvolsi og símar Apple og Samsung en eru þrátt fyrir það í flestum tilfellum ódýrari. Því hafa þeir einnig vakið áhuga utan Indlands og Kína. Hafa ber í huga að kínverskir símar geta ekki allir tekið á móti 4G merkjum úr íslenskum sendum. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Tim Cook, forstjóri Apple, kynnir snjallúr fyrirtækisins.** NORDICPHOTOS/AFP

# Sala Apple-snjallúra eykst

**TÆKNI** Apple seldi 3,5 milljónir snjallúra á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Er það aukning um 59 prósent frá síðasta ári þegar 2,2 milljónir snjallúra fyrirtækisins seldust. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Strategy Analytics sem Engadget greindi frá í gær.

Hirti Apple þar með fyrsta sætið af Fitbit sem seldi flest snjallúr á sama tímabili í fyrra. Seldi Fitbit nú 2,9 milljónir snjallúra en 4,5 milljónir í fyrra. Varð þessi samdráttur ekki einungis til þess að Apple stökk upp fyrir Fitbit heldur gerði kínverski framleiðandinn Xiaomi það líka.

Neil Mawston, einn rannsakenda Strategy Analytics, sagði í samtali við Engadget að snjallúr Apple seljist nú vel vegna öflugrar auglýsingaherferðar og stílhreins útlits. Þá sé einnig auðvelt að nálgast þau.

Útskýrði hann samdráttinn hjá Fitbit með því að framleiðendum íþróttasnjallúra hefði fjölgað. Hefur samdráttur í sölu hjá Fitbit orðið til þess að 110 var sagt upp hjá fyrirtækinu í janúar, alls sex prósentum starfsmanna.

**59%**

**aukning var á sölu snjallúra Apple á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra.**

Yahoo Finance birti í upphafi mánaðar myndir sem sagðar eru vera af væntanlegu nýju snjallúri Fitbit. Herma heimildir Yahoo að GPS-móttakari, púlsmælir og einstaklega bjartur skjár séu á meðal búnaðar úrsins. **– þea**



**Kynningarfundir um breytingar á A-deild LSR**
**Allir fundirnir hefjast kl 16:30**

Reykjavík — Hilton Reykjavík Nordica **10. maí** og **23. maí**
*Fundunum verður streymt á vef LSR*
Akureyri — Hótel KEA **11. maí**
Ísafjörður — Hótel Ísafjörður **15. maí**
Egilsstaðir — Hótel Hérað **22. maí**

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is
www.lsr.is



# FYRIR HEIMILIÐ EÐA VINNUSTAÐINN




**Prima-skrifborð.** Borðplata með baki. Hvít. 150 x 80 cm. 26.900 kr.
Skúffueining. 48 x 49 x 68 cm. 34.900 kr.




**Prima-skrifborð.** Hornborð, svört eik (sérpöntun). 230 x 230 cm. 69.700 kr.
Skúffueining. 48 x 49 x 68 cm. 34.900 kr.



**Space-skrifborðsstóll.** Ljósgrár. 16.900 kr.



**Nevada-skrifborðsstóll.** Svartur með lágu baki. 24.900 kr.



**Jupiter-skrifborðsstóll.** Dökkgrár. 24.900 kr.



**Moon-skrifborðsstóll.** Túrkís. 13.900 kr.



**Speedy-skrifborðsstóll.** Svartur. 29.900 kr.

River-borð
**69.900**



**River-skrifborð** með þremur skúffum. Hvítt með viðarfótum. 140 x 60 x 75 cm. 69.900 kr.

Writex-borð
**32.900**



**Writex-skrifborð** með skúffu. 90 x 48 x 75 cm. 32.900 kr.

Raven-skrifborð
**24.900**



**Raven-skrifborð** með skúffu. Svartir fætur og hvít borðplata. 117 x 58 x 75,5 cm. 24.900 kr.

**30% AFSLÁTTUR AF PRIMA COFFEE**



**Prima-skúffueining.** Coffee. 48 x 49 x 68 cm. 34.900 kr. Nú 23.900 kr.

Tree tree-borð
**34.900**



**Tree tree-skrifborð.** Hvít MDF borðplata, fætur úr olíuborinni eik. 120 x 60 x 74 cm. 34.900 kr.

Hi-Fi-borð
**39.900**



**Hi-fi-skrifborð** með hátölurum. Tengist í gegnum bluetooth. 3 skúffur. 118 x 48 x 76 cm. 39.900 kr.

Prima-skrifborð
nú **44.900**

**30% AFSLÁTTUR AF PRIMA COFFEE**




**Prima-skrifborð.** Rafmagnshækkun. Coffee. 180 x 90 cm. 64.900 kr. Nú 44.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online

# Umhverfisstyrkur Ergo

**2012**
**Radiant Game**
Tölvuleikur fyrir börn til að efla umhverfisvitund

**2012**
**Vindmyllur**
Sem styðja sjálfbærni

**2013**
**Blái herinn**
Hreinsun á náttúrunni

**2013**
**Kristinn Jón Ólafsson**
Fræðsluefni til barna um rafmagnsnotkun

**2014**
**Haugfé**
Endurvinnsla á efni í listsköpun

**2015**
**Hjólafærni**
Kortlagning á hjólaleiðum um Ísland

**2016**
**Team Spark**
Rafmagnsbíll hannaður af verkfræðinemum í HÍ

**Umhverfissjóður Ergo auglýsir eftir umsóknum um umhverfisstyrk**

Sjóðurinn hefur frá því 2012 úthlutað umhverfisstyrk að fjárhæð 500.000 kr. að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári til frumkvöðalverkefna. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sviði umferðar- og umhverfismála.

**Sendu inn þína hugmynd**

Einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um styrkinn. Viðskiptaáætlun þarf að fylgja umsókninni ásamt skýringu á því hvernig nýta eigi styrkinn.

Frestur til að senda inn umsóknir er til 31. maí. Öllum umsóknum verður svarað.

**Kynntu þér málið nánar á ergo.is**

sími 440 4400 > www.ergo.is

ergo






**Niðurstöðurnar eru vonbrigði fyrir Jeremy Corbyn.** NORDICPHOTOS/AFP

# Afar slæmur fyrirboði fyrir flokk Corbyns

**Sögulegur sigur Íhaldsflokksins í sveitarstjórnarkosningum í Bretlandi er slæmur fyrirboði fyrir Verkamannaflokkinn. Allt bendir til þess að Íhaldsflokkurinn vinni stóran sigur í þingkosningum.**

**BRETLAND** Íhaldsflokkurinn vann stærsta kosningasigur ríkisstjórnarflokks á Bretlandi í sveitarstjórnarkosningum í fjóra áratugi á fimmtudaginn. Vann flokkurinn alls 500 ný sæti og náði meirihluta í ellefu sveitarfélögum.

Sigur Íhaldsflokksins þýddi einna helst tap Verkamannaflokksins og Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP). Tapaði síðarnefndi flokkurinn öllum sínum þrjátíu sætum. Þá mistókst Frjálslyndum demókrötum að nýta sér lélegt gengi Verkamannaflokksins og UKIP.

Samkvæmt mati BBC fengu íhaldsmenn 38 prósent atkvæða, 13 prósentum meira en árið 2013. Verkamenn fengu 27 prósent atkvæða en fengu 29 prósent síðast. Frjálslyndir demókratar fengu átján og bættu þar með við sig fjórum en UKIP fékk fimm prósenta fylgi, hafði 23 prósent.

Þykir þessi sigur Íhaldsflokksins slæmur fyrirboði fyrir Verkamannaflokkinn ef horft er til þingkosninga sem fara fram í júní. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem The Telegraph tekur saman mælast íhaldsmenn með 46 prósenta fylgi en Verkamannaflokkurinn með 29 prósent. Það myndi þýða sögulega stóran sigur Íhaldsflokksins og stóran meirihluta næstu fimm árin.

Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, var þó ekki áhyggjufullur í gærkvöldi. „Við töpuðum sætum en erum að mjókka muninn á okkur og Íhaldsflokknum,“ sagði Corbyn. „Hver einasti ósigur Verkamannaflokksins í kosningunum veldur mér vonbrigðum. Of margir frábærir fulltrúar, sem hafa unnið af kappi fyrir samfélög sín misstu sæti sitt,“ sagði hann enn fremur.

Þá benti Corbyn á að nú væru fimm vikur til stefnu til þess að reyna að sigra í þingkosningunum. „Við vitum að þetta verður ekki auðvelt. Þetta er sögulega stór áskorun. En Verkamannaflokkurinn og breska þjóðin mega ekki láta þetta tækifæri úr greipum sér ganga.“

BBC heldur því fram að niðurstaðan sé ekki síður slæmur fyrirboði fyrir UKIP. Flokkurinn, sem átti sínar bestu sveitarstjórnarkosningar fyrir fjórum árum, þurrkaðist algjörlega út á fimmtudag.

Steven Woolfe, sem bauð sig eitt sinn fram til formennsku í UKIP, sagði að áhrif flokksins væru ekki til staðar lengur. Þá sagði Douglas Carswell, fyrrverandi þingmaður, að tími flokksins væri á enda. Paul Nuttall, formaður UKIP, sagði hins vegar að flokkurinn væri fórnarlamb eigin velgengni. Vísaði hann þar til þess að UKIP hafi verið einn helsti baráttuflokkurinn fyrir útgöngu úr Evrópusambandinu.

**thorgnyr@frettabladid.is**


ÚRVAL ÚTSÝN

**SPENNANDI FERÐABÆKLINGUR FRÁ ÚRVAL ÚTSÝN FYLGIR MEÐ BLAÐINU**




Sófadagar!
20 - 40% afsláttur af öllum sófum og sófasettum!
CAMERICH
Lazytime tungusófi í áklæði
Verð frá kr. 459.000,-, nú frá kr. 367.200,-
-20%
-20%
HTL 9801 hornsófi í leðri m/hvíldarsæti
Litir; svart, og brúnt. Stærð 290 x 215 cm.
Verð kr. 595.000,-, nú kr. 476.000,-
Púði PB home, kr. 9.700,-
Teppi Elvang, kr. 15.900,-
-20%
PB home sófaborð 140x80x46 cm,
verð frá kr. 99.800,-
KAK 1281 sófasett í leðri 3+1+1
Litir: svart og kastaníubrúnt. Verð kr. 678.000,-, nú kr. 542.400,-.
Stakur 3ja sæta sófi kr. 326.000,-, nú kr. 260.800,-.
Blómavasi LSA, kr. 7.400,-
PB home gangaborð 125x90x40 cm,
verð kr. 72.000,-
PB home skápur 218x105x45 cm,
verð kr.198.000,-
PB home lampi
verð kr. 38.900,-
HK living motta,
120x180 cm kr. 29.400,-, 180x280 cm kr. 69.600,-
PB home skápur 220x82x39 cm
verð kr. 168.000,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.




## Hleður sig hraðar en snjallsími

Komdu og kynntu þér glænýjan Hyundai IONIQ 100% rafbíl sem býður upp á einstaka akstursupplifun og 280 km* drægi á einni hleðslu. Það tekur aðeins 23 mínútur að hlaða hann upp í 80% - styttra en það tekur að hlaða snjallsíma.

IONIQ er útbúinn nútímalegum tæknilausnum og staðalbúnaði eins og Adaptive Smart hraðastilli, upplýsingakerfi með 8 tommu snertiskjá, Apple CarPlay™, Android Auto™ og hágæða Infinity hljóðkerfi. Eins og allir bílar frá Hyundai er IONIQ rafbíllinn með 5 ára ábyrgð og að auki er 8 ára ábyrgð á rafgeymi.

| | |
|---|---|
| **Hyundai Classic** | **3.790.000 kr.** |
| **Hyundai Comfort** | **3.990.000 kr.** |
| **Hyundai Premium** | **4.290.000 kr.** |

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

*Drægi samkvæmt NEDC-prófun (New European Driving Cycle). Drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum. Hámarksdrægi er mælt í bestu mögulegum aðstæðum.



ENNEMM / SÍA / NM81864

## Frumsýning í dag frá 12–16.
## Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

**HYUNDAI**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

Svalir.is
Íslenskar íbúðarsvalir
Bjóðum viðhaldsfríar svalir og svalahurðir.
Hönnun og skipulagsvinna, allt í sama pakkanum.
svalir@svalir.is gsm: 698-8266.







# Útlit fyrir sigur Ástrala gegn tóbaksrisunum

**Alþjóðaviðskiptastofnunin er sögð munu samþykkja sígarettupakkana með varnaðarmyndunum sem Ástralar selja eingöngu. Tóbaksframleiðendur höfðu sent stofnuninni kvörtun og sögðu Ástrala hindra frjálsa verslun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um að fallast á áströlsk lög um staðlaða ólífugræna sígarettupakka með varnaðarorðum og myndum gegn reykingum kann að leiða til þess að fleiri lönd fylgi í fótspor Ástralíu og taki upp slíkar pakkningar.

Frá árinu 2011 hafa sígarettupakkar í Ástralíu verið með áberandi myndum af heilsufarslegu tjóni sem reykingar geta valdið. Nafn framleiðanda hefur verið í smáu letri á pökkunum. Tóbaksrisarnir voru afar ósáttir og sendu Kúba, Hondúras, Dóminíska lýðveldið og Indónesía Alþjóðaviðskiptastofnuninni kvörtun. Fullyrtu framleiðendur að bann Ástrala gerði lítið úr vörumerkjum þeirra og hindraði frjálsa verslun.

Eftir nokkurra ára baráttu og hótanir um kröfur um himinháar skaðabætur virðist sem tóbaksiðnaðurinn hafi tapað. Fréttaveitan Bloomberg greinir frá ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem sögð er verða kynnt opinberlega í júlí. Líklegt þykir að nokkrir tóbaksframleiðendur muni áfrýja ákvörðuninni.

Áströlsk yfirvöld hafa kvartað undan því hvað afgreiðsla málsins hefur tekið langan tíma. Það hafi meðal annars dregið úr áhuga stjórnvalda í öðrum löndum á að banna tóbaksumbúðir sem sýna einhvers konar glansmynd af reykingum. Nú þykir sennilegt að fleiri banni hefðbundna sígarettupakka.



**Markmið Ástrala með varnaðarmyndum á sígarettupökkunum er að reyna að benda á heilsutjón af völdum reykinga.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Markmið Ástrala með varnaðarmyndum á sígarettupökkunum er meðal annars að reyna að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja. Á sígarettupökkunum eru nærmyndir sem sýna til dæmis krabbamein í munni, augnskemmdir, öndunarfærasjúkdóma og æðasjúkdóma.

ibs@frettabladid.is















Costco Wholesale  er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

COSTCO WHOLESALE FYRIRTÆKJAAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

COSTCO WHOLESALE EINSTAKLINGSAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

COSTCO WHOLESALE Cash

**Sækið um aðild og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!***

## Skráning aðildarumsókna er hafin

### á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið.
Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta.
Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

# Hver á að borga?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Meirihluti borgarráðs ætlar að lækka leikskólagjöld um tvö hundruð milljónir á ári. Um er að ræða síðbúnar efndir á fyrirheitum sem gefin voru þegar núverandi borgarstjórnarmeirihluti tók við.

Varla er hægt að álasa stjórnmálamönnum fyrir að standa við gefin loforð. Nóg eru þeir gagnrýndir fyrir hið gagnstæða. En eðlilegt er að velta fyrir sér hvaða forsendur liggi að baki.

Auðvitað er ákvörðun sem þessi líkleg til vinsælda. Hvaða foreldri vill ekki greiða lægri leikskólagjöld? Hins vegar virðist vera nokkurn veginn einhugur um það að aðstæður í leikskólum landsins mættu vera betri. Taka má undir með Sjálfstæðismönnum í borgarráði sem létu bóka að viðhaldi skóla og skólalóða væri ábótavant, aðstæður starfsmanna ófullnægjandi og fjárveitingar til fæðiskaupa takmarkaðar. Við þetta má svo bæta að laun leikskólakennara eru auðvitað skammarlega lág.

Því mætti halda því fram að óábyrgt sé hjá meirihlutanum að skerða þá fjármuni sem leikskólar borgarinnar hafa úr að spila.

Leikskólakennarar vinna erfitt og mikilvægt starf. Þeir eiga að fá umbun í samræmi við það. Öllum er kappsmál að bjóða börnunum það besta, sjá til þess að þau nærist vel og að leikskóladvölin sé gagnleg og sem ánægjulegust.

Allt kostar þetta peninga og tekjuskerðing leikskólanna kallar á enn frekari sparnað. Það er erfitt að spara þar sem skórinn kreppir fyrir. Fljótlega kemur að sársaukamörkum.

Fyrsta krafan á að vera sú að umbúnaður barna og starfsfólks sé fullnægjandi. Því næst ber að líta til þess hversu mikla peninga þurfi til að reka starfsemina með fullnægjandi hætti. Það er óábyrgt og ávísun á vandræði að lækka fjárframlögin án þess að hugsa áhrifin á leikskólastarfið til enda.

Flestir foreldrar sem eiga börn á leikskólaaldri styðja vafalaust sjálfsagðar kröfur leikskólakennara um mannsæmandi laun og aðbúnað. Í því er fólginn ákveðinn tvískinnungur, að vilja á sama tíma lækka gjöldin til muna eða gera kröfur um að þau verði jafnvel afnumin með öllu.

Fljótt á litið virðast vera tveir möguleikar fyrir borgaryfirvöld til að beina auknu fé í leikskólana. Sú fyrri er að afnema fyrirhugaða lækkun skólagjalda og hækka þau jafnvel, sú síðari er að veita meiri peninga úr almennum sjóðum borgarinnar í leikskólastarfið. Með öðrum orðum, valið stendur milli þess að þeir greiði fyrir þjónustuna sem nota hana, eða að peningar séu færðir úr samneyslunni.

Þurfa foreldrar ekki einfaldlega að horfast í augu við þá staðreynd að þjónustan er ekki ókeypis? Hófleg hækkun á leikskólagjöldum fyrir þá sem eru aflögufærir er auðfarnasta leiðin til að bæta hag leikskólanna og þeirra sem þar starfa.

**Varla er hægt að álasa stjórnmálamönnum fyrir að standa við gefin loforð. Nóg eru þeir gagnrýndir fyrir hið gagnstæða. En eðlilegt er að velta fyrir sér hvaða forsendur liggi að baki.**

**Norræna húsinu**
Sturlugötu 5
101 Reykjavík

**Miðvikudaginn
10. maí
kl. 20:00**

Aðgangseyrir: 500 kr.

**FYRIRLESTUR Á ENSKU**
Christopher Vasey

**MÁTTUR HUGSANA**
Samkvæmt Gralsboðskapnum
Lesinn útdráttur úr Gralsboðskapnum á íslensku

**Norræna húsinu**
Sturlugötu 5
101 Reykjavík

**Fimmtudaginn
11. maí
kl. 20:00**

Aðgangur ókeypis

**GRALSBOÐSKAPURINN**
Erindi og umræður á ensku

Kynning á andlega ritinu
„Í ljósi sannleikans, Gralsboðskapurinn"
og höfundi þess, Abd-ru-shin

Skipuleggjandi: Stofnunin Stiftung Gralsbotschaft
www.gralsbodskapur.org • info@gralsbodskapur.org
Sími: 842 2552

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Einn banvænasti sjúkdómur samtímans

Minn kæri. Ég er ekki í nokkrum vafa, ég er að missa vitið aftur. Við munum ekki komast í gegnum annað slíkt martraðartímabil. Og ég mun ekki ná mér í þetta sinn. Ég heyri raddir og ég get ekki einbeitt mér. Ég geri því það sem mér sýnist vera það besta í stöðunni. Þú hefur gert mig eins hamingjusama og nokkur getur orðið. Þú hefur verið mér allt. Ég efast um að tvær manneskjur hafi fyrirfundist sem voru hamingjusamari en við áður en þessi hræðilegi sjúkdómur kom til sögunnar. Ég get ekki barist lengur. Ég veit að ég er að eyðileggja líf þitt, án mín getur þú unnið … Ég hef misst allt nema trúna á gæsku þína. Ég get ekki haldið áfram að eyðileggja líf þitt. Ég held að engum hafi veist jafnmikil hamingja og okkur. V."

**Sjálfsvíg í glansbúningi**

Sjálfsvíg hafa verið töluvert til umræðu síðustu vikur í kjölfar þess að efnisveitan Netflix frumsýndi sjónvarpsþættina 13 Reasons Why. Þættirnir fjalla um unglingsstúlku sem sviptir sig lífi en stúlkan skilur eftir sig þrettán kassettur þar sem hún rekur ástæður ákvörðunar sinnar.

Fjöldi fólks og samtaka sem starfa að geðheilbrigðismálum hefur gagnrýnt þættina. Eru þeir sagðir setja sjálfsvíg í glansbúning auk þess sem þeir séu hrópleg einföldun á flóknu máli.

**Þrír til fjórir Íslendingar**

Samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar eru sjálfsvíg ein algengasta dánarorsökin í heiminum í dag. Á ári hverju ráða rúmlega 800.000 einstaklingar sér bana. Sjálfsvígstíðni á Íslandi er hærri en víðast hvar í heiminum. Um 45 Íslendingar fyrirfara sér á hverju ári. Í þessum mánuði munu þrír til fjórir Íslendingar stytta sér aldur. Sjálfsvíg er algengari dánarorsök en magakrabbamein, skorpulifur, ristilkrabbamein, brjóstakrabbamein og Alzheimer-sjúkdómurinn. Þeir sem fremja sjálfsvíg eru oftar en ekki haldnir þunglyndi. Það má því segja að þunglyndi sé einn af banvænni sjúkdómum sem mannkynið glímir við.

**Veikindi viðskiptavædd**

Hvað sem segja má um sjónvarpsþættina 13 Reasons Why er eitt víst: Fjaðrafokið í kringum sýningu þeirra hefur orðið til þess að beina sjónum að aðkallandi málefni. Ein spurning stendur upp úr í umræðunni: Hvernig stendur á því að sjúkdómur sem ógnar lífi og limum fólks í svo stórum stíl skipar ekki hærri sess innan heilbrigðiskerfisins?

Á Íslandi sitjum við nú uppi með ríkisstjórn sem virðist uppteknari af því að viðskiptavæða veikindi fólks og greiða af þeim arð en að efla heilbrigðiskerfið með nauðsynlegu fjármagni. Þótt ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hafi í stjórnarsáttmála sínum kveðist ætla að auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu er fátt sem gefur tilefni til bjartsýni. En það er ljós í myrkrinu. Bókstaflega.

Í nótt fór fram ganga sem nefnist Úr myrkrinu í ljósið. Var hún haldin á vegum samtakanna Pieta Ísland til að minnast þeirra sem framið hafa sjálfsvíg. Gangan er liður í fjáröflun samtakanna en þau vinna að því að opna hér á landi svo kallað Pieta-hús að írskri fyrirmynd þar sem fólk í sjálfsvígshættu getur leitað sér faglegrar aðstoðar og fengið hana fyrirvaralaust.

**Veröldin betri án þeirra**

Þremur dögum fyrir frumsýningu 13 Reasons Why var þess minnst að 76 ár eru liðin frá því rithöfundurinn Virgina Woolf svipti sig lífi. Sjálfsvígsbréf Woolf sem hún skrifaði Leonard eiginmanni sínum og vitnað er í hér að ofan fangar hugarástand þess sem gefist hefur upp. Á hverjum degi berst fjöldi fólks við sömu tilfinningar – vonleysi, kvíða, sektarkennd, örvæntingu og uppgjöf – sannfært um að veröldin væri betri án þess. En með skjótum viðbrögðum má leiða fólk frá brúninni.

Þeir sem ekki komust í gönguna Úr myrkrinu í ljósið geta styrkt Pieta Ísland með því að leggja inn á reikning félagsins: 301-26-041041 – kennitala: 410416-0690.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is




Jón Arnór Stefánsson og Thelma Dís Ágústsdóttir með verðlaun sín fyrir að vera bestu leikmenn tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fimm í röð eru flottari en fjórir

**Jón Arnór Stefánsson, KR, og Thelma Dís Ágústsdóttir, Keflavík, voru útnefnd bestu leikmenn Domino's-deildarinnar í gær. Jón Arnór spilar aftur með KR næsta vetur og ætlar að tryggja liðinu fimmta titilinn í röð.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er gríðarlega stoltur,“ sagði Jón Arnór Stefánsson, besti körfuboltamaður þjóðarinnar, eftir að hann var útnefndur besti leikmaður Domino's-deildar karla á uppgjöri Körfuknattleikssambandsins í gær en það eru leikmenn, þjálfarar og forráðamenn liðanna sem kjósa ásamt sérstakri dómnefnd skipaðri fagmönnum.

Thelma Dís Ágústsdóttir, 18 ára gamall leikmaður Íslandsmeistara Keflavíkur, var útnefnd besti leikmaður Domino's-deildar kvenna en hún átti frábæra leiktíð með Suðurnesjaliðinu sem fór alla leið bæði í deild og bikar. Keflavíkurstúlkur sópuðu að sér verðlaunum en Birna Valgerður Benónýsdóttir var besti ungi leikmaðurinn og Salbjörg Ragna Sævarsdóttir besti varnarmaðurinn.

KR-ingar áttu besta leikmanninn og besta unga líkt og Keflavík í kvennakörfunni en Þórir Guðmundur Þorbjarnarson var útnefndur besti ungi leikmaður tímabilsins hjá körlunum.

### Starfið hjá KR það flottasta

„Ég hélt nú að menn þyrftu að spila allt tímabilið til að vinna svona titil en þetta eru kannski verðlaun fyrir KR-liðið og hvernig við stóðum okkur í ár. Það þarf einhver að taka við þessum verðlaunum,“ sagði Jón Arnór kíminn með verðlaunin í höndunum en hann fór ekki af stað fyrr en eftir áramót vegna meiðsla.

Jón kom heim síðasta sumar og samdi við uppeldisfélagið en hann stóð uppi sem Íslands- og bikarmeistari í lok vetrar.

„Að vinna fjóra titla í röð er rosalegur áfangi. Þetta verður erfitt að toppa. Starfið sem KR er að vinna í körfunni er það flottasta á landinu í dag og við munum halda áfram að byggja ofan á þetta. Það er mikilvægt að stjórnin og liðið slaki ekki á heldur haldi áfram að bæta ofan á þetta,“ sagði Jón Arnór, en hver er stefnan næsta vetur?

„Mér finnst fimm titlar vera meiri yfirlýsing en fjórir titlar. Ég segi bara að framtíðin er björt í KR og svo er Benni Gumm kominn aftur heim. Það sýnir metnaðinn í Vesturbænum. Ég er persónulega mjög ánægður að fá hann aftur heim. Hann ól mig upp í körfuboltanum og það er mikill fengur að fá hann. Framtíðin er björt og tímabilið æðislegt í alla staði. Ég hlakka til að takast á við næsta verkefni í vetur.“

### Vill gera betur en mamma

Jón Arnór er 34 ára og fer að líða undir lok hans ferils. Ferill Thelmu Dísar Ágústsdóttur er aftur á móti rétt að byrja. Þessi gríðarlega hæfileikaríka stúlka var besti ungi leikmaðurinn í fyrra en nú best allra í deildinni.

„Við stóðum okkur ótrúlega vel í vetur, allar sem lið og þetta er það sem við erum að uppskera,“ segir Thelma en Keflavíkurliðið sópaði að sér verðlaunum í gær og vann allt sem í boði var.

„Árangurinn sem við höfum náð er vonum framar. Við vissum alveg hversu góðar við erum en við bjuggumst ekki alveg við þessum árangri í vetur. Allavega ekki ég. Þetta er alveg æðislegt,“ segir Thelma.

Litlar líkur eru á að sú besta spili í Domino's-deildinni á næstu leiktíð þar sem bandarískir háskólar eru byrjaðir að hafa samband og það er eitthvað sem heillar Suðurnesjastúlkuna.

„Ég er að skoða skóla úti núna og það kemur í ljós fljótlega. Mig langar að prófa þetta. Ég er búin að vera í sambandi við nokkra skóla úti. Ég er samt ekki alveg viss sjálf hvernig þetta fer,“ segir Thelma Dís.

Thelma Dís er dóttir Bjargar Hafsteinsdóttur, bestu skyttu í sögu kvennakörfuboltans, en hún vann fjölda titla með gullaldarliði Keflavíkur á árum áður. Björg var einnig kjörin besti leikmaður tímabilsins árið 1990 og nú 27 árum seinna fetar dóttirin í fótspor hennar.

Fyrst Thelma er byrjuð að vinna titla með ungu liði Keflavíkur og hefur verið kosin best einu sinni, er ekki stefnan að vinna fleiri verðlaun en mamma? „Jú, af hverju ekki?“ segir Thelma.

tomas@365.is

## Domino's-deild karla 2016-17

**Úrvalsliðið:** Matthías Orri Sigurðarson, ÍR, Logi Gunnarsson, Njarðvík, Jón Arnór Stefánsson, KR, Ólafur Ólafsson, Grindavík, Hlynur Bæringsson, Stjarnan.

**Leikmaður ársins:** Jón Arnór Stefánsson, KR
**Þjálfari ársins:** Jóhann Þór Ólafsson, Grindavík
**Besti ungi:** Þórir Guðmundur Þorbjarnarson, KR
**Varnarmaður ársins:** Hlynur Bæringsson, Stjarnan
**Besti erlendi leikmaðurinn:** Amin Stevens, Keflavík
**Prúðasti leikmaðurinn:** Tryggvi Hlinason, Þór Ak.

## Domino's-deild kvenna 2016-17

**Úrvalslið:** Berglind Gunnarsdóttir, Snæfell, Emelía Ósk Gunnarsdóttir, Keflavík, Thelma Dís Ágústsdóttir, Keflavík Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, Skallagrímur, Ragna Margrét Brynjarsdóttir Stjarnan.

**Leikmaður ársins:** Thelma Dís Ágústsdóttir, Keflavík
**Þjálfari ársins:** Sverrir Þór Sverrisson, Keflavík
**Besti ungi:** Birna Benónýsdóttir, Keflavík
**Varnarmaður ársins:** Salbjörg Sævarsdóttir, Keflavík
**Besti erlendi leikmaðurinn:** Ariana Moorer, Keflavík
**Prúðasti leikmaðurinn:** Salbjörg Sævarsdóttir, Keflavík

**Við vissum alveg hversu góðar við erum en við bjuggumst ekki alveg við þessum árangri í vetur. Allavega ekki ég.**

Thelma Dís Ágústsdóttir

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Leiknir R. - Keflavík 1-1**
0-1 Jeppe Hansen, víti (15.), 1-1 Kolbeinn Kárason (69.).

**HK - Fram 1-2**
0-1 Ivan Bubalo (44.), 0-2 Helgi Guðjónsson (49.), 1-2 Árni Arnarson (90.).

**Selfoss - ÍR 1-0**
1-0 Ivan Martinez Gutierrez (11.).

### BANNI MESSI AFLÉTT

Leikbannið sem Lionel Messi fékk fyrir að hella sér yfir aðstoðardómara í leik Argentínu og Síle í undankeppni HM 2018 hefur verið fellt úr gildi.

Messi var dæmdur í fjögurra leikja bann af FIFA og tók fyrsta leikinn í því út gegn Bólivíu. Argentína tapaði leiknum 0-2.

Argentínska knattspyrnusambandið áfrýjaði leikbanninu og það bar árangur. Messi getur því spilað með Argentínu í næsta leik í undankeppninni sem er gegn Úrúgvæ 31. ágúst næstkomandi.

### UPPSELT Á KRÓATÍULEIKINN

Allir fjögur þúsund miðarnir sem í boði voru til kaupa á landsleik Íslands og Króatíu þann 13. júní í undankeppni HM 2018 í Rússlandi seldust upp í gær. Ljóst er að færri komast að en vilja.

Laugardalsvöllur tekur tæplega tíu þúsund manns í sæti. Áður en keppni hófst í undankeppninni setti KSÍ á sölu miða sem giltu á alla heimaleiki Íslands. Um tvö þúsund miðar seldust. Þá eiga Króatar rétt á tíu prósent miðanna, tveimur hólfum í norðurenda austurstúkunnar, tæplega eitt þúsund miðum.

Eftir standa tæplega þrjú þúsund miðar sem fara til samstarfsaðila KSÍ.

Þetta verður í fjórða skiptið á fjórum árum sem þjóðirnar mætast á knattspyrnuvellinum. Markalaust jafntefli varð í Laugardalnum í nóvember 2013 en Króatar unnu báða leikina í Zagreb 2-0.

Króatar eru í efsta sæti I-riðils með 13 stig en Ísland í öðru sæti með 10 stig. Með sigri komast því Íslendingar upp að hlið Króata í toppsæti riðilsins.

## Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.20 | Man. City - C. Palace | Sport |
| 13.25 | Mönchen. - Augsburg | Sport |
| 13.25 | Dortmund - Hoffen. | Sport 2 |
| 16.15 | Burnley - WBA | Sport 3 |
| 16.20 | Swansea - Everton | Sport |
| 16.25 | Barcelona - Villarreal | Sport 2 |
| 17.00 | Wells Fargo | Golfstöðin |
| 18.00 | Leicester - Watford | Sport |
| 18.40 | Granada - Real Madrid | Sport |
| 20.20 | Bournem. - Stoke | Sport 2 |
| 22.00 | Hull - Sunderland | Sport 2 |

**Inkasso-deildin:**
14.00 Leiknir F. - Grótta
14.00 Fylkir - Grótta
14.00 Þróttur - Haukar

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | Liverpool - Southam. | Sport |
| 14.30 | Upphitun Arsenal-Utd | Sport |
| 15.00 | Arsenal - Man. Utd | Sport |
| 17.00 | Wells Fargo | Golfstöðin |
| 19.00 | Víkingur Ó. - KR | Sport |
| 19.30 | Toronto - Cleveland | Sport 2 |

**Pepsi-deild kvenna:**
16.00 Fylkir - Þór/KA

**Pepsi-deild karla:**
17.00 Stjarnan - ÍBV
19.15 Víkingur Ó. - KR




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is




Hér er gott safn listaverka sem vert er að rýna í því myndir segja oft meira en mörg orð.

# Myndasögudagur í Grófinni

**Myndasögusýning, í kjölfar árlegrar keppni í gerð myndasagna, verður opnuð í dag í Borgarbókasafninu í Grófinni. Þá verða líka afhent verðlaun fyrir bestu sögurnar sem bárust í keppnina og fær sigurvegarinn námskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við opnum sýningu í dag klukkan 15 hér í bókasafninu í Grófinni á þeim sögum sem bárust í myndasögukeppnina,“ segir Sunna Dís Másdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu. Hún segir slíka keppni hafa farið fram frá árinu 2009 og alltaf í samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Nexus styrkir keppnina í ár með verðlaununum enda er Nexus mekka myndasöguáhugamanna. Þar er líka árlegur ókeypismyndasögudagur í dag. „Myndlistarskólinn í Reykjavík veitir líka verðlaun, sigurvegarinn fær námskeið að eigin vali þar í haust,“ segir Sunna og bætir við glaðlega: „Það er gaman þegar svona margir ná saman um að gera eitthvað skemmtilegt.“ Hún segir tuttugu og fjögur verk á sýningunni frá fólki á aldrinum tíu ára til tvítugs en þar voru þátttökumörkin sett.

Þema keppninnar í ár – og þar með sýningarinnar – er Manga, í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá því að myndasagan One Piece eftir hinn japanska Eiichiro Oda hóf göngu sína. „Manga er sterk hefð í japanskri myndasagnagerð,“ lýsir Sunna. „Við erum með sérstakan manga-flokk í myndasögudeildinni okkar, mjög vinsælan, og þar er bókin One Piece að sjálfsögðu.“



Starfsfólk Borgarbókasafnsins andaktugt frammi fyrir listaverkum ungmennanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!




ÞAÐ ER RAUNVERULEGA HÆGT AÐ FJARLÆGJA REYKINGAHRUKKURNAR

PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com







Frumsýnum nýjan og algjörlega endurhannaðan
Honda Civic í glæsilegum sýningarsal okkar í
Vatnagörðum 24, í dag milli kl. 11:00 og 17:00.
Hafðu hraðann á, komdu og reynsluaktu flottum bíl.
**Honda er annað og meira.**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bilver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

LA-Z-BOY CONFORM IDdesign NATUZZI EDITIONS HJORT KNUDSEN

# STÓLA TAX



## KOMDU NÚNA!







**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

DIALMA BROWN furninova ACTONA Broyhill



# FREE

# TAXFREETILBOÐ Á ÖLLUM STÓLUM

## Mörg hundruð gerðir af hægindastólum, eldhús-, borðstofu- og barstólum



**Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir öllum hægindastólum á meðan birgðir endast.**
Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN



Mads Mikkelsen í hlutverki sínu í kvikmyndinni Arctic sem var öll tekin hér fyrir skömmu við einkar krefjandi aðstæður. MYND/HELEN SLOAN

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Dásamlegt að geta bara búið til bíó

Kvikmyndastjarnan **Mads Mikkelsen** lauk nýverið við tökur á Íslandi á kvikmyndinni Arctic. Hann elskar hvernig Íslendingar vinna og þrátt fyrir velgengnina í Hollywood segir hann að það séu rokk og ról verkefni á borð við Arctic sem uppfylli drauma leikarans.

Lífið er gott. Ég er í Kaupmannahöfn svona aðeins að slaka á og njóta þess að vera til,“ segir leikarinn Mads Mikkelsen sem nýverið lauk við tökur á kvikmyndinni Arctic sem er leikstýrt af ungum leikstjóra að nafni Joe Penna, framleidd af bandarísku fyrirtækjunum Armory Films og Union Entertainment í samstarfi við íslenska fyrirtækið Pegasus. Það er líka eftirtektarvert að listrænir stjórnendur og starfsfólk myndarinnar var allt íslenskt utan aðstoðarleikstjórans en tökur fóru allar fram á Íslandi.

Mads Mikkelsen hefur á síðustu árum öðlast heimsfrægð fyrir leik sinn í kvikmyndum á borð við Bond-myndina Casino Royale, Rogue One Star Wars, dönsku verðlaunamyndina Jagten og fjölmargar fleiri myndir ásamt bæði dönskum og bandarískum sjónvarpsseríum. Þrátt fyrir frægðina stendur hugur Mads Mikkelsen þó einkum til þess sem hann kallar rokk og ról verkefni og Arctic er fyrir honum eitt af þeim verkefnum, kannski einmitt vegna þess hversu krefjandi og erfitt það reyndist.

**Engin köllun**

Mads Mikkelsen er því hvíldinni feginn og hann segir að það sé gott að koma á heimaslóð í Kaupmannahöfn þar sem hann er fæddur og uppalinn. Aðspurður um ástæður þess að hann hafi ákveðið að leggja leiklistina fyrir sig þá segir hann það í raun hafa ráðist af röð tilviljana. „Ég var í fimleikum þegar ég var krakki og var beðinn um að taka þátt í söngleik til þess að taka nokkur heljarstökk í bakgrunninum og var látinn dansa smá í leiðinni. Danshöfundurinn spurði mig hvort að ég væri ekki til í að læra að dansa og ég ákvað að slá til sem leiddi til þess svona í stuttu máli að ég var atvinnudansari í níu ár. Það var á þeim vettvangi sem ég fékk áhuga á leiklistinni.“

Úr dansinum lá leiðin í leiklistarskólann í Árósum sem er annar af stóru leiklistarskólunum í Danmörku og Mads segir að árin þar hafi verið góður tími. „Þetta er fín borg en námsmenn njóta kannski sjaldan alveg borganna þar sem þeir læra vegna þess að þeir eiga aldrei pening,“ segir Mads og hlær við minninguna. „En eins og með námið þá hefur ferillinn alltaf verið bara eitthvað sem gerist. Ég fann aldrei fyrir einhvers konar köllun heldur var þetta meira þannig að eitt leiddi af öðru. Þannig var það t.d. að sumarið fyrir síðasta veturinn í skólanum lék ég í minni fyrstu kvikmynd sem var Pusher eftir Nicolas Winding Refn. Pusher var skotin þarna í sumarfríinu og þegar ég svo útskrifaðist vorið eftir þá var einmitt verið að frumsýna þá mynd. Ég var því einn þeirra heppnu sem þurftu ekki að fara af stað og banka upp á í leit að vinnu. Ég fékk strax vinnu í leikhúsi og var að auki boðið að vera með í nokkrum myndum þannig að þetta var eins þægilegt og það getur orðið.“

**Danska byltingin**

Mads Mikkelsen er í hugum margra andlit dönsku kvikmyndabyltingarinnar sem hann segir að Danir hafi unnið mjög markvisst að því að byggja upp. „Velgengni okkar Dana í kvikmyndagerð byggist hvorki á tilviljun né heppni. Þær fjárfestingar sem þjóðin lagði í kvikmyndagerð á síðustu áratugum hafa reynst gríðarlega mikilvægar. Við megum auðvitað ekki gleyma að þetta hefur verið til staðar mun lengur en þessi uppsveifla í dönskum kvikmyndum. En málið er að þetta hefur verið gert með markvissum hætti, er enn til staðar af fullum krafti og er haldið stöðugu. Fyrir vikið eru danskar kvikmyndir gríðarlega sterkar á alþjóðlegum mörkuðum og þó að það sé munur á milli ára þá eru þetta einfaldlega mjög öflug viðskipti.

Auðvitað hefur aðkoma ríkisins mikið að segja um þennan góða árangur en ég held að þetta hafi líka mikið að gera með kynslóðir. Sú kynslóð sem kom út úr leiklistar- og kvikmyndaskólunum á þessum tíma, um miðjan tíunda áratuginn, deildi ákveðinni ástríðu. Allir sem tilheyrðu þessari kynslóð áttu sameiginlega ást á kvikmyndum sem voru frá því á áttunda og snemma á níunda áratugunum. Við horfðum aftur og aftur á þessar myndir og spurðum okkur svo að því af hverju við hefðum aldrei gert neitt í líkingu við þetta. Við vorum í raun föst í einhverju fari. Það þýðir ekki að það hafi ekki verið gerðar góðar myndir í Danmörku eða að það hafi ekki verið nóg til af góðum leikurum. Alls ekki. En vandinn var að það var ekki tekin áhætta í danskri kvikmyndagerð. Þessi kynslóð sem ég er að tala um breytti þessu. Hún tók áhættu.

Við sem elskuðum myndir Martins Scorsese leituðumst við að byggja á því sem okkur fannst áhugavert í hans myndum. Þeir sem elskuðu Cassavetes unnu út frá því. Þetta leiddi til ákveðinnar byltingar. Leiddi til þess að við náðum að komast upp úr hjólförunum og undan þeirri stöðnum sem hafði ríkt lengi og það er það sem ég á við með að þetta sé byggt á kynslóð.

Við vorum fólk á sama aldri, með sömu orku og sömu hugmyndirnar um kvikmyndir. En það sem er mest um vert er að við vorum ekki að vinna með 72 ára gömlum leikstjóra sem langaði til þess að segja eitthvað um sína æsku. Eitthvað sem hafði ekkert með okkur að gera.“

Mads leggur áherslu á að það sé mikilvægt fyrir þjóð á borð við Dani að eiga sína eigin öflugu kvik-

**EN ÞAÐ SEM ER MEST UM VERT ER AÐ VIÐ VORUM EKKI AÐ VINNA MEÐ 72 ÁRA GÖMLUM LEIKSTJÓRA SEM LANGAÐI TIL ÞESS AÐ SEGJA EITTHVAÐ UM SÍNA ÆSKU.**



Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0036






Miðvikudag 3. maí. - sunnud. 7. maí.
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16 / Sunnud. 13-17

**3. maí - 7. maí**

# RISA LAGERSPRENGJA

# 30-70%

**afsláttur af skiptidýnum og nokkrum eldri gerðum. Hvíldarstólum, koddum, lökum o.fl. o.fl. o.fl.**



## Verðdæmi:

Ný IQ-Care dýna, firm. 153 cm verð kr. 199.900.-
**Verð nú aðeins kr. 139.930.-**

Ný Þór dýna 160x200 Verð kr. 149.900.-
**Verð nú aðeins kr. 104.930.-**

Ný Fylds dýna, eldri gerð 90x200 Verð kr. 294.930.-
**Verð nú aðeins kr. 88.485.-**

**Eldri Bodyprint heilsukoddar 50% afsl.**

**Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin á dúndurverði** Stærðir í cm: 80 / 100 / 120 / 135 / 153 / 160

## Fyrstur kemur, fyrstur fær...



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★
Fimm stjörnu verslun

**Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ**

*3.5% lántökugjald

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri



Mads Mikkelsen hefur verið viðstaddur ófáa stórviðburðina en hugurinn er þó heima í Kaupmannahöfn hjá fjölskyldunni. NORDICPHOTOS/GETTY

➡ myndagerð. „Þetta er líka mikilvægt fyrir tungumálið, við vitum alveg að danska er ekki að fara að verða alheimstungumálið á morgun, en það er auðveldara að spegla sig í kvikmyndum á móðurmálinu. Alveg eins og það er auðveldara að tengja við það sem gerist í nærumhverfinu fremur en það sem gerist kannski í New York. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að halda áfram að framleiða kvikmyndir í Danmörku.“

**Frá Buster Keaton til fábjána**

Mads segir að hvað hann varði persónulega hafi ótrúlega margar kvikmyndir haft áhrif á hann en án þess að hann gerði sér alltaf grein fyrir því á því augnabliki. „Það er oft eðli kvikmynda að seytla rólega inn í vitundina. En sem krakki var ég algjörlega heillaður af Bruce Lee og Buster Keaton. Þetta voru risarnir tveir í mínu lífi og það er dáldið skondið að hugsa til þess núna að í raun áttu þeir heilmargt sameiginlegt. Báðir eru með mikla og sterka nærveru á tjaldinu sem þeir nota óspart. Þeir nota einfaldan frásagnarmáta og voru báðir gríðarlega færir líkamlega og það er færni sem hefur alltaf heillað mig.

Seinna á ævinni var það umfram allt Taxi Driver eftir Martin Scorsese sem gjörbreytti viðhorfi mínu til kvikmynda. Á þeim tímapunkti vorum við vön að sjá myndir um góðu og vondu kallana og svo gerðist eitthvað á milli þeirra. En í Taxi Driver horfði maður á þennan náunga sem var hreint út sagt algjör fábjáni en maður kunni samt vel við hann. Maður hataði hann og elskaði í sömu andrá. Ég man eftir því að koma út úr bíóinu eftir að hafa séð hana í fyrsta sinn og ég var alveg ringlaður. Það var búið að brjóta niður þennan svart-hvíta vegg – þessa góðu-vondu-kalla hugmynd og á því andartaki áttaði ég mig á því að kvikmyndir geta fengið mann til þess að efast um allt og hugsa hlutina upp á nýtt. Taxi Driver er þannig mynd sem veitir engin svör heldur fær mann til þess að hugsa og þess vegna hefur það reynst mér frábær innblástur að leita í þá mynd aftur og aftur.“

Pusher var svo fyrsta kvikmyndin sem Mads Mikkelsen lék í og það er ekki laust við að þar gæti einmitt áhrifa frá Taxi Driver. „Algjörlega, en Pusher 2 var í raun skyldari Taxi Driver vegna þess að þar erum við að fylgja eftir sögu manns sem er algjör fábjáni en við finnum til með honum engu að síður. Það er persóna sem maður tengist tilfinningalega um leið og mann langar til þess að fokking drepa hann,“ segir Mads og hlær. „En óneitanlega var Pusher sú mynd sem breytti mestu fyrir minn feril og opnaði fyrir mér allar dyr en mér finnst framhaldið mun betri mynd. Hún er í raun mun snjallari og á óneitanlega mjög stóran sess í mínu kvikmyndahjarta.

Þannig er það vissulega líka með Jagten, það er falleg mynd sem mér þykir vænt um og eins mynd Susanne Bier, Elsker dig for evigt, og það eru vissulega fleiri slíkar í mínum ferli.

En fyrir mig sem leikara þá verð ég að nefna mynd sem ýtti mér út að ystu mörkum. Mynd sem var í raun eiginlega á mörkunum að vera löglegt á sínum tíma vegna þess að við vorum kynslóð sem vorum að vinna í mjög svo heimildarmyndalegum og raunverulegum stíl. Þetta var svarta kómedían De grønne slagtere sem Anders Thomas Jensen leikstýrði. Það var mynd sem jaðraði við að vera ákveðið sjálfsmorð en við gerðum hana samt og þar komumst við upp með að skapa persónur sem voru eiginlega leikhúspersónur. Ég alveg elskaði að komast upp með þetta og mér finnst þetta vera alveg brilljant mynd.

**Sprungur í brynjunni**

Leyndardómurinn á bak við kómedíu er að það verður að taka hana mjög alvarlega. Þegar til að mynda persónurnar eru í uppnámi eða að brotna niður yfir einhverju, hversu fáránlegt sem það er, þá verður maður að virða það og vera hreinskilinn. Það er í þeirri einlægni sem allt verður klikkað og fyndið í raun og veru.“

Mads segir að fyrir honum megi í raun rekja þessa einlægni kómedíunnar aftur til snillinga á borð við Buster Keaton. „Hann var snillingur í þessu. Og það sem ég elska mest við myndirnar hans er að hann brosir í raun og veru örsjaldan. En þegar hann brosir þá opnast himnarnir. Ég gerði mér auðvitað ekki grein fyrir þessu þegar ég var strákur en þetta er það sem heillar. Ég er aðdáandi þessarar færni. Maður á ekki að leika persónuna sem er alltaf glöð eða alltaf sorgmædd heldur þá sem er raunveruleg. Buster Keaton leikur alltaf manneskjuna sem heldur einhverju fyrir sig, einhverju sem aðrir fá ekki að sjá en svo fara að myndast holur og sprungur í brynjunni og þar í gegn fáum við svo að sjá það sem skiptir máli. Þetta er sú leið sem hefur alltaf heillað mig.

**Elska þessar aðstæður**

Það var dásamlegt að klára þetta verkefni en það var líka dásamlegt að vinna það. Þú og þínir lesendur þekkið Ísland auðvitað betur en ég, þetta á að gerast á norðurpólnum, og þeir sem þekkja Ísland eitthvað vita að veðrið breytist gjörsamlega á klukkustundar fresti. Það leiddi til þess að við vorum lengi vel að eltast við veðrið og reyna að laga okkur að aðstæðunum. Vorum að stökkva á milli atriða eftir því hvernig veðrið breyttist og svo þegar við vorum tilbúin í að taka atriðið þá var komið eitthvað allt annað veður. Þannig að við vorum svona að reyna að berjast við þessar aðstæður – þetta síbreytilega veður, þangað til að við bara gáfumst upp. Komumst að þeirri niðurstöðu að við þyrftum hreinlega bara að skjóta þessa mynd óháð því hvernig veðrið væri. Við bara látum þetta virka,“ segir Mads og hlær við tilhugsunina. „Þetta reyndist okkur miklu betur. Það var ekki til neins að eltast við þetta. En þetta er falleg mynd. Hjartnæm og sterk saga sem er í raun mjög svo óamerísk þó svo að hún sé amerísk og ég hlakka mikið til að sjá útkomuna.“

Mads hefur á orði að það sé líka talsvert frábrugðið því að vinna á Íslandi og víða annars staðar í heiminum. „Ég elska Ísland. Ég elska fólkið og landið. Ég elska hvernig Íslendingar vinna. Núna er ég búinn að vera þrisvar sinnum á Íslandi og ég verð alltaf jafn heillaður af því hvað fólkið gefur sig allt í það sem við erum að gera. Fólk bara brettir upp ermar og vinnur þau verk sem þarf að vinna með bros á vör. Það var gríðarlega erfitt að vinna að þessari mynd en ég hef aldrei áður séð svona margt fólk vinna af slíkum dugnaði en vera um leið jákvætt og glatt.

Þetta er nákvæmlega það sem mynd eins og þessi þarf á að halda því ef þú ert með fimm verkalýðsfélög og átta manns að kvarta undan öllu á hverjum degi þá er ekki hægt að búa til svona myndir. Ég er ekki að gefa skít í verkalýðsfélög með þessu en stundum er það algjörlega dásamlegt að geta bara búið til bíó.“

Mads segir að Arctic hafi verið krefjandi verkefni og að það hafi líka reynt á hann líkamlega enda dagarnir langir við erfiðar aðstæður. „En við skutum hana á tuttugu og tveimur dögum minnir mig og þegar maður veit að maður er að vinna í svona rokk og ról verkefni þá er maður líka meðvitaður um endamarkið. Maður lætur bara vaða, leyfir sér ekki að hugsa um hversu erfitt þetta er og vonandi er maður svo búinn að þessu nokkrum vikum síðar.

Kvikmyndir geta verið erfiðar á ólíkan máta. Stundum leikur maður í senu, er svo laus frá tökum í einn eða tvo daga á meðan það er verið að skjóta aðrar persónur og maður fer að hugsa um næstu senu svona í rólegheitunum. En í Arctic var ég að alla daga, hverja einustu mínútu frá morgni til kvölds og það komst ekkert annað að. Ég nýt þess að vera í þessum skriðþunga og hef þá trú að við þær aðstæður geti skapast eitthvað alveg sérstakt. Mér finnst mjög heillandi að vinna í þessari orku og nýt þess til fulls.“

**Þetta er draumurinn**

Mads Mikkelsen er gríðarlega eftirsóttur leikari en segist þó ekki hafa hugmynd um hvað hann ætlar að taka sér fyrir hendur næst. „Ég veit það ekki. Það er reyndar þannig með okkur sem vinnum við að gera kvikmyndir að við deilum þeirri tilfinningu að loknu verkefni að við fáum aldrei aftur neitt að gera. Það er eitthvað sem breytist aldrei,“ segir Mads og hlær aðeins við tilhugsunina. „En það er líka á sinn hátt skelfilegt að vera fullbókaður næstu tvö árin. Þá er ég alltaf að hugsa: Hvað ef það kæmi nú eitthvað annað sem er algjörlega stórkostlegt? Hvað þá? Þannig að þetta er tvíeggjað sverð. En ég hef lært að sætta mig við þetta að einhverju leyti og er að reyna að vera afslappaður gagnvart þessu vegna þess að ég get engu breytt um þetta.

Það koma tilboð og ef mér líkar ekki við þau þá segi ég nei. Ég er kominn á þann stað að ég vel ekki lengur verkefni vegna peninganna heldur vegna þess að það er eitthvað sem mér finnst spennandi og langar til þess að gera. Það er augljóslega lúxus vegna þess að stundum er maður bara búinn með peninginn en núna er ég í þeirri gæfuríku stöðu að geta sagt: Veistu hvað, ég er að taka mér langt frí,“ segir Mads og það leynir sér ekki að hann nýtur þess að vera í góðu fríi.

„Þegar ég tek mér frí þá fer ég heim til fjölskyldunnar. Ég er giftur yndislegri konu og við eigum tvo stráka sem eru orðnir 25 og 19 ára. Við verjum miklum tíma saman, erum mikið í sporti og ég hjóla, spila tennis og það er svona mín leið að því að slaka á í lífinu. Ég hef alltaf verið líkamlega vel á mig kominn og ætli að fimleikamaðurinn sé ekki alltaf þarna einhvers staðar. En ég er svo sem orðinn 51 árs gamall og líkaminn jafnar sig ekki með sama hraða og áður. Vandinn er að ég er alltaf að gleyma aldrinum en líkaminn minnir mig svo á hann á kvöldin. Segir mér að þessir fjórir tímar af tennis hafi verið helst til mikið,“ segir Mads og hlær.

„Hvað ferilinn varðar þá snýst draumurinn í raun um það sem ég var að gera á Íslandi. Þetta er þar sem þetta byrjaði. Þessi rokk og ról kvikmyndagerð sem mín kynslóð féll fyrir og við létum okkur dreyma um að verða hluti af einn daginn. Ég hef tekið þátt í nokkrum slíkum verkefnum en þau koma ekki til manns á hverjum degi. Langt frá því. Ef ég verð heppinn þá fæ ég að taka þátt í einu eða tveimur slíkum verkefnum til viðbótar. En þetta verkefni á Íslandi kom til mín og þetta er það sem okkur leikarana dreymir um. Að fara inn í verkefnið, gleyma aldrinum og halda að maður sé tvítugur og bara láta vaða. Ég held að þetta sé draumur allra leikara.“

NÚNA ER ÉG BÚINN AÐ VERA ÞRISVAR SINNUM Á ÍSLANDI OG ÉG VERÐ ALLTAF JAFN HEILLAÐUR AF ÞVÍ HVAÐ FÓLKIÐ GEFUR SIG ALLT Í ÞAÐ SEM VIÐ ERUM AÐ GERA. FÓLK BARA BRETTIR UPP ERMAR OG VINNUR ÞAU VERK SEM ÞARF AÐ VINNA MEÐ BROS Á VÖR.

VANDINN ER AÐ ÉG ER ALLTAF AÐ GLEYMA ALDRINUM EN LÍKAMINN MINNIR MIG SVO Á HANN Á KVÖLDIN. SEGIR MÉR AÐ ÞESSIR FJÓRIR TÍMAR AF TENNIS HAFI VERIÐ HELST TIL MIKIÐ.




**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Góður leiðtogi nær betri árangri

## Meistaranám í forystu og stjórnun
## Nýtt: Forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

Meistaranám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst er sérsniðið að þörfum þeirra sem vilja styrkja sig í starfi og efla leiðtoga hæfileika sína fyrir forystu og stjórnunarstörf. Námið hefur hlotið frábærar móttökur og samanstendur af fjölbreyttum námskeiðum sem veita nemendum víðtæka þekkingu og sérstökum námskeiðum um ólíkar kenningar innan forystu- og stjórnunarfræða.

Til að mynda er sérstakt námskeið í þjónandi forystu (e. servant leadership). Í náminu er sérstök áhersla lögð á að efla samskiptahæfni nemenda.

Frá hausti 2017 verður í boði nýr valkostur, Forysta og stjórnun með sérstaka áherslu á mannauðsstjórnun, sem byggir á fjórum námskeiðum á sviði mannauðsmála.

**Nám í forystu og stjórnun er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða.**
**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*

# *Jólaferð til*
# FUERTEVENTURA
## *á Kanaríeyjum*

**Frá kr. 113.645**

**21. des. í 11 nætur**

**Einnig brottfarir 1., 11. & 22. jan. 1. & 12. feb.**



Fuerteventura býður ferðamenn velkomna með stórbrotinni fegurð og hreinum línum hinnu hvítu stranda, einstökum litbrigðum fagurra jarðlita og túrkisbláu hafinu. Á Fuerteventura bjóða Heimsferðir upp á dvalarsvæðin Caleta de Fuste á suðausturströndinni og Costa Calma á suður-ströndinni ásamt Jandía á suðuroddanum. Allt eru þetta frábær dvalarsvæði með örlítið mismunandi áherslum. Fuerteventura er sannarlega paradís sóldýrkandans.



**Hotel Elba Carlota**

**Frá kr. 180.390 m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 180.390 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fj.herb.
Netverð á mann frá kr. 194.320 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



**Broncemar Beach Aparthotel**

**Frá kr. 113.645 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 113.645 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 133.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.



**Hotel Jandía Princess**

**Frá kr. 194.655 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 194.655 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 252.605 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



**SBH Monica Beach Resort Hotel**

**Frá kr. 154.625 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 154.625m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 188.265 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



**Sheraton Fuerteventura Hotel**

**Frá kr. 223.345 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann frá kr. 223.345 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 255.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Aðeins fyrir 18 ára +



**Hotel Club Jandía Princess**

**Frá kr. 260.305 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 260.305 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 296.585 m.v. 1 fullorðinn í herbergi.

**595 1000 • heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM81843

# *Jólaferð til*

# DÓMINÍSKA LÝÐVELDISINS

# *í Karíbahafi*



Frá kr.
**217.780**
m/allt innifalið

22. des.
í 13 nætur

Einnig brottfarir
4., 15. & 25. jan.

**Nr. 4**
hjá Lonely Planet
yfir bestu áfanga-
staði 2017

Heimsferðir bjóða sólarferðir til Dóminíska lýðveldisins í Karíbahafinu en Karíbahafið er staðurinn fyrir þá sem hafa unun af túrkíslituðu hafinu og endalausum ströndum. Margir fallegir strandbæir eru á eyjunni en Heimsferðir hafa valið strandbæinn Puerto Plata á norðurhluta eyjunnar. Heimsferðir bjóða einstakt tækifæri til að upplifa stórkostlegar strendur, frábæra afþreyingu og einstakt mannlíf. Njóttu lífsins í Karíbahafinu við ótrúlegar aðstæður á þessari fögru paradísareyju.



**Puerto Plata Village**

**Frá kr. 217.780 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 217.780 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 235.365 m.v. 2 fullorðna í herbergi



**Cofresi Palm Beach & Spa**

**Frá kr. 223.095 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 223.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 255.695 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



**Be Live Collection Marien**

**Frá kr. 239.605 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 239.605 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 302.425 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Aðeins fyrir 18 ára +



**BlueBay Villas Doradas**

**Frá kr. 325.405 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 325.405 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 368.795 m.v. 1 fullorðinn í herbergi.



**Sosua by the Sea**

**Frá kr. 223.395 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 223.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 260.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



**Lifestyle Tropical Beach**

**Frá kr. 238.545 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 238.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 276.825 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

**Heimsferðir**
*– fáðu meira út úr fríinu*

# Úrslitin ráðast á morgun



**Ólíkir frambjóðendur bjóða fram til forseta. Emmanuel Macron er miðjumaður, en Marine Le Pen tilheyrir öfgahægriflokknum Þjóðfylkingunni. Spár segja að Macron hafi betur.** NORDICPHOTOS/AFP

Kosið verður um næsta forseta Frakklands á morgun. Tveir ólíkir frambjóðendur, Marine Le Pen og Emmanuel Macron, boða ólíka framtíð fyrir Frakkland. Macron er mikill Evrópusinni en Le Pen sem er öfgahægrisinni boðar lokaðra Frakkland.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**FRAKKLAND** Önnur umferð forsetakosninganna í Frakklandi fer fram á morgun. Þá fá Frakkar að kjósa milli Emmanuels Macron, miðjumannsins frá En Marche! flokknum, og Marine Le Pen sem tilheyrir öfgahægriflokknum Þjóðfylkingunni. Forsetinn er kosinn til fimm ára í senn.

Kosningarnar eru að mörgu leyti sögulegar en þetta er í fyrsta skipti frá 6. áratug síðustu aldar sem frambjóðendur Repúblikana og Sósíalista hljóta ekki nægt fylgi til þess að komast áfram í aðalumferðina. Niðurstöður fyrri umferðarinnar eru taldar vera afar daprar fyrir vinstrivænginn í frönskum stjórnmálum. Um 47 milljónir Frakka eru kjörgengar í þessum kosningum.

Á miðvikudagskvöld fóru fram sjónvarpskappræður milli frambjóðendanna tveggja sem áætlað er að um 20 milljónir hafi horft á. Þær voru taldar afar mikilvægar á þeim tímapunkti þar sem áætlað var að 18 prósent kjósenda væru óákveðin.

Samkvæmt nýjustu könnunum er Macron spáð öruggum sigri eða um 60 prósentum atkvæða. Ástæða þessa er að talið er að Macron sem miðjumiður geti laðað að sér atkvæði fjölbreyttari hóps en Le Pen. En vinstrimenn í Frakklandi geta fæstir hugsað sér að kjósa Le Pen.

Macron stóð uppi sem sigurvegari fyrri umferðarinnar, með 23,8 prósenta fylgi, en þar með er ekki sagt að hann muni sigra í seinni umferðinni. The Telegraph greinir frá því að í þeim níu kosningum sem farið hafa fram á síðustu fimmtíu árum hafi frambjóðandinn með næstmesta fylgið í fyrri kosningunum þrisvar sinnum sigrað í seinni umferðinni.

Margir hafa einnig bent á að skoðanakannanir í aðdraganda kosninga hafi ekki séð fyrir að Bretar myndu kjósa að yfirgefa Evrópusambandið né að Donald Trump yrði kjörinn forseti Bandaríkjanna og því sé ekki hægt að spá um úrslitin.



**Harðduglegir starfsmenn setja upp kjörklefa.** NORDICPHOTOS/AFP




**Greenpeace mótmæltu Marine Le Pen með því að hengja borða á Eiffel-turninn í gær.** NORDICPHOTOS/AFP



**Emmanuel Macron var einkar vel fagnað á baráttufundi.** NORDICPHOTOS/AFP

Vísbendingar eru jafnframt um að franskir kjósendur hafi misst trú á hefðbundnum stjórnmálamönnum og vilji róttækar breytingar. The Guardian greinir frá því að könnun hafi sýnt að 89 prósentum Frakka finnist stjórnmálamenn ekki hlusta á almenning.

Macron er sterkastur í þéttbýli. Hann hlaut 34,8 prósent atkvæða í París í fyrri umferðinni. Hann er einnig vinsæll í norðvesturhluta Frakklands. Le Pen gekk aftur á móti mjög vel í norðausturhluta Frakklands, en einnig fyrir sunnan, í kringum Marseille. Þetta endurspeglar svipaða stöðu og í Bretlandi og Bandaríkjunum á síðasta ári, þar sem Clinton var vinsæl í stórborgum og Trump í dreifbýli, og þeir sem studdu áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu bjuggu í borgum Bretlands.

Þekktasta ágreiningsefni frambjóðendanna tveggja er Evrópusambandið. BBC greinir þó frá því að margt annað sé ólíkt í stefnumálum þeirra. Macron vill efla franska hagkerfið. Hann vill skera niður útgjöld ríkisins en einnig fjárfesta meira í umhverfismálum og tækniframförum. Eitt stefnumála hans er einnig að lækka fyrirtækjaskatt úr 33,3 prósentum í 25 prósent. Le Pen vill að franska ríkið reyni sem mest að nýta sér þjónustu franskra fyrirtækja í ríkisverkefnum. Hún vill einnig lækka vexti á lánum til smáfyrirtækja.

Macron vill hafa sveigjanlegri vinnuviku og halda sama aldri til lífeyrissréttinda, en Le Pen vill lækka aldurinn sem hægt er að þiggja lífeyri á úr 62 árum í 60 og halda 35 stunda vinnuvikunni. Le Pen vill einnig refsa fyrirtækjum í formi skatta fyrir að ráða erlent starfsfólk. Báðir frambjóðendur vilja fjölga lögreglumönnum, en Le Pen vill fjölga fangelsisplássum umtalsvert meira en Macron.

Kosningarnar í Frakklandi eru þær nýjustu í röð kosninga þar sem kosið er um popúlísk málefni og um framtíð Evrópusambandsins. Í Hollandi náði flokkurinn með popúlísk gildi ekki að tryggja sér sigur í mars.

Fyrstu niðurstöður munu liggja fyrir um áttaleytið að staðartíma á sunnudaginn. Sérfræðingar telja að kjörsókn muni hafa mikil áhrif á niðurstöðuna. Kjörsókn í fyrri umferð var heldur dræm, eða um 76 prósent. Þar sem mánudagurinn er rauður dagur hafa einhverjir áhyggjur af því að það muni draga úr kosningaþátttöku.

Erfitt verður að meta hversu mikil áhrif Macron eða Le Pen geta haft í þinginu í kjölfar kosninga. Flokkur Le Pen er núna einungis með tvo kjörna þingmenn, og flokkur Macrons er nýr og því ekki með neina. Áhrifin munu skýrast þegar þingkosningar fara fram í júnímánuði.

Næstu stóru kosningar í Evrópu eru í lok september þegar kosið verður um næsta kanslara Þýskalands. Kosningarnar í Frakklandi, sem og í Þýskalandi, munu hafa töluverð áhrif á áframhaldandi samstarf í Evrópumálum.

## Fréttastofa 365 fylgist vel með

Þórhildur Þorkelsdóttir, fréttamaður á Stöð 2, er stödd í Frakklandi og gerir kosningunum góð skil. Hún var líka í Frakklandi þegar fyrri umferð kosninganna fór fram. „Þetta eru sögulegar kosningar fyrir margar sakir og það verður spennandi að fylgjast með hvernig sem fer. Lýðræðið skiptir franskan almenning miklu máli og þeir eru ástríðufullir og áhugasamir. Við verðum á ferðinni alla helgina og greinum ítarlega frá stöðu mála í öllum okkar miðlum,“ segir Þórhildur.







elja

Starfsmannaþjónusta

*„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“*

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

# Þarftu að ráða starfsfólk?

## Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Málinu er lokið en reiðin eftir

Dóttur **Magnúsar Sveinssonar** og **Lindu Bjargar Perludóttur** var nauðgað. Málinu lauk með dómi en ekki fyrr en nú hefur Magnús fundið leið til að sigrast á reiðinni.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Mér finnst svona menn vera að leika guð. Þeir taka konu og ákveða að gera eitthvað við hana sem hún hefur ekkert um að segja. Taka valdið,“ segir Magnús Sveinsson um menn sem gerast sekir um kynferðisofbeldi. Þegar dóttir hans var fjórtán ára var henni nauðgað utandyra af sautján ára strák. Hann hlaut tveggja ára fangelsisdóm og afplánaði um helming tímans.

„Þetta gerðist á Bryggjuhátíð á Stokkseyri aðfaranótt 18. júlí 2010. Við vorum með henni fram yfir miðnætti en ákváðum svo að leyfa henni að vera aðeins lengur,“ segir Linda Björg Perludóttir, móðir stúlkunnar.

„Upp úr tvö um nóttina vorum við vakin með þessu erfiða símtali. Lögreglumaður kynnti sig og sagðist hafa erfiðar fréttir að færa. Það liti út fyrir að dóttur okkar hefði verið nauðgað og við þyrftum að koma strax á lögreglustöðina,“ segir Linda.

Allt ferlið var til fyrirmyndar hvað varðar dóttur hjónanna. Henni var ekið á Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana í Fossvogi og fékk þar aðstoð og gert var að áverkum. Samkvæmt dómnum sem féll voru áverkar hennar m.a. blóðug hné. Þá var að finna sand og mold víðsvegar um líkama hennar og í fötum.

Viku síðar var stúlkunni boðin sálfræðimeðferð í Barnahúsi sem hún nýtur enn góðs af þegar atvikið leitar á hana, sjö árum síðar.

Foreldrarnir og eldri bróðir stúlkunnar sátu hins vegar eftir í áfalli og þurftu að busla í djúpu lauginni, vanmáttug gagnvart ofbeldinu sem dóttir þeirra varð fyrir. Magnús var fullur af nærri óyfirstíganlegri reiði.

„Það fyrsta sem ég bað um á lögreglustöðinni var hvort ég fengi ekki bara tvær mínútur niðri í kjallara til að ræða við drenginn. Það verður allt svart. Ég veit ekki hvernig mæður upplifa þetta en ég varð gjörsamlega svartur af reiði. Það er eðlilegt. En í mínu tilfelli er svo slæmt að tilfinningin skuli ekki dofna,“ segir Magnús.

**Lítið unnið með reiðina**

Í bók Steinars Braga, Kötu, fer móðir af stað og hefnir fyrir það ofbeldi sem dóttir hennar varð fyrir. Aðalsöguhetjan framkvæmir í raun það sem flestir foreldrar segjast myndu gera, þ.e. að ganga verulega nærri þeim sem einhvern tíma voguðu sér að meiða börn þeirra. Það þekkja allir foreldrar þessa yfirnáttúrulega sterku tilfinningu, að vilja vernda barnið sitt.

„Ég held að það sé ómæld og nánast ótæmandi reiði hjá manni. Partur af þessu er pínu sjálfsásökun. Ég gat ekki komið í veg fyrir þetta og finnst ég hafa brugðist sem foreldri. Þetta er litla stelpan mín og ég á að vernda hana en gat það ekki,“ segir Magnús. Linda tekur undir en bætir við að það sé ekki hægt að pakka börnunum sínum inn í bómull.

„Nei, maður veit ekki hvaða bíll kemur á móti.“

Og í nærri sjö ár burðaðist Magnús með reiðina á milli sérfræðinga í þeirri von að honum gæti farið að líða betur. „Þegar ég fór að sofa var andlitið á drengnum og nafn hans það síðasta sem ég hugsaði um. Hann var svo það fyrsta sem ég hugsaði um á morgnana. Ég dæmdi fólk úr hans heimabæ sem ekki gott fólk og meira að segja óskaði þess að körfuboltaliði bæjarins, sem er að standa sig frábærlega, gengi illa.“ Í dag veit hann að þær hugsanir eru ekki réttlátar.

Foreldrarnir fengu nokkra sálfræðitíma á sjúkrahúsinu á Selfossi sem gagnaðist þeim lítið. Magnús fór til fjögurra sálfræðinga án nokkurs árangurs þar til hann kynntist sálfræðingnum Önnu Kristínu Newton síðastliðið haust. Það má segja að Anna hafi sérhæft sig í reiðum karlmönnum. Hún hefur meðal annars haft fanga, unga brotamenn og menn sem beita heimilisofbeldi í sálfræðimeðferð.

„Mér fannst vanta sérhæfingu hjá hinum. Þeir sálfræðingar sem ég var fyrst sendur til voru ekki að tengja við mig eða ég ekki við þá. Ég lýsti því bara fyrir þeim að ég vildi taka drenginn og klára hann en í stað þess að unnið væri með reiðina fór tíminn frekar í að telja mér hughvarf. Tilfinningin var svona skotin niður með „nei nei, þú ætlar nú ekki að fara að gera það“. Í raun og veru var bara reynt að telja mér hughvarf í stað þess að vinna á löngunni. Og svörin mín urðu bara eftir því sem sálfræðingurinn vildi heyra hverju sinni,“ segir Magnús.

Linda segir að rökin um að hvorki honum né fjölskyldunni myndi líða neitt betur hafi eðlilega ekki bitið á. „Auðvitað vissi hann alveg að það ➡



Magnús Sveinsson og Linda Björg Perludóttir höfðu þörf fyrir meiri stuðning þegar dóttir þeirra var beitt ofbeldi fyrir sjö árum. hópi á vegum samtakanna Blátt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fleiri aðilar að ofbeldi en eingöngu gerandi og þolandi

Anna Kristín Newton sálfræðingur hefur náð að sefa tilfinningar Magnúsar og koma honum á réttan kjöl. Hún kemur að fundunum sem aðstandendum býðst að sækja hjá Blátt áfram. „Flestir foreldrar sem lenda í því að barnið þeirra er beitt ofbeldi upplifa að þeir hafi brugðist þeim. Það er ekki endilega rökrétt hugsun en í sumum tilfellum er mikilvægt að hjálpa fólki að skoða þessar hugmyndir sem það hefur af sér.“ Hún segir að ekki megi vanmeta að stundum sé ekki rétti tíminn til að vinna úr áfalli. „Það er ekki hægt að vinna sig úr sorg á sex vikum. En það er lítið rætt um það að þegar fólk lendir í ofbeldi þá er ekki bara brotaþolinn og brotamaðurinn sem um ræðir, heldur hefur ofbeldið víðtæk áhrif.“

Magnús reyndi fjóra sálfræðinga áður en hann hóf meðferð hjá Önnu. Munurinn er að þar voru tilfinningarnar tæklaðar í stað þess að bægja þeim frá tímabundið.

„Við viljum ekki lækna reiðina. Reiði hefur tilgang í réttu hlutfalli, á réttum tíma. Það er misskilningur að það eigi að taka reiðina burt en við viljum beina henni í rétta átt. Reiði er oft varnarviðbragð því fólk kann ekki að takast á við vondar tilfinningar. Það er trix að kenna fólki að þekkja og stýra tilfinningum. Við þekkjum öll að hafa átt ömurlegan dag og koma heim og vera leiðinleg við maka okkar, þó hann eigi það ekki skilið. Það þarf að koma tilfinningum í réttan farveg.“

Hún hefur í gegnum tíðina m.a. aðstoðað menn sem beita ofbeldi. Hóp sem á það sammerkt að byrja inni mikla reiði. „Margir af þeim



Sá stuðningur er nú til staðar í stuðnings-

hafa lært að það sé einfaldast að verða reiður. Þeir eru ekki nógu öruggir til að tala um hlutina eða skilja ekki tilfinningar sem vakna. Við erum oft rög við að tala um hlutina. Auðvitað setur maður hlutina fram af eins mikilli umhyggju og hægt er en oft þurfa þeir bara að heyra það umbúðalaust.“

➡ myndi engum líða betur ef hann myndi framkvæma hugsanir sínar.“

**Aðrir foreldrar í sömu sporum**

Samtökin Blátt áfram, sem standa fyrir forvörnum gegn kynferðisofbeldi gegn börnum, komu nýlega af stað opnum fundum fyrir foreldra og aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Fundirnir fara fram fyrsta miðvikudag í mánuði, í húsnæði samtakanna í Fákafeni 9. Fundirnir eru allir leiddir af sérfræðimenntuðu fólki. Kveikjan að fundunum er m.a. ákall Magnúsar um að betur sé tekið utan um aðstandendur barna sem brotið er á.

Linda kallar eftir því að til verði bæklingur fyrir aðstandendur um hvert eigi að leita þegar áfallið dynur yfir, bæði svo foreldrarnir geti hjálpað börnunum sínum en einnig svo þau geti styrkt sjálf sig.

„Ég hef sjálf orðið fyrir kynferðisofbeldi og hef alltaf verið að vinna úr því. En þegar þetta kom upp þá hrundi ég. Mér fannst ég ekki geta hjálpað henni. Allan fyrsta veturinn fannst mér ég lítið geta gert þó ég vissi að hún væri í góðum höndum hjá Barnahúsi. Ég átti erfitt með svefn og svo framvegis,“ segir Linda. Hún leitaði sér m.a. aðstoðar hjá Stígamótum.

Dóttir þeirra hefur aftur á móti byggt sig mikið upp með hjálp Barnahúss. Hún tók þátt í verkefni á vegum Unicef þar sem börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi tóku höndum saman og kröfðu stjórnvöld um bættara umhverfi fyrir Barnahús og hvöttu til aðgerða. Hún hefur talað opinberlega um ofbeldið sem hún varð fyrir og skilað skömminni þangað sem hún á heima.

„Það vantar bara meira utanumhald um aðstandendur. Maður upplifir sig einan þegar þetta kemur fyrir og finnst eins og þetta sé eina tilfellið á Íslandi. Það er enginn sem tekur utan um þig,“ segir Magnús.

Leit hjónanna að aðstoð hefur verið kostnaðarsöm. „En það hafa ekki allir foreldrar efni á því. Þess vegna eru þessir fundir mikilvægir. Ég held að almennt sé fólk hrætt við að ræða svona við mann og á sínum tíma hefði verið mjög gott fyrir okkur að fara í hóp og hitta fólk sem hefur lent í því sama,“ segir Linda.

„Það er gott að hitta aðra feður og heyra hvort þeir eru að hugsa það sama. Hugmyndin er að koma saman, með þetta vandamál, og deila því hvaða aðferðir við notum til að leysa það. Hvað fólk gerir til að vakna á morgnana. Fara út í daginn án þess að hugsa um þetta. Ég efast um að drengurinn sem braut á dóttur minni geri sér grein fyrir þeim afleiðingum gjörða sinna að enn sjö árum seinna séum við að hugsa þetta. Þess vegna var ákveðið að búa til hóp. Þegar það verður slys þá kemur saman áfallateymi. Því ofbeldi gegn barninu manns er auðvitað áfall.“



# HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT

# WHIRLPOOL DAGAR

## ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR**
**HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



40%

**Whirlpool AKP457IX**
Actual Line Multifunction 8 blástursofn með klukku og 65L ofnrými. Niðurfellanlegt grill sem auðveldar þrif og tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Stál.

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ 44.995



38%

**Whirlpool ACM804NE**
4 spansuðu hellur með snertitökkum. Tímastilling og booster á öllum hellum. Stilling til að láta suðu koma upp og lækka ásamt barnalæsingu og glerkanti. 60 cm.

TILBOÐ **39.995**
FULLT VERÐ 64.995



16%

**Whirlpool WHM2511**
251 lítra frystikista með körfu. Hraðfrysting og ljós í kistunni. 2 hjól og 2 fætur, lás og ECO stilling. Orkuflokkur A+. 42dB. Hvít.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 59.995



16%

**Whirlpool WUO3T321X**
14 manna uppþvottavél með 10 þvottakerfum og sótthreinsikerfi. 6th sense með gufuþvotti sem nemur óhreinindi í vatninu. LCD skjár sýnir þvottatíma. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A. 41 dB. Stál.

TILBOÐ **79.995**
FULLT VERÐ 94.995



Lífstíðar ábyrgð á mótor

27%

*Íslenskt skjáborð og leiðarvísir.*

**Whirlpool FSCR12440C**
1400 snúninga og 12 kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og 6th sense. Hægt að fylgjast með og stýra kerfum í gegnum app. Íslenskt stjórnborð. Lífstíðarábyrgð á mótor. Orkuflokkur A+++.

TILBOÐ **129.995**
FULLT VERÐ 179.995




12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI

## ÓTRÚLEG SJÓNVARPSTILBOÐ




**Philips PUS6031**
UHD LED snjallsjónvarp á frábæru tilboði með 3840x3160 punkta upplausn. Micro Dimming Pro baklýsing og Netflix í 4K.

| 49" | 55" |
|---|---|
| Philips 49PUS6031 | Philips 55PUS6031 |
| TILBOÐ 69.995 | TILBOÐ 89.995 |
| VERÐ ÁÐUR 94.995 | VERÐ ÁÐUR 109.995 |




**LG UH850V**
Hágæða 3D Super UHD LED sjónvarp með UHD 4K 3840x2160 punkta upplausn og 2700Hz PMI. Með Ultra Luminance/Tru Black Control og stafrænum DVB-C/T2/S2 móttakara. 3xHDMI tengi og hljóðkerfi frá harman/kardon. Magic Remote fylgir.

| 49" | 55" |
|---|---|
| LG 49UH850 | LG 55UH850 |
| TILBOÐ 119.995 | TILBOÐ 159.995 |
| VERÐ ÁÐUR 179.995 | VERÐ ÁÐUR 229.995 |




**LG UH950V**
Stórt og örþunnt 3D Super UHD LED sjónvarp með UHD 4K 3840x2160 punkta upplausn og 2700Hz PMI. Betri myndgæði með Ultra Luminance/Tru Black + og stafrænum DVB-C/T2/S2 móttakara. Glæsileg hönnun með þunnum ramma svo myndefnið njóti sín betur. 3xHDMI tengi og hljóðkerfi frá harman/kardon. Magic Remote fylgir.

| 55" | 65" |
|---|---|
| LG 55UH950 | LG 65UH950 |
| TILBOÐ 199.995 | TILBOÐ 269.995 |
| VERÐ ÁÐUR 239.995 | VERÐ ÁÐUR 324.995 |

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

# TÖLVULISTINN

# 48 TÍMA TILBOÐ



ASUS

## GALIÐ TILBOÐSVERÐ !

Ótrúlega mikið fyrir peninginn. Hvít og glæsilega hönnuð 15,6" fartölva með Intel i3 örgjörva, 256GB SSD diski og kristaltærum háskerpu IPS skjá.

-25.000

69.995

VERÐ ÁÐUR 94.995

ASU-X540LADM909T



-23%

9.995

VERÐ ÁÐUR 12.995

JBL-FLIP3

## VEÐURVARINN SUMARHÁTALARI

Njóttu sumarsins í botn með þessum þráðlausa hljómgóða Bluetooth hátalara. Veðurvarinn og tilbúinn fyrir íslenska veðráttu.




-33%

19.995

VERÐ ÁÐUR 29.995

PHS-240V5QDSB

## 24" IPS TÖLVUSKJÁR

33% afsláttur á þessum 24" Philips skjá í 48 tíma. Frábær IPS panell og HDMI tengi.



-3.000

16.995

VERÐ ÁÐUR 19.995

WD-BU6Y0030BBK

## 3TB FLAKKARI Í VASA

Traustur 3TB hágæðaflakkari frá WD. Þunnur og passar í vasa. Tekur straum í gegnum USB tengi.



-32%

16.995

VERÐ ÁÐUR 24.995

RAZ-RZ0401250100R3M1

## RAZER KRAKEN 7.1 CHROMA

Vinsæl leikjaheyrnartól frá Razer á 32% afslætti í 48 tíma. Chroma LED lýsing.



-33%

7.995

VERÐ ÁÐUR 11.995

LOG-MK520

## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

Engar snúrur. Þráðlaust lyklaborð og mús saman í pakka á stórlækkuðu verði um helgina.

Með fyrirvara um veðvillur og myndabrengl.




TL.IS
NÝ NETVERSLUN

TAKMARKAÐ MAGN !

# OPIÐ ALLA HELGINA
## Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI




## TURBO GTX1080 Ti

11GB NVIDIA Geforce GTX1080 Ti ofurleikjaskjákort frá Asus með 3 ára ábyrgð á 20.000 króna afslætti um helgina.

-20.000
**109.995**
VERÐ ÁÐUR 129.995

ASU-TURBOGTX1080TI11

## 10" SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARIÐ




Sumarspjaldtölvan okkar með lyklaborði á 33% afslætti. Fjórir kjarnar, vandaður IPS skjár og Android 5.0.

-33%
**19.995**
VERÐ ÁÐUR 29.995

NEX-NEXT1015BAP

## ACER EXTENSA BORÐTÖLVA




Fyrirferðalítil borðtölva með Quad Core Intel Pentium örgjörva, 8GB vinnsluminni og 1TB geymsluplássi.

-20%
**39.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995

ACE-DTX0KMD002



-30.000
**109.995**
VERÐ ÁÐUR 139.995

ASU-F556UADM1024T

## INTEL i7 MEÐ SSD

Sérstaklega öflug Asus fartölva með Intel i7, 8GB vinnsluminni og 256GB ofurhröðum SSD. 30.000 króna afsláttur um helgina.



-5.000
**11.995**
VERÐ ÁÐUR 16.995

STE-62331

## STEELSERIES RIVAL 700 OLED

Sérhönnuð og háþróuð leikjamús frá Steelseries með LED lýsingu og SteelSeries Engine.




-40%
**5.995**
VERÐ ÁÐUR 9.995

FSP-PB10400MAH

## HLEÐSLURAFHLAÐA FYRIR SUMARIÐ

Aflmikil 10400mAh ferðarafhlaða sem getur hlaðið tvö tæki samtímis í gegnum USB. 40% afsláttur.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORGI | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |



Silja er íslensk, hér sýnir hún nafnið sitt með ýmiss konar letri.



Hópurinn frá Foreldrafélagi Breiðholtsskóla ásamt forseta Íslands á afhendingu Samfélagsverðlaunanna 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Prúðbúnar stúlkur á fjölmenningarhátíð í Breiðholtsskóla.



Briet Olga frá Hvíta-Rússlandi og dóttir hennar í þjóðbúningum síns lands.



Sara Björg og Anna Sif áttu von á kannski 150 manns á fyrstu fjölmenningarhátíðina í Breiðholtsskóla en það mættu yfir 800. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Markmið að byggja brýr milli fólks

**Sara Björg Sigurðardóttir** og **Anna Sif Jónsdóttir** eru í foreldrafélagi Breiðholtsskóla sem hefur staðið fyrir fjölmenningarhátíðum og hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Mig langaði að kynnast foreldrum barnanna sem börnin mín eru að leika við, opna huga minna barna fyrir nýjum hlutum og standa vörð um börn með veikt bakland, hver sem uppruni þeirra er. Þetta er kynslóðin sem við erum að ala upp.“ Þannig lýsir Sara Björg Sigurðardóttir, í foreldrafélagi Breiðholtsskóla, því sem fyrir henni vakti þegar hún sótti um fjárstyrki vorið 2015 til að halda fjölmenningarhátíð í skólanum. Hún var þá nýkomin í Neðra-Breiðholtið og átti son í 1. bekk skólans. Í skólanum eru um 450 börn og um 140 þeirra eru tvítyngd, Sara Björg kveðst hafa viljað draga fram það jákvæða við að vera í fjölmenningarhverfi.

Þegar styrkir fengust var eftir að kynna verkefnið og fá fólk til að taka þátt, bæði í Breiðholtsskóla, foreldrafélaginu og leikskólanum í hverfinu. Afraksturinn varð stór og mikil matarhátíð, þar mætti fólk prúðbúið og bauð upp á rétti sinnar þjóðar. Það hafði skilað inn áætlunum um hvað það langaði að elda, fékk til þess pening og hafði nokkuð frjálsar hendur.

„Aðsóknin fór langt fram úr öllum áætlunum. Við áttum von á kannski 150 manns en það mættu yfir 800,“ lýsir Anna Sif Jónsdóttir, formaður foreldrafélagsins. „Markmiðið var að byggja brýr milli fólks og við teljum það hafa tekist. Það sem mér fannst skipta svo miklu máli var að börnin fyndu stoltið við að kynna sitt föðurland fyrir samnemendum sínum og fengju að vera hluti af einhverju stóru. Það er þekkt að þátttaka foreldra í skólastarfi skilar miklu inn í námsárangur krakkanna og þarna náðum við að draga fullt af erlendu fólki inn í það starf. Það mættu líka mörg hundruð manns á hátíðina síðasta haust, hún var haldin í lok þemaviku í skólanum sem nefndist Tungumálið mitt. Þar skrifuðu börn alls konar orð á mörgum tungumálum, gerðu fána síns lands og fullt af öðrum og fræðandi hlutum.“

„Sjálfsmynd barnanna eflist með svona starfi. Það er það sem skiptir máli. Stærsta áskorunin var að virkja foreldrana í upphafi og fá þá til að vera með, vera ófeimna,“ lýsir Sara Björg. „Aðstæður fólks eru auðvitað mismunandi. Sumir hafa sest hér að til frambúðar, aðrir ætla að vera hér í nokkur ár að vinna og fara svo heim aftur. Svo er misjafnt hvernig aðstæður eru í heimalandinu. Maður getur ekki gert ráð fyrir því að allir séu komnir hingað upp á gleðina.“

En hvernig fór hún að því að ná til foreldra af ólíkum uppruna sem tala ólík tungumál? „Það var bara maður á mann. Ég hitti fólk á göngum skólans, í búðinni, sundlauginni, búningsklefunum, bókasafninu. Ég tala bara íslensku og ensku en ef maður nálgast fólk þannig að því líði vel og gefur sér tíma þá nær maður sambandi, hvað sem öllum tungumálum líður. Ég veit sjálf hvernig er að búa sem útlendingur í öðru landi og á auðvelt með að setja mig í annarra spor. Hef alltaf haft gaman af fólki.“

„Börnin okkar lifa í allt öðru samfélagi en við gerðum og það sem dregur okkur Söru og fleiri í foreldrafélaginu áfram er hvatinn til að hafa áhrif á það samfélag og kynnast því. Þegar dóttir mín fermdist voru sex gerðir af fermingum í bekknum hennar. Börnin okkar alast upp við að skólafélagar þeirra tali annað tungumál heima hjá sér og búi jafnvel við aðra leturgerð en við. Þetta var ekki svona þegar við vorum litlar og það er ástæða til að gefa því gaum,“ segir Anna Sif.

„Það er slíka svo mikilvægt að hindra einangrun barna,“ segir Sara Björg. Erlendir foreldrar eru kannski ekki vanir því að börn séu í íþrótta- og tómstundastarfi eins og hér er orðin rótgróin hefð. Þeir átta sig ekki á hversu mikilvægt það er að upp á samneyti og tengsl við önnur börn. Það er staðreynd að ef aðlögun barna mistekst og þau ná ekki að finna sig þá endar það ekki alltaf nógu vel.“

„Þá erum við líka komin að viðhorfi fólks til peninga. Sumir safna peningum til að senda sínu fólki í gamla heimalandinu eða til að komast þangað í heimsókn. Þar með vinnur það mikið, þar með setur það ekki börnin sín í frístundir, þar með eru eldri börnin að passa yngri börnin. Oft eru foreldrarnir í láglaunastörfum og þurfa að vinna mikið. Svo mætti velta því upp af hverju Reykjavíkurborg ákvað að heimila fólki að nota frístundastyrkinn í dagvistina eftir skóla, en skilyrtu hann ekki í íþrótta- og tómstundastarf og tónlist eins og áður.“

Spurðar hvort þær telji hátíðirnar hafa skilaði auknum kynnum innan skólahópsins svarar Anna Sif: „Ég held að börnin sjái um það sjálf á sínum forsendum.“ Sara Björg tekur undir það. „Já, kannski vita þau ekki hvað fordómar eru, en okkar markmið er líka að vekja foreldra til vitundar um að börnin okkar eru í fjölþjóðlegu umhverfi.“ Anna Sif kemur með dæmisögu. „Ég bauð bekkjarfélögum sonar míns í smá garðpartí og var með pylsur en áttaði mig ekkert á því að þarna voru múslímar líka sem borða ekki svínakjöt og ég hafði ekki fattað að kaupa kalkúnapylsur.“

Þær Sara Björg og Anna Sif eiga þrjú börn hvor og Anna Sif bendir á að skólinn sé viðverustaður hvers barns í tíu ár. Því skipti skólinn þær meira máli en ýmislegt annað. „Við erum hvorki í björgunarsveitum, stjórnmálastarfi né íþróttahreyfingunni en allir geta haft áhrif á samfélagið með einhverjum hætti. Við viljum hafa góð áhrif á líf barnanna í kringum okkur,“ segir hún. Sara tekur undir það. „Við berum samfélagslega ábyrgð á því að börnunum líði vel í skólanum og viljum að þau sem eru af erlendu bergi brotin aðlagist okkar samfélagi eins vel og hægt er, á sama tíma og við berum virðingu fyrir uppruna þeirra. Það er ekkert flókið.“

## Af fésbókarsíðu foreldrafélagsins

Þakka ykkur fyrir stórkostlegan dag með fjölda gesta, flotta kynningu þjóða, bragðgóðan mat, fagran klæðnað. Þakkir til allra kennara, foreldra, gesta og nágranna, þetta var reglulega vel heppnuð hátíð. Gætum við fengið hátíðarmynd úr salnum af hópnum? Þakkir til allra.

**Til Söru Bjargar prívat:**
Þakka þér innilega, Sara, fyrir frábært starf við að sýna allra þjóða fólki í hverfinu þínu áhuga og vekja athygli á mikilvægi þess. Við erum mjög ánægð og stolt af því að búa í hverfinu og tengjast Breiðholtsskóla. Þetta er mjög mikilvægt fyrir okkur útlendinga sem ekki eigum stórar fjölskyldur hér á landi. **Halyna Halapats**

# Ferðir

LAUGARDAGUR 6. MAÍ 2017

Kynningar: Gaman Ferðir



Boðið verður upp á skemmtilegar ferðir til Sitges, rétt utan við Barcelona í haust.

## Farðu út með Gaman Ferðum

Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir býður upp á fjölbreytt úrval ferða til sólarlanda í sumar. Aldrei hefur verið meira að gera.

→2

Framhald af forsíðu ➪

Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir sérhæfði sig í upphafi í fótbolta-, tónleika- og hópferðum en hefur síðastliðin þrjú ár komið sterk inn á sólarlandamarkaðinn. Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðukona sólar- og sérferða, segir ljóst að landsmenn ætla sér í sólina í sumar. „Það lítur út fyrir að annar hver maður ætli í sólina í sumar. Það er mikið bókað hjá okkur og aukningin milli ára hefur farið langt fram úr væntingum,“ segir Ingibjörg. Ferðaskrifstofan býður upp á þó nokkra áfangastaði á Spáni en Tenerife er sá allra vinsælasti. „Tenerife er bara svo frábær áfangastaður sem hægt er að ferðast til allan ársins hring.“

Ingibjörg segir mikla áherslu lagða á að bjóða vandaða og góða gististaði á Tenerife. „Sá allra vinsælasti heitir Green Garden Resort & Suites. Þetta er fjögurra stjörnu íbúðahótel og er á lista yfir topp 25 bestu hótelin á Spáni í flokki fjölskylduhótela. Þetta er fjölskylduparadís Gaman Ferða. Síðustu daga höfum við verið að nota samfélagsmiðilinn Snapchat (gamanferdir) þar sem að hann „Kalli okkar“ hefur verið að snappa og sýna hótelið. Það má nánast segja að það sé verið að slást um síðustu lausu íbúðirnar í sumar og fólk er að leggja inn pöntun fyrir næsta sumar, 2018, enda verður enginn svikinn af því að dvelja á Green Garden.“

Af öðrum sólaráfangastöðum Gaman Ferða nefnir Ingibjörg Lloret de Mar, Salou, Albir og Benidorm sem hún segir alla standa fyrir sínu. „Þar leggjum við líka sérstaka áherslu á að bjóða upp á góða íbúðagistingu og vönduð hótel. Í september og október ætlum við svo að beina fólki til Sitges en það er einstaklega fallegur og skemmtilegur strandbær sem er aðeins 30 km frá Barcelonaflugvelli. Það er tilvalið að lengja sumarið og taka langa helgi í Sitges sem stundum hefur verið nefnt Saint Tropez Spánar. Í Sitges er fjölbreytt menning og skemmtilegt næturlíf. Staðurinn er mikið sóttur af samkynhneigðum en öllum þykir afar gaman að koma þangað. Við erum með flotta gististaði og þar eru margir góðir veitingastaðir, kaffihús og klúbbar sem gaman er að prófa,“ segir Ingibjörg.

### Tónleikasumar

Ingibjörg segir sannkallað tónleikasumar fram undan hjá Gaman Ferðum. „Við erum að fara með tæplega tvö hundruð manns á Adele í London í júlí en auk þess erum við með ferðir á á Ed Sheeran í júní og á U2 í júlí.“ Ingibjörg segir boðið upp á VIP-miða sem tryggja góða staðsetningu og VIP „lounge“ fyrir og eftir tónleika sem sé afar vinsælt.



Hjá Gaman Ferðum er lögð rík áhersla á að bjóða vandaða og góða gististaði.

### Heilsu-, jóga- og brimbrettaferðir

Heilsu- og jógaferðirnar eru líka vinsælar sem aldrei fyrr. „Við erum að fara í þá fyrstu til Albir um næstu helgi en förum svo í jógaferð til Tossa de Mar í júní. Báðar þessar ferðir seldust upp hjá okkur og því bjóðum við upp á sams konar ferðir aftur í haust. Svo erum við með tvær nýjar og spennandi heilsuferðir. Sú fyrri verður í september og ber yfirskriftina „ Vítamín fyrir veturinn“. Gurrý, framkvæmdastjóri Reebok Fitness, og Auður Harpa, danskennari í Reebok, leiða hana. Farið verður til ítölsku Alpanna og lögð áhersla á hugleiðslu og jóga. Þá bryddum við upp á þeirri nýjung að bjóða brimbrettaferð til Tenerife í nóvember. Þar erum við að tala um sjö daga ferð á fjögurra stjörnu lúxushóteli sem er aðeins fyrir fullorðna. Boðið verður upp á brimbrettakennslu á hverjum degi og jóga á morgnana auk þess sem farið verður á svokölluð „Stand up Paddle Board“. Aðspurð segir Ingibjörg nóvember háannatíma á Tenerife og að þar sé hægt að vera allan ársins hring. „Þar eru líka alveg geggjaðar öldur.“

### Melia Villaitana – heimavöllur Gaman Ferða í Alicante

Ingibjörg segir ekki heldur mega gleyma að minnast á golfferðirnar en haustferðirnar voru að koma í sölu og verða í boði í október. „Við erum á Melia Villaitana í Alicante, sem við köllum heimavöllinn okkar, en okkar maður, Jón Karlsson eða Nonni golf, er fararstjóri og golfkennari Gaman Ferða. Við höfum fengið frábærar viðtökur við golfferðunum okkar og það er klárt mál að þessar ferðir munu seljast upp,“ segir Ingibjörg.




Ingibjörg segir líta út fyrir að annar hver Íslendingur ætli í sólina í sumar.



Vinsælasti gististaðurinn á Tenerife er Green Garden Resort & Suites og er nánast slegist um íbúðirnar.

Gaman Ferðir hafa alltaf lagt mikla áherslu á fótboltaferðir. „Enski boltinn fer í sölu 14. júní og þá koma allar ferðirnar inn. Í september ætlum við svo með fulla vél til að styðja strákana okkar í undankeppni HM í Finnlandi. Þá geta menn slegið tvær flugur í einu höggi en sama dag leikur íslenska karlalandsliðið í körfubolta við Pólland í Helsinki og fylgir miði á þann leik með í kaupunum. Það verður því sannarlega mikil stemming í Finnlandi þessa helgi.

### Lúxussiglingar, mexíkóska Rívíeran og Karíbahaf

„Í haust verðum við með tvær sannkallaðar lúxusferðir. Þetta eru skemmtisiglingar sem svíkja engan. Fyrri ferðin verður farin í september en siglt verður frá Los Angeles til Mexíkó. Seinni ferðin verður farin í lok október en þá verður siglt frá Miami um Karíbahaf.“ Að sögn Ingibjargar er um að ræða virkilega spennandi áfangastaði og mjög gott verð. „Þá erum við með reynslumikla fararstjóra sem sjá til þess að upplifunin verði sem eftirminnilegust.“

### Borðtennismót á föstudögum

Gaman Ferðir eru til húsa að Bæjarhrauni 14 í Hafnarfirði. „Eins og nafnið gefur til kynna þá viljum við hafa gaman hjá okkur. Við erum með reynslumikið starfsfólk hjá okkur úr ferðageiranum og leggjum mikla áherslu á að veita faglega en umfram allt skemmtilega þjónustu. Við kappkostum að svara viðskiptavinum okkar nánast á hvaða tíma sólahringsins sem er. Við notumst mikið við Facebook og hvetjum fólk til að senda okkur fyrirspurnir þangað. Það er nánast alltaf einhver á vaktinni til að svara,“ upplýsir Ingibjörg.

Þó mikið sé að gera hjá Gaman Ferðum gefur starfsfólkið sér alltaf tíma á föstudögum til að spila borðtennis. „Þá höldum við borðtennismót þar sem allt er lagt undir og keppt er um titilinn borðtennismeistari vikunnar. Viðskiptavinir eru hjartanlega velkomnir að kíkja í heimsókn til okkar á föstudögum og spila við okkur. Ef þeir vinna fá þeir afslátt af ferð.“

Skrifstofan er opin milli níu og fimm virka daga. Allar nánari upplýsingar er að finna á gaman.is

Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna
- Öflug melting og betra jafnvægi -

Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, hvítlauk og grape seed extract.




Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 14 sýruþolnum gerlastrengjum.




Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 2 sýruþolnum gerlastrengjum, trönuberjaþykkni og A-vítamín.




Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.




Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á **www.icecare.is**


ONE Traveller passar
þér vel í útlöndum
Fyrir 690 kr. daggjald færðu ótakmarkaðar mínútur og SMS, 500 MB gagnamagn á dag og getur notað 4G reiki í yfir 40 löndum víðsvegar um heim. Vertu áhyggjulaus í snjallsímanum á ferðalögum þínum erlendis.
Komdu í Vodafone ONE og njóttu ávinnings í hverju skrefi
Vodafone
Við tengjum þig
MIAMI
LAS VEGAS
PARIS
CALA D'OR
MALLORCA
Vodafone
ONE
hvorki meira né minna

# Mikil matarupplifun í Afríku

**Þráinn Freyr Vigfússon matreiðslumaður hélt nýlega í ævintýraferð til Marokkó og Máritaníu í norðvesturhluta Afríku. Markmið ferðarinnar var að kynnast matar- og vínmenningu landanna. Bragðgóð krydd og góð brauð einkenna meðal annars matarmenningu beggja landa.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Þráinn Freyr Vigfússon, fyrrverandi yfirmatreiðslumaður í Bláa lóninu og Kolabrautinni, hélt nýlega til Marokkó og Máritaníu í norðvesturhluta Afríku með það að markmiði að kynnast matar- og vínmenningu landanna. Upphaflega var ferðinni bara heitið til Marokkó en betri ferðahelmingur hans, Katrín Sif Einarsdóttir, vildi einnig heimsækja nágrannalandið Máritaníu. „Katrín Sif ferðast mikið og hefur það markmið að heimsækja 200 lönd fyrir þrítugt. Það er reyndar álitamál hversu mörg lönd eru til, það fer allt eftir því hvernig er talið. Hún hafði a.m.k. ekki komið til Máritaníu þannig að við ákváðum að nýta ferðina og skella okkur til höfuðborgar landsins, Nouakchott.“

Þráinn segir matargerð þessara tveggja landa einkennast af kryddum og góðum brauðum. „Kryddin tala alveg fyrir sig og skila sér í mjög bragðgóðum mat. Matreiðslan á þessu svæði er mjög holl og heimamenn nota lítið af smjöri og rjóma en þeim mun meira af ólívuolíu, grænmeti og jógúrt.“

Ferðin hófst í Marrakesh í Marokkó þau sem þau upplifðu frábæra stemningu á útimörkuðum borgarinnar. Næsti viðkomustaður var Nouakchott í Máritaníu sem Þráni fannst mjög spennandi upplifun. „Við stoppuðum stutt þar en náðum að kynnast fiskmarkaðinum, höfninni og ströndinni þar sem fiskibátar lágu eins langt og augað eygði og heimamenn stunduðu mjög frumstæðar aðferðir við veiðar.“



Bakari í Volubilis keyrir út brauðin sín.



Besta kefta-réttinn sem Þráinn Freyr hefur smakkað fékk hann í Meknes.

**Kefta stóð upp úr**

Næst var flogið til Casablanca í Marokkó en þaðan héldu þau til borganna og bæjanna Meknes, Fez, Rabat og Meknes. „Það var mjög gaman að skoða sveitir og minni bæi og kynnast t.d. tagine, kefta, beghrir og mörgu fleiru á leiðinni. Ég smakkaði t.d. ótrúlega góðan kefta-rétt í Maknes og man enn bragðið og hvað lambahakkið var vel kryddað og hæfilega fitumikið. Kefta samanstendur yfirleitt af hökkuðu kjöti, kryddi og lauk og er algengur réttur víða um heim, t.d. á þessum slóðum.“

Í það heila var Marokkó mikil matarupplifun og var mjög gaman að ferðast um sveitir og borgir landsins til að kynnast matarhefðum landsmanna. Máritanía var einnig mjög spennandi land að sækja heim með flottum mat en um leið mjög lokað land og því erfitt kynnast hefðum með sama hætti og í Marokkó.“

> „Ég smakkaði t.d. ótrúlega góðan kefta-rétt í Maknes og man enn bragðið og hvað lambahakkið var vel kryddað og hæfilega fitumikið.
>
> Þráinn Freyr Vigfússon



Næst á dagskrá hjá Þráni Frey er að opna veitingastaðinn Sumac Grill + Drinks á Laugavegi 28 síðar í þessum mánuði. „Vonandi opnum við á afmælisdaginn minn, 24. maí en sjáum til hvort það tekst. Þar er ég akkúrat að fá innblástur frá Marokkó og Líbanon. Allt kryddið verður þar, geðveiku grilluðu flatbrauðin, hummusinn og margt fleira sem gerir þessa matreiðslu spennandi og heilsusamlega. Svo ætlum við að hafa á boðstólum vín og kokteila með kryddi frá þessum löndum.“

# Star Wars hótel rís í Flórída

**Milljónir aðdáenda Star Wars myndanna um allan heim geta glaðst þar sem nú stendur til að opna skemmtigarða og hótel tengd myndunum.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Þessir nýju Disney-garðar verða opnaðir eftir tvö ár en þar getur fólk lifað sig inn í kvikmyndaheim Star Wars. Risahótelbygging verður reist í garðinum í Orlando í Flórída. Fyrirmynd hótelsins verður Millennium Falcon geimskipið. Gestir á hótelinu eiga að finna fyrir fígúrunum úr myndunum allt í kringum sig. Þá verða ýmsar leynilegar uppákomur fyrir gesti á hótelinu og í garðinum. Meðal annars eiga þeir sem dvelja þarna í tvo daga von á ýmsum spennandi og óvæntum atriðum.

Á veitingastað hótelsins fá gestir mat og drykk með vélmennum. Frá gluggum hótelsins verður hægt að virða fyrir sér Star Wars heim. Það verður sannkallað Star Wars þema á þessu skemmtilega hóteli sem ætti að gleðja alla aðdáendur, stóra sem smáa.

Star Wars myndir hafa verið teknar upp á átján spennandi stöðum í heiminum, þar á meðal á Íslandi, Írlandi og í Abu Dhabi. Ekki er vafi á því að fjölgun ferðamanna til Íslands er ekki síst að þakka þeim kvikmyndum sem teknar hafa verið hér á landi á undanförnum árum.

Star Wars hótelið verður mikil paradís. Glæsileg sundlaug í garðinum, vatnagarður og líkamsræktarstöð. Hægt verður að hlýða á lifandi tónlist daglega í garðinum. Ekki er ólíklegt að sú tónlist tengist bíómyndunum. Herbergin verða skemmtilega útbúin í misjöfnum stærðum með glæsilegu útsýni yfir Star Wars garðinn. Það verður ekkert sérstaklega ódýrt að búa í þessari paradís. Talið er að tvær nætur með öllu inniföldu kosti um 95 þúsund krónur. Innifalinn er aðgangur að Disney World í Orlando.

Þangað til þessi paradís verður að veruleika í Flórída geta aðdáendur átt þann kost að dvelja á Sidi Driss hótelinu í Túnis sem aðdáendur munu kannast við sem æskuheimili Luke Skywalker, Tattooine. Fullt af skemmtilegum hlutum frá upptökum á myndunum eru þar enn til staðar, jafnt inni í hótelinu og fyrir utan það.

Þess má geta að í fyrradag, 4. maí, var alþjóðlegur Star Wars dagur sem margir fagna árlega. Fyrsta Star Wars myndin var sýnd árið 1977. Aðalpersónur myndarinnar eru Luke Skywalker sem leikinn er af Mark Hammill, Han Solo sem leikinn er af Harrison Ford, Leia prinsessa, leikin af Carrie Fisher og Svarthöfði, leikinn af David Prowse.



Star Wars ævintýragarðurinn í Flórída verður glæsilegur og afar spennandi.

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 6. MAÍ 2017



MYND/ANTON BRINK

# Styður Svölu að fullu

Greta Salóme hefur margs að minnast nú þegar hún lítur til baka. Hún hefur tvisvar tekið þátt í Eurovision-keppninni. Greta gat deilt reynslu sinni til Svölu Björgvins. →2



**Í afrískri verslun í Breiðholti ræður Patience Adjahoe ríkjum. Hún gefur lesendum uppskriftir frá heimalandinu.**

helgin →8



Fyrir þarmaflóruna þína
www.icecare.is

Framhald af forsíðu ➪

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Eurovision hefur veitt Gretu Salóme fjölmörg tækifæri sem hún hefði ekki annars fengið. MYND/GVA

Greta segir að það leynist mörg tækifæri í Eurovision-keppninni og sjálfsagt sé að nýta þau. Keppnin hafi gefið henni kost á að ferðast og halda tónleika víða. Þar fyrir utan hafi hún kynnst mörgu góðu fólki. „Ef maður grípur tækifærið eru allir vegir færir,“ segir hún. Það hafa verið annasamir dagar og vikur hjá Gretu undanfarið en hún er ákveðin í að reyna eftir fremsta megni að fylgjast með öllum þremur Eurovision-kvöldunum í næstu viku.

„Ég er að spila úti um allar trissur,“ segir Greta þegar við slógum á þráðinn til hennar. „Það er svo ótrúlega margt búið að gerast. Ég verð með „show“ í Eldborg í Hörpu eftir viku. Það er fyrir skipafélagið Celebrity Cruise Line sem býður upp á þessa sýningu fyrir sérstaka VIP-gesti á þeirra vegum. Síðan verð ég með tvenna tónleika í Salnum í Kópavogi fyrir Oddfellow. Auk þess spila ég mikið við alls kyns fagnaði, afmæli, brúðkaup eða jarðarfarir. Það er alltaf eitthvað að gerast,“ segir Greta og bætir við að fljótlega liggi leiðin til New York þar sem hún mun syngja á tískusýningu sem haldin er fyrir baráttusamtök gegn einelti sem nefnast Unicef against bullying.

## Á ferð og flugi

„Eftir New York-ferðina verð ég í Danmörku áður en ég fer aftur um borð í Disney-skemmtiferðaskip. Ég býst við að fljúga fram og til baka að mestu leyti þetta sumarið í stað þess að vera alltaf um borð í skipinu,“ segir hún. „Næstu mánuðir eru því þéttskipaðir hjá mér. Ég verð með annan fótinn heima og hinn í útlöndum. Þetta er æðislega gaman og það eru algjör forréttindi að fá að gera það sem manni finnst skemmtilegast.“

Greta tók þátt í Eurovision-keppninni í fyrra skiptið í Bakú árið 2012 og síðan aftur árið 2016. Hún segir að strax eftir fyrri keppnina hafi hún fundið fyrir auknum verkefnum. Disney-skipafélagið hafði samband og bauð henni að vera með sýningu um borð í skemmtiferðaskipinu Disney Magic en hún sigldi með skipinu í meira en eitt ár og síðan aftur með hléum. Það gaf henni kost á ferðalögum um heiminn á fljótandi fimm stjörnu hóteli. „Ég ætla ekki að vera hjá Disney af sama kraftinum og áður enda svo margt annað að gerast hjá mér. Til dæmis verð ég með tónleika í Líbanon í sumar,“ segir þessi kraftmikla söngkona og fiðluleikari. „Ég er einhvern veginn úti um allt.“

## Svala toppar þetta

Greta segist hugsa mikið til Svölu Björgvins þessa dagana. Hún veit hvernig dagar hennar eru í Kænugarði. „Við erum góðar vinkonur og erum í miklu sambandi. Við hittumst áður en hún fór út og spjölluðum um keppnina. Ég sagði henni frá minni reynslu og hvernig ég hefði upplifað keppnina. Svo gaf ég henni auðvitað eins góð ráð og ég gat. Það er gott að miðla af reynslu sinni en jafnframt benti ég á að þessi keppni er óútreiknanleg. Í raun getur maður ekkert gert annað en að gera sitt besta á sviðinu. Niðurstaðan í keppninni er í annarra höndum,“ segir Greta sem viðurkennir að það hafi verið sárt að komast ekki í aðalkeppnina. „Sérstaklega af því að við fengum frábær viðbrögð á staðnum og mikinn stuðning. Ég fann það líka eftir úrslitin að mörgum fannst þau ósanngjörn. Við fengum síðan ótrúlega mikla fjölmiðlaathygli vegna þess að við komumst ekki áfram. Ég náði að nýta mér þá athygli á réttan hátt og hef fengið mörg tækifæri út á það.“

Þegar Greta er spurð hvort hún telji að Svala komist upp úr undankeppninni, segist hún ekki þora að spá um það. „Það er algjörlega ómögulegt að svara því. En það er ekki nokkur vafi í mínum huga að hún á eftir að skila sínu upp í toppí. Við þurfum að standa með henni sama hver úrslitin verða. Ég hlakka til að fylgjast með Svölu á þriðjudaginn,“ segir Greta og bætir við að hún gæti alveg hugsa sér að taka aftur þátt í keppninni á réttum forsendum. „Ef rétta lagið kæmi upp í hendurnar á mér.“

## Nýtt lag á leiðinni

Greta ætlar ekki að vera með Eurovision-partí komandi laugardag. Ástæðan er sú að hún verður með Disney-tónleikana í Hörpu daginn eftir. „Ég verð á stífum æfingum á laugardeginum auk annarra verkefna. Hins vegar er búið að bjóða mér í nokkur partí og aldrei að vita nema ég reki nefið inn einhvers staðar. En það verður líklega ekki kósíkvöld hjá mér.“

Um þessa helgi ætlar Greta að reyna að taka smá kósíkvöld með fjölskyldunni í sumarbústað við Laugarvatn. „Ég verð með tvenna tónleika í Salnum í dag fyrir Oddfellow. Á eftir bruna ég svo í bústaðinn. Ég reikna með að hlaupa smá í sveitinni og byggja mig upp. Síðan grillum við eitthvað gott,“ segir Greta en kærastinn, Elvar Karlsson, fær þá aðeins að sjá hana. „Hann er sjálfur mjög upptekinn alla daga í námi og starfi. Hann er að klára viðskiptafræði og verðbréfamiðlun og rekur að auki fyrirtæki.“



Greta Salóme með glæsilegt „show“ um borð í Disney-skemmtiferðaskipi.

Greta er fyrir utan allt annað að semja lög á fullu. Hún ætlar að senda frá sér nýtt lag í sumar, fjörugt lag sem hún vonast til að verði sumarsmellur. Fyrir stuttu lék hún með Eurovision-stjörnunni Alexander Rybak í Eldborgarsal Hörpu. „Það var æðislegt. Við fengum frábær viðbrögð frá áhorfendum. Alexander er mjög hrifinn af Íslandi og honum fannst tónlistarviðbrögðin hér æðisleg. Hann hefur hug á að koma aftur. Við erum í góðu sambandi og ég á von á að við vinnum meira saman,“ segir Greta sem hlakkar mikið til næstu viku.



# Síþreytan er í þörmunum

## Fjölmargar niðurstöður rannsókna benda til mikilvægis þess fyrir almenna heilsu að viðhalda góðu jafnvægi á bakteríuflóru þarmanna.

Á dögunum var birt vísindagrein um tengsl milli bakteríuflórunnar og síþreytu. Ástæður síþreytu hafa fram til þessar verið óljósar og hún jafnvel verið tengd við andleg veikindi. Síþreyta lýsir sér eins og nafnið gefur til kunna í sífelldri þreytu sem stundum varir svo mánuðum og árum skiptir. Einnig getur borið á einbeitingarskorti, eirðarleysi, hægari hugsanastarfsemi, þyngra skapi og meiri áhyggjum. Samkvæmt rannsókninni er talið að ákveðnar bakteríur hafi áhrif á efnaskipti líkamans og getu hans til að taka upp næringarefni, og raska þannig orkujafnvægi líkamans og valda bólgum sem geta valdið óþægindum.* Allt þetta valdi sífelldri þreytu og öðrum einkennum síþreytunar.

Það er því mikilvægt að huga vel að bakteríubúskap þarmanna með því að taka inn vandaða góðgerla. Bio Kult góðgerlar styrkja þarmaflóruna og stuðla að betri heilsu.

### Betri heilsa

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldsskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin.

„Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspestir sem ég má ekkert vera að að eyða tímanum í,“ segir Íris.



Íris Ásmundardóttir ballerína er mjög hraust, sjaldan þreytt og með góða einbeitingu. MYND/ANTON BRINK

> **Síþreyta lýsir sér eins og nafnið gefur til kunna í sífelldri þreytu sem stundum varir svo mánuðum og árum skiptir.**



Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með Bio-Kult.

Margrét Alice heilsumarkþjálfi mælir heilshugar með meltingargerlunum frá Bio-Kult. Henni finnst Bio-Kult gera sér gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“

### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride

*Heimild um síþreytu: *https:// www.thetimes.co.uk/article/ e79b3816-29e9-11e7-9d2e-96f2194e0ac4*




# Stundar hreyfingu án verkja

## Sigurður átti orðið erfitt með fjallgöngur vegna verkja, en stefnir núna á IronMan í sumar eftir að hann fór að taka inn Amínó Fiskprótín Liðir.

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðir eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann var búinn að glíma við ónot í hnjám. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar,“ segir Sigurður.

„Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja,“ segir hann.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinnipart sumars 2017. Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama magni af æfingatímum í viku.“

Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® innihalda Amínó Liðir túrmerik, D- og C-vítamín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna.

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu.“

> **Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar,**




Sigurður Ólafsson getur sannarlega mælt með Amínó Liðir.



Sigurður Ólafsson er að vonum ánægður með árangurinn.

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

# Gott að hafa almættið með sér

## Maggi Kjartans stýrir söng Brokkkórsins í guðsþjónustu hestamanna

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Brokkkórinn flytur lög við sérstaka guðsþjónustu þar sem hestamönnum er boðið að koma ríðandi til kirkju. Séra Valgeir Sigurðsson predikar. Hann er mikill hestamaður sjálfur og byrjaði á þessu í samvinnu við fleiri fyrir nokkrum árum. Nú er þetta orðið að hefð,“ segir Magnús Kjartansson en árleg kirkjureið hestafólks á höfuðborgarsvæðinu fer fram á morgun. Riðið verður til Seljakirkju og segir Magnús, sem er hestamaður sjálfur, þetta stórskemmtilega uppákomu sem brjóti upp hversdaginn.

„Ef hestamenn sjá kirkjur vita þeir að frá þeim liggja reiðgötur til allra bæja í sveitinni og við þekkjum margar sögur frá því í gamla daga þegar fólk reið til kirkju. Þetta er gömul og skemmtileg hefð til að halda við og tækifæri til þess að gera eitthvað annað á hestbaki en ríða í hringi. Það halda allir kátir og glaðir til kirkju,“ segir Magnús.

Eru hestamenn guðhrætt fólk upp til hópa? „Ja, allavega þennan dag,“ segir hann sposkur. Predikunin fjalli iðulega um efni sem eru hugleikin hestamönnum.

„Við lofum vorið og sumarkomuna í messunni og í predikun er lagt út af einhverju sem snertir hestamanninn. Reynt að finna þeirra viðkvæmustu strengi. Brokkkórinn leiðir almennan söng og flytur einnig þrjú lög, þar af er einn sálmur. Enda veitir ekki af fyrir hestafólk að kunna einn til tvo sálma og nokkrar bænir, það kemst stundum í þannig aðstæður að betra er að hafa almættið með sér. Eftir messu safnast fólk saman í kaffi og með því.“

Eru engir vasapelar á lofti? „Hingað til hefur ekki þurft að áminna neinn,“ segir Magnús og hlær.

Fjögur ár eru síðan Magnús flutti sig úr borgarhasarnum í sveitasæluna í Grímsnesi. Þar rjátla þau hjónin með hestana en lítinn annan búskap.

„Við höfðum lengi verið með skika þarna og ræktað. Foreldrar konunnar minnar þar við hliðina en afi hennar var síðasti ábúandi á jörðinni. Ýmsir rótarangar tengja okkur því við þennan stað. Þetta er lögbýli en við erum þó ekki með neinn búskap. Setjum kannski niður nokkrar kartöflur og mörgum finnst skrítið að við séum ekki einu sinni með hænur. En við getum fengið egg hjá nágrönnum, til að eiga í ommilettu fyrir gesti,“ segir Magnús. Hann nái jarðtengingu í hestamennskunni og rólegheitin í sveitinni eigi vel við hann.

„Það myndast heilmikið jarðsamband á hestbaki og gott að gleyma öllu öðru um tíma, nema gangi hestsins og einbeita sér að því að hanga á baki. Þá hafa bænir oft komið sér ágætlega. Ég kenni einnig tónmennt á Borg í Grímsnesi og finnst það dásamlegt,“ segir hann.

Líklega yrði hann ekki almennilegur bóndi.

„Þegar flugfreyja og tónlistarmaður eiga í hlut er afar erfitt að mæta reglulega í verkin eða fylgja nokkurri rútínu. En okkur líður vel þarna, laus við borgarstressið.“



Magnús Kjartansson stýrir söng Brokkkórsins í Seljakirkju í hinni árlegu kirkjureið hestafólks á höfuðborgarsvæðinu. MYND/ANTON BRINK







Kiwanishreyfingin á Íslandi og Eimskipafélag Íslands standa þessa dagana fyrir dreifingu á reiðhjólahjálmum til allra sex ára barna sem eru að ljúka fyrsta bekk í grunnskóla. Þetta farsæla samstarf hefur verið frá árinu 2004 og lætur nærri að Eimskip og Kiwanis hafi fært yfir 60 þúsund börnum hjálma frá þeim tíma. Þessi gjöf hefur í gegnum árin margsannað gildi sitt og mikilvægi þess að nota reiðhjólahjálm.

Eimskip og Kiwanis biðja foreldra að fylgjast með næstu daga þegar börnin koma heim með hjálmana, því þau þurfa aðstoð við að stilla þá rétt til að þeir hlífi börnunum eins vel og mögulegt er. Til að gjöfin nýtist sem best og skili tilætluðum árangri er mikilvægt að barnið noti hjálminn ávallt þegar það hjólar, leikur sér á línuskautum, hlaupahjóli eða hjólabretti. Nákvæmar leiðbeiningar fylgja með hjálmunum.

Kiwanis

EIMSKIP

# Sérkennilegur eyðileiki

**Páll Ásgeir Ásgeirsson ferðaðist um landið síðastliðið sumar til að finna náttúrulaugar og gamlar laugar sem eru á fárra vitorði. Frá þeim segir hann í bókinni 171 Ísland, áfangastaðir í alfaraleið.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Tilurð þessarar bókar nær aftur til ársins 2008 þegar við gáfum út litla bók sem hét 101 Ísland: áfangastaðir í alfaraleið. Hún var byggð á þeirri hugmynd að segja Íslendingum frá minna þekktum áfangastöðum vítt og breitt um landið en sniðganga þekkta áfangastaði. Lögð var áhersla á greinargóðar leiðarlýsingar og að allir gætu komist á staðinn,“ lýsir Páll Ásgeir en nokkrum árum síðar var gefin út uppfærð bók með 155 áfangastöðum. „Síðan var ákveðið að fjölga enn áfangastöðum og bæta nú við baðstöðum af öllu landinu, bæði sundlaugum utan alfaraleiðar og náttúrulaugum af einhverju tagi.“

## Mælingar með kjöthitamæli

Síðastliðið sumar þvældist hann því ásamt eiginkonu sinni, Rósu Sigrúnu Jónsdóttur, um landið með minnisbók, myndavél og kjöthitamæli og skoðaði baðstaði af ýmsum toga. „Konan mín er alltaf með mér á þessum ferðalögum og sér um vísindalegar rannsóknir sem að þessu sinni fólust í því að mæla hitann á laugunum með kjöthitamæli,“ segir Páll Ásgeir glettinn.



Páll Ásgeir Ásgeirsson skoðaði fjölda baðstaða um allt land síðastliðið sumar. MYND/GVA

Þau skoðuðu sögulega staði, náttúrulaugar en ekki síður gamlar sundlaugar hér og þar sem hann segir að séu ótrúlega víða opnar.

„Við skoðuðum miklu fleiri staði en þá sextán sem komust í bókina. Sumar laugarnar voru ekki nógu heitar, eða nógu stórar til að baða sig í. Þá eru sumar laugar á einkalandi og í túnfætinum hjá fólki en við vildum ekki vísa fólki á baðstaði nema eigendur samþykktu það.“

## Heiðarleikapróf í gömlum laugum

Hann segir verkefnið hafa verið mjög skemmtilegt og að þau hafi uppgötvað fjölmarga staði sem þau vissu ekki að væru til. „Til dæmis var ofboðslega gaman að finna gamlar sundlaugar frammi í afdölum sem ungmennafélög sveitanna byggðu fyrir 60 til 80 árum. Í dag eru allir fluttir úr sveitinni, laugarnar eru enn aðgengilegar en enginn starfsmaður á staðnum. Í staðinn er baukur í anddyrinu sem fólk á að setja pening í. Fylgir þessu einhver sérkennilegur eyðileiki sem gaman er að upplifa og um leið er þetta nokkurs konar heiðarleikapróf.“

## Gamla laugin í Brautartungu

En eru einhverjir staðir sem standa upp úr? „Nokkrir baðstaðir á landinu eru alveg ógleymanlegir vegna staðsetningar. Þar má nefna laugina í Krossnesi sem er alveg ofan í fjöru á stórkostlegum stað. Einnig má nefna Hellulaug í Flókalundi á Barðaströnd sem er alveg niðri í fjöru. Þá má ég til með að nefna sundlaug í Lundarreykjadal í Borgarfirði á stað sem heitir Brautartunga. Hún er stórkostlega falleg og gaman að koma í hana enda er allt svo hreint og fallegt, bæði laugin og búningsklefarnir, og baukur í anddyrinu.“




Sundlaugin í Brautartungu í Lundarreykjadal.

## Í fótspor Williams Lord Watts

Páll Ásgeir situr ekki auðum höndum í sumar. Hann er þjóðþekktur fararstjóri og fer í fjölmargar ferðir sem slíkur en einnig ferðast hann á eigin vegum. „Um helgina er ég á leið upp á Snæfellsjökul með hóp á vegum Ferðafélags Íslands,“ segir hann en mest hlakkar hann til ferðar sem hann fer með litlum hópi fólks seinni hluta júlímánaðar. „Þá fetum við í fótspor Williams Lord Watts sem fyrstur allra fór gangandi yfir Vatnajökul árið 1875. Ég held að þetta verði bæði mjög erfiður og skemmtilegur leiðangur.“





UPPLIFÐU FRELSIÐ Á YAMAHA MÓTORHJÓLI
Yamaha mótorhjólin eru þekkt fyrir gæði og einstaka hönnun. Við eigum örugglega rétta hjólið fyrir þig!


TRACER 700


TRACER 900


XT1200Z SUPER TÉNÉRÉ


YZF-R1M


WR450R


XSR700

YAMAHA
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS



# KOMDU ÞÖRMUNUM Í LAG

## Taktu inn góðgerla ef þú finnur fyrir eftirfarandi einkennum

Síþreytu · Uppþembu · Meltingartruflunum · Sveppasýkingu · Candida · Kláða á kynfærum · Niðurgangi · Harðlífi · Magakrampa · Bakflæði · Fæðuóþoli · Exemi · Háu kólesteróli · Vægri matareitrun · Skertu ónæmiskerfi eftir langvarandi flensu · Gott að taka samhliða sýklalyfjakúr

# HVAÐA TEGUND HENTAR ÞÉR BEST?




### Gr8- Dophilus

Styrkir ónæmiskerfið.
8 mismunandi vinveittir góðgerlar sem efla og styðja við heilbrigða meltingarflóru. Inniheldur Prebiotics (FOS), sem nærir góðu bakteríurnar sem eru fyrir í þörmunum. Hylkin eru húðuð og opnast því í þörmunum. Þurfa ekki kælingu og eru því hentug í ferðalagið eða veskið. Sýru- og gallþolin.
VEGAN




### Probiotic Defence

Vinveittir góðgerlar til inntöku fyrir viðhald á heilbrigðri þamaflóru. Inniheldur Prebiotics (FOS), sem hefur það hlutverk að næra góðu bakteríurnar sem eru fyrir í þörmunum.
VEGAN




### Probiotic -10 (25 Billion – 50 Billion – 100 Billion)

Þeir allra sterkustu.
10 mismunandi vinveittir góðgerlar í miklum styrkleika.
Sérstaklega öflugar blöndur af góðgerlum fyrir þá sem þjást af meltingarvandamálum eins og niðurgangi og sveppasýkingu, Candida og bakflæði. Styður við heilbrigða meltingarflóru. Inniheldur breitt svið öflugra vinveittra góðgerla. Veldu styrkleika eftir ástandi, sterkari ef vandamálið hefur varað til lengri tíma.
VEGAN




### Clinical GI Probiotic

Minnkar uppþembu.
Inniheldur Bifidobacterium lactis HN019 góðgeril sem er sérstaklega öflugur fyrir meltingarveginn og til að minnka uppþembu. Styður við heilbrigða meltingarflóru. Þarf ekki kælingu og því hentugt í ferðalagið eða veskið.
Hentugt fyrir 50+
VEGAN

# Sætar sælkerakrásir frá Gana

## Efra-Breiðholt er suðupottur heimshornamenningar og þar er afrísk sælkerabúð. Patience A. Karlsson reiðir fram vinsælasta helgarmatinn í Gana.



Ganabúinn Patience A. Karlsson er eigandi verslunarinnar Afro Zone í Hólagarði í Efra-Breiðholti. Hún varð ástfangin af Íslendingi sem var við túnfiskveiðar í Gana fyrir fjórtán árum. Patience flytur inn brakandi ferska ávexti og grænmeti, ásamt freistandi og framandi hráefni í eldamennskuna frá Afríku. MYND/ERNIR

### Jarðhnetusúpa

fyrir 4

Þessi dýrindis súpa er ein af dásemdum Gana í Vestur-Afríku og vinsæll helgarmatur. Hún er gjarnan borin fram með fufu (fæst í AfroZone) og omutuo (hrísgrjónabollum).

**1 dós Creamy Jumbo hnetusmjör**
**1 dós (70 g) tómatpúré**
**4 stórir og þroskaðir tómatar**
**2 stórir skalottlaukar**
**4 stórar gulrætur**
**Svolítið af brokkólíi (eða öðru grænmeti að eigin vali)**
**Hvítlaukur (eins mikið og vill)**
**Fersk engiferrót (minna en meira ef súpan á ekki að verða of sterk)**
**Salt og pipar**
**2 bollar sjóðandi vatn**
**Chilipipar**
**4-8 sveppir**
**Fiskur eða kjöt að eigin smekk**
**Magi/Jumbo fisk-, kjöt, eða grænmetiskraftur**

*ATH! Creamy Jumbo hnetusmjör, 70 g tómatpuré, stórir skalottlaukar og magi-kraftur fæst í AfroZone.*

Mýkið tómatana í sjóðandi vatni, takið af þeim hýðið og maukið aldinkjötið. Setjið Creamy Jumbo hnetusmjör í pott, tvo bolla af vatni, helming af tómatpuréinu og nýlagað tómatmaukið. Látið malla á miðlungshita og hrærið í þar til hráefnið er orðið brúnt með olíu á yfirborðinu (í 15-25 mínútur.) Skerið kjúklingakjötið í bita og gufusjóðið eða léttsteikið í potti í 5 mínútur með salti og stórum kraftkubbi. Takið hýðið af engiferrót, skalottlauk og hvítlauk og bætið saman við kjúklinginn. Hrærið í hráefninu til að kjötið taki í sig bragð. Setjið nú hnetusmjörsblönduna yfir kjúklinginn og bætið við 2 bollum af vatni til viðbótar ef þynna þarf súpuna. Látið sjóða í 20-30 mínútur og hrærið í af og til svo festist ekki við botninn. Bætið við gulrótum og brokkólíi á seinni mínútum suðunnar. Skreytið með fersku spínati eða steinselju. Berið fram með soðnum hrísgrjónum, hrísgrjónabollum, fufu eða banku frá Gana.

### Red red

fyrir 4

Ganabúar eru sólgnir í Red red. Nafnið Rautt rautt er dregið af lit réttarins sem er rauð kássa með rauðum mjölbanönum. Patience er hrifin af bragðsterkum mat og notar því ferska tómata, hvítlauk, engiferrót, lauka, tómatpuré og nautakjöt í sína útgáfu en það gerir lit og bragð enn ríkulegra. Í Red red eru oftast notaðar augnbaunir (e. black-eyed peas) eða aðrar kúabaunir sem finna má í AfroZone. Útkoman er sannkölluð veisla!

**4 stórir vel þroskaðir mjölbananar**
**500 g augnbaunir**
**Salt**
**Stór laukur**
**Ferskur hvítlaukur**
**Fersk engiferrót**
**Kjöt eða fiskur að eigin vali**
**1 dós (70g) Derica tómatpuré**
**200 ml rauð olía eða önnur grænmetisolía**
**Chilipipar að vild**
**Magi fisk- eða kjötkraftur**
**Gari (búið til úr rótarhnýði cassava-jurtarinnar)**

*ATH! Mjölbananar, augnbaunir og aðrar kúabaunir, Derica tómatpuré, rauð grænmetisolía og gari fást í AfroZone, Lóuhólum 2-6.*

Hreinsið baunir og látið í pott með vatni sem nær minnst þumlung yfir. Sjóðið í klukkustund eða þar til mjúkar. Skerið lauk og annað hráméti. Blandið hluta af því við kjötið ásamt salti og krafti. Látið sjóða í 2 mínútur. Hitið næst olíu á pönnu og snöggsteikið soðið kjötið í um 2 mínútur. Fjarlægið nú kjötið, kælið olíuna aðeins og steikið upp úr henni lauk, hvítlauk og engifer í um hálfa mínútu. Setjið tómatpuré út á pönnuna og hrærið þar til verður rautt, bætið þá við ferskum tómötum. Bætið við krafti og kjöti og eldið á miðlungshita til að byrja með en síðan er látið malla á lágum hita í 5-10 mínútur. Bætið að síðustu soðnum baunum saman við, saltið og látið malla á lágum hita á meðan bananar eru undirbúnir.



Faðir Patience er sólginn í heimalagaðar karamellur úr niðursoðinni mjólk enda einstakt hnossgæti.



Red red er vinsælasti aðalréttur Ganabúa og sannkallað gómsæti sem hittir í mark á kósíkvöldi.

### Mjölbananar

Fjarlægið bananahýðið, snyrtið bananana og skerið í litla bita. Saltið lítillega. Hellið olíu á pönnu, um hálfan þumlung á dýpt, og steikið bananabitana á miðlungshita. Hrærið og veltið til svo bitarnir brúnist vel. Takið þá af pönnunni og þerrið á eldhúspappír eða grind. Berið fram með kássunni. Skreytið með gari líkt og gert er með parmesanost á pitsu eða notið sem meðlæti sem vætt er í vatni.

*ATH! Sleppa má olíu, skera bananana smærra og sjóða í saltvatni í 5-10 mínútur eða rista í ofni í 5-10 mínútur á 200°C.*

Einnig er Red red gómsætt sem grænmetisréttur með því að sleppa kjöti eða fiski.

### Karamellur úr niðursoðinni mjólk

Ganamenn eru lítt gefnir fyrir sælgæti og lita á það sem verðlaun fyrir krakka. Í Gana er flestur matur heimaunninn og á það líka við um sætindi. Patience telur það vera vegna þess að ódýrara er að kaupa dós af niðursoðinni mjólk til að gera heimagerðar karamellur en að kaupa þær innfluttar. Karamellurnar innihaldi minni sykur en bragðist jafnvel enn betur. „Ungir krakkar taka gjarnan upp á því að kaupa niðursoðna mjólk fyrir vasapeninginn og búa til karamellur sem þeir selja svo skólasystkinum sínum undir borðið. En þótt krakkar séu sannarlega sólgnir í karamellurnar er pabbi minn vitlaus í þær líka. Þær eru ljúffengt laugardagsnammi,“ segir Patience.

**1 dós niðursoðin mjólk**
**1 msk. smjör**
**Panna og trésleif**

Bræðið smjör á miðlungsheitri pönnu. Hellið niðursoðnu mjólkinni yfir bráðið smjörið og hrærið í stöðugt í 10-15 mínútur. Takið af hitanum þegar karamellan er orðin brún og hægt að snúa við kaldri skeið án þess að karamellan detti af. Mótið að vild og njótið! Berið fram með kaffi eða kaldri mjólk.



Landsvirkjun

# Við leitum að kraftmiklum einstaklingum í spennandi störf

Landsvirkjun er rótgróið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum með virkum hætti að uppbyggingu í orkumálum og framþróun í atvinnulífi. Við viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum. Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

## Forstöðumaður á sviði upplýsingatækni

Landsvirkjun er framsækið þekkingarfyrirtæki þar sem upplýsingatækni leikur stórt hlutverk. Nú leitum við að öflugum leiðtoga til að leiða okkur áfram á því sviði. Framundan eru skemmtileg verkefni sem fela í sér endurbætur og virðisaukandi tækifæri. Nýr forstöðumaður mun heyra undir skrifstofu forstjóra og mun í samvinnu við stjórnendur taka þátt í að móta framsæknar lausnir fyrir ólíka starfsemi innan Landsvirkjunar.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri UT einingar/deildar
- Reynsla af samþættingu og hugbúnaðarþróun
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Sótt er um starfið á vef Ráðum, www.radum.is. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu (agla@radum.is) og Sturla Jóhann Hreinsson (Sturla.Johann.Hreinsson@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 16. maí.

## Sérfræðingur á sviði vatnamælinga

Vatnamælingar eru mikilvægur þáttur í starfsemi okkar en hlutur vatnsafls er um 95% í vinnslu fyrirtækisins. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að sinna vöktun vatnsauðlindarinnar og gerð innrennslisspáa. Starfið felur í sér umsjón og eftirlit með gæðum ganga, mælistöðvum, stöðu grunnvatns og veðurfari á vatnasviðum fyrirtækisins. Þá er greining á gögnum og miðlun upplýsinga stór hluti starfsins.

- Hæfni til að greina gögn og miðla upplýsingum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun á sviði raunvísinda eða verkfræði
- Þekking á mælitækni
- Áhugi á ferðalögum og störfum í náttúru Íslands

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, www.hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir hjá Hagvangi (elisabet@hagvangur.is) og Þóra María Guðjónsdóttir *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 16. maí.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Gæða- og verkefnastjóri

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir eftir öflugum einstaklingi í nýtt starf gæða- og verkefnastjóra. Starfið er á rekstrarsviði en varðar ráðuneytið allt.

Umsóknarfrestur
**22. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4972**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla sem nýtist í ráðuneytinu og áhugi á opinberri stjórnsýslu.
- Bakgrunnur í verkefnastjórnun er kostur.
- Gæða- og verkefnastjóri þarf að vera þarf að vera fylginn sér og tryggja með uppbyggilegu viðmóti að góðu vinnulagi sé fylgt.
- Starfið krefst mjög góðrar samskiptahæfni, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta og hæfileikar til að miðla þekkingu.
- Lausnamiðuð hugsun og jákvætt viðmót.

Markmið starfsins er að tryggja gott vinnulag í reglubundinni starfsemi ráðuneytisins og stuðla að aukinni gæðavitund. Enn fremur að endurmeta og fylgja eftir vinnu- og útgáfuferlum árlegrar fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps, liðsinna við þróun sértækra upplýsingakerfa ráðuneytisins og veita sérfræðingum og stjórnendum stuðning vegna gæðamála og skipulags verkefna þannig að tímafrestir séu virtir.

Miklar breytingar standa yfir í ráðuneytinu sem fela í sér mikil tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins.

Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Á rekstrarsviði eru 11 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 85 starfsmenn.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Búseti

# Framkvæmdastjóri

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stjórnun og rekstri félagsins og dótturfélags, Leigufélags Búseta ehf. og hefur yfirumsjón með öllu starfi félagsins í umboði stjórnar.

Umsóknarfrestur
**14. maí 2017**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4980**

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri félagsins og dótturfélags.
- Fjármögnun, utanumhald með lánasafni félagsins og samskipti við banka.
- Samskipti við opinbera aðila og hagaðila.
- Samningagerð.
- Starfsmannamál.
- Þátttaka í stefnumótunarvinnu í samvinnu við stjórn.
- Þátttaka í erlendu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta, verkfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Reynsla af félagsstarfi er æskileg.
- Þekking á fasteignarekstri og byggingarstarfsemi.
- Leiðtogahæfileikar og færni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, þekking á einu öðru Norðurlandamáli er kostur.

Búseti er húsnæðis-samvinnufélag sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða og er í eigu félagsmanna hverju sinni. Félagið var stofnað árið 1983 og býður í dag upp á rúmlega 800 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og Akranesi. Þar af heyra um 200 undir Leigufélag Búseta. Í smíðjum og á teikninborðinu eru um 170 íbúðir.

Nánar um Búseta á www.buseti.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Forsætisráðuneytið

# Umboðsmaður barna

Forsætisráðuneytið auglýsir embætti umboðsmanns barna laust til umsóknar.
Skipað er í embættið frá 1. júlí 2017 til fimm ára.

Umsóknarfrestur
**22. maí 2017**

Helstu verkefni
- Að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra.
- Vinna að því að tekið sé tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum.
- Frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna.
- Gera tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda, er varða börn.
- Stuðla að því að virtir séu þeir þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að.
- Vekja athygli á og veita fræðslu um réttinda- og hagsmunamál barna.
- Hlusta á raddir barna og koma þeirra sjónarmiðum á framfæri áður en ákvarðanir, sem snerta börn, eru teknar.
- Stuðla að virkri þátttöku barna í samfélaginu.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4973**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Brennandi áhugi á málefnum barna og ungmenna.
- Leiðtogahæfileikar.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Reynsla úr eða þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, þekking á einu öðru Norðurlandamáli er kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg.

Embætti umboðsmanns barna var stofnað 1. janúar 1995 og starfar samkvæmt lögum nr. 83/1994. Umboðsmaður barna er sjálfstæður og óháður í störfum sínum en skal árlega gefa forsætisráðherra skýrslu um starfsemi sína.

Við mat á umsóknum verður áhersla lögð á að viðkomandi hafi nægilega reynslu og þekkingu á íslenskri stjórnsýslu, atvinnulífinu og þjóðfélaginu almennt til að geta stjórnað, skipulagt og unnið sjálfstætt að úrlausn þeirra verkefna sem embættið hefur með höndum.

Frá og með 1. júlí næstkomandi tekur gildi nýtt fyrirkomulag kjaramála hjá forstöðumönnum ríkisstofnana sem umboðsmaður barna fellur undir. Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Reykjavíkurborg

# Spennandi störf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir mannauðsráðgjafa til starfa í mannauðsþjónustu sviðsins og lögfræðingi til starfa í lögfræðiþjónustu.

## Mannauðsráðgjafi

Leitað er eftir mannauðsráðgjafa til til að sinna ráðgjöf, stuðningi og handleiðslu fyrir stjórnendur og starfsmenn sviðsins.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4977**

Helstu verkefni
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur varðandi mannauðsmál
- Ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna
- Eftirfylgd með vinnustaðagreiningum
- Þátttaka í eineltisteymi sviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála, vinnusálfræði eða sambærilegt nám.
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála er æskileg.
- Reynsla af handleiðslu og úrvinnslu erfiðra samskipta- og eineltismála er kostur.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Örugg framkoma og færni í samskiptum.
- Mjög góð tölvukunnátta og vilji til að tileinkað sér nýja tækni.
- Sveigjanleiki og þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.

## Lögfræðingur

Leitað er eftir metnaðarfullum og vandvirkum lögfræðingi til starfa á skóla- og frístundasviði. Næsti yfirmaður er yfirlögfræðingur skóla- og frístundasviðs.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4978**

Helstu verkefni
- Lögfræðileg ráðgjöf, upplýsingagjöf og þjónusta við starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva varðandi stjórnsýslu, vinnurétt og lagaumhverfi starfseminnar.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættispróf eða meistaragráða í lögfræði að lokinni BA gráðu í lögfræði.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslurétti.
- Þekking og reynsla af vinnurétti er kostur.
- Geta til að greina aðalatriði og miðla upplýsingum með skýrum og greinargóðum hætti.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Örugg framkoma og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur 59 leikskóla, 36 grunnskóla, 5 frístundamiðstöðva, 36 frístundaheimila, 24 félagsmiðstöðva, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveitir.

Umsóknarfrestur
**22. maí**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# LÁTTU LJÓS ÞITT SKÍNA!

Vegna aukinna umsvifa leitar S.Guðjónsson að sölufulltrúum í framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

## RAFBÚNAÐARSVIÐ

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Sala, þjónusta og uppbygging viðskiptatengsla á sviði raflagnabúnaðar.
- Tilboðsgerð.
- Ráðgjöf.
- Ýmis verkefni í söludeild.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Rafvirki eða reynsla úr raflagnageira.
- Góð samskiptahæfni.
- Reynsla af sölumennsku er æskileg.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Sterk þjónustulund.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og skipulögð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.

## LÝSINGARBÚNAÐUR

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Sala, þjónusta og uppbygging viðskiptatengsla á sviði lýsingabúnaðar.
- Tilboðsgerð.
- Lýsingaráðgjöf og lýsingaútreikningur.
- Ýmis verkefni í söludeild.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla á lýsingasviði og lýsingatækni.
- Góð samskiptahæfni.
- Reynsla af sölumennsku er æskileg.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Sterk þjónustulund.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og skipulögð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Kunnátta í AutoCad er kostur.

S.Guðjónsson er öflugt innflutningsfyrirtæki sem starfar aðallega á fagmarkaði. Fyrirtækið hefur yfir 50 ára sögu í sölu á sérhæfðum rafbúnaði, tölvulagnaefni, ljósleiðara og lýsingabúnaði. S.Guðjónsson hefur þrjú ár í röð hlotið nafnbótina „Fyrirmyndar fyrirtæki" í Vinnumarkaðskönnun VR. Þá er fyrirtækið jafnframt „Framúrskarandi fyrirtæki" samkvæmt tilnefningu Creditinfo.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2017. Nánari upplýsingar um starfið veitir Skarphéðinn Smith, skarpi@sg.is (hægt að senda umsóknir í þetta netfang).

SMIÐJUVEGUR 3 | SÍMI: 520 4500 | WWW.SG.IS
200 KÓPAVOGUR | FAX: 520 4501 | SG@SG.IS

S·GUÐJÓNSSON

# ÓSKUM EFTIR REYNSLUBOLTUM

Lifandi fyrirtæki með öflugan hóp starfsmanna leitar að nýjum liðsmönnum

## MARKAÐSSTJÓRI

Ert þú hugmyndaríkur og skipulagður einstaklingur sem hefur áhuga á bókum? Við leitum að nýjum markaðsstjóra Forlagsins. Metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af markaðsmálum, góða íslenskukunnáttu og frábæra samskiptafærni. Menntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða er kostur.

## FRAMLEIÐSLUSTJÓRI

Ert þú útsjónarsamur, drífandi og skipulagður? Við leitum að framleiðslustjóra Forlagsins. Reynsla úr heimi prents og framleiðslu er skilyrði og menntun á sviði verkefnastjórnunar kostur.

Um er að ræða krefjandi en afar fjölbreytt og skemmtileg störf á frábærum vinnustað.

Vinsamlegast sendið umsóknina á **atvinna@forlagid.is** fyrir 17. maí nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

KONE

*Íselekt ehf. var stofnað 1994 og þá strax hófst samstarf við KONE í Finnlandi. Sambandið þróaðist og árið 2004 keypti KONE meirihluta í Íselekt og nafninu var breytt í KONE ehf.*

*Frá upphafi hefur verið stöðugur vöxtur hjá fyrirtækinu og í dag eru KONE lyftur og rennistigar á stöðum eins og Flugstöðinni, Smáralind, Hörpu og Kringlunni. Allir stærstu byggingaverktakar landsins eru á meðal viðskiptavina KONE ehf.*

*KONE ehf. hefur á að skipa reyndu starfsfólki í ráðgjöf, sölu, uppsetningum og þjónustu á lyftum og rennistigum.*

# Öflugur tæknimaður

KONE ehf. óskar að ráða jákvæðan og þjónustulipran tæknimann sem er tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

**Helstu verkefni:**

- Þjónustueftirlit skv. gæðaferlum
- Bilanagreining og prófanir
- Viðgerðir á lyftum
- Viðgerðir á rennistigum
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til viðskiptavina
- Þátttaka í markaðsvinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist vel í starfi, til dæmis á sviði rafmagnsfræði, vélfræði eða iðnfræði
- Sveinspróf í viðkomandi iðn er skilyrði
- Drifkraftur og jákvæðni
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Enskukunnátta
- Tölvukunnátta
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og með öðrum

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (Bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

**Icelandic Times** er vandað tímarit um ferðamennsku, menningu og viðskipti á Íslandi.

Ritið er eitt útbreiddasta rit af þessu tagi hér á landi. Það er gefið út á fjórum tungumálum; ensku, frönsku, þýsku og kínversku.
Icelandic Times býður einnig upp á margvíslega þjónustu svo sem myndbandagerð, vefumfjallanir o.m.fl. og er með vefsíður á fimm tungumálum.

**Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sem blaðamenn, sölumenn og æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á umbrotsforritinu Indesign og vefumsjónakerfi Word press.**

Áhugasamir sendið umsóknir með ferilskrá á netfangið
**info@icelandictimes.com**

ICELANDIC TIMES LAND&SAGA
Síðumúli 1 • 108 Rvk • www.icelandictimes.com

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

*Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*



# Matreiðslumenn

## Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir að ráða matreiðslumann

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega eða eftir samkomulagi

Upplýsingar gefur: **Kristín Sigurþórsdóttir**, mannauðsstjóri í síma **560-4107**
Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið:
**kristinsig@sunnuhlid.is**

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

Mannvirkja stofnun

Hlutverk Mannvirkjastofnunar er einkum að sinna stjórnsýslu og samræmingu eftirlits á sviði byggingarmála, brunavarna og rafmagnsöryggismála og að annast markaðseftirlit á sviði rafmagnsöryggis, visthönnunar og orkumerkinga, byggingarvöru og timburvöru. Áhersla er lögð af hálfu stofnunarinnar á rafræna stjórnsýslu og gerð gagnagrunna við eftirlit.

# Mannvirkjastofnun auglýsir

Mannvirkjastofnun leitar að kröftugu fólki til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu stofnunarinnar. Í boði eru krefjandi störf hjá stofnun sem veitir starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun. Góð vinnuaðstaða er í boði.

## Lögfræðingur

Stofnunin leitar að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni. Lögfræðisvið Mannvirkjastofnunar sinnir lögfræðilegri ráðgjöf þvert á fagsvið stofnunarinnar, sinnir m.a. túlkun laga og reglugerða, veitir umsagnir um lögfræðileg álitamál tengd málaflokkum stofnunarinnar, sinnir ráðgjöf fyrir ráðuneyti og önnur stjórnvöld og vinnur að gerð leiðbeininga og verklagsreglna vegna stjórnsýslu stofnunarinnar.

**Helstu verkefni**

- Lögfræðileg álit, ráðgjöf og umsagnir
- Gerð leiðbeininga vegna stjórnsýslu stofnunarinnar og samræmingar á eftirliti
- Undirbúningur stjórnvaldsákvarðana
- Þátttaka í mótun reglna á verkefnasviði stofnunarinnar
- Greining á löggjöf Evrópusambandsins á sviði markaðseftirlits og gerð tillagna um innleiðingu

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslurétti og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á Evrópurétti er kostur
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Inga Þórey Óskarsdóttir,
sviðsstjóri lögfræðisviðs, s.: 591 6000

## Umsjón með gæðastjórnunarkerfi

Um er að ræða krefjandi starf á byggingarsviði sem felur í sér umsjón og eftirlit með ýmsum þáttum er varða gæðastjórnunarkerfi hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra og upplýsingagjöf vegna þeirra. Auk þess felur starfið í sér samskipti við skoðunarstofur, umsjón með vátryggingamálum, auk ráðgjafar og fræðslu um reglur er varða gæðastjórnunarkerfi.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með skráningu gæðastjórnunarkerfa í gagnasafn Mannvirkjastofnunar
- Umsjón með gagnasafni er varðar gæðastjórnunarkerfi hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra
- Eftirlit með gæðastjórnunarkerfum hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra
- Upplýsingagjöf vegna gæðastjórnunarkerfa hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra
- Samskipti við skoðunarstofur vegna skoðana á gæðastjórnunarkerfum
- Umsjón með tryggingamálum hönnuða og byggingarstjóra
- Annast gerð og miðlun fræðsluefnis á vefsíðu Mannvirkjastofnunar
- Ráðgjöf og fræðsla um reglur er varða gæðastjórnunarkerfi
- Ráðgjöf vegna ágreinings um túlkun skoðunarhandbóka

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Tæknimenntun á byggingarsviði og víðtæk reynsla af hönnun og framkvæmdum er kostur
- Góð þekking á gagnagrunnum er kostur

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Jón Malmquist Guðmundsson,
fagstjóri byggingarsviðs, s: 591 6000

**Nánari upplýsingar veitir:**
Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.**

Sækja skal um starfið rafrænt í gegnum tengil sem má finna á heimasíðu Hagvangs, Mannvirkjastofnunar, **www.mannvirkjastofnun.is**, og í auglýsingu stofnunarinnar á Starfatorgi.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfshlutföll eru 100% og eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um störfin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Kælivirkni ehf

Við sjáum um uppsetningu, viðhald og viðgerðir á kæli- og frystikerfum auk loftkælingu í tölvurýmum.

Hjá Kælivirkni er öflugt starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu að baki og veitir þá allra bestu þjónustu sem völ er á.

Við óskum eftir að ráða til starfa

**ÞJÓNUSTUMANN Á KÆLIVERKSTÆÐI**

faglærðan einstakling eða með reynslu í faginu.

Einnig tekið við umsóknum um sumarstörf.

Upplýsingar gefur Vilhjálmur í s:777-1901 eða villi@kaelivirkni.is

Fyllsta trúnaðar heitið.

# 4 góð störf

**Lota ráðgjafar- og verkfræðistofa leitar eftir traustu fólki í eftirfarandi störf:**

## 1# Brunahönnuður

Við leitum að byggingarverkfræðingi með sérmenntun í brunaverkfræði og brunavörnum bygginga. Stór og spennandi verkefni framundan.

## 2# Vélahönnuður

Við leitum að vélaverkfræðingi. Starfið felst meðal annars í almennri hönnun og eftirliti á lagnakerfum eða vélbúnaði tengdum orkuverum, sjávarútvegi, iðnaði og húsbyggingum.

## 3# Raflagnahönnuður

Við leitum að aðila með áhuga og reynslu af hönnun raflagna í byggingar. Meðal verkefna sem nú er unnið að er hönnun rafkerfis nýs meðferðakjarna Landspítala.

## 4# Lýsingarhönnuður

Við leitum að aðila sem hefur áhuga og reynslu af hönnun lýsingar fyrir byggingar. Viðkomandi þarf að hafa menntun í lýsingarhönnun.

### Hæfniskröfur...

eru BSc, CS eða MSc frá viðurkenndum háskóla eða önnur sú menntun sem nýst getur í viðkomandi störf. Við leitum að fólki með reynslu í ofangreindum störfum ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

### Umsóknarfrestur...

er til og með **20. maí 2017.** Senda skal umsóknir ásamt ferilskrá á **erlen@lota.is**
Öllum umsóknum verður svarað.

LOTA

Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík
lota@lota.is
www.lota.is
Sími 560 5400

**LOTA er meðal framsæknustu þekkingafyrirtækja á Íslandi og tekst á við fjölda stórra verkefna hérlendis sem og erlendis. Samhentur hópur hámenntaðs starfsfólks hefur að leiðarljósi fagmennsku, öryggi og þjónustulund. Vinnustaðurinn snýst um starfsfólkið og góðan anda. Hjá LOTU er mikið lagt upp úr að veita góðan aðbúnað og andrúmsloft á vinnustaðnum. Okkar einkunarorð eru: Frjó hugsun, frumkvæði og sköpunarkraftur.**

# Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs-og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com

# Sölumaður óskast

Ísbíllinn leitar að sölumönnum í fullt starf eða kvöld og helgarvinnu.

Góð laun fyrir góða starfsmenn.

Umsókn og ferilskrá sendist fyrir 15.maí á umsoknir@isbillinn.is.






# Upplýsingafulltrúi

**Fjarðabyggð auglýsir starf upplýsingafulltrúa laust til umsóknar**

Upplýsingafulltrúi hefur umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins. Hann starfar á stjórnsýslu- og þjónustusviði og vinnur m.a. að stefnumörkun og þróunarstarfi á sviðinu.

**Helstu verkefni:**

- Stefnumótun og umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins.
- Þróunar- og verkefnavinna vegna samfélagsmiðla og rafrænnar stjórnsýslu
- Miðlun frétta og fjölmiðlasamskipti
- Vefumsjón
- Umsjón með gerð kynningarefnis
- Skipulagning viðburða

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum
- Framúrskarandi samstarfs-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta og ritfærni

Starfið gegnir veigamiklu hlutverki sveitarfélagsins á þeim málaflokkum sem stjórnsýslu- og þjónustusvið ber ábyrgð á. Rík áhersla er lögð á teymisvinnu og þverfaglega vinnu.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

**Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar Jónsson, bæjarritari, í síma 470 9062 eða á netfanginu gunnar.jonsson@fjardabyggd.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. ágúst nk.**

**Umsóknir berist í Íbúagátt Fjarðabyggðar.**

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC

## Starfsmaður óskast

**Leigutekjur vantar hörkuduglegan og hressan einstakling.**

Starfið er fjölbreytt og felur í sér samskipti við ferðamenn, skipulagningu dagsverka, þrif og önnur tilfallandi störf.

Til að byrja með er um að ræða 30% - 50% starf.
Sveigjanlegur vinnutími, hentar vel með skóla.

**Tekið verður við umsóknum til 15. maí.**
Umsóknir sendist, með ferilskrá á leigutekjur@leigutekjur.is

## Kirkjuvörður / húsvörður



Óskum eftir að ráða kirkjuvörð/húsvörð við Akureyrarkirkju.
Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf á móti núverandi kirkjuverði.
Krafa er gerð um hæfni í mannlegum samskiptum, snyrtimennsku og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Starfið veitist frá 1. júlí 2017, eða eftir nánarar samkomulagi.

**Nánari upplýsingar í síma 462-7700 milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga.**

*Umsóknir ásamt ferilskrá og upplýsingum um meðmælendur sendist til Akureyrarkirkju, pósthólf 442, 602 Akureyri, merkt **„Kirkjuvörður“**.*

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2017.**

***Sóknarnefnd Akureyrarkirkju.***

Skógarhlíð 22 / 105 Reykjavík / 568 7667 / vert.is

VERT MARKAÐSSTOFA

# ÁHUGA**VERT**?

### Grafískur hönnuður

Grafískur hönnuður með reynslu og góða þekkingu af vinnu á auglýsinga- eða hönnunarstofu.

### Stafrænn hönnuður

Grafískur hönnuður sem hneigist að hinum stafrænu þáttum hönnunar.

### Textasmiður

Hugmyndaríkur textasmiður sem hugsar á samfélagsmiðlalegum nótum.

**Áhugasamir sendi umsóknir á starf@vert.is. Fullum trúnaði er heitið. Nánari upplýsingar á www.vert.is/starf**

Vert markaðsstofa vinnur með viðskiptavinum sínum í stefnumótun, rannsóknum, vöruþróun og vörumerkjavinnu auk þess að framleiða kynningarefni af öllu tagi.



# Vilt þú starfa í einu framsæknasta mannauðsteymi landsins?

Við leitum að skapandi og ástríðufullum samstarfsmanni í teymi sem hefur það markmið að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og styðja við stjórnendur allra fyrirtækja OR samstæðunnar.

Hjá okkur færðu tækifæri til að hafa áhrif og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Þú þjónustar sérstaklega dótturfélög okkar, Veitur og Gagnaveituna, sem bakhjarl stjórnenda við framkvæmd starfsmannastefnu og stýringu verkefna tengdum henni.

Þú færð fjölbreyttar áskoranir til að takast á við og stuðning til að fylgja hugmyndum þínum og verkefnum eftir... alla leið.

Ef þú hefur reynslu af mannauðsmálum, býrð yfir krafti, þor, hugmyndaauðgi og framúrskarandi samskiptahæfni ættir þú að sækja um.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2017.

Jafnlaunavottun PwC 2016 JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is



# Staða sérfræðings hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sérfræðingnum er ætlað að vinna að útreikningi framlaga sjóðsins, ásamt því að sinna öðrum verkefnum á málefnasviði sjóðsins og skrifstofu sveitarstjórnarmála sem sjóðurinn heyrir undir.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegt
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg
- Góð reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar
- Mjög góð kunnátta í excel bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga og gerð líkana
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Geir Einarsson í síma 545 8200.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.**
Umsóknir skal senda á netfang ráðuneytisins: starf@srn.is

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545-8200

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

---

BSI á Íslandi
Faggild skoðunarstofa

# Skoðunarmenn á Skipaskoðunarsviði

Skipaskoðunarmaður á Stór-Reykjavíkursvæðinu
Skipaskoðunarmaður á Vestfjörðum (Ísafjörður/Bolungavík)

**Umsækjendur þurfa að uppfylla eitt af eftirfarandi:**

- Hafa réttindi skipstjóra sbr. STVW- 11/1 eða vélstjóra sbr. STCW- 111/2
- Lokið prófi sem skipaverkfræðingur/tæknifræðingur, vélaverkfræðingur/tæknifræðingur eða verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði siglingamála og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta.
- Hafa iðnmenntun og meistararéttindi á viðkomandi sviði (svo sem: skipasmíði, plötusmíði, vélvirkjun, rafvirkjun eða rafeindavirkjun) og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta.

**Hæfniskröfur:**

- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Sjálfstæði, frumkvæði og þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af skoðunarstörfum kostur.

Umsókn sendist á info@bsiaislandi.is og merkist Skipaskoðun. Umsóknarfrestur er til 15. maí 2017.

BSI á Íslandi hóf starfssemi á Íslandi árið 2004. Starfsemi fyrirtækisins nær yfir m.a. úttektir, mat, eftirlit, skoðanir, þjálfun og vottanir. Nánari upplýsingar um BSI má finna á vefsvæði okkar á www.bsiaislandi.is

BSI á Íslandi
Skipholti 50c
105 Reykjavík
S: 414 4444
info@bsiaislandi.is
bsiaislandi.is

---

PANDURO HOBBY OPNAR NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í SMÁRALIND Í LOK SUMARS



# VILTU SAMEINA ÁHUGAMÁL OG VINNU?

## Við auglýsum eftir verslunarstjóra

STARFSSVIÐ OG ÁBYRGÐ

- Sér um daglegan rekstur verslunar
- Innkaup og sala
- Umsjón með útliti verslunar og vöruframstillingu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Áfyllingar í verslun ásamt almennum verslunarstörfum
- Veitir hvatningu og endurgjöf til starfsmanna

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Skapandi og mikill áhugi á föndri og hannyrðum
- Rík þjónustulund
- Leiðtogahæfileikar
- Árangursdrifinn
- Lausnamiðaður

Panduro Hobby er leiðandi fyrirtæki á Norðurlöndunum í sölu á föndurvörum. Panduro Hobby rekur 114 verslanir í 6 löndum. Verslun Panduro Hobby á Íslandi verður rekin af A4.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. maí næstkomandi.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Alfa Lára Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri A4 í síma 580 0000.
Umsókn ásamt ferilskrá berist á netfangið **alfa@a4.is** merkt Panduro Hobby.

Panduro® HOBBY

## Sölumaður fasteigna.

Fasteignasala óskar eftir sölumanni. Skilyrði er að viðkomandi sé löggiltur fasteignasali eða hafi lokið fyrstu önn í námi. Um er að ræða rótgróna trausta og metnaðarfulla fasteignasölu sem hefur starfað í áratugi. ***Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á box@frett.is merkt Fasteignasala-0605***




## Viltu slá gras í sumar ?

**Okkur vantar TOPP starfsmenn í slátt í sumar.**

Æskilegt að viðkomandi sé með vinnuvéla- og kerrupróf eða hafi áhuga á að verða sér úti um slíkt. Við hjálpum til með það.

**Sendu endilega inn umsókn á www.gardlist.is.**

**Góð laun í boði !**

28 ára fyrirtæki

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is

## *Viltu njóta dagsins og vinna á nóttunni?*

**Hæfniskröfur:**

Næmt auga fyrir hreinlæti

Áhugi og dugnaður til að ná árangri í starfi

Hreint sakavottorð

Strætó bs. óskar eftir áreiðanlegum og kraftmiklum snyrtipinna til starfa á þvottastöð fyrirtækisins á Hesthálsi. Um er að ræða vaktavinnu að næturlagi við þrif og umhirðu strætisvagna. Starfið er hlutastarf og gæti hentað námsfólki vel.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2017.**
**Sæktu um á radningar.straeto.is!**












TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Söluráðgjafi

### Starfssvið

- Sala á nýjum bílum
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Frágangur við sölu

### Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Þekking á Word og Excel

Vinnutími er mánudaga-föstudaga frá kl. 9-18 og laugardaga 12:00-16:00 (vaktir)

**Vegna aukinni umsvifa leitum við að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi með mikla söluhæfileika sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf.**

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að vernda náttúruna og fara sparlega með auðlindir. Til þess að standast þær kröfur sem við setjum okkur erum við með umhverfisstjórnunarkerfið ISO 14001 sem er vottað af BSI (British Standards Institute). Eina bílaumboðið á landinu.

**Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á vef félagsins www.toyota.is/storf**
**Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is - Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2017**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

bsi. ISO 14001 Environmental Management

mmr
Markaðs- og miðlarannsóknir

## Spyrlar

**MMR óskar eftir að ráða starfsfólk við úthringingar og fleira vegna markaðsrannsókna. Sveigjanlegur vinnutími á kvöldin og um helgar - hentar vel með námi eða sem aukastarf.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð framkoma, íslenskukunnátta og tölvufærni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Stúdentspróf eða meira
- Mikill áhugi á samskiptum við annað fólk

Umsóknir sendist til Rakelar Gyðu Pálsdóttur, rakel@mmr.is, merkt, „**spyrlar**".

Nánari upplýsingar um MMR á **www.mmr.is**

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32, 108 Reykjavík

# Ný störf

## Kennarastöður í eftirfarandi greinum eru í boði við Tækniskólann.

### Byggingagreinar

- Húsasmiður, húsgagnasmiður, byggingaiðnfræðingur, byggingafræðingur eða byggingaverkfræðingur

Upplýsingar veitir Gunnar Kjartansson í tölvupósti; gkj@tskoli.is

### Vélstjórn og skipstjórn

**Vélstjórn og málmiðngreinar**

- Véltækni- eða vélaverkfræðingur
- Vélfræðingur með starfsreynslu
- Vélvirki, stálsmiður eða rennismiður

**Raftæknigreinar**

- Rafmagnstæknifræðingur með góða þekkingu á rökrásum og iðnstýringum

**Skipsstjórnargreinar**

- Skipstjóri með SD/SE réttindi

Upplýsingar veitir Jón Hjalti Ásmundsson í tölvupósti; joh@tskoli.is

### Rafiðngreinar

- Rafvirkjameistari eða tæknifræðingur á sterkstraumssviði
- Rafeindavirkjameistari eða tæknifræðingur á veikstraumssviði

Upplýsingar veitir Valdemar G. Valdemarsson í tölvupósti; vgv@tskoli.is

### Tölvugreinar

- Tölvunarfræðingur

Upplýsingar veitir Guðrún Randalín Lárusdóttir í tölvupósti; grl@tskoli.is

### Vefforritun

- Vefforritari eða vefhönnuður

Upplýsingar veitir Ragnhildur Guðjónsdóttir í tölvupósti; rag@tskoli.is

### Fluggreinar

- Flugkennarar í verklega kennslu (PPL) með gild flugkennararéttindi

Fyrirspurnir og umsóknir berist til Tommy Ravnaas í tölvupósti; cfi@flugskoli.is

Umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugreinum, sbr. lög nr. 87/2008. Sakavottorð fylgi umsókn.

Umsóknarfrestur er til 19.maí 2017. Umsóknir berist til Þórs Pálssonar aðstoðarskólameistara thp@tskoli.is, ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

ÍSLEIFUR HEPPNI

## Starfsfólk óskast

Ísbúðin Ísleifur heppni opnar í Mathöllinni á Hlemm í byrjun júní í mjög skemmtilegu matarumhverfi. Ísleifur heppni selur hágæða ís sem er frystur með fljótandi köfnunarefni beint fyrir framan viðskiptavininn.

### Rekstrarstjóri

Okkur vantar rekstrarstjóra til að sjá um daglegan rekstur ísbúðarinnar. Viðkomandi þarf að hafa einhverja reynslu í rekstri verslana, markaðssetningu á samfélagsmiðlum, vera brosmildur og vera með góða þjónustulund.

### Afgreiðslufólk

Okkur vantar afgreiðslufólk með góða þjónustulund sem hefur gaman af að þjónusta fólki með bros á vör. Ísbúðin verður opin frá kl. 11:00 - 23:00 alla daga og er því um vaktavinnu að ræða alla daga vikunnar á nokkrum vöktum.

Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á netfangið: arkiteo@arkiteo.is fyrir 19.maí 2017.

## Deildarstjóri og kennarar

**Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða deildarstjóra almennrar kennslu í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2017.**

### Deildarstjóri

- er staðgengill skólastjóra.
- vinnur með skólastjóra að daglegri stjórnun og skipulagningu skólastarfsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi í grunnskóla.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Stjórnunarreynsla æskileg eða framhaldsnám í stjórnun.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti.

**Einnig auglýsum við eftir kennurum frá og með næsta skólaári í eftirtaldar stöður,**

- 100% kennara í umsjón / íþróttir
- 100% kennsla í ensku / samfélagsfræði

**Gleði – samvinna – sjálfstæði** eru einkunnarorð skólans og þurfa umsækjendur að vera tilbúnir að vinna með okkur í að efla starfið í þeim anda enn frekar.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ / Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433 8179 eða 895-3828, berglind@stykk.is

Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá **fyrir 15. maí 2017.**

---

**Virðing – gleði – kærleikur**

Það eru einkunnarorð **Leikskólans í Stykkishólmi** sem auglýsir lausar stöður frá 14. ágúst 2017.
Um er að ræða stöður:

- **Deildarstjóra**
- **Leikskólakennara**

Allar nánari upplýsingar gefa Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri s. 4338128 og Elísabet Lára Björgvinsdóttir á netfanginu leikskoli@stykkisholmur.is
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar og á vef bæjarins **www.stykkisholmur.is**

Vakin er athygli á því að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa, munu aðrar umsóknir koma til greina.
Athugið að starfið hentar bæði körlum og konum.
**Umsóknarfrestur er til 21. maí 2017.**
Öllum umsóknum verður svarað.

# Starfsmaður á lager og í útkeyrslu

epal

**Starfssvið:**
Umsjón með lager og verkstæði.
Móttaka, talning og frágangur á vörum.
Samantekt pantana og eftirfylgni.
Umsjón með viðgerðum.
Önnur tilfallandi störf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Reynsla af lagerstörfum og birgðahaldi er kostur.
Kunnátta/áhugi á minniháttar viðgerðum er kostur.
Frumkvæði og skipulagshæfni.
Jákvæðni og sveigjanleiki.
Góð þjónustulund
Stundvísi og almenn hreysti
Æskilegur aldur 30-65 ára
Íslenskukunnátta nauðsynleg

**Umsóknir óskast sendar fyrir 12. maí á netfangið: elisabet@epal.is**

---



Mýrdalshreppur

## Lausar stöður við grunnskólann í Vík í Mýrdal:

- **Kennari á yngsta- og miðstigi**
- **List- og verkgreinakennari**
- **Íþróttakennari**

Þrjár stöður kennara, á yngsta- og miðstigi, list- og verkgreinakennara og íþróttakennara við Grunnskóla Mýrdalshrepps eru eru lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennurum í þessar stöður. Varðandi stöðu kennara á yngsta og miðstigi þá þarf viðkomandi að hafa gott vald á lestrar- og skriftarkennslu.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Ingimarsson skólastjóri í síma 865-2258. Umsóknir skal senda til skólastjóra á netfangið skolastjori@vik.is eða Sunnubraut 5 870 Vík.

**Umsóknarfrestur er til 31. maí n.k.**

*Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík*

## Vík í Mýrdal

**Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.**

Mýrdalshreppur er um 570 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

*Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík - Sími 487 1210*

---

# RÁÐGJAFI Í MJÓLKUREFTIRLIT

**Mjólkursamsalan ehf. (MS) óskar eftir að ráða ráðgjafa í mjólkureftirlit MS á Selfossi.**

**Viðkomandi yrði aðili að öflugu þverfaglegu teymi ráðgjafa í mjólkureftirliti MS sem hafa aðsetur á nokkrum stöðum á landinu. Um er að ræða fullt starf.**

### Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón K. Baldursson verkefnastjóri í síma 864-8612 eða jonkb@ms.is.

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Til að sækja um starfið þarf að fara inn á http://mjolkursamsalan/rada.is/is

**Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2017.**

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Ráðgjafi fylgist m.a. með gæðum innvigtaðrar mjólkur, sinnir eftirfylgni með sýnatökum, gæðaskoðunum og ráðgjöf til mjólkurframleiðenda.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði mjólkurfræði, búvísinda eða sambærilegt.
- Haldgóð þekking á hreinlæti, mjöltum og mjaltatækni.
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri. Æskilegt er að hafa góða þekkingu á öðru norðurlandamáli og ensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þjónustulund og sveigjanleiki
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður í starfi
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni



**Mjólkursamsalan er í eigu kúabænda um allt land. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá kúabændum og framleiða afurðir í takt við þarfir markaðarins. Félagið heldur úti öflugu söfnunar- og dreifikerfi sem tryggir landsmönnum aðgang að ferskum mjólkurvörum. Hjá Mjólkursamsölunni starfa í kringum 450 starfsmenn á fimm starfsstöðvum á landinu þ.e. Reykjavik, Búðardal, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.**

**Meginmarkmið í mannauðsmálum er ánægt starfsfólk með skýra ábyrgð, góða sérþekkingu í mjólkuriðnaði og sem vinnur saman sem ein liðsheild að markmiðum félagsins. Mjólkursamsalan leggur áherslu á fjölbreytta samsetningu starfsfólks hvort sem um er að ræða þjóðerni, kynferði, menntun, reynslu og aldur. Við ráðningar veljum við hæfasta einstaklinginn í starfið með gildin okkar *metnað, samvinnu, jákvæðni* og *ábyrgð* að leiðarljósi.**




**www.ms.is**

Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn

# Lögfræðingur

**Borgarskjalasafn óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa við safnið.**
Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér tækifæri að leiða undirbúning safnsins að nýrri persónuverndarlöggjöf, ákvörðun aðgangs að trúnaðargögnum ásamt öðrum verkefnum.
Hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda um starfsemi og sögu borgarinnar. Safnið hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og veitir aðgang að skjölum. Það gefur út verklagsreglur um skjalavörslu. Átta starfsmenn eru við safnið. Safnið er til húsa í Tryggvagötu 15 og Vatnagörðum 28 í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Ákvarða aðgang að trúnaðargögnum og ganga frá þeim til afhendingar.
- Móttaka erinda, rannsóknir og ákvörðun aðgangs.
- Undirbúa og aðlaga starfsemi Borgarskjalasafns að nýrri persónuverndarlöggjöf sem tekur gildi árið 2018.
- Yfirumsjón með afgreiðslu erinda
- Útfæra verklagsreglur og leiðbeiningar.
- Fræðsla um löggjöf um skjalastjórn fyrir borgarstofnanir.
- Styðja við eftirlit um skjalavörslu.
- Bréfaskipti, greinargerðir, gerð samninga þegar við á, og önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Kandidatspróf eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking á stjórnsýslurétti.
- Þekking á upplýsingalögum, persónuverndarlögum og lögum um opinber skjalasöfn er kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu og riti.
- Færni til að vinna undir álagi.

**Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.**

**Starfshlutfall er 100%**

**Umsóknarfrestur er til 22. maí 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður í síma 6647775 og tölvupósti svanhildur.bogadottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# VEGNA AUKINNA UMSVIFA
# BÆTUM VIÐ Í HÓPINN




ENNEMM / SÍA / NM81801

## AÐSTOÐARMAÐUR VERKSTJÓRA

Við leitum að aðstoðarmanni á verkstæðið okkar sem kemur til með að vinna sem hægri hönd verkstjóra. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08.00-18.00 en 8.00-17.00 á föstudögum

**Hæfniskröfur:**
- Mikill áhugi á bílum
- Reynsla af viðgerðum er kostur
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

BL státar af einu stærsta og glæsilegasta bifreiðaverkstæði landsins með 36 bílalyftur. BL leitast eftir að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, anna@bl.is

LAND ROVER SUBARU BMW HYUNDAI ISUZU D-MAX RENAULT NISSAN DACIA B|L

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

mít

## MÍT (Menntaskóli í tónlist) auglýsir eftir kennara í raftónlist

Hlutverk viðkomandi yrði að stýra uppbyggingu náms á þessu sviði innan skólans, þ.m.t koma að tækjakaupum og mótun aðstöðu. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem nýtist í starfi og fjölþætta reynslu af heimi raftónlistar; annarsvegar á sviði rytmískrar tónlistar (Ableton Live o.fl) og hinsvegar á sviði klassískra tónsmíða (Max o.fl). Starfshlutfall samkvæmt samkomulagi og launakjör skv samningum tónlistarkennara.

## MÍT (Menntaskóli í tónlist) auglýsir eftir kórstjóra

Hlutverk viðkomandi verður að stýra kór skólans og byggja upp kórstarf innan skólans. Viðkomandi þarf að hafa menntun og reynslu í kórstjón og æskilegt er að hann/hún hafi reynslu og þekkingu á bæði klassískri tónlist og rytmískri. Starfshlutfall samkvæmt samkomulagi og launakjör skv samningum tónlistarkennara.
**Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans Skipholti 33, 105 Reykjavík eigi síðar en 19.maí 2017**

Fjallabyggð

# Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála

**Fjallabyggð óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa.**

Megin viðfangsefnið er fræðslu- frístunda- og menningarmál, stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almannatengslum sem og á sviði ferða- og atvinnumála.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Reynsla og góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála er æskileg.

Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir þekkingu og hæfni í stefnumótun og þróun, fjármálum og áætlanagerð, stjórnun starfsmanna og umsjón með verkefnum.

Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.

Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en **miðvikudaginn 24. maí 2017**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang; gunnarb@fjallabyggd.is eða Guðrún Sif Guðbrandsdóttir, deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála, netfang; gudrun@fjallabyggd.is sími 464 9100

## Vélamaður Sauðárkróki

VEGAGERDIN

Starf vélamanns hjá þjónustustöðinni á Sauðárkrók er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

**Starfssvið**
- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar á Sauðárkrók
- Ýmis vinna í starfsstöð Sauðárkrók.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Almennt grunnnám
- Almenn ökuréttindi, meirapróf er æskilegt
- Vinnuvélaréttindi
- Reynsla af ámóta störfum æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við mannauðsstefnu Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands.

**Umsóknarfrestur er til 22.maí 2017.**

Umsóknir berist til Vegagerðarinnar á netfang starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Víglundur Rúnar Pétursson hjá Vegagerðinni á Sauðárkrók í síma 522-1762

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## LAUS STAÐA
## LEIKSKÓLASTJÓRA Á KIRKJUBÓLI

Staða leikskólastjóra við leikskólann Kirkjuból í Garðabæ er laus til umsóknar. Leikskólinn er þriggja deilda og vinnur samkvæmt áherslum fjölgreindakenninga Howards Gardner. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vinátta og væntumþykja.

Leitað er að leikskólastjóra til að leiða skólastarfið í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Leikskólastjóri tekur einnig þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar.

**Helstu verkefni:**
- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskólans, stjórna daglegri starfsemi hans og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu leikskólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi þar sem vellíðan er tryggð og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf
- Góðir skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Sveigjanleiki og framsýni
- Hæfni í samskiptum

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun ásamt reynslu hans sem stjórnanda og þeim verkefnum sem hann hefur unnið að og lýsa færni hans til að sinna starfi leikskólastjóra. Umsækjandi þarf einnig að skila greinargerð með hugmyndum sínum um starfið og hvernig hann sér Kirkjuból þróast í skólasamfélagi Garðabæjar undir sinni stjórn.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2017.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2017.**

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, netfang halldorapet@gardabaer.is eða í síma 5258500 og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang margretsv@gardabaer.is eða í síma 5258500.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningavef Garðabæjar www.gardabaer.is.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Gerðaskóli er rúmlega 200 barna skóli í Sveitarfélaginu Garði. Þar búa rúm 1500 íbúa. Nánari upplýsingar um Garð er að finna á heimasíðunni www.svgardur.is

Gildi skólasamfélagsins í Garði eru: Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun, ábyrgð.

## Gerðaskóli auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra

Staða aðstoðarskólastjóra við Gerðaskóla í Garði er laus til umsóknar.
**Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017.**
Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Fagleg forysta
- Stjórnun, ábyrgð á daglegri starfsemi sem staðgengill skólastjóra í forföllum hans
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Aðkoma að ráðningum, mannauðsstjórnun og vinnutilhögun
- Þekking og góður vilji til að leiða samstarf skólasam félagsins út frá skólastefnu sveitarfélagsins og gagnvart samstarfsverkefnum/samningum sem skólinn á við aðrar stofnanir

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af skipulagi og stjórnun kostur
- Mjög góð færni í samskiptum og góð meðmæli þar um
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

**Umsóknarfrestur er til 18. maí.**

Umsóknir, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila berist á netfangið johann@gerdaskoli.is eða ragnhildur@gerdaskoli.is

Heimasíða skólans er gerdaskoli.is og sími 422 7020
Nánari upplýsingar veitir Jóhann Geirdal skólastjóri s. 898 4808

MOSFELLSBÆR

## Leikskólinn Hlaðhamrar leitar að deildarstjóra

**LEIKSKÓLINN HLAÐHAMRAR Í MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR EFTIR DEILDARSTJÓRA Á ELSTU DEILD LEIKSKÓLANS.**

Hlaðhamrar er um 80 barna leikskóli, sem skipt er í 4 deildir. Leikskólinn vinnur í anda „Reggio“ stefnunnar en sú stefna leggur áherslu á gæði í samskiptum og skapandi starf. Fjölbreytt og skemmtilegt starf er unnið með börnunum í fallegu umhverfi leikskólans í nálægð við náttúruna.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður er skilyrði
- Starfið krefst mikillar færni í samskiptum
- Sjálfstæði, lausnamiðuð hugsun og skipulögð vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. maí 2017.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið hlad@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinbjörg Davíðsdóttir, leikskólastjóri Hlaðhamra eða María Birna aðstoðarleikskólastjóri í símum 566-6351 eða 661-9581. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# SKORRI

## SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum framtíðarstarfsmanni í afgreiðslu og þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið larus@skorri.is fyrir 16. maí 2017.




**Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf**

## STARFSMAÐUR ÓSKAST

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa á skrifstofu okkar á Selfossi.

Starfið felst í skipulagningu á akstri, tilboðsgerð, ferðaskipulagningu og ferðaútreikningum.

Vinnutíminn er 8-17 virka daga, auk þess að taka vaktir.

Hæfniskröfur:
- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Rútupróf er kostur
- Þekking/reynsla stórra ökutækja æskileg
- Menntun er nýtist í starfi

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á helena@gtyrfingsson.is

## STARFSMAÐUR Á TÆKNILAGER

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Á LAGER TÆKNIDEILDAR

Tæknilager Flugfélags Íslands hefur umsjón með innkaupum á öllum íhlutum í flugvélar félagsins.

**Starfið**
- Almenn lagerstörf
- Skráning í tölvukerfi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samskiptahæfni, árvekni og reglusemi
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur** er til 14. maí 2017
Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, óskast fyllt út á vef félagsins **www.flugfelag.is/umsokn**

ÍSLENSKA SIA / FLU 84338 05/17




**Tálknafjörður**
Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

## Hafnarvörður/áhaldahús/eignasjóður.

**Helstu verkefni :**
- Vigtun sjávarfangs skv. lögum og skil á skýrslum því tengdu.
- Umhirða hafnarsvæðis - viðhald og eftirlit með tækjum og fasteignum.
- Umsjón með niðurröðun báta við bryggjur í samráði við útgerðaraðila.
- Skil á mánaðalegum skýrslum til skrifstofu vegna hafnargjalda,rafmagns ofl
- Skráning á skipakomum og skil á skýrslum til skrifstofu því tengdu.
- Útvega verndarfulltrúa við skipakomur.
- Almennt viðhald fasteigna og tækja allra deilda hreppsins.
- Umsjón með viðhaldi, hálkuvörn og snjómokstri á götum í þéttbýli.
- Umsjón með moltutromlu/endurvinnslu og ástandi áhaldahúss.
- Vinnuvélastjórnun.
- Útgáfa skilaskýrslna til úrvinnslusjóðs.
- Gerð fjárhagsáætlunar fyrir áhaldahús, hafnarsjóð og eignarsjóð
- Umsjón með gámaplani sveitarfélagsins.
- Umsjón með vinnuskóla sveitarfélagsins.

**Starfskröfur :**
- Höfn : Almenn tölvukunnátta er skilyrði, sem og þekking á excel,word og interneti vegna vinnu við Gafl vigtarforrit og tölvupóst. Viðkomandi þarf annað hvort að hafa réttindi sem löggiltur vigtarmaður eða að vera reiðubúinn til að fara á námskeið til öflunar slíkra réttinda. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku, og ensku.
- Áhaldahús : Iðnmenntun æskileg. Hæfi til að greina þörf á viðhaldi fasteigna, gatna, vatnsveitu, fráveitu, véla og tækja sveitarfélagsins.
- Eingarsjóður : Viðkomandi þarf að geta sinnt almmenu viðhaldi, og að annast gerð viðhaldáætlunar fyrir fasteignir sveitarfélagsins.
- Gámaplan: Viðkomadi annast umhirðu á gámaplanai og móttöku á sorpi frá einstaklingum og fyrirtækjum og skilar inn skýrslu til skrifstofu um magn á sorpi o.fl.
- Vinnuskóli: Viðkomandi gerir áætlun um rekstur vinnuskóla, sér um ráðningu flokkstjóra og skipuleggur allt starf vinnuskólans.

Viðkomandi þarf að vera lipur í samskiptum, stundvís, reglusamur og snyrtimennska höfð í fyrirrúmi. Þá þarf viðkomandi að hafa getu til þess að vinna sjálfstætt og hafa vilja til að sýna ábyrgð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.júní 2017. Starfshlutfall er 100%, laun skv. kjarasamningi FosVest og launanefndar sveitarfélaga.

*Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra á skrifstofu eða rafrænt á netfang sveitarstjori@talknafjordur.is Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á http://talknafjordur.is/ Umsókn þurfa að fylgja eftirtalin gögn, sakavottorð og vottorð um búsforræði.*

**Umsóknarfrestur er til 10. maí 2017.**

*Allar nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri á skrifstofu sveitarfélagsins og/eða í síma 456-2539, / netfang sveitarstjori@talknafjordur.is*

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Erum með starfsfólk í eftirfarandi störf

## BYGGINGARIÐNAÐUR

**Smiðir - Pípulagningamenn- Múrarar Málarar - Járnbindingamenn og aðrir verkamenn. Lagermenn og Dekkjamenn.**

**Erum með starfsfólk í jafnt skammtíma sem og langtímastörf. Allt okkar starfsfólk nýtur allra þeirra starfs- og mannréttindasem eru í gildi á Íslandi. 10 daga reynslutími á allt starfsfólk.**

Verkleigan
vinna@verkleigan.is

**S:780-1000**



# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjölskylduþjónusta**
» Sumarafleysingar - heimaþjónusta, dagþjónusta og kvöld- og helgarþjónusta
» Sumarstörf - þjónustuíbúðir fatlaðra
» Sumarafleysing - Lækur

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Talmeinafræðingur

**Grunnskólar**
» Aðstoðarverkefnastjóri tómstundam. - Lækjarskóli
» Íþróttakennari - Skarðshlíðarskóli

**Hraunvallaskóli**
» Kennsla í íslensku á unglingastigi
» Kennsla í náttúrufræði á unglingastigi
» Kennsla í stærðfræði á unglingastigi
» Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Hvaleyrarskóli**
» Aðstoðarskólastjóri
» Grunnskólakennari
» Umsjónarkennari á miðstigi

**Setbergsskóli**
» Aðstoðarverkefnastjóri tómstundamiðstöðvar
» Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar
» Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg
» Kennari í hönnun og smíði
» Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg

**Víðistaðaskóli**
» Umsjónarkennari á miðstigi
» Umsjónarkennari á yngsta stigi
» Verkefnastjóri frístundaheimilis

**Öldutúnsskóli**
» Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð
» Frístundaleiðbeinandi í frístundaheimili
» Kennari í sviðslistum
» Sérkennari
» Umsjónarkennari á miðstigi
» Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Álfasteinn
» Þroskaþjálfi - Álfasteinn
» Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennarar - Norðurberg
» Deildarstjóri - Smáralundur
» Leikskólakennari - Smáralundur
» Þroskaþjálfi - Smáralundur
» Sérkennslustjóri - Víðivellir

**Vinnuskóli**
» Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2001-2003
» Skapandi sumarstörf ungmenna fædd 97 - 99

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

» **Ráðningarþjónusta**

# Bókari

Bókhaldsskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða reyndan bókara til starfa. Um 80 – 100% starfshlutfall er að ræða.

## » Starfssvið

- Færsla bókhalds, afstemmingar og önnur verkefni
- Samskipti við endurskoðendur
- Frágangur bókhalds í hendur endurskoðenda

## » Hæfniskröfur

- Amk. 3 – 4 ára reynsla af bókhaldsstörfum æskileg
- Reynsla af störfum á bókhalds- eða endurskoðunarskrifstofu kostur
- Mjög góð tölvuþekking m.a. Excel og bókhaldsforrit
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# VÉLABORG
## ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSFÓLK Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

**SÖLUMAÐUR LYFTARA OG VINNUVÉLA**
Við leitum að framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til framtíðarstarfa í söluteymi nýrra og notaðra véla. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og enskukunnátta nauðsynleg.

**SÖLUMAÐUR Í VARAHLUTAVERSLUN**
Við leitum að framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til framtíðarstarfa í verslun. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og enskukunnátta nauðsynleg.

**YFIRBÓKARI**
Yfirbókari sem getur séð um öll bókhaldsmál fyrirtækisins og tollskýrslugerð. Viðkomnandi þarf að hafa haldgóða reynslu af bókhaldi og æskilegt er að reynsla af Axapta bókhaldkerfi sé til staðar. Þarf að geta unnið sjálfstætt.

**GJALDKERI**
Gjaldkeri sem sér um greiðslu reikninga og innheimtu. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt. Starfið er fjölbreytt og er að hluta til líka tengt bókhaldi og annari skrifstofuvinnu.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í alhliða þjónustu við verktaka og flutningsaðila. Meðal helstu umboða eru: *Jungheinrich*, *CVS Ferrari*, *Haulotte* og *Case*. Í dag starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **gunnarbj@velaborg.is**

Umsóknarfrestur er til og með **14. maí**

Járnháls 2 - 4, 110 Reykjavík · www.velaborg.is · Sími: 414 8600

**VELABORG.IS**



# *Faglegur leiðtogi í erfðafræði*

**Matís leitar að metnaðarfullum vísindamanni/konu til að leiða öflugt teymi og faglega uppbyggingu**

**Starfssvið**
- Fagleg stefnumótun og dagleg stjórnun fagsviðsins sem heyrir undir Mæliþjónustu og innviði
- Markaðsuppbygging þjónustu og ráðgjafar með sérstaka áherslu á erfðaval fyrir kynbætur í eldi (sjávar og landbúnað), tegundagreiningar, foreldragreiningar og matvælaheilindi
- Uppbygging faglegrar áherslu varðandi stofnerfðafræði
- Þátttaka í umsóknaskrifum og öflun verkefna með áherslu á erfðafræði, stofnerfðafræði og matvælaheilindi (upprunagreiningar) ásamt lífvirkum efnum og örverufræði
- Þátttaka í uppbyggingu mögulegs tilvísunarrannsóknasviðs matvælaheilinda (food integrity)
- Samstarf við svið Rannsókna og nýsköpunar varðandi þróun rannsóknaverkefna á fagsviðum rannsóknasviðs

**Hæfniskröfur**
- Menntun í stofnerfðafræði
- Doktorsgráða á viðkomandi sviði æskileg
- Reynsla í umsóknaskrifum í sjóði og verkefnastjórnun
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Lipurð og hæfni í samskiptum

Starfshlutfall er 100% og er starfsstöð í Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. maí n.k.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís ***www.matis.is/atvinna***.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir Dr. Hrönn Ólína Jörundsdóttir, *hronn@matis.is*, og í síma 422 5000.

matís

Matís ohf. | Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík | s. 422 5000, www.matis.is



# AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI - HVALEYRARSKÓLI

Staða aðstoðarskólastjóra við Hvaleyrarskóla er laus til umsóknar. Meginhlutverk er að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra og vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varða. Með umsókninni er óskað eftir að greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarf og reynslu við stjórnun fylgi.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.**
Upplýsingar og umsóknarform á **hafnarfjordur.is**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf í grunnskólakennarafræðum
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða kennslufræða
- Kennslu- og stjórnunarreynsla í grunnskóla
- Leiðtogafærni og hæfni til að leiða framsækið skólastarf
- Samstarfshæfni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla og/eða þekking á SMT-skólafærni æskileg
- Stundvísi og samviskusemi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri, **kristinn@hvaleyrarskoli.is**

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.*

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Laus er til umsóknar kennarastaða við Laugalandsskóla í Holtum, Rangárþingi ytra skólaárið 2017-2018.

Um er að ræða sérkennslu og kennslu á miðstigi.

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, reynslu og áhuga á sérkennslu.. Við leitum að skipulögðum kennara með mikla samskiptahæfni sem hefur áhuga á teymisvinnu.

Laugalandsskóli í Holtum er framsækinn ART vottaður skóli með ca.80 nemendum í 1. – 10. bekk. Skólinn er í um 100 km fjarðlægð frá Reykjavík.

Húsnæði er í boði og góð íþróttaaðstaða og leikskóli á staðnum.

**Umsóknarfrestur er til 15. maí 2017.**

**Veffang: http://www.laugaland.is**
**Netfang: laugholt@laugaland.is**

Upplýsingar veitir skólastjóri í s. 487-6540 og gsm. 896-4841.

LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM

# ÍMARK leitar að kraftmiklum framkvæmdastjóra

**ÍMARK, samtök markaðsfólks á Íslandi, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri samtakanna sem og stjórn annarra verkefna ÍMARK. Framkvæmdastjóri þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa mikið frumkvæði.

Við leitum að öflugum einstaklingi með reynslu og færni í verkefnastjórnun, markaðsmálum og rekstri. Háskólamenntun er skilyrði. Viðkomandi þarf sömuleiðis að hafa gott vald á íslensku og ensku og eiga gott með að tjá sig í ræðu og riti.

Áhugasamir eru beðnir um að senda ferilskrá ásamt kynningarbréfi á **imark@imark.is.**

Nánari upplýsingar veitir Ásta Pétursdóttir framkvæmdastjóri, **asta@imark.is.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.**

**Nánari upplýsingar á www.imark.is**

ÍMARK

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

*Hefur þú áhuga á heilsueflandi skólastarfi?*

## Ungbarnaleikskólinn Ársól, Reykjavík

Auglýsir eftir:

- **Aðstoðarleikskólastjóra sem skiptist í 15% stjórnunarstöðu og 85% stöðu deildarstjóra**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf**
- **Aðstoðar matráð í 12,5% starf og afleysingar á deildum**

Ungbarnaleikskólinn Ársól er þriggja deilda heilsuleikskóli með um 60 börn. Leikskólinn starfar eftir Heilsustefnunni og viðmiðum Heilsueflandi leikskóla og leggur ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólinn fylgir sameiginlegum matseðli í takti við Næringarstefnu Skóla ehf. sem hlaut tilnefningu til Orðsporsins 2014 og Fjöreggs NMÍ 2015. Framundan eru ýmis spennandi tækifæri fyrir áhugasamt fólk í tengslum við þróunarverkefni o.fl.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

Ungbarnaleikskólinn Ársól er þriggja deilda leikskóli með um 60 börn.



**Umsóknarfrestur er til 27. maí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir skólastjóri , á **arsol@skolar.is** og/eða síma 563-7730 á skólatíma. Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á **http://skolar.is/Starf/**

**Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:**
Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ, Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

## Deildarstjóri og kennarar

**Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða deildarstjóra almennrar kennslu í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2017.**

**Deildarstjóri**
- er staðgengill skólastjóra.
- vinnur með skólastjóra að daglegri stjórnun og skipulagningu skólastarfsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi í grunnskóla.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Stjórnunarreynsla æskileg eða framhaldsnám í stjórnun.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti.

**Einnig auglýsum við eftir kennurum frá og með næsta skólaári í eftirtaldar stöður,**
- 100% kennara í umsjón / íþróttir
- 100% kennsla í ensku / samfélagsfræði

**Gleði – samvinna – sjálfstæði** eru einkunnarorð skólans og þurfa umsækjendur að vera tilbúnir að vinna með okkur í að efla starfið í þeim anda enn frekar.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ / Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433 8179 eða 895-3828, berglind@stykk.is

**Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá fyrir 15. maí 2017.**




## VILT ÞÚ VINNA Í STÆRSTU ÍÞRÓTTAVÖRUVERSLUN LANDSINS?

SPORTS DIRECT

## SPORTS DIRECT LEITAR AF GÓÐU FÓLKI Í HLUTASTARF OG FULLT STARF.

SANNGJÖRN LAUN OG VEGLEGIR SÖLUBÓNUSAR Í BOÐI FYRIR ÖFLUGT FÓLK

HÆFNISKRÖFUR:
- ÞJÓNUSTULUND
- STUNDVÍSI
- SKIPULAGNI
- SAMSKIPTAHÆFNI

VINNUTÍMI ER EFTIR SAMKOMULAGI EN ER Í SAMRÆMI VIÐ OPNUNARTÍMA VERSLUNARINNAR.

SÆKTU UM Á SPORTSDIRECT.RADA.IS EÐA Í VERSLUNINNI

# Spennandi störf hjá BM Vallá

### Sölumaður í söludeild við Breiðhöfða

SUMARSTARF

- Skemmtilegt og krefjandi sölustarf í fallegu umhverfi.
- Helstu verkefni: Sala á hellum og garðeiningum, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og áhuga á sölumennsku.

### Lagerstarfsmaður á hellu- og smáeiningalager á Breiðhöfða

SUMARSTARF/HEILSÁRSSTARF

- Æskilegt er að umsækjandi sé með reynslu og réttindi á lyftara (J).
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og duglegur til starfa.
- Vinnutími er frá kl. 08:00–18:00, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.

### Bílstjóri á vörubíl í útkeyrslu á hellum og smáeiningum

SUMARSTARF/HEILSÁRSSTARF

- Starfið snýr að útkeyrslu á hellum og smáeiningum á höfuðborgarsvæðinu.
- Umsækjandi þarf að hafa C-réttindi og það er kostur ef umsækjandi er með CE-réttindi eða hefur reynslu af því að vinna á krana.
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og duglegur til starfa.
- Vinnutími er frá kl. 08:00–18:00, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.

Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **asbjorn@bmvalla.is**.

**bmvalla.is**

BM·VALLÁ

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Umboðsmaður barna | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201705/887 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarnes | 201705/886 |
| Talmeinafræðingur | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | Reykjavík | 201705/885 |
| Sérfræðilæknir, heyrnarfræði | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | Reykjavík | 201705/884 |
| Sálfræðingur | Landspítali, barna- og unglingageðd. | Reykjavík | 201705/883 |
| Sérfræðingur í alþjóðamálum | Alþingi, nefndarsvið | Reykjavík | 201705/882 |
| Þingverðir | Alþingi, rekstrar- og þjónustusvið | Reykjavík | 201705/881 |
| Fulltrúar | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201705/880 |
| Lánasérfræðingur | Byggðastofnun | Sauðárkrókur | 201705/879 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Rangárþing | 201705/878 |
| Yfirlæknir | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Þorlákshöfn | 201705/877 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Þorlákshöfn | 201705/876 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201705/875 |
| Sérfræðingur | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201705/874 |
| Lögfræðingur | Mannvirkjastofnun | Reykjavík | 201705/873 |
| Gæða- og verkefnastjóri fjármála | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201705/872 |
| Sérfræðingur, Jöfnunarsj. sveitarf. | Samgöngu- og sveitarstj.ráðuneytið | Reykjavík | 201705/871 |
| Kennsluráðgjafi | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201705/870 |
| Framhaldsskólakennari, málmiðn | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201705/869 |
| Framhaldsskólakennari, rafiðn | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201705/868 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201705/867 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201705/866 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201705/865 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201705/864 |
| Aðstoðarfólk í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201705/863 |
| Aðst. í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201705/862 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201705/861 |

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Doktorsnemi, rafm.- og tölvuverkfr | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201705/860 |
| Verkefnastjóri á þjónustuborði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201705/859 |
| Doktorsnemi í eðlisfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201705/858 |
| Nýdoktor í eðlisfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201705/857 |
| Yfirhjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201705/856 |
| Sérnámsstöður, heilsugæslulækn. | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201705/855 |
| Almennur læknir | Heilsugæslan Hvammi | Kópavogur | 201705/854 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilsugæslan Hvammi | Kópavogur | 201705/853 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201705/852 |
| Hjúkrunarfræðingur, tímabundið | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201705/851 |
| Skrifstofumenn | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201705/850 |
| Sérfræðingur | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201705/849 |
| Þjónustufulltrúi | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201705/848 |
| Lögfræðingur | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201705/847 |
| Læknaritari | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201705/846 |
| Sérfræðingur i búnaðarmálum | Matvælastofnun | Reykjavík | 201705/845 |
| Aðjunkt í heimspeki | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201705/844 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201705/843 |
| Starf í þjónustuveri | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201705/842 |
| Sjúkraliði | Landspítali, gjörgæsla | Reykjavík | 201705/841 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, gjörgæsla | Reykjavík | 201705/840 |
| Framhaldsskólakennari, sálfræði | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201705/839 |
| Sérfræðilæknar | Landspítali, sýkla- og veirufræðideild | Reykjavík | 201705/838 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, blóð- og krabbameinslækn | Reykjavík | 201705/837 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201705/836 |
| Starfsmaður í ræstingar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201704/835 |
| Fulltrúi í innheimtudeild | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201704/834 |
| Framhaldsskólakennarar | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201704/833 |

## VISSIR ÞÚ AÐ

**4.200**
heimili nota jafn mikið rafmagn og Landspítali

## ERTU RAFVIRKI?

**VILTU VINNA MEÐ OKKUR!**

www.landspitali.is/mannaudur

LANDSPÍTALI

# SÖLU STJÓRI

Leiðandi fyrirtæki á sviði varahluta og bílatengdra vara óskar eftir að ráða öflugan og einstakling í starf sölustjóra. Um framtíðarstarf er að ræða í krefjandi og síbreytilegu umhverfi. Leitað er að einstaklingi með mikla reynslu af sölu og samningagerð, býr yfir miklum leiðtoga- og samstarfshæfni og þrífst á ögrandi verkefnum. Viðkomandi mun stýra sölu sviði og bera ábyrgð á áætlanagerð og rekstri.

**STARFSSVIÐ**
- Ábyrgð á og umsjón með daglegum rekstri sölusviðs
- Samninga og tilboðsgerð til stærri viðskiptavina
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit og eftirfylgni áætlana.
- Verkefna- og sölustjórnun
- Öflun nýrra viðskipta

**MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu og stjórnun skilyrði
- Haldbær reynsla af samninga- og tilboðsgerð
- Þekking á vöruflokkum fyrirtækisins mikill kostur
- Mjög góð tölvukunnátta og tölulæsi
- Góð kunnátta í ensku, talað og ritað mál
- Leiðtogahæfni, metnaður og framsækni í starfi
- Hæfni til þess að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða skemmtilegt starf hjá traustu fyrirtæki sem er í miklum sóknarhug. Umsóknir skulu sendast fyrir 15. maí á netfangið atvinna@bilanaust.is.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ:**
**Halldór Páll Gíslason,**
*framkvæmdastj. Bílanausts. - hpg@bilanaust.is*

Bílanaust




# ERT ÞÚ GLÓANDI LEIÐTOGI?

Við leitum að framtíðastjórnendum á veitingastaðina okkar. Fólki sem er fært í samskiptum, býr yfir leiðtogahæfileikum, er sveigjanlegt og tilbúið að vinna undir álagi.

Ef heilsa og hollusta er þitt Gló, þú ert 25 ára eða eldri, býrð yfir hreinskilni, forvitni, kærleika og hefur gott vald á bæði íslensku og ensku gætir þú fallið vel í hópinn.

Sendu umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi á **saeunn@glo.is**. Sæunn I. Marinósdóttir veitir allar nánari upplýsingar. **Umsóknarfrestur til 15. maí.**

Gló er ekki bara eitt framsæknasta matvælafyrirtæki landsins, við erum fjölskylda og lífsstíll. Við leggjum mikla áherslu á að gestir okkar fái afbragðs þjónustu og njóti matarins og þar gætir þú skipt miklu máli.

gló

# ÞJÓNUSTUSTJÓRI

**Heimsferðir leita að drífandi einstaklingi með mikla færni í mannlegum samskiptum í starf þjónustustjóra.**

Markmið Heimsferða er að veita áreiðanlega og framúrskarandi þjónustu ásamt því að stuðla að jákvæðri upplifun farþega sem ferðast með fyrirtækinu. Heimsferðir voru stofnaðar árið 1992 og fagna því 25 ára afmæli á árinu. Heimsferðir eru stærsta ferðaskrifstofa landins með um 30 starfsmenn, bæði á Íslandi og á áfangastöðum fyrirtækisins erlendis.

**Hæfniskröfur**

- Starfsreynsla eða menntun á sviði ferðamála
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til að vinna undir álagi og áreiti
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Helstu verkefni**

- Dagleg umsjón með sölusal
- Upplýsinga- og endurgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með bókunarkerfum
- Gerð verkferla og eftirfylgni
- Umsjón með vörulýsingum
- Samskipti við flugfélög og fararstjóra
- Þátttaka í mótun og framkvæmd þjónustustefnu

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á **starf@heimsferdir.is**
Umsóknarfrestur er til og með 19. maí 2017. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Heimsferðir




Við hjá Tokyo erum að fiska eftir metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi með ríka þjónustulund til að sinna mikilvægu starfi vaktstjóra. Viðkomandi þarf að hafa náð 21 árs aldri, hafa góða íslenskukunnáttu og vera tilbúinn í krefjandi verkefni.

**Áhugasamir sendi ferilskrá á daria@tokyo.is. Frekari upplýsingar má finna hjá Dariu Rudkovu mannauðsstjóra í síma: 698-4946.**

TOKYO




## Viltu slá gras í sumar ?

**Okkur vantar TOPP starfsmenn í slátt í sumar.**

Æskilegt að viðkomandi sé með vinnuvéla- og kerrupróf eða hafi áhuga á að verða sér úti um slíkt. Við hjálpum til með það.

Sendu endilega inn umsókn á www.gardlist.is.

28 ára fyrirtæki

Góð laun í boði !

GARÐLIST ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 110 Reykjavík 554 1989 www.gardlist.is

---



## Fjölbreytt og spennandi störf í skólum Fjarðabyggðar

### Grunnskólar

**Nesskóli, Neskaupstað**
· Umsjónarkennari á mið- eða unglingastig

**Grunnskólinn á Eskifirði**
· Umsjónarkennari á mið- eða unglingastig
· Þroskaþjálfi

**Grunnskóli Reyðarfjarðar**
· Grunnskólakennari
· Forstöðumaður í skólasel
· Stuðningsfulltrúi

**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**
· Grunnskólakennari á yngsta stig
· Stuðningsfulltrúi á unglingastig

**Stöðvarfjarðarskóli**
· Grunnskólakennari í almenna kennslu

**Náms- og starfsráðgjafi í Grunnskóla Fjarðabyggðar**

### Leikskólar

**Eyrarvellir, Neskaupstað**
· Deildarstjóri
· Leikskólakennarar

**Dalborg, Eskifirði**
· Deildarstjórar
· Leikskólakennarar
· Iðjuþjálfi/þroskaþjálfi

**Lyngholt, Reyðarfirði**
· Deildarstjórar
· Leikskólakennarar
· Iðjuþjálfi/Þroskaþjálfi
· Matráður

**Kæribær, Fáskrúðsfirði**
· Deildarstjóri/leikskólakennari

**Stöðvarfjarðarskóli**
· Leikskólakennari

### Tónlistarskólar

**Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar**
· Fjölhæfur tónlistarkennari

Frekari upplýsingar um störfin má finna á fjardabyggd.is undir *Laus störf*

FJARÐABYGGÐ fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

---

Grundarfjarðarbær

## Leikskólastjóri Leikskólans Sólvalla

Grundarfjarðarbær auglýsir starf skólastjóra Leikskólans Sólvalla laust til umsóknar.

Leikskólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og ber ábyrgð á að framfylgja skólastefnu í samstarfi við skólanefnd og bæjarstjórn. Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamálum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og kennslureynsla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda á leikskólum. Farið er fram á að umsækjendur hafi hreint sakarvottorð.

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug R. Sævarsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 430 8500 eða með því að senda fyrirspurnir á sigurlaug@grundarfjordur.is. Umsóknir sendist á framangreint netfang.

Umsóknum um starfið skal fylgja greinargott yfirlit yfir menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi telur máli skipta.

Ráðið er í starfið frá 1. ágúst nk. Með vísan til laga um jafnan rétt kynjanna eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

***Umsóknarfrestur er til 28. maí 2017.***

---

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í Austurkór
- Leikskólakennari í Austurkór
- Sérkennari í Austurkór
- Sérgreinastjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Baug
- Leikskólasérkennari í Baug

**Grunnskólar**
- Sérkennari í Álfhólsskóla
- Sérkennari fyrir einhverfa í Álfhólsskóla
- Kennari á yngsta stig í Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri miðstigs í Kársnesskóla
- Ritari í Kársnesskóla
- Sérkennari í Kársnesskóla
- Stærðfræðikennari í Kársnesskóla

**Velferðasvið**
- Starfsfólk í liðveislu
- Teymisstjóri stuðningsþjónustu

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær kopavogur.is

---

## Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax.
Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig.
Árangurstengd laun.
Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt **„Sölumaður fasteigna – 1903“**

---

Stólpi ehf

## Smiðir óskast

Stólpi ehf. er traust og rótgróið fyrirtæki sem býður gott starfsumhverfi og sinnir fjölbreyttum verkefnum.
Við leitum að smiðum með reynslu, helst á aldrinum 35-50 ára,til framtíðarstarfa.
Einnig kemur til greina að ráða samsett teymi.

Vinsamlegast hafið samband með tölvupósti (fridrik@stolpiehf.is) eða í síma 824 6166

---

## Lausar stöður

### hjá leik- og grunnskóla Blönduósbæjar

### Leikskólinn

Við Leikskólann Barnabæ eru lausar til umsóknar staða aðstoðarleikskólastjóra í 100 % stöðu og sérkennslustjóra í 50 % stöðu frá 1. september 2017. Störfin eru samkvæmt starfslýsingum í kjarasamningum Kennarasambands Íslands.
Barnabær er fjögurra deilda leikskóli með 55 nemendum og eru börnin frá 8 mánaða aldri til 6 ára alddurs á aldursskiptum deildum. Á vef leikskólans http://www.leikskolinn.is/barnabaer/ er að finna fréttir úr starfi skólans og ýmsar nauðsynlegar upplýsingar.

### Grunnskólinn

Við Blönduskóla eru lausar til umsóknar kennarastöður frá 1. ágúst 2017. Um er að ræða þrjár stöður umsjónarkennara á öllum aldursstigum skólans. Almenna kennslu á yngsta- og miðstigi, heimilisfræði og dönsku.Til afleysinga í eitt skólaár, frá 1. ágúst 2017, er stærðfræði á unglingastigi, náttúrufræði á mið- og unglingastigi, enska og textílmennt.

Í Blönduskóla eru um 130 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólaárið 2017 - 2018 hefst innleiðing nýrrar læsisstefnu og stærðfræðistefnu auk áframhaldandi vinnu við nýtt námsmat. Skólinn er að festa í sessi námsog kennsluaðferðir sem tengjast Orð af orði. Á vef skólans www.blonduskoli.is er að finna fréttir úr starfi skólans og ýmsar nauðsynlegar upplýsingar.

### Hæfniskröfur:

- Barnabær - Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari. Reynsla af stjórnun og sérkennslustörfum æskileg.
- Blönduskóli – Leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í grunnskóla með einstakling smiðaðar áherslur.
- Góð samskiptafærni.
- Góð tölvukunnátta.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

**Umsóknarfrestur er til 21. maí nk.** og skal umsókn skilað með ferilskrá til:
leikskóla á netfang Jóhönnu G. Jónasdóttur, leikskólastjóra, johanna@blonduos.is (frekari upplýsingar í síma 452-4530) og
grunnskóla á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur, skólastjóra: thorhalla@blonduskoli.is (frekari upplýsingar í síma 452-4147).

*Blönduós er bær í alfaraleið, með allri helstu þjónustu og fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum.*

## Bílaréttingar og sprautun Sævars

Óskar eftir að ráða 2 bílamálara eða vana menn til starfa

Næg verkefni og góð laun í boði fyrir rétta aðila

**Upplýsingar sendist á bilaretting@bilaretting.is**

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS
Skútuvogi 12 H




## TIL SÖLU

**SLÁTTU- OG GARÐAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS EHF**

**Sláttu- og garðaþjónusta Suðurlands ehf** sem er að hefja 25. starfsárið er til sölu. Helstu viðskiptavinir eru staðsettir á Selfossi og nágrenni.

- Rótgróið fyrirtæki með mikið af föstum samningum
- Góð afkoma, möguleiki á eignaskiptum
- Hægt að semja um greiðslur
- Góður tími framundan
- Hægt er að lækka verð með því að taka út eignir
- Yfirtaka á lánum möguleg
- Hentar vel með snjómokstri

**Allar frekari upplýsingar veitir :**
Óskar Thorberg Traustason
Löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali
Fasteignasalan Bær
Sími 659-2555
Netfang : oskar@fasteignasalan.is



# Sölumaður
óskast

## Við leitum að framsæknum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sölumanns.

Vinnutími er frá kl. 9 –18 alla virka daga og annan hvern laugardag frá kl. 11 –15 (1. sept -1. júní).

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustörfum
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund
- Metnaður og jákvæðni
- Skipulagður

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir um menntun og fyrri störf berist: **elias@pog.is**

Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með **14. maí 2017.**

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is

PARKET & GÓLF



## Teymisstjóri stuðningsþjónustu

Velferðarsvið Kópavogs leitar að kraftmiklum einstaklingi til að leiða þjónustu við fólk með geðraskanir, bæði í íbúðakjarna og í eigin húsnæði.

**Starfshlutfall og ráðningartími**
Um er að ræða 100% framtíðarstarf í dagvinnu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar og mati á þjónustuþörf.
- Vinnur einstaklingsáætlanir og setur markmið í samvinnu við notendur.
- Stýrir faglegu starfi teymis.
- Sér um starfsmannamál; ráðningar, handleiðslu og fræðslu.
- Vinnur í samstarfi við aðra starfsmenn sviðsins sem og aðra fagaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði félags-, mennta- eða heilbrigðisvísinda.
- Gerð er krafa um reynslu af starfi með fólki með geðraskanir og þarf að hafa þekkingu á þeim úrræðum sem í boði eru fyrir þann hóp.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2017**.
Hægt er að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

Frekari upplýsingar veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir (**gudlaugo@kopavogur.is**) deildarstjóri í síma 441 000.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Seltjarnarnesbær – Laus störf

## Húsvörður
Laus er til umsóknar staða húsvarðar við Grunnskóla Seltjarnarness. Hlutverk húsvarðar er að sjá um fasteignir Grunnskóla Seltjarnarness, starfsstöðvarnar Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla, og allan búnað skólans. Húsvörður tekur auk þess þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans þar sem áhersla er lögð á vellíðan nemenda. Húsvörður er verkstjóri og næsti yfirmaður skólaliða og skipuleggur störf þeirra.

## Grunnskóli Seltjarnarness
- **Náttúrugreinakennsla,** 75% starfshlutfall.
- **Umsjónarkennsla á miðstigi**, fullt starf, afleysing skólaárið 2017-2018.
- **Umsjónarkennsla á yngsta stigi,** fullt starf.

## Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar -Íbúakjarninn Sæbraut 2
- **Yfirþroskaþjálfi,** 90-100% starfshlutfall.
- **Þroskaþjálfi og/eða stuðningsfulltrúi,** fullt starf.
- **Stuðningsfulltrúi** – sumarafleysingar.

## Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar –Dagdvöl eldra fólks
- **Sjúkraliði,** 50% starfshlutfall.

## Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar –heimaþjónusta, önnur þjónusta við aldraða
- **Sumarafleysingar**

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **http://www.seltjarnarnes.is *–Störf í boði.* Umsóknarfrestur er til 17. maí næstkomandi.**

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

seltjarnarnes.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

SAMSKIP



# > Farmskrárfulltrúi

**Óskum eftir að ráða öflugan starfsmann sem fyrst í tekjuskráningu útflutningsdeildar Samskipa**

**Starfssvið**
- Almenn skráning í flutningakerfi fyrirtækisins
- Tekjuskráning vegna flutnings og þjónustu
- Frágangur farmbréfa og annarra pappíra
- Samskipti við tollembætti, viðskiptavini og samstarfsaðila

**Hæfnikröfur**
- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta
- Heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi.
Sótt er um starfið á vef Samskipa, **www.samskip.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **14. maí nk**.

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM79229

# Tónlistarskólinn á Akranesi

auglýsir eftir kennurum í eftirtaldar stöður





- **Sellókennara í 25% stöðu.**
- **Málmblásturskennara í 50% stöðu.**
- **Tréblásturskennara í 60% stöðu.**

***Sótt er um störfin rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2017. Nánari upplýsingar um störfin veitir Guðmundur Óli Gunnarsson skólastjóri.***

Tónlistarskólinn var stofnaður árið 1955 og telja nemendur skólans í dag um það bil 300 og kennarar eru 21. Hlutverk Tónlistarskólans á Akranesi er að stuðla að öflugu og fjölbreyttu tónlistarlífi en skólinn býr við mjög góðan aðbúnað til tónlistarkennslu.

**Menntun á sviði tónlistar er skilyrði.**

Akraneskaupstaður

ÍSLEIFUR HEPPNI

## Starfsfólk óskast

Ísbúðin Ísleifur heppni opnar í Mathöllinni á Hlemm í byrjun júní í mjög skemmtilegu matarumhverfi. Ísleifur heppni selur hágæða ís sem er frystur með fljótandi köfnunarefni beint fyrir framan viðskiptavininn.

### Rekstrarstjóri

Okkur vantar rekstrarstjóra til að sjá um daglegan rekstur ísbúðarinnar. Viðkomandi þarf að hafa einhverja reynslu í rekstri verslana, markaðssetningu á samfélagsmiðlum, vera brosmildur og vera með góða þjónustulund.

### Afgreiðslufólk

Okkur vantar afgreiðslufólk með góða þjónustulund sem hefur gaman af að þjónusta fólki með bros á vör. Ísbúðin verður opin frá kl. 11:00 - 23:00 alla daga og er því um vaktavinnu að ræða alla daga vikunnar á nokkrum vöktum.

Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á netfangið: arkiteo@arkiteo.is fyrir 19.maí 2017.

# Deildarstjóri og kennarar

**Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða deildarstjóra almennrar kennslu í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2017.**

**Deildarstjóri**
- er staðgengill skólastjóra.
- vinnur með skólastjóra að daglegri stjórnun og skipulagningu skólastarfsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi í grunnskóla.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Stjórnunarreynsla æskileg eða framhaldsnám í stjórnun.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti.

**Einnig auglýsum við eftir kennurum frá og með næsta skólaári í eftirtaldar stöður,**
- 100% kennara í umsjón / íþróttir
- 100% kennsla í ensku / samfélagsfræði

**Gleði – samvinna – sjálfstæði** eru einkunnarorð skólans og þurfa umsækjendur að vera tilbúnir að vinna með okkur í að efla starfið í þeim anda enn frekar.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ / Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433 8179 eða 895-3828, berglind@stykk.is

Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá **fyrir 15. maí 2017.**

**Virðing – gleði – kærleikur**

Það eru einkunnarorð **Leikskólans í Stykkishólmi** sem auglýsir lausar stöður frá 14. ágúst 2017.
Um er að ræða stöður:

- **Deildarstjóra**
- **Leikskólakennara**

Allar nánari upplýsingar gefa Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri s. 4338128 og Elísabet Lára Björgvinsdóttir á netfanginu leikskoli@stykkisholmur.is
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar og á vef bæjarins **www.stykkisholmur.is**

Vakin er athygli á því að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa, munu aðrar umsóknir koma til greina.
Athugið að starfið hentar bæði körlum og konum.
**Umsóknarfrestur er til 21. maí 2017.**
Öllum umsóknum verður svarað.

**Gerðaskóli** er rúmlega 200 barna skóli í Sveitarfélaginu Garði. Þar búa rúm 1500 íbúa. Nánari upplýsingar um Garð er að finna á heimasíðunni www.svgardur.is

Gildi skólasamfélagsins í Garði eru: Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun, ábyrgð.

## Gerðaskóli auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra

Staða aðstoðarskólastjóra við Gerðaskóla í Garði er laus til umsóknar.
**Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017.**
Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Fagleg forysta
- Stjórnun, ábyrgð á daglegri starfsemi sem staðgengill skólastjóra í forföllum hans
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Aðkoma að ráðningum, mannauðsstjórnun og vinnutilhögun
- Þekking og góður vilji til að leiða samstarf skólasam félagsins út frá skólastefnu sveitarfélagsins og gagnvart samstarfsverkefnum/samningum sem skólinn á við aðrar stofnanir

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af skipulagi og stjórnun kostur
- Mjög góð færni í samskiptum og góð meðmæli þar um
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

**Umsóknarfrestur er til 18. maí.**

Umsóknir, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila berist á netfangið johann@gerdaskoli.is eða ragnhildur@gerdaskoli.is

Heimasíða skólans er gerdaskoli.is og sími 422 7020
Nánari upplýsingar veitir Jóhann Geirdal skólastjóri s. 898 4808


Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is


CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

## FRAMLEIÐSLUSTARFSMAÐUR

Carbon Recycling International

### Hæfnikröfur:

- Menntun sem nýtist við stjórnun vél– og rafbúnaðar.
- Reynsla af viðhaldi véla -og/eða rafbúnaðar
- Rík öryggisvitund
- Færni í að tileinka sér nýja hluti
- Jákvætt hugarfar og hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Metnaður í starfi og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Reynsla af störfum í framleiðsluumhverfi kostur.

## Erum við að leita af þér?

Carbon Recycling International óskar eftir að ráða starfsmann í verksmiðju,í Svartsengi, sem framleiðir endurnýjanlegt eldsneyti (metanól).

Um er að ræða vaktavinnu og búseta á Suðurnesjum eða nágrenni er kostur. Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu félagsins: http://cri.is/careers/




### Helstu verkefni:

Eftirlit með rekstri verksmiðju.
Viðhald véla- og tækjabúnaðar.
Prófanir á kerfum og búnaði verksmiðju, og framkvæmd verk- og gæðaferla.
Sýnatökur, áfyllingar og afhending eldsneytis.

ISCC International Sustainability & Carbon Certification
Tækniþróunarsjóður




ráðum ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

## Aðalfundur Búseta hsf.

**Verður haldin 23. maí. 2016.**
**Á Grand Hótel Reykjavík kl. 17:00**

Hefðbundinn aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum.

## Gott skrifstofuhúsnæði til leigu

**Til leigu er 197 ferm. skrifstofuhúsnæði við ofanverðan Bíldshöfða.** Húsnæðið skiptist í opið rými og móttöku, auk fjögurra stórra skrifstofuherbergja, sem hvert um sig rúmar 2-3 vinnustöðvar. Sameiginlegar snyrtingar eru á hæðinni.

Vsk. innheimtist ekki af leigunni og hentar húsnæðið því vel aðilum sem eru í vsk. lausri starfsemi.
Beiðni um frekari upplýsingar sendist í tölvupósti til **dogdleiga@gmail.com.**

## Starfsmaður óskast

### Leigutekjur vantar hörkuduglegan og hressan einstakling.

Starfið er fjölbreytt og felur í sér samskipti við ferðamenn, skipulagningu dagsverka, þrif og önnur tilfallandi störf.

Til að byrja með er um að ræða 30% - 50% starf.
Sveigjanlegur vinnutími, hentar vel með skóla.

**Tekið verður við umsóknum til 15. maí.**
Umsóknir sendist, með ferilskrá á leigutekjur@leigutekjur.is

## Kirkjuvörður / húsvörður



Óskum eftir að ráða kirkjuvörð/húsvörð við Akureyrarkirkju.
Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf á móti núverandi kirkjuverði.
Krafa er gerð um hæfni í mannlegum samskiptum, snyrtimennsku og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Starfið veitist frá 1. júlí 2017, eða eftir nánarar samkomulagi.

**Nánari upplýsingar í síma 462-7700 milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga.**

*Umsóknir ásamt ferilskrá og upplýsingum um meðmælendur sendist til Akureyrarkirkju, pósthólf 442, 602 Akureyri, merkt* ***„Kirkjuvörður".***

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2017.**

***Sóknarnefnd Akureyrarkirkju.***

## Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs-og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com




## TIL SÖLU

### SLÁTTU- OG GARÐAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS EHF

**Sláttu- og garðaþjónusta Suðurlands ehf** sem er að hefja 25. starfsárið er til sölu. Helstu viðskiptavinir eru staðsettir á Selfossi og nágrenni.

- Rótgróið fyrirtæki með mikið af föstum samningum
- Góð afkoma, möguleiki á eignaskiptum
- Hægt að semja um greiðslur
- Góður tími framundan
- Hægt er að lækka verð með því að taka út eignir
- Yfirtaka á lánum möguleg
- Hentar vel með snjómokstri

**Allar frekari upplýsingar veitir :**
Óskar Thorberg Traustason
Löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali
Fasteignasalan Bær
Sími 659-2555
Netfang : oskar@fasteignasalan.is

GRINDAVÍKURBÆR

## Auglýsing um skipulagsmál í Grindavík

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 28. febrúar og 28. mars 2017 og að endurauglýsa skipulagstillögur vegna miðbæjar Grindavíkur. Tillögurnar voru auglýstar á árunum 2012-2013 en voru ekki samþykktar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010- 2030 ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrsla skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Megininntak skipulagstillagnanna er að skapa umgjörð um lifandi miðbæ í Grindavík með blandaðri starfsemi: verslunar, þjónustu og íbúða. Lögð er áhersla á að uppbygging falli vel að því byggðamynstri sem fyrir er. Einnig er lögð áhersla á að auka umferðaröryggi í miðbænum, draga úr umferðarhraða og gera gangandi og hjólandi vegfarendum hærra undir höfði. Gerðar eru breytingar á gatnamótum Víkurbrautar og Ránargötu þannig að umferðinni sé beint niður að höfn.

Skipulagssvæðið er um 4,6 ha að stærð, nær frá Gerðavöllum í norðri og niður fyrir lóð Víkurbrautar 56 í suðri. Í austri nær svæði yfir lóð kirkjunnar og fylgir svo Stamphólsvegi að Gerðavöllum. Í vestri markar Víkurbrautin svæðið, lóð Víkurbrautar 31 er hluti af deiliskipulagssvæðinu. Innan þess svæðis er í gildi deiliskipulag fyrir Festi og mun það skipulag falla úr gildi.

Tillögurnar hafa tekið breytingum síðan þær voru auglýstar á árunum 2012 og 2013 og eru hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér tillögurnar og gera athugasemdir á ný. Skipulagslýsing fyrir tillögurnar var auglýst 14. nóvember 2011.

Tillögurnar ásamt umhverfisskýrslum liggja frammi á bæjarskrifstofu Grindavíkur að Víkurbraut 62 í Grindavík, **virka daga kl: 9:30-15:00, frá og með 8 maí til og með 26 júní 2017.** Einnig má nálgast tillögurnar á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillögurnar ásamt umhverfisskýrslum. Ábendingar og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til Ármanns Halldórssonar sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs annað hvort á bæjarskrifstofu Grindavíkur, Víkurbraut 62 eða á netfangið: armann@grindavik.is.

## AÐALSKIPULAG GARÐABÆJAR 2016-2030

Garðabær auglýsir samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 ásamt umhverfisskýrslu.

Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

**Kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla þriðjudaginn 30. maí 2017 klukkan 17:15.**

Þar verður tillagan kynnt og fyrirspurnum svarað.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar Garðatorgi 7 frá 8. maí til og með 19. júní 2017. Á sama tíma verður tillagan aðgengileg hjá Skipulagsstofnun bæði í sýningarrými að Borgartúni 7b og á vefsíðunni www.skipulag.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 19. júní 2017.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

MOSFELLSBÆR

### Umhverfissvið Mosfellsbæjar óskar eftir tilboðum í verkið:

## Endurnýjun á gervigrasi

**Helstu verkþættir eru:**

- Útvegun og fullnaðarfrágangur gervigrass með nýju fjaðurlagi (púða) á battavöll við Lágafellsskóla
- Útvegun og fullnaðarfrágangur gervigrass á æfinga- og kepnisvöll við Varmá.
- Rif og förgun á núverandi yfirborði vallanna tveggja auk fjaðurlags undir battavelli við Lágafellsskóla.

**Helstu magntölur eru:**

Gervigras með nýju fjaðurlagi og rif og förgun á núverandi yfirborði og fjaðurlagi:
**Battavöllur við Lágafellsskóla, flatarmál:** ***600 m²***

Gervigras ofan á núverandi fjaðurlag: **Æfinga- og keppnisvöllur við Varmá, flatarmál:** ***72.1x109m 7.860 m²***

Verkið skiptist í tvo áfanga:
**Æfinga- og keppnisvöllur við Varmá, 20. ágúst 2017**
**Battavöllur við Lágafellsskóla, 31. ágúst 2017**

Heildarverki skal að fullu lokið eigi síðar en 31. ágúst 2017

Útboðsgögn verða afhent í afgreiðslu á skrifstofu VSÓ, Borgartúni 20 eða rafrænt á netfanginu vaa@vso.is frá og með **klukkan 12:00 á mánudeginum 8. maí 2017.** Tilboðum skal skilað í afgreiðslu á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 2. hæð eigi síðar en **þriðjudaginn 23. Maí klukkan 11:00** og þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Lögfræðingur / lögg. fasteignasali

# 661 7788

Heilindi - Dugnaður - Árangur

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi.
Nemi í löggildingu á sölu fasteigna.
Sími 512 4900



Landmark leiðir þig heim!

## 100% þjónusta = árangur*

## HOLTÁS 9 – 210 GBÆ.

**Opið hús mánudaginn kl 17:30 til 18.00**

- Einstaklega glæsilegt 273,1 fm. einbýlishús þar af 39,3 fm. innbyggður bílskúr.
- Ásamt sirka 12 fm. óskráðum sólskála hjá FMR. sem gerir eignina sirka 285 fm.
- Húsið er byggt á þremur pöllum.
- Mjög vandað einbýlishús fyrir neðan götu í litlum botnlanga.

















## LANDMARK KYNNIR:

# GERPLUSTRÆTI 6-12 Í HELGAFELLSLANDI

## GLÆSILEGT 30 ÍBÚÐA FJÖLBÝLISHÚS MEÐ TVEIMUR LYFTUM. STÓRBROTIÐ ÚTSÝNI

- 4ra herb. Stærð ca. 116 fm. Stæði í bílgeymslu. Verð frá 47,2 mill.
- 5 herb. Stærð ca. 134 fm. Stæði í bílgeymslu. Verð frá 53,9 mill.
- Vandaðir verktakar, Upp-sláttur ehf.
- Innréttingar HTH.
- Íbúðirnar skilast allar fullbúnar án gólfefna, í baðherbergi / þvottahús eru flísar.
- Hönnuður er Kristinn Ragnarsson.
- Eldhústæki frá AEG.
- ATH. möguleiki er á gólfefnum ef fólk vill.

**ENGU TIL SPARAÐ.**

AEG TENGI HTH

Landmark leiðir þig heim!

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



TRAUSTI fasteignasala

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

**Hákon Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

## Arnarsmári 22, 201 Kópavogur




**Opið hús miðvikudaginn 10.maí kl. 17:30 - 18:00**

Björt og falleg 4 herb. 110 fm íbúð miðsvæðis í Kópavogi. Tilvalin eign fyrir barnafólk.

Verð: **47,9 millj.**

## Sogavegur 172, 108 Reykjavík




**Opið hús þriðjudaginn 9.maí kl. 17:30 - 18:00**

Vel staðsett 5 herb. 93 fm íbúð í fallegu húsi með sérinngang. Stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla

**Verð: 42,9 millj.**

## Bjarnarstígur 9, 101 REYKJAVÍK




**Opið hús þriðjudaginn 9. maí kl. 17:30-18:00**

Björt og snyrtileg 38,6 fm. tveggja herbergja íbúð á 2. hæð við Bjarnarstíg í vel viðhöldnu litlu fjölbýli. Inngangur í íbúð er garðmegin. Góð eign í miðbæ Reykjavíkur.

**Verð: 27,9 millj.**

## Drápuhlíð 15, 105 Reykjavík.




**Opið hús fimmtudaginn 11. maí kl. 17:30-18:00**

Rúmgóð 4ra herbergja sérhæð á besta stað í hlíðunum með vel hirtum garði. Sameiginlegt þvottahús í snyrtilegri sameign en þar eru einnig þrjár geymslur sem tilheyra íbúðinni.

**Verð 49.9 millj.**

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

---

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
*LÖGGILTUR FASTEIGNASALI*




**Einstök jörð til sölu. Vorum að fá til sölumeðferðar mjög stóra jörð við hliðin á Geysi í Haukadal. Um er að ræða landmikla náttúruperlu sem er áætluð um 1.200 ha. að stærð, þar af láglendi um 400 ha. Jörðin er mjög vel fallin til útivistar og ferðamennsku.**

Bærinn stendur undir hlíðum Bjarnarfells, sem er vaxið birki upp í miðjar hlíðar. Láglendið er að hluta til ræktuð tún og er allt vel gróið. Vellirnir bak við Bjarnarfell eru vaxnir lággróðri.
Til staðar er nokkurt magn af nýtanlegu heitu vatni á jörðinni og þær prófanir sem gerðar hafa verið, gefa vísbendingu um talsvert meira magn af heitu vatni í jörðu. Einnig er á jörðinni góð kaldavatnslind. Jörðinni er í alfaraleið, við hliðin á Geysissvæðinu. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri til að eignast jörð sem býður upp á óþrjótandi möguleika til uppbyggingar í útivist og ferðamennsku.







**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM: 820 2399
thorlakur@stakfell.is



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur
GSM: 660 4777
bodvar@stakfell.is



**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314
einar@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*





LIND Fasteignasala kynnir:

# Klapparstíg 29

## *Einstök fasteign til leigu í sögufrægu húsi*



Útlit vestur (framhlið).



Útlit austur (bakhlið).

## Frábær staðsetning!

Mikil uppbygging á svæðinu.

Húsnæðið er 237,9 fm.
á jarðhæð, mjög fallegir gluggar og fallegur arkitektúr.

Hægt að hafa skipulag eftir eigin höfði, mikið af léttum veggjum.

Húsnæðið er laust til afhendingar strax.

Grunnmynd 1.hæð og kjallari.



1.hæð kjallari

Allar nánari upplýsingar veitir:



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Sveinn | Hannes | Lára | Kristján | Ólafur | Kristín | Bjarni | Albert | Helga | Vernharð | Stefán | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |

**OPIÐ HÚS › 7. maí 16:00 – 16:30**



## Engihjalli 9

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 90 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Góð þriggja herbergja íbúð miðsvæðis í Kópavogi. Rúmgóð stofa, tvö góð herbergi, tvennar svalir, endurnýjað baðherbergi,gott eldhús.

*Heyrumst*
**Ólafur** › 822 8283 **35.700.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 6. maí 14:00 – 16:00**



## Vallárvegur 8

801 SELFOSS

STÆRÐ: 45,5 fm SUMARHÚS HERB: 3

Fallegur bústaður á virkilega góðum og grónum stað í landi Brekku í Brekkuskógi, 10 mín frá Laugarvatni.

*Heyrumst*
**Ólafur** › 822 8283 **14.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali





## Vatnsstígur 3

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 87 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Rúmgóð og björt íbúð við Laugaveg í þessu sjarmerandi húsi. Góðar svalir til vesturs. Eldhús með góðum tækjum. Baðherbergið með stórri sturtu og aðstöðu fyrir þvottavél.

*Heyrumst*
**Albert** › 821 0626 **TILBOÐ**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 9. maí 18:00 – 18:30**





## Kambasel 54

109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 73,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Fallega tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð með sérafgirtum garði og litlum útiskúr. Eldhúsinnrétting nýlega endurnýjuð.

*Heyrumst*
**Magnús** › 699 2010 **33.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 8. maí 18:00 – 18:30**





## Roðasalir 20

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 306 fm EINBÝLI HERB: 7

Fallegt hús á tveimur hæðum ásamt bílskúr með útsýni yfir golfvöll GKG. Húsið er skráð 248,8 fm í þjóðskrá Íslands ásamt 2ja herb íbúð með sérinngaggi í óskráðu rými ca 57-59 fm.

*Heyrumst*
**Magnús** › 699 2010 **89.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 8. maí 18:00 – 18:30**





## Holtagerði 48

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 154 fm HÆÐ HERB: 5

Mjög falleg hæð með sérinngangi ásamt bílskúr. Eignin er að mestu endurnýjuð. Innréttingar gólfefni, tæki, eldhús baðherbergi ásamt skolpi rafmagni o.fl endurnýjað. Þrjú svefnherbergi (voru fjögur), búið að breyta einu svefnherbergi í sjónvarpsstofu, auðvelt að breyta aftur. Rúmgott eldhús með hvítri innréttingu, fallegt flísalag baðherbergi með hornbaðkari og sturtu ásamt fallegri hvítri innréttingu með miklu skápaplássi. 23 fm bílskúr ásamt stóru bílaplani.

*Heyrumst*
**Hannes** › 699 5008 **58.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali





## Mýrargata 26

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 227 fm FJÖLBÝLI HERB: 5

Algjörlega einstök fimm herbergja íbúð í skemmtilegu húsi byggðu árið 2014 við Mýrargötu 26.
Tæplega sex metra lofthæð, stórir og miklir gluggar, sjónsteypa að mestu í veggjum og lofti, gólf flotuð, mjög góð hljóðvist.
Öll rými rúmgóð, tvö baðherbergi, vandaðar innréttingar og tæki. íbúðin er á á tveimur hæðum (2 inngangar) ásamt bílskúr og bílastæði í kjallara.
Mýrargata 26 er staðsett í framtíðar-bryggjuhverfi Reykjavíkur en þar er framundan uppbygging á sennilega einu eftirsóttasta byggingarsvæði landsins. Íbúðin er rétt hjá fjölbreyttri verslun, þjónustu og veitingastöðum í léttu göngufæri frá miðbænum.

*Heyrumst*
**Hannes** › 699 5008 **120.000.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**





## Höfuðborgarsvæðið

Lind fasteignasala kynnir: Ísbúð með mikla vaxtamöguleika til sölu. Ísbúðin er staðsett á fjölförnum stað á höfuðborgarsvæðinu. Góð, vaxandi velta.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **TILBOÐ**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala





## Barmahlíð 27

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 89 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Falleg og vel skipulagða íbúð í þríbýlishúsi. Eignin er talsvert endurnýjuð, baðherbergi, rafmagnstafla og skólp endurnýjað. Nýlegt parket. Þak málað sumar 2016.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5009** **39.900.000kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 7. maí 16:00 - 16:30**





## Lómasalir 4

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 106,7 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Mjög falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílakjallara. Sérgarður sem hægt er að girða af.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **47.400.000kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala





## Rauðalækur 49

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 64 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2

Falleg og vel staðsett tveggja herbergja íbúð í þríbýlishúsi með sérinngangi við Rauðalæk 49.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **31.900.000kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 7. maí 14:00 - 14:30**





## Lómasalir 2

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 121,8 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Mjög falleg og vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð ásamt bílastæði í bílakjallara. Fallegt útsýni er til fjalla og yfir golfvöll Kópavogs/ Garðabæjar

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **51.900.000kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala





## Melur I - II og Skinnar

851 HELLA

STÆRÐ: Ca. 160 ha | LAND

Land í Þykkvabæ og Ásahreppi, þar af er ein jörðin skráð lögbýli.Ymis skipti koma til greina.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **35.000.000kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 9. maí 18:30 - 19:00**





## Vesturás 60

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 255,9 fm | EINBÝLI | HERB: 6

Glæsilegt og vandað 256 fm einbýlishús við Vesturás 60 í Árbænum.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **77.900.000kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 7. maí 18:00 - 18:30**





## Öldugata 29

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 43,7 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2-3

2-3ja herbergja risíbúð í fallegu húsi á Öldugötu. Skráðir fermetrar í séreign eru 43,7 en gólfflötur er meiri þar sem nokkur rými eru undir súð.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **32.900.000kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 7. maí 15:00 - 15:30**





## Fjarðarás 11

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 277,4 fm | EINBÝLI | HERB: 8

Mjög fallegt og vel skipulagt 7-8 herbergja einbýlishús við Fjarðarás 11 í Árbænum.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **88.000.000kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 7. maí 17:00 - 17:30**





## Suðurgata 13

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 91,5 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Björt og falleg íbúð á 1. hæð í hjarta miðbæjarins. Íbúðin er skráð 91,5 fm. en henni fylgja 2 geymslur í kjallara sem virðast ekki vera skráðar inn í fm fjölda íbúðarinnar en eru skráðir sem séreign.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **47.900.000kr**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

LIND Fasteignasala kynnir:

# Einstakt og uppgert 350 fm. einbýlishús í hlíðunum

Mjög vandað og vel uppgert einbýlishús með fallegum afgirtum garði ásamt stórum bílskúr.

Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð tæki, fallegar hurðir og loftlistar.

Sjö herbergja hús, þrjú baðherbergi.

STÆRÐ: 350 FM EINBÝLI HERB: 7 105 RVK

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
**699 5008**
hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

*Uppspretta ánægjulegra viðskipta*

---

ÞINGHOLT FASTEIGNASALA
Viðar Marinósson
Löggiltur fasteignasali



Ísak
Sölustjóri
gsm 822 5588
isak@tingholt.is



Jón Óli
Lögg. fasteignasali
gsm 777 6661
jonoli@tingholt.is

## Kambasel 55 Reykjavík




**Opið hús: Kambarsel 55 Reykjavík. Eignin verður sýnd Sunnudaginn 7. maí, milli kl. 16:00 og kl. 16:30.**
Stórglæsilegt 223,9 fm raðhús á einstökum stað í Seljahverfinu. Eignin er á þremur hæðum með þremur svefnherbergjum, stofu og tveimur baðherbergjum. Eignin er með rúmgóðum bílskúr. Ásamt auka tveggja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngang. **Verð 69,9 m**

## Víðimelur 50 Reykjavík




**Opið hús: Víðimelur 50 Reykjavík. Eignin verður sýnd Sunnudaginn 7. maí, milli kl.14 00 og kl. 14:30.**
Sjarmerandi 88,8 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Víðimel í Reykjavík. Forstofa /hol, tvö svefnherbergi, eldhús, stofa/borðstofa með útgengi út á suður svalir og baðherbergi. **Verð 43.6 m**

## Kríuhólar 6. Reykjavík




**Opið hús: Kríuhólar 6. Reykjavík, Íbúð merkt: 03 02 01. Eignin verður sýnd þriðjudaginn 9. maí, milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**
Í sölu rúmgóð 111,6 fm fimm herbergja íbúð á annari hæð á þessum eftirsótta stað í Breiðholti, fjögur, svefnherbergi. Eigandi skoðar að taka minni íbúð upp í Breiðholti. **Verð 32m.**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 512 3600 | tingholt.is

---

450 FASTEIGNASALA
450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is





## BAULAN – BORGARFIRÐI

Höfum fengið í einkasölu veitingaskálann Bauluna í Borgarfirði, rekstur og fasteign. Um er að ræða áhugavert tækifæri í fallegu umhverfi í sístækkandi ferðaþjónustu. Er staðsett við þjóðveg 1 í Norðurárdal, miðsvæðis í Borgarfirði. Eignirnar samanstanda af fasteign sem er 406 fm og stendur á 2 hektara eignarlandi. Þjónustan samanstendur af sölu eldsneytis, veitingasölu, smásöluverslun við ferðamenn og sumarhúsbyggð. Ýmsir möguleikar í stöðunni til stækkunar og breytinga.

Upplýsingar um eignina veita Bárður H Tryggvason í 896 5221 eða á bardur@450.is og Erlendur@450.is lögg. Fasteignasali í s-450 0000.

Sími 450-0000 | Engjateigur 9, 105 Reykjavík | 450@450.is | kt. 620900-2490

---

## 500fm Atvinnu-, þjónustu-, lagerhúsnæði til leigu á Akranesi



Um er að ræða húsnæði í þjónustukjarna, aðeins eru tæpir 200M í flutningaþjónustu (Landflutningar,Eimskip,Póstinn).

Húsnæði hendar mjög undir lager 6m lofthæð er í hálfu húsinu og steypt milliloft.

Það kemur til greina að breyta húsnæðinu t.d bæta við hurðum.

Hentar vel fyrir vsk-lausan rekstur, hægt að leigja með vsk.

Leiguverð samkomulag.

**Upplýsingar í síma 662 3117, Valmundur**

---



# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

## Glitvangur 19
220 Hafnarfjörður
Einbýli á einni hæð

**Stærð: 181,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1980**
**Fasteignamat: 46.250.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Fjörður






**sunnudaginn 7 mai 14:00 til 14:30**

**Verð: 62.900.000**

RE/MAX Fjörður kynnir: Fallegt einbýlishús staðsett í enda götunar á góðum og skjólsælum stað við Glitvang 19 í Norðurbænum í Hafnarfirði. Eignin er á einni hæð, skráð 181,8 fm og þar af bílskúr skráður 33 fm.Stór og falleg suður viðarverönd með skjólveggjum og heitum potti,gróinn og fallegur garður.
Eign sem er hægt að mæla með sem býður upp á ýmsa mögleika, falleg og vel skipulögð á góðum stað í Norðurbænum. Allar nánari uppls gefur Páll Guðmundsson lögg fasteignasali í síma 861-9300


Sigrún
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
**894 2353**
sein@remax.is


Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

**RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is**

## Blésugróf 10
108 Reykjavík
Frábær staðsettning

**Stærð: 251,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1980**
**Fasteignamat: 51.400.000**

RE/MAX Fjörður






**Sunndaginn 7 mai 15:00 til 15:30**

**Verð: 69.900.000**

Remax Fjörður kynnir: Einbýlishús á tveimur hæðum við Blésugróf 10 skráð samkvæmt FMR 251,8 fm2. Efri hæðin er skráð 126,6 fm og neðrihæð skráð sem geymsla 125,2 fm en breytt hefur verið í 3ja herbergja íbúð sem hefur verið í útleigu.Garðurinn er gróin og nýlega hellulagður sem og nýtt hellulagt bílaplan. Þetta er virkilega velstaðsett eign með mikla möguleika. Allar nánari uppls gefur Páll Guðmundsson lögg,fasteignasali í síma 861-9300 eða pallb@remax.is eða Sigrún Einarsdóttir í síma 8942353


Sigrún
Sölufulltrúi (í lögg.námi)
**894 2353**
sein@remax.is


Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

**RE/MAX Fjörður - Lækjargata 34d - 220 Hafnarfjörður - Sími: 519 5900 - www.remax.is**

## Vallakór 2
203 Kópavogur
4ra herbergja íbúð

**Stærð: 123,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2014**
**Fasteignamat: 40.900.000**

RE/MAX Senter





**Bókið skoðun í síma 8996753**

**Verð: 52.900.000**

Um er að ræða fallega og rúmgóða 4ja herbergja íbúð með stórum svölum (ca.25fm). Eigninni fylgir stæði í bílgeymslu. Eignin skiptist í stofu, eldhús, borðstofa, eldhús, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi, barnaherbergi, anddyri, þvottahúsi og geymslu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Brúnás. Íbúðin er með parketi á gólfum nema á baðherbergjum, þvottahúsi og forstofu, þar eru flísar á gólfi.
Allar upplýsingar veitir Ástþór Reynir í síma 8996753


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

RE/MAX Senter

## Óskað er eftir tilboðum í þrjár eignir í Reykjahlíð við Mývatn

Nánari upplýsingar á www.remax.is


Reykjahlíð/**verslun**
Skútustaðahreppur


Reykjahlíð/**Helgavogur**
Skútustaðahreppur


Reykjahlíð/**Kringla**
Skútustaðahreppur

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is**

## Laxatunga 18
270 Mosfellsbær
Vönduð eign á góðum stað

**Stærð: 244,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2013**
**Fasteignamat: 53.400.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter






**Laugardag 6. maí kl 15:00-15:30**

**Verð: 82.900.000**

RE/MAX Senter kynnir glæsilega fullbúna eign þar sem vandað hefur verið til verka. Vandaðar innréttingar og tæki, 25 fm dekur baðherbergi, hiti í gólfum og innfeld lýsing. Eignin skiptist í efri og neðri hæð og bílskúr. Lóð er fullfrágengin með timbur veröndum báðu megin við húsið, grasflöt og snjóbræðsla í bílaplani.
***Eign sem vert er að skoða***


Guðný Maríanna
Sölufulltrúi
**899 5447**
gudny@remax.is


Vigdís
Lögg. fasteignasali
**414-4700**
vigdis@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Grænahlíð 5
105 Reykjavík
Flott hæð á eftirsóttum stað

**Stærð: 115 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1959**
**Fasteignamat: 4.240.000**

RE/MAX Senter




**OPIÐ HÚS SUNNUD. 7. MAÍ KL 16:00-16:30**

**Verð: 57.900.000**




RE/MAX Senter kynnir í einkasölu:

Falleg og vel skipulögð fimm herbergja 115 fm íbúð með stórum suður-svölum og vestur-svölum á efstu hæð í fjórbýli. Um er að ræða mjög flotta eign í fallegu húsi með þremur svefnherbergjum á eftirsóttum stað í Hlíðunum. Mögulegt er að útbúa fjórða herbergið í borðstofu. Snyrtileg sameign með sameiginlegum garði. Eldhús er með hvítri innréttingu og góðum tækjum, baðherbergi er ný yfirfarið og lítur mjög vel út.


Guðlaugur Jónas
Sölufulltrúi
**661-6056**
gulli@remax.is


Vigdís
Lögg. fasteignasali
**414-4700**
vigdis@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Jakasel 6
109 Reykjavík
Gott fjölskylduhús!!

**Stærð: 211,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1968**
**Fasteignamat: 53.300.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Opið hús á mánd. 8 maí kl. 18.00 - 18.30**

**Verð: 79.000.000**




Fallegt og vel viðhaldið einbýli á góðum stað í Reykjavík. Um er að ræða staðsteypt hús við Jakasel 6, eignin telur alls 211,8fm á tveimur hæðum. Neðri hæð: forstofa, innaf forstofunni er rúmgott barnaherbergi. Parket lagt hol, inn af holinu er gesta salerni með flísum á gólfi. Stofan og borstofan er björt og rúmgóð, parket á gólfum, úr stofunni er útgengi út í garð. Eldhúsið er með borðkrók. Innaf eldhúsinu er þvottahús. Efri hæðin skiptist í: Sjónvarpshol þar sem möguleiki er að bæta við herbergi. Baðherbergi með baðkari, sturtu, upphengdu salerni. Hjónaherbergi með góðum fataskáp, parket á gólfi og útgengi út á snyrtilegar svalir með fallegu útsýni. 3 barnaherbergi, fataskápur í tveimur herbergjum. Parket á gólfum. Geymslu loft er yfir hluta af efri hæðinni. Bílskúrinn er sérstæður og telur alls 40fm. Í bílskúrnum er geymslu milliloft. Góðir gluggar eru á bílskúrnum og bílskúrshurðin er með rafmagns opnun.
Að utan hefur eignin fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Garðurinn er snyrtilegur með timburverönd í bland við grasblett og annan gróður. Bílaplan er með snjóbræðslu.


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**






## Leifsgata 7 — 101 Reykjavík

Íbúð | 2 herb. | 48 fm | Falleg íbúð í 101 RVK

**34.900.000**

Vandaðar innréttingar. Tvær íbúðir á hæð

**Héðinn** fasteignasali 848 4806

**Opið hús** sun. 7. maí kl 16:00-16:30



## Daltún 10 — Kópavogur

Einbýli | 6 herb. | 277,7 fm | Vandað hús með auka íbúð

**89.900.000**

Eitt vandaðasta einbýlið í Kópavogi

**Héðinn** fasteignasali 848 4806



## Brekkuhvarf 11 — 203 Kópavogur

Einbýli | 6-7 herbergi | 277,2 fm | Glæsilegt eign

**105.000.000**

Auka íbúð- Hesthús – Stór lóð

**Brandur** fasteignasali 897 1401



## Þórsgata 10 — 101 Reykjavík

Íbúð | 6-7 herbergi | 220 fm | Auka íbúð

**Verð tilboð**

Glæsilegt eign

**Brandur** fasteignasali 897 1401

**Opið hús** lau. 6.maí kl. 13.00-13.30



## Hringbraut 48 — 101 Reykjavík

Hæð | 5 herbergi | 142,5 fm | Laus strax

**69.500.000**

Mikið endunýjuð – aukinn lofthæð

**Brandur** fasteignasali 897 1401

**Opið hús** lau. 6. maí kl. 14.00-14.30



## Bollagarðar 79 — 170 Seltjarnarnes

Einbýli | 6 herbergi | 187,2 fm | Vandað hús

**98.500.000**

Frábær staðsetning fjölskylduvænt.

**Brandur** fasteignasali 897 1401

**Opið hús** mið. 10. maí kl 17:30 - 18:00



## Þórsgata 17 - íbúð 102 — 101 Reykjavík

Íbúð | 2 herbergi | 92.9 fm | Selst með húsgögnum

**42.900.000**

**Sigurður Fannar** aðst. fasteignasala 897 5930

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Opið hús** mið. 8. maí kl 17.30-18.00



## Skipholt 7 - Laus 15. Júní — 105 Reykjavík

Íbúð | 2 herbergi | 69 fm | Töluvert endurnýjuð

**37.500.000**

Stæði í lokuðum bakgarði fylgir íbúðinni

**Þóra** fasteignasali 777 2882

**Opið hús** lau. 6. maí kl. 15.30-16.00





## Mántún 9 - íbúðir — Reykjavík

Til sölu glæsilegar 3ja herb íbúðir við Mánatún 9 í Reykjavík. Íbúðirnar eru allar 3ja með einu til tveimur stæðum í bílskýli. Verð frá 56 m.

Fjölbýlishús | 3 herbergi | 130-140 fm | Laus strax

**Verð frá 56m**

Vandaðar innréttingar. Tvær íbúðir á hæð

**Brandur** fasteignasali 897 1401

**Opið hús** mið. 10. maí kl 17:30 - 18:00



## Þórsgata 17 - íbúð 101 — 101 Reykjavík

Íbúð | 2 herbergi | 74.8 fm | Selst með húsgögnum

**37.900.000**

**Sigurður Fannar** aðst. fasteignasala 897 5930

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030



## Engjaþing 23 — 203 Kópavogur

Íbúð | 4 herbergi | 178 fm | Sérinngangur

**65.900.000**

Fallget út sýni og stór bílskúr

**Héðinn** fasteignasali 848 4806


Galaxy S8
114.900,-
SAMSUNG
Galaxy S8
GALAXY XCover 4
MILITARY DROP TESTED
IP 68
39.900,-
LG G5 SE
life's good when you play more
56.900,-
Xiaomi Smartphone
Redmi Note 4
5,5″
Octa-Core
32GB/3GB
Dual-SIM
44.900,-
Xiaomi Smartphone
Mi 4 i
5″
Octa-Core
16GB
Dual-SIM
26.900,-
Krókhálsi 5c
Sími 546-9000
emobi.is
bara gott verð



Hafsteinn Halldórsson ásamt dóttur sinni. MYND/GVA



Ástþór verkfærameistari hjálpar til við að smíða fyrsta matjurtakassann.



Pétur að dytta að garðinum sínum.






# Fallegu verkefnin

**Hafsteinn Halldórsson sinnir ýmsum skemmtilegum verkefnum í frístundum sínum. Þar má nefna uppsetningu verkstæðis fyrir einhverfan vin og niðurgrafningu trampólíns fyrir félaga sem notar hjólastól.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Það er sjaldan lognmolla í kringum Hafstein Halldórsson, annan eigenda hönnunarfyrirtækisins Happie furniture. Fyrir utan að sinna eigin framleiðslu ásamt meðeigenda sínum og eiginkonu, Guðrúnu Öglu, er hann að reisa hús fyrir fjölskylduna við Hafravatn, undirbúa uppsetningu á tíu fermetra verkstæði fyrir einhverfan vin sinn auk þess sem hann er að undirbúa það að grafa trampólíni, sem er fyrir annan vin hans sem er í hjólastól. „Ég er mjög ofvirkur maður en það er líka gott að nýta aldurinn, meðan maður hefur kraftinn og þolinmóðan maka sem þolir að ég sé vinnandi alla daga og fari aldrei í frí."

## Hálfgerðir bræður

Uppsetning verkstæðisins og niðurgröftur trampólínsins tengist félögum hans, og hálfgerðum bræðrum að eigin sögn, en þeir búa á sambýlinu á Barðastöðum. „Ég hef sjálfur unnið þarna í níu ár með hléum og strákarnir þar eru hálfgerðir bræður mínir og góðir félagar. Fyrir um þremur árum smíðaði ég matjurtakassa í garðinn hjá þeim en efnið, t.d. timbur, plast og mold, fékk ég gefins frá Húsasmiðjunni. Eftir að myndir af kössunum fóru á Facebook setti fólk sig í samband við mig og vildi kaupa eins kassa. Því má segja að vinsældir þeirra hafi byrjað eins og borðin okkar frá Happie furniture, fólk sá myndir á Facebook og hafði samband. Matjurtakassarnir urðu svo vinsælir að Íslenski sjávarklasinn lánaði okkur risastórt rými úti á Granda undir verkefnið auk þess sem Húsasmiðjan hefur styrkt okkur enn frekar."

## Tekur í sundur

Skúrinn, sem verður 9-10 fermetrar, er ætlaður vini hans Ástþóri. „Hann verður í garðinum en Ástþór elskar verkfæri. Það er erfitt að fara með hann í Húsasmiðjum því áður en þú veist af er hann búinn að taka næsta verkfæri í sundur. Aðalfjörið hjá honum er að skrúfa allt í sundur enda er hann mjög góður í því. Skúrinn verður fínasta verkstæði fyrir hann og þangað getur hann farið og sinnt þessu áhugamáli sínu."

Svo er það Pétur, sem er töffari í hjólastól að sögn Hafsteins og býr líka á Barðastöðum. „Við ætlum að niðurgrafa trampólín fyrir hann þannig að þá getur hann bara losað beltið af stólnum og hent sér beint út á trampólínið. Ég er búinn að redda gröfukalli og allt er að verða tilbúið. Það er auðvitað allt brjálað að gera hjá okkur í Happie furniture en fólk getur nú beðið í 1-2 aukadaga eftir borðum meðan maður sinnir svona fallegum verkefnum."

## Afaskór og föðurland

Sjálfum finnst Hafsteini best að vinna í fötum með fullt af málningarslettum og nógu mörgum vösum til að geyma hluti sem tengjast smíðunum. „Fötin skiptu mig miklu máli á yngri árum en í dag er hugsað um praktík og þægindi! Ég get ekki gert upp á milli tveggja uppáhaldsflíka minna, afaskónna og föðurlandsins enda nánast alltaf í þessu.

Föðurlandið er í miklu uppáhaldi hjá Hafsteini þar sem veðrið skiptir ekki máli enda alltaf hægt að vippa sér í stuttermabol yfir og skoppa út í íslenska veðrið.

„Afaskóna gaf Einar mágur minn mér en ef mig vantar nýja skrifa ég nýjan óskalista fyrir hann á jólunum. Fyrstu afaskóna fékk ég „lánaða" hjá pabba á sínum tíma. Ég er ansi hræddur um að þeir hafi ekki skilað sér til baka enda um átta ár síðan ég fékk þá lánaða."



## Næg verkefni

Á næstu vikum skilar fyrirtæki þeirra hjóna stærsta verkefni sínu til þessa, sem er sæti og borð fyrir um 150 manns á Hlemmi mataрhöll sem opnar í sumar. Einnig koma þau að nýju bjórbaðhúsi sem brugghúsið Kaldi stefnir á að opna í sumar sem er það fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum að sögn Hafsteins. „Við erum einnig að skila stóru hringborði fyrir veitingahúsið Hraun eldhús í Ólafsvík og erum með í framleiðslu fimmtán misstórar hringborðsplötur fyrir veitingastað sem verður opnaður á Hellissandi í sumar. Þannig að það er enginn skortur á verkefnum þessa dagana."




















# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16













Ynja Mist er fædd 1996 en í þá daga þurftu foreldrar hennar leyfi frá mannanafnanefnd fyrir nafninu Ynja.

# Fór í afdrifaríka skólaferð í Sorpu

## Kópavogsmærin Ynja Mist á engan sinn líka. Hún stendur á tvítugu, er nýflutt ein síns liðs til Kaupmannahafnar og er jafnvíg á myndlist, kraftlyftingar og kökuskreytingar.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég hélt fyrstu myndlistarsýninguna ellefu ára. Það var á Hólmavík þaðan sem ég er ættuð og á ömmu og afa. Við amma fórum að skoða útskornu fuglana hans Hafþórs Þórhallssonar sem bauð mér að setja upp sumarsýningu í galleríinu sínu og seldi ég fimmtán myndir yfir sumarið,“ segir Ynja Mist og brosir að minningunni. Sjálfstraust hennar óx líka í samræmi við undirtektirnar.

„Þetta var mér mikils virði. Ég fékk mjög mikla trú á sjálfri mér og í kjölfarið bjó ég til leirskartgripi sem ég seldi fyrir framan Litlu jólabúðina á Laugavegi. Ég á auðvelt með að fylgja draumum mínum, kannski vegna þess að orðið „seinna“ er varla til í minni hugsun þegar kemur að hugmyndum. Það þarf allt að gerast núna. Ég hef líka alltaf vitað hvert ég stefni og að ég er listamaður frá því ég var barn.“

Ynja stendur nú fyrir sinni fjórðu einkasýningu sem lýkur 13. maí í Bókasafni Kópavogs. „Það er mikilvægt fyrir listamenn að sýna verk sín og ofsalega gaman að upplifa viðbrögð sýningargesta. Ég veit að margir á mínum aldri teikna en finna sig ekki vera orðna gildandi listamenn. Því þarf blöndu af djörfung og þori til að taka af skarið, ásamt sjálfstrausti og metnaði því það stýrir manni enginn né segir hvað á að gera. Sköpunarkrafturinn þarf að vera köllun og mikilvægt að vera opinn og þora að sýna allar hliðar; það sem manni fannst misheppnað og það sem tókst vel.“

Náttúrumyndir voru viðfangsefni Ynju sem barn og andlitsmyndir á unglingsárunum.

„Í dag vil ég að verk mín túlki það sem mér liggur á hjarta. Grunnskólaheimsókn í Sorpu hafði varanleg áhrif á barnshugann og ég fór að hugsa mikið um endurvinnslu og hvar ruslið sem ég henti lenti. Amma kallaði mig meira að segja Ynju Endurvinnslu því ég var alltaf að skamma fullorðna fólkið,“ segir Ynja og hlær dátt.

> Amma kallaði mig meira að segja Ynju Endurvinnslu því ég var alltaf að skamma fullorðna fólkið.

Sýning hennar nú ber þessa einmitt merki en hún ber nafnið Hlýnun og snýst um hlýnun jarðar.

„Fyrir mér er aðalvandamálið okkar eigin neysla, hvort sem það er alfarið eða að hluta til á okkar ábyrgð að veðurfar sé að breytast. Við hendum ógrynni af mat, fötum, húsgögnum og umbúðum. Sóunin sem á sér stað í nútíma samfélagi er gríðarleg. Til að hemja neysluna kaupi ég til dæmis aldrei mat í tvöföldum umbúðum og vel vörur eftir umbúðum, innihaldi og framleiðsluaðferðum. Ég vel mér líka frekar föt sem endast lengi og forðast að nota einnota hluti eins og heitan eldinn. Ég hef miklar áhyggjur af plasti í sjónum og áhrifum þess á lífríkið og því fer mjög í taugarnar á mér þegar fólk setur ávexti og grænmeti í plastpoka þegar það þarf þess ekki. Ávextir, eins og til dæmis bananar, voru skapaðir í náttúrulegum umbúðum!“

### Er löngu orðin fullorðin

Ynja Mist er ekki við eina fjölina felld. Hún var tilnefnd sem íþróttakona Garðabæjar í ár, fékk verðlaun fyrir árangur sinn með Stjörnunni og segir líf sitt snúast um myndlist, kökuskreytingar og kraftlyftingar.

„Ég réð mig í kökuskreytingar til Sætra synda þegar ég var sautján ára og skreyti þar enn þegar færi gefst. Ég kunni ekkert til að byrja með en ég er góð í höndunum og allt sem snýr að sköpun og handavinnu liggur vel fyrir mér,“ segir Ynja sem átti stóran þátt í uppbyggingu Sætra synda sem fyrsti starfsmaður bakarísins og tímir ekki að sleppa hendinni af starfinu þótt hún sé nýlega flutt til Kaupmannahafnar. Þar stefnir hún á nám í vöruhönnun við arkitekta- og hönnunarskólann KADK og býr ein því kærastinn stundar háskólanám heima á Íslandi.

„Hér líður mér vel og finnst ekkert mál að vera ein. Ég held að það fari mjög eftir einstaklingum hvort þeir upplifi sig fullorðna um tvítugt. Sumum þykir enn gott að búa í foreldrahúsum en ég hef haft mikla sjálfstæðisþörf frá sextán ára aldri og vildi þá strax byrja að vinna fyrir mínum mat.“

Um helgina ætlar Ynja að koma sér fyrir í nýju íbúðinni og taka vakt á Big Bowl, sem er veitinga- og keilusalur. „Ég reyni að vinna sem minnst til að hafa tíma fyrir myndlistina. Þá hafa kraftlyftingar setið á hakanum og ég þarf brátt að taka stærðfræðipróf í sendiráðinu til að komast inn í skólann. Ég var á myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ sem fer aðeins fram á tvo áfanga í stærðfræði en það dugar ekki til því margar listgreinar kalla á meiri stærðfræði.“

Ynja fór að mæta á æfingar í Sporthúsinu þegar hún var fimmtán ára og heillaðist af lóðunum.

„Ég fór æ meira út í kraftlyftingar og fannst skemmtilegt að ná meiri þyngdum. Með mér í FG voru strákar sem æfðu með Kraftlyftingafélagi Garðabæjar og hvöttu mig til að koma á æfingar. Ég sló til og hef verið þar eina stelpan síðan,“ segir Ynja sem á Íslandsmet í öllum lyftum í -57 kílóa flokki. „Metin mín á síðasta móti voru 100 kíló í hnébeygju, 107,5 kíló í réttstöðulyftu og 60 kíló í bekkpressu, en síðan hef ég bætt þyngdirnar talsvert,“ segir Ynja sem tekur þriggja tíma æfingar þrisvar í viku og teygjuæfingar þess á milli. „Jú, þetta er tímafrekt sport og skemmtilegt en myndlistin hefur alltaf forgang,“ segir hún brosmild.

Ynja Mist opnar sýningu í Gallerí LAK á Akureyri í júlí. Sjá ynjaart.com og society6.com/ynjaart.


20-50% afsláttur
af völdum vörum dagana 4-8.maí!
KRINGLUKAST!
20-50% afsláttur af völdum nýjum vörum í Kringlunni og á Glerártorgi
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXL
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 st.36-46
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st.42-56
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 2.490 ein stærð
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.490 st.S-XXL
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 ein stærð
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXL
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

## Tilkynningar

**Lokakaffi Kvenfélagsins Heimaeyjar**

KVENFÉLAGIÐ HEIMAEY

Verður á Grand hótel Reykjavík sunnudaginn 7. maí kl. 14.00.
Vonumst til að sjá sem flesta.

**Stjórnin**

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

**SUMARHÚS Á 7 HA EIGNARLANDI**



Glæsilegt skógivaxið land, tilvalið fyrir smáhýsa ferðaþjónustu rétt utan Hellu. Örstutt í alla þjónustu en þó alveg laust við alla umferð.
Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lögg. fasteignasali í s.íma 773-4700 og oskar@atv.is

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600



## Bátar



**KROATIA**

Til sölu 1 hlutur af 10 í skemmtibát Sealine 305 Fly Conty. Báturinn er allur ný yfirfarinn. 2 nýlegar turbo diesel vélar VM MR 500 , 300 HP og 2 nýleg Mercury hældrif ásamt hliðarskrúfu. Í bátnum er eldunaraðstaða og svefnpláss fyrir 4-6 manns. Eignarhlutur í góðum 7 manna Peugeot til notkunar fylgir með. Verð kr. 800 þús. á hlut. Lágmark er að viðkomandi hafi skemmtibátaskírteini. Restrarkostnaður hvers hluthafa, hafnargjöld og tryggingar kr. 15 þús. á mánuði. Heimahöfn við Adriahafið sjá: www.marinadalmacija.hr í Sukosan Zadar, Króatíu. Bátaklúbburinn er með bryggjuaðstöðu fyrir 1200 báta, þar eru einnig veitingarstaðir,verslanir,baðhus og baðströnd. . Myndir af bátnum eru á netsíðu www.internet.is/icelandinfo/perla Áhugasamir hafi samband:birgiroli@hotmail.com




Úrvals sjálfstýring fyrir smábát a einstaklega góðu verði. Upplýsingar s: 8343700

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

Tek að mér flutningsþrif og þrif í heimahúsum. Er rösk og vandvirk. Upplýsingar í síma 845 6231, Margrét.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**POPETURSSON/HÚSAMÁLUN**
Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu fritt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**




## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA**
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna & ENGLISH f. Adults I,II,III: Byrja/Start: 29/5, 26/6, 22/8, 11/9, 9/10, 6/11, 4/12: Morgna/Síðd/Kvölds - Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

## Húsnæði í boði



Til sölu. Hús á Hellu v. 10.7 Laust fljótlega. Tvö herbergi, eldhús og stofa. sími 6929144



Til sölu. Hús á Hellu v. 14,7. Útborgun má að hluta til borgast með bíl eða hjólhýsi. Laust fljótlega. S. 6929144

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 45.000 þús kr. nóttin virka daga og 49 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com




## Atvinna

## Atvinna í boði

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**

**CLEANING AND ASSISTANCE IN BAKERY**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf. Framtíðarstarf/sumarstarf.

Bakery in Kópavogi want to hire hardworking and good people for cleaning and assistance. Must have drivers license. Working hour Monday-Friday 9-17. Future work / summer work. Please send application to: kokuhornid@kokuhornid.is
**Áhugasamir sendi umsókn á: kokuhornid@kokuhornid.is**

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í verkefni. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt verkefni eða í 770-2277

**VOGUE FYRIR HEIMILIÐ ÓSKAR EFTIR SAUMAKONU.**
Saumakona óskast á saumastofu okkar.
Fjölbreytt verkefni t.d. dýnuver, gluggatjöld, áklæði á húsgögn ofl. Starfsumsóknir sendist á kolbrun@vogue.is
**Endilega sendu inn umsókn á kolbrun@vogue.is**

**SUMARSTARF**
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar í matvælavinnslu í Mosfellsbæ.
**Frekari uppl. í s. 897 3236 eða á: raggi@nonnilitli.is**

**BLIKKSMÍÐI EHF.**
Óskum eftir blikksmiðum einnig aðstoðamönnum.
Upp. s 893 4640
**blikksmidi@simnet.is**

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi.Jón og Marteinn8611242

**AU PAIR USA**
Íslensk fjölskylda óskar eftir að ráða au pair í heilt ár frá og með í haust. Umsóknir sendist Jóhönnu á joagp@hotmail.com

**FISKVINNSLA Í HFJ.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Uppl. í s. 824 3180

Smiðir óskast. Óska eftir að ráða smiði í innréttingavinnu, viðhald og nýsmíði. Góð og mikil vinna framundan. Uppl í síma 8240232 ssvanursig@hotmail.com Szukamy stolarzy Chcemy zatrudnic stolarzy do wykanczania wnetrz, konserwacji oraz nowego budownictwa. Zapewniamy duzo ciekawej pracy. 8240232 ssvanursig@hotmail.com

## Atvinna óskast

Vanur bílamálari með meistararéttindi óskar eftir vinnu frá 1.sept.. uppl.í síma 8936850



## Gott að muna fyrir fríið

Áður en haldið er af stað í ferðalag er að mörgu að huga. Skynsamlegt er að kaupa ferðatryggingu og taka myndir eða afrit af öllum mikilvægum gögnum eins og vegabréfi ef það skyldi týnast. Vegabréf, lyf, aukabatterí fyrir myndavélina, aukahleðslutæki fyrir símann og sólarvörn ætti allt að vera í handfarangri. Auk þessi er ráð að setja aukanærföt og sokka í handfarangurinn ef töskurnar skyldu ekki skila sér á réttum tíma. Auðvitað er vel hægt að kaupa nýtt en með þessu móti sparast tími og peningar. Þar sem oftast þarf að borga fyrir hverja tösku er gott að skipuleggja vel hverju pakkað er niður og hafa í huga að velja saman þægileg föt sem passa vel saman og auðvelt er að þvo. Þegar á áfangastað er komið er sniðugt að spyrja innlenda hvaða veitingastað þeir mæli með, hvar sé hagstætt að versla og hvar bestu kaffihúsin eru.



## Morgungöngur alla vikuna

Ferðafélag Íslands stendur fyrir morgungöngum alla næstu viku, 8. til 12. maí. Gengið verður á fjöll í nágrenni Reykjavíkur klukkan sex að morgni og til baka fyrir klukkan 9. Þetta er 13. árið í röð sem FÍ stendur fyrir morgungöngum sem hafa átt miklum vinsældum að fagna. Fararstjórar eru Páll Guðmundsson og Auður Kjartansdóttir en þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Mánudagur:** Helgafell ofan Hafnarfjarðar. Gangan hefst við Kaldársel.
**Þriðjudagur:** Reykjaborg. Gangan hefst við bílastæði norðaustan við Hafravatn.
**Miðvikudagur:** Haukadalsfjöll. Gangan hefst við neðan við Hrafnhóla.
**Fimmtudagur:** Vífilsfell við Sandskeið. Gangan hefst við malarnámur við rætur fjallsins.
**Föstudagur:** Úlfarsfell. Gangan hefst við bílastæði skógræktar við Vesturlandsveg.

## Persónulegt rými misjafnt eftir þjóðerni

Flestir kannast líklega við þá tilfinningu þegar fólk stendur of nálægt og ryðst þannig inn í persónulegt rými viðkomandi. Ný rannsókn sýnir að hugmyndir fólks um persónulegt rými fari að stórum hluta eftir þjóðerni. Rannsóknin bar heitið „Preferred Interpersonal Differences: A Global Comparison“ og birtist í tímaritinu Journal of Cross-Cultural Psychology.
Rætt var við 8.943 þátttakendur frá 42 löndum til að finna út hversu nálægt þeir gætu verið annarri manneskju án þess að þykja það óþægilegt. Niðurstöðurnar voru afar mismunandi eftir þjóðerni fólks. Þannig virtust Rúmenar meta sitt persónulega rými mest en Argentínumenn minnst.

**Listi yfir þjóðir með lítið persónulegt rými**

Argentínumenn - 77 cm
Búlgarar - 81 cm
Úkraínumenn - 86 cm
Austurríkismenn - 88 cm
Slóvakar - 89 cm
Rússar - 89 cm
Grikkir - 91 cm

**Listi yfir þjóðir sem vilja mikið persónulegt rými**

Rúmenar - 140 cm
Ungverjar - 131 cm
Sádi-Arabar - 127 cm
Tyrkir - 123 cm
Úgandamenn - 122 cm
Pakistanar - 120 cm
Eistar - 118 cm







Fanney í Glen Coe dalnum.



Isle of Castle. MYNDIR/FANNEY SIZEMORE



DeanVillage



Eileandonan Castle

# Vel hægt að ferðast ódýrt

Fanney Sizemore eyðir hverri aukakrónu í ferðalög til útlanda. Undirbúningur sé lykillinn að ódýrri ferð.




Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is


Ég er með algjöra ferðabakteríu og ligg yfir Dohop og skoða ódýr flug frá Íslandi. Ég tók þá ákvörðun að leyfa mér ekki mikið hérna heima og eyða aukakrónunum frekar í ferðalög,“ segir Fanney Sizemore, myndskreytir og leikmunahönnuður hjá Borgarleikhúsinu.

„Það er tiltölulega ódýrt að ferðast í augnablikinu, sérstaklega ef maður gerir sér far um að leita að ódýrum flugferðum og gista á hosteli eða ódýrum hótelum. Ég fór í vikuferð til Skotlands um páskana: flug, gisting í sjö nætur á hosteli og þriggja daga ferð um hálendið kostaði mig samtals 50 þúsund krónur! Ég nota yfirleitt Booking til þess að leita að gistingu,“ segir Fanney. Hún undirbúi ferðirnar vel og haldi vali á áfangastað opnu.

„Mér er tiltölulega sama hvert ég fer, á eftir að sjá svo marga staði. Ég byrja oft á að fljúga til borgar og er þar í tvo til fjóra daga en finn síðan falleg þorp eða fer út í náttúruna,“ segir Fanney. Hún hafi litla þolinmæði í afslöppun.

„Það er eins og ég sé með koffín í æð þegar ég fer til útlanda, geng út um allt, skoða og fræðist eins mikið og ég get. Enda er fólk hissa á því hvað ég næ að gera mikið. En það er hægt að gera svo margt þegar maður hangir ekki á barnum, á ströndinni eða í verslunum,“ segir hún sposk.

„Ég leggst yfirleitt í rannsóknarvinnu á netinu áður. Skoða ferðablogg og gúgla áhugaverða staði og hvernig best og ódýrast er að komast þangað. Merki svo inn á kort í Google maps allt sem mig langar til þess að gera. Ég er meira að segja með nokkur merkt kort af stöðum sem sem mig langar að skoða í framtíðinni,“ segir Fanney. Hún ferðast yfirleitt ein og líkar það vel.



Fanney Sizemore feðaðist í sjö daga um Edinborg og skosku hálöndin.

„Það verður svo mikið úr tímanum þegar ekki þarf að taka tillit til neins annars. Ég gisti oft á hostelum og þar kynnist maður fólki. Einnig leita ég oft uppi lindy hop danskvöld hvert sem ég fer og það er góð leið til þess að hitta fólk. Ég var ein í Edinborg en ákvað að panta mér skipulagða hópferð með Macbackpackers um skosku hálöndin í þrjá daga. Fannst það hagkvæmasta leiðin þar sem mig langaði að skoða svo margt og treysti mér ekki til þess að keyra á vinstri vegarhelmingi. Þetta var alveg frábær ferð og ég lærði mikið um skoska menningu og sögu. Hópurinn kom við á Culloden-vígvellinum, þar sem síðasta orrusta Englendinga og Jakobíta var háð, stoppaði við Loch Ness, en ekki sást þó til Nessie. Við ferðuðumst um Isle of Skye og fórum í tvær litlar fjallgöngur meðal annars upp að Old Man of Storr. Uppáhaldið mitt var líklega Glen Coe dalurinn.“

Ferðastu mikið innanlands?

„Ég vildi að ég gæti það en það er dýrt. Ég er ekki á bíl og það er ódýrara fyrir mig að finna flug og eyða viku í útlöndum heldur en að ferðast með strætó eða rútu um Ísland og borða hér í viku. Hvað þá ef ég ætlaði að kaupa gistingu. Ég er að fara til Hull á lindy hop festival og fékk flug fram og til baka til London á 10 þúsund krónur. Það er ódýrara en strætó eða ódýrasta flugið frá Reykjavík til Egilsstaða.“


NIVEA
sun
VERND
FYRIR FÖT
NIVEA
sun
protect &
moisture
30
LOKSINS!
VERND
FYRIR FÖT
GEGN
GULUM
BLETTUM
AF VÖLDUM
SÓLARVARNA*
* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.

# Ferðamannaskattur settur á í Botsvana



Mikið hefur verið rætt um möguleika Íslands á að rukka gjöld af ferðamönnum til uppbyggingar ferðamannastaða. Ýmsar borgir og lönd hafa farið þá leið að rukka ferðamenn um sérstakan skatt, þar má til dæmis nefna Róm, Flórens og Dubrovnik. Nýverið tóku stjórnvöld í Botsvana í Afríku þá ákvörðun að rukka alla ferðamenn um 30 dollara, eða um þrjú þúsund krónur, við komuna til landsins. Undanskildir eru þó íbúar innan SADC-ríkjanna í Afríku sem eru 15 lönd í suðurhluta álfunnar.

Mikil andstaða var við gjaldið meðal fyrirtækja í ferðamannaiðnaðinum. Hugmyndin var fyrst kynnt til sögunnar á síðasta ári en gjaldtökunni frestað vegna mótmæla samtaka í ferðaþjónustu í landinu, Hatab. Nú hefur þó verið ákveðið að rukka alla ferðamenn um gjaldið frá 1. júní og verður það greitt við komuna til landsins, á flugstöðvum og við landamæri.

Landið er afar vinsælt meðal ferðamanna sem leita helst eftir því að sjá ljón, fíla, buffalóa, hlébarða og nashyrninga í safaríferðum. Þá þykir ómissandi að fara til Okavango-óshólmanna sem sagðir eru eitt af sjö náttúruundrum Afríku.

Alls sækja 1,6 milljónir ferðamanna Botsvana heim ár hvert og gert er ráð fyrir að fjórir og hálfur milljarður króna safnist með hinum nýja skatti. Peningurinn á að fara í verndun landsins og uppbyggingu ferðamannastaða.



## Bónorð um borð!

Ferðalög elskenda eru sveipuð dýrðarljóma og botnlausri rómantík. Því er ekki fráleitt að bera fram bónorð í háloftunum á leið í paradís. Svona ferðu að því:

- Veldu lengra flug en styttra til að geta sötrað kampavín, horfst í augu og lengt sem mest í dýrmætu augnablikinu.
- Gættu hringsins sem sjáaldurs augna þinna. Feldu hann vandlega í handfarangri sem þú lætur ekki úr augsýn.
- Fljúgðu á fyrsta farrými ef buddan leyfir. Bónorð kallar á fínustu aðstæður og þjónustu og líkurnar á já-i aukast!
- Láttu yfirflugfreyjuna vita af áætlun þinni til að fá vitneskju um hvenær bestur tími gefst til bónorðsins og til að undirbúa kampavínið þegar stundin kemur.
- Reiknaðu með lófaklappi farþega því líklega flýgur fiskisagan hratt um borð. Að fara á skeljarnar skýjum ofar skapar ógleymanlega minningu.



## Hættulegustu borgir í heimi

Það er alltaf gaman að ferðast, skoða heiminn og víkka út sjóndeildarhringinn. Hins vegar eru nokkrar borgir svo hættulegar að ferðamönnum er ráðið frá því að heimsækja þær, þótt eflaust sé áhugavert að koma þangað. Samkvæmt lista sem ferðasíðan Escape Here hefur tekið saman yfir hættulegustu borgir heims nýtur San Pedro Sula í Hondúras þess vafasama heiðurs að vera þar í fyrsta sæti. Hvergi eru framin fleiri morð í heiminum en í þeirri borg, auk þess sem vopnasala er mikið vandamál. Karachi í Pakistan er í öðru sætinu, ekki síst vegna fjölda hryðjuverka og óstöðugs stjórnmálaástands. Í þriðja sæti er Kabúl í Afganistan en þar hefur um árabil ríkt stríðsástand og hryðjuverkaárásir eru tíðar. Sömu sögu er að segja um Bagdad í Írak, sem er í fjórða sæti, en þar má búast við árásum hvenær sem er. Í fimmta sæti er Acapulco í Mexíkó og þar á eftir koma Gvatemala í samnefndu landi, Rio de Janeiro í Brasilíu og Höfðaborg í Suður-Afríku.




BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS


Sumarið er komið
NÝTT!
TAKMARKAÐ MAGN
NÓA
Lakkrís
BANANAPERLUR
Bananasúkkulaði með lakkrís og bananafyllingu,
er það ekki svolítið bananað?
NÓI SÍRÍUS

# Litríkt og létt í *sumar*



Jarðar-berja- og basildesert. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sumarið kallar á ljúfa rétti og svalandi drykki á hátíðlegum stundum. Snillingarnir Danis Grbic og Axel Aage Schiöth á Grillinu á Sögu luma á góðum hugmyndum.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Jarðarber og basil er skemmtileg blanda og með jógúrtís verður úr því ferskur sumardesert. Íslensku jarðarberin eru mjög góð og líka íslenskt basil,“ segir Danis Grbic, matreiðslumaður á Grillinu á Sögu. Hann var kokkur ársins 2016 og heldur titlinum enn, því keppni um hann var frestað þar til í september í ár, og æfir nú af kappi fyrir Norðurlandakeppni sem haldin verður 8. júní. Hann kveðst hafa lært á Grillinu og verið þar undanfarin ár.

Danis flutti hingað til lands sem króatískur flóttamaður árið 1997, ellefu ára að aldri og talar íslenskuna eins og innfæddur. Hann hefur gert sig gildandi í fótbolta, segist reyndar ekkert hafa spilað af viti síðustu fimm ár en verið að þjálfa lið sem ýmist hafi verið í 3. eða 4. deild síðasta áratug. „Ég bjó á Ísafirði í nokkur ár eftir að ég flutti til Íslands og stofnaði liðið ásamt félaga mínum þar, aðallega upp á gamanið,“ segir hann. En við snúum okkur að matnum og tekið skal fram að uppskriftirnar eru fyrir sex til átta manns.



Denis kokkur og Axel vínþjónn glaðbeittir á Grillinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

*Fyrst er það eftirrétturinn hans Denis:*

## JARÐARBERJA- OG BASIL-DESERT

**1 askja fersk íslensk jarðarber**
**50 ml ylliblómasíróp – fæst í betri matvöruverslunum, Søstrene Grene og IKEA**
**20 g ferskur sítrónusafi**

Skerið jarðarberin í sneiðar, setjið þau í skál og veltið þeim upp úr ylliblómasírópinu og sítrónusafanum.

## BASIL MARENS

**125 g sykur**
**50 g vatn**
**75 g eggjahvítur**
**½ askja af íslensku basil, fínt söxuðu**

Setjið sykurinn og vatnið saman í pott og hitið upp í 121°C. Setjið eggjahvíturnar í hrærivélarskál og þeytið þær á miðlungshraða. Hellið sykursírópinu varlega út í eggjahvíturnar þegar það hefur náð 121°C og aukið jafnframt við hraðann á hrærivélinni. Hrærið þar til blandan hefur kólnað niður, bætið þá saxaða basilinu varlega saman við með sleif. Smyrjið marensdeiginu þunnt á sílikonmottu eða bökunarpappír og þurrkið í ofni á 90°C í um það bil klukkustund.

## BASILOLÍA

**1 hluti góð olía, til dæmis kaldpressuð repjuolía**
**1 hluti íslenskt basil**

Blandið hráefninu saman í blandara þar til fer að rjúka upp úr skálinni. Olían á þá að hafa náð um 70°C. Sigtið síðan olíuna í gegnum síuklút og þá er hún klár.



## JÓGÚRT- OG HVÍT-SÚKKULAÐIÍS

**245 ml mjólk**
**50 g sykur**
**168 g gott hvítt súkkulaði**
**470 g hreint eða grískt jógúrt**
**3 blöð matarlím**

Leggið matarlímið í bleyti í um 10 mínútur. Sjóðið saman mjólk og sykur í litlum potti þar til sykurinn leysist upp. Setjið hvítt súkkulaði í skál og bræðið það yfir vatnsbaði. Bætið síðan matarlíminu saman við sykursírópið og hrærið aðeins í þar til allt matarlímið leysist upp.

Hellið sykursírópinu yfir súkkulaðið og vinnið það saman með sleif eða töfrasprota þar til súkkulaðið nær glansáferð. Hrærið því næst jógúrtinu saman við með písk. Setjið ísinn í kæli í tvo til þrjá tíma áður er hann er frystur.

Ef ísinn er frystur á hefðbundinn hátt er hann settur í stálskál og í frysti. Þá þarf að hræra rösklega í honum með písk á hálftíma fresti, fjórum til fimm sinnum eða oftar. Að því loknu er hægt að setja ísinn í matvinnsluvél og vinna hann aðeins. Þetta er gert til að jafna ískristallana í honum svo að ísinn verði silkimjúkur. Ísinn er síðan settur aftur í frysti. Þeir sem eiga ísvél fara eftir leiðbeiningum framleiðanda.

**Í NORÐURLANDAKEPPNINNI ER ÖLLUM ÚTHLUTAÐ ÁKVEÐNUM AÐALHRÁEFNUM. SVO ERUM VIÐ LEIDD INN Á MARKAÐ OG ÞAR FINNUM VIÐ ALLT MÖGULEGT MEÐLÆTI, VIÐ HÖFUM KLUKKUTÍMA TIL AÐ ÁKVEÐA MATSEÐILINN OG ÚT FRÁ ÞVÍ EIGUM VIÐ AÐ ELDA ÞRIGGJA RÉTTA MATSEÐIL FYRIR 12 MANNS. ÞETTA ER LEYNIKARFA, MAÐUR VEIT EKKI HVAÐ MAÐUR FÆR!**



Danis Grbic, matreiðslumaður

*Svo er það hinn sumarlegi og áfengislausi kokteill vínþjónsins Axels Age Schiöth:*

## ÓÁFENGUR SUMARSPRITZ

**2 stk. ferskt lime**
**10-12 stk. fersk jarðarber**
**5-6 stilkar ferskt fáfnisgras**
**¼ hluti ylliblómaessens**
**¾ hlutar sódavatn**

Sneiðið lime og jarðarber niður og látið liggja með fáfnisgrasinu í ylliblómaessensinum í 1 klukkustund til að taka í sig bragð og lit úr berjunum. Fyllið glösin af klaka og skreytið með jarðarberjunum, limesneiðunum og fáfnisgrasinu. Hellið sírópinu yfir klakann og toppið að lokum með sódavatni og hrærið létt saman.

„Ylliblómaessens fæst í betri matvöruverslunum, meira að segja í IKEA og Søstrene Grene og hlutföllin til blöndunar eru gefin upp á flöskunum,“ segir Axel. „Svo er ekkert mál að skvetta vodka eða ljósu rommi út í þennan drykk fyrir þá sem vilja!“



2 SPORT
HELGIN ER STÚTFULL AF MÖGNUÐUM SPORTVIÐBURÐUM
Premier League
Sunnudagur 7. maí
Arsenal
15:00
Upphitun hefst kl. 14:30
Man. Utd
#ARSMUN
pepsi deildin 2017
SPENNANDI HELGI Í ÍSLENSKA BOLTANUM
Nánar á stod2.is
UMF VÍKINGUR
KR
K.A
FJÖLNIR
BREIÐABLIK
NBA PLAYOFFS
HOUSTON 13
HOUSTON ROCKETS
SAN ANTONIO SPURS
pepsi MÖRKIN
BRANDARAR gátur
SPORTPAKKINN
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
2 SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365


markhönnun ehf
netto
-50%
-32%
KJÖTSEL
BAYONSTEIK FRÁ KJÖTSEL
999 KR KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
DÁDÝRAVÖÐVAR NÝJA SJÁLAND
2.243 KR KG
ÁÐUR: 3.298 KR/KG
REYKT ÝSUFLÖK
BEINLAUS MEÐ ROÐI
2.036 KR KG
ÁÐUR: 2.545 KR/KG
-20%
netto
HEILL KJÚKLINGUR
694 KR KG
ÁÐUR: 798 KR/KG
OSTA GRILLPYLSUR 300 GR.
534 KR PK
ÁÐUR: 593 KR/PK
GOÐI
GRANDIOSA
4X OST
GRANDI
PIZZA
GRANDIO
PEPPERONI
GRANDIOSA
KJØTTDEIG & LØK
NY OG BEDRE!
-30%
FOUR CHEESE 50 5 GR.
489 KR STK
ÁÐUR: 699 KR/STK
PIZZA 575 GR.
489 KR STK
ÁÐUR: 699 KR/STK
PEPPERONI 480 GR.
489 KR STK
ÁÐUR: 699 KR/STK
KJÖTD. & LAUK. 520 GR.
489 KR STK
ÁÐUR: 699 KR/STK
KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR FROSNAR
1.184 KR PK
Tilboðin gilda 4. - 7. maí 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



ANDABRINGUR
FRANSKAR
2.398 KR KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
-20%
LAMBALÆRI
FERSKT
1.199 KR KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG
-25%
-29%
SVÍNASNITSEL
FERSKT MEÐ RASPI
1.490 KR KG
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
-40%
LAMBABÓGSSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
2.099 KR KG
ÁÐUR: 3.498 KR/KG
GOÐI
sistema
STORAGE
Lunch Cube
lunch
-29%
SISTEMA NESTISKUBBUR
ÞRÍSKIPTUR Í LIT/GLÆR 1.4 L
699 KR STK
ÁÐUR: 989 KR/STK
HEAT
BCAA
NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML
MANGO
/PASSION
259 KR STK
STRAWBERRY
/WATERMELON
259 KR STK
Ódýrt
Kex með dökkum hjúp
Matarkex
ÓDÝRT SÚKKULAÐIKEX
2X250 GR.
419 KR PK
ÓDÝRT Í nettó
ÓDÝRT MATARKEX
2X250 GR.
299 KR PK
Góðir
ávaxtadrykkir
Mjólkurkex
ÓDÝRT MJÓLKURKEX
500 GR.
299 KR PK
Trolli
BURGER
GÚMMÍ HAMBORGARAR
FRÁ TROLLI. 50 GR.
199 KR PK
Capri-Sonne
mango & maracuja
Capri-Sonne
MULTI-VITAMIN
Capri-Sonne
Orange & Peach
Capri-Sonne
KIRSCHE & GRANATAPFEL
CAPRI SONNE
ÁVAXTADRYKKUR 330 ML
- 4 TEGUNDIR
159 KR STK
www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

**Saga til næsta bæjar**



# Svindlarinn og fegurðardísin

**Stefán Pálsson** skrifar um bíræfið samsæri.




Í nóvember 1989, líkt og alla aðra mánuði ársins, kom nýtt tölublað af Playboy í hillur brasilískra blaðaturna. Brasilíska útgáfan af þessu kunnasta herrablaði heims er keimlík bandarísku fyrirmyndinni, þar sem myndir af klæðalitlum eða allsnöktum konum eru í aðalhlutverki. Sá er þó munurinn að brasilísku útgefendurnir leggja meira kapp á að fá myndir af þjóðkunnum konum, svo sem sjónvarpsstjörnum eða konum sem frægar eru fyrir söng, leiklist eða íþróttir.

Forsíðustúlka hins fyrrnefnda nóvemberblaðs var 24 ára gamall ritari frá Rio de Janeiro. Hún hét Rosenery Mello do Nascimento og fékk himinháa greiðslu frá blaðinu eða nálega tíu milljónir íslenskra króna að núvirði. Ritstjórinn taldi peningunum þó vel varið, enda var Rosenery Mello um þessar mundir umtalaðasta kona Brasilíu – og um tíma sú hataðasta. Líkt og svo margt annað í brasilísku samfélagi tengdist það fótboltaleik.

Leikurinn sem gerði Rosenery Mello að stórstjörnu og lagði grunninn að fyrirsætuferli hennar og síðar spjallþáttafrægð uns hún lést langt fyrir aldur fram árið 2011, fór fram á Maracana-leikvanginum í Ríó þann 3. september 1989. Gestirnir voru landslið Síle sem öttu kappi við heimamenn í forkeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var á Ítalíu ári síðar.

### Brösótt gengi

Knattspyrnusaga Síle hafði verið hálfgerð eyðimerkurganga allt frá því að landið var í gestgjafahlutverkinu á HM 1962 og hreppti þá bronsverðlaunin öllum að óvörum. Upp frá því hafði liðinu ýmist mistekist að vinna leik í úrslitakeppni HM eða hreinlega þurft að sitja heima á kostnað öflugri nágranna sinna, knattspyrnustórveldanna Brasilíu, Argentínu og Úrúgvæ.

Fátt benti til að breyting yrði á þessu. Í forkeppninni fyrir mótið 1990 lentu Síle og Brasilía saman í þriggja liða riðli, þar sem einungis toppsætið gaf farmiða til Ítalíu. Bæði lið unnu viðureignir sínar gegn Venesúela vandræðalaust og leiknum í Santiago lauk með jafntefli. Leikmenn Síle héldu því til Brasilíu vitandi að ekkert annað en sigur kæmi til greina.

Heimamenn voru í hefndarhug. Á Suður-Ameríkumótinu tveimur árum fyrr höfðu þeir fengið óvæntan 4:0 skell gegn Silemönnum og áttu erfitt með að gleyma þeirri niðurlægingu.

Markahrókurinn Careca frá ítalska liðinu Napólí kom Brasilíumönnum í 1:0 í byrjun seinni hálfleiks og gestirnir áttu í vök að verjast. Áhorfendur kættust og ákögustu stuðningsmennirnir létu flugeldum og púðurkerlingum rigna inn á völlinn.

Á 67. mínútu dundu ósköpin yfir. Einn flugeldurinn virtist hæfa Roberto Rojas, markvörð Síle, sem hneig þegar niður. Leikmenn síleska liðsins þyrptust að og því næst læknar og aðstoðarmenn. Rojas var borinn út af alblóðugur í andliti. Argentínski dómarinn þrábað þjálfara Síle um að senda sína menn aftur út á völlinn en fékk þvert nei. Ekki var annað í stöðunni en að blása leikinn af. Áhorfendur á Maracana voru sem steini lostnir.

### Allt í uppnámi

Ekki þurfti mikið ímyndunarafl til að gera sér í hugarlund hvað gerast myndi næst. Alþjóðaknattspyrnuhreyfingin lagði á þessum árum gríðarlega áherslu á að uppræta skrílslæti áhorfenda á fótboltaleikjum og sýndi þar litla miskunn. Að öllum líkindum myndi viðureignin teljast Brasilíumönnum töpuð, 0:3. Það þýddi að Síle kæmist áfram en Brasilía missti af sæti í úrslitakeppni HM í fyrsta sinn í sögunni. Nú tók við leitin að sökudólginum.

Það tók ekki langa stund að komast að því hver bar ábyrgð á flugeldinum örlagaríka. Margir urðu þó undrandi þegar í ljós kom að syndaselurinn var ekki hin dæmigerða boltabulla, heldur fyrrnefnd Rosenery Mello. Hún var þegar í stað handtekin af lögreglu, á meðan fjölmiðlar kepptust við að búa til æsileg viðurnefni á ungu konuna sem eyðilagði HM-draum þjóðarinnar.

En strax daginn eftir tók málið nýja og óvænta stefnu. Blaðaljósmyndarar framkölluðu filmur sínar og rýndu í myndirnar af atvikinu. Þær leiddu í ljós að flugeldurinn eða blysið sem Rosenery Mello kastaði, hitti alls ekki markvörðinn, heldur lenti um það bil metra til hliðar við hann. Þótt Rojas kynni að hafa brugðið illilega þegar aðskotahluturinn féll til jarðar, gat það engan veginn skýrt alblóðugt andlit hans. Eitthvað annað hlaut að búa að baki.

### Maðkur í mysunni

Næstu dagana kom sannleikurinn í ljós. Roberto Rojas sjálfur eða einhver liðsfélaga hans hlaut að hafa skorið í augabrún markvarðarins til að láta hann virðast stórslasaðan. Rannsókn lækna leiddi sömuleiðis í ljós að sárin í andlitinu voru af völdum einhvers konar eggvopns en ekki vegna sprengingar eða bruna.

> ÞAÐ TÓK EKKI LANGA STUND AÐ KOMAST AÐ ÞVÍ HVER BAR ÁBYRGÐ Á FLUGELDINUM ÖRLAGARÍKA. MARGIR URÐU ÞÓ UNDRANDI ÞEGAR Í LJÓS KOM AÐ SYNDASELURINN VAR EKKI HIN DÆMIGERÐA BOLTABULLA, HELDUR FYRRNEFND ROSENERY MELLO.

Það tók FIFA rétt rúma viku að komast að niðurstöðu í málinu. Rojas markvörður var dæmdur í ævilangt bann frá knattspyrnu, Brasilíu var úrskurðaður 2:0 sigur í leiknum og Síle meinað að taka þátt í forkeppni HM 1994. Þá hlutu nokkrir í þjálfarateymi liðsins vægari refsingar.

Rosenery Mello gat varpað öndinni léttar. Í stað þess að vera skúrkur þjóðarinnar varð hún að einhvers konar hetju og engin kæra var gefin út vegna flugeldakastsins. Í Síle var annað upp á teningnum. Þar var gerður aðsúgur að brasilíska sendiráðinu og margir vildu trúa samsæriskenningum um að málið væri allt uppspuni frá rótum og runnið undan rifjum hins brasilíska forseta FIFA, Joaos Havelange.

Fæstir lögðu trúnað á slíkar kenningar til lengdar, heldur áttaði síleska þjóðin sig á því hvílíkt axarskaft Rojas markvörður hafði gert. Roberto Rojas hafði raunar verið einhver dáðasti leikmaður landsliðsins og gekk undir viðurnefninu „Kondórinn“, sem vísaði væntanlega til þess hvað hann flygi tígulega milli stanganna eins og fugl. Fljótlega snerist viðurnefnið upp í andhverfu sína og til varð sögnin „condoro“, sem vísar til þess að gera sérlega hláleg og klunnaleg mistök. Orðið er enn í dag algengt meðal Sílebúa.

### Ekkert samviskubit

En þótt Rojas hafi þannig með bráðlæti sínu auðgað tungumálið og komist í orðabókina, var honum fljótlega fyrirgefið. Rojas hafði alla tíð verið vel liðinn og virtur, ekki hvað síst vegna óeigingjarns starfs síns í þágu fátækra og fyrir trúrækni og siðprýði. Snemma hófst því barátta fyrir að ævilanga keppnisbannið yrði stytt. Það náðist loks í gegn árið 2001, tólf árum eftir atburðina örlagaríku. Því miður var það of seint til að bjarga ferli markmannsins litríka. Rojas var orðinn 43 ára gamall og náði aðeins að leika einn opinberan knattspyrnuleik til viðbótar, kveðjuleik sílesku landsliðshetjunnar Ivans Zamorano á troðfullum aðalleikvanginum í Santiago.

Aðdáendur Roberto Rojas harma örlög hans. Þeir eru þess fullvissir að ef ekki væri fyrir keppnisbannið hefði Rojas orðið einhver besti og frægasti markvörður Suður-Ameríku og vakið áhuga evrópskra stórliða. Sjálfur hefur Rojas þó hvorki viljað velta sér upp úr því sem hefði getað orðið né sýnt sérstaka iðrun vegna svindlsins.

Að hans sögn var það rökrétt ákvörðun að reyna að færa sér í nyt þegar blysið féll til jarðar rétt við hliðina á honum. Allir í Suður-Ameríku vissu að dómarar og yfirvöld fótboltamála væru sífellt að hygla stóru knattspyrnuþjóðum álfunnar.

„Ef ég hefði verið brasilískur eða argentínskur, hefði engum komið til hugar að dæma mig í ævilangt bann,“ segir Rojas. Hann er nú tæplega sextugur að aldri og hefur um árabil þjáðst af lifrarbólgu. Ólíklegt má því teljast að hann snúi sér aftur að knattspyrnuþjálfun, en nafn hans mun lifa í sögubókum sem misheppnaðasti svindlari í gjörvallri sögu HM í fótbolta.



ego dekor

# TILBOÐSDAGAR

## 10-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



DICE 4RA SÆTA LEÐURSÓFI
Breidd: 303cm
~~Verð: 285.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 256.500,-



SEAL HORNSÓFI
Stærð: 285X196cm
~~Verð: 245.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 220.500,-



ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 272X165cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



FORREST SÓFABORÐ
Stærð: 80X80cm
~~Verð: 39.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 29.250,-



ERIC SKENKUR
Breidd: 170cm
~~Verð: 159.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 143.910,



VANCOUVER BORÐSTOFUBORÐ
Stærð: 180X90cm
~~Verð: 85.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 59.500,-



COE ARMSTÓLL
~~Verð: 118.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 88.500,-



RETRO HLIÐARBORÐ
Stærð: 60x60cm
~~Verð: 29.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 26.910,-



STÓLL 133-2
~~Verð: 15.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 9.540,-



LOUNGE STÓLL
~~Verð: 36.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 28.800,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**



✝

Innilegar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hlýhug og aðstoð við fráfall og útför ástkærs eiginmanns míns og föður,

**Bruno M. Hjaltested**

Borgartúni 30a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við tónlistarfólki og söngvinum Jóhönnu fyrir tónlistarflutning þeirra við útför hans. Drottinn blessi ykkur öll.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**Jóhanna E. Sveinsdóttir**
**Þórður Árni Hjaltested**



✝

Einlægar þakkir fyrir samúð, vinsemd og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Magnúsar Oddssonar**

Bjarkargrund 35, Akranesi.

**Svandís Pétursdóttir**
**Pétur Magnússon** **Ingibjörg E. Ingimarsdóttir**
**Ágúst Logi, Magnús Árni og Svandís Erla.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Hjalta Þórðarsonar**

fyrrverandi bónda að Bjarnastöðum Ölfusi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði fyrir einstaka umönnun.

**Einey Guðríður Þórarinsdóttir**
**Erna Björk Hjaltadóttir** **Steinarr Þór Þórðarson**
**Gunnar Þór Hjaltason**
**Ásta María Hjaltadóttir**
**Þóra Jóhanna Hjaltadóttir** **Lúðvík Björgvinsson**
**Hulda Svandís Hjaltadóttir** **Benedikt Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**„Nýsköpun kostar líka svita og tár en skapandi þátturinn hefur mér þótt skemmtilegastur," segir Katrín.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ræktar tíu tegundir spíra

**Katrín H. Árnason, stofnandi hins fimm ára gamla fyrirtækis Ecospíru, hreppti hvatningarverðlaun garðyrkjunnar frá Landbúnaðarháskóla Íslands á sumardaginn fyrsta.**

Mér þótti mjög vænt um þessa viðurkenningu. Hún er vissulega hvatning til að halda áfram á sömu braut," segir Katrín H. Árnason, viðskipta- og umhverfisfræðingur, um hvatningarverðlaun garðyrkjunnar sem Kristján Þór Júlíusson afhenti henni á sumardaginn fyrsta fyrir hönd Landbúnaðarháskólans.

Katrín stofnaði fyrirtækið Ecospíru árið 2012. Það er eina fyrirtækið sem ræktar lífrænar spírur á markað á Íslandi í dag. „Við framleiðum vikulega um tíu mismunandi tegundir spíra," upplýsir hún og nefnir meðal annars brokkólí-, blaðlauks-, hvítlauks og baunaspírur, auk sólblóma- og baunagrasa og ýmissa tegunda smájurta.

En hvernig hefur gengið að kenna Íslendingum að meta spírur? „Það hefur gengið vonum framar. Meðal annars hafa matreiðslumenn mötuneyta verið tryggir viðskiptavinir og hafa boðið upp á spírur daglega í mötuneytum sínum. Eins hefur Áslaug Snorradóttir, matarhönnuður og ljósmyndari, átt ríkulegan þátt í að finna spírum farveg með alls konar mat og með því að fanga þær á mynd, hér má ég til með að nefna súkkulaðisleikjó með blaðlauksspírum sem er bara ótrúlega góður!

> **Svo eru Íslendingar opnir fyrir nýjungum og meðvitaðir um heilsuna, ég tel það hafa hjálpað mikið.**

Svo eru Íslendingar opnir fyrir nýjungum og meðvitaðir um heilsuna, ég tel það hafa hjálpað mikið."

Spíruræktunina kveðst Katrín hafa lært í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Hún er með þrjá starfsmenn í framleiðslunni, auk hennar sjálfrar. „Ég hef verið í meira en fullri vinnu við að byggja upp fyrirtækið síðustu fimm ár og sé ekki að það sé að breytast í bráð. En Ecospíra er sjálfbær í dag og á góðri siglingu. Ég sé mikla möguleika í vöruþróun, meðal annars með þurrkun spíraðra fræja og korns og tel spennandi tíma fram undan."

Spurð hvort alltaf sé gaman í vinnunni kemur smá hik á Katrínu. „Ég neita því ekki að þetta hefur ekki bara verið gleði og gaman. Nýsköpun kostar líka svita og tár en skapandi þátturinn hefur mér þótt skemmtilegastur. Svo eru engir tveir vinnudagar eins."

**gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gíslínu Ernu Einarsdóttur**

Flétturima 6, Reykjavík.

**Ragnar G. Gunnarsson** **Guðríður Sigurjónsdóttir**
**Eiríkur Gunnarsson** **Bára Jensdóttir**
**Már Gunnarsson** **Erna Sigurðardóttir**
**Einar Gunnarsson** **Matthildur Sigurðardóttir**
**Sveinn Gunnarsson** **Jóna Birna Guðmannsdóttir**
**Aldís Gunnarsdóttir** **Hafsteinn Örn Guðmundsson**
**Hulda Gunnarsdóttir**
**Örn Gunnarsson** **Sólveig Franklínsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hallur Bjarnason**

málarameistari, Jörundarholti 20a, Akranesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, föstudaginn 28. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 10. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

**Guðrún J. Vilhjálmsdóttir**
**Jón Þór Hallsson** **Ástríður Ástbjartsdóttir**
**Jóhanna Hugrún Hallsdóttir** **Sturlaugur Sturlaugsson**
**Bjarnheiður Hallsdóttir** **Tómas F. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ALLT FYRIR GRILLVEISLUNA
KJARNAFÆÐI
ARGENTÍNU
LAMBALÆRISSNEIÐAR
2799 KR. KG.
KJARNAFÆÐI
NEW YORK
FRAMPARTSSNEIÐAR
1499 KR. KG.
ÍSLAND
LAMBA PRIME
3599 KR. KG.
ICELAND
ER MEÐ ALLT
Á GRILLIÐ
ALI
HUNANGS
KÓTILETTUR
2099 KR. KG.
FJALLALAMB
LÆRISSNEIÐAR
2999 KR. KG.
KJARNAFÆÐI
SIRLOIN
LAMBALÆRISSNEIÐAR
1899 KR. KG.
ORA
GRILLSÓSUR
VERÐ FRÁ
399 KR. STK.
170g
NONNI LITLI
GRILLSÓSUR
VERÐ FRÁ
299 KR. STK.
225ml
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Kjartan Geir Karlsson**

skipstjóri, Súðavík,

lést sunnudaginn 30. apríl. Jarðarför fer fram frá Súðavíkurkirkju laugardaginn 13. maí kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn,
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Helgi Hálfdanarson**

Heiðarbrún 16, Hveragerði,

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi mánudaginn 1. maí. Útför hans verður gerð frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 13. maí kl. 14.00.

**Jóna Einarsdóttir**
**Inga Jónsdóttir** **Þorgils Baldursson**
**Hálfdan Jónsson** **Astrid Wormdal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Marinó Finnbogason**

frá Hóli í Bakkadal,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 2. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 12. maí kl. 13.

**Jóna S. Guðmundsdóttir**
**Alda Björk Marinósdóttir** **Trausti Hauksson**
**Guðmundur Marinósson** **Guðbjörg Anna Magnúsdóttir**
**Finnbogi Sigurður Marinósson** **Kerstin Marinósson**
**Guðrún Björk Marinósdóttir** **Vigfús Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Guðrúnar Ágústu Lárusdóttur**

Vesturbergi 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir einstakan stuðning, hlýju og fagmennsku.

**Marinus Schmitz**
**Lárus S. Marinusson** **Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Marinusson** **Irma Schortinghuis**
**Viktoría Marinusdóttir** **Gísli Már Finnsson**
**Einar Daði, Guðný Helga og Elías Hlynur**
**Jurjen Sindri og Arnar Smári**
**Viktor Smári og Lovísa Kristín**



Ástkær eiginmaður minn
og faðir okkar,

**Gunnar Gunnarsson**

Vatnsstíg 15,

lést laugardaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 11. maí klukkan 15.00.

**Chandrika Gunnarsson**
**Ísarr Nikulás og Jóhanna Preethi Gunnarsbörn**



Okkar ástkæra móðir, amma og systir,

**Erna Svavarsdóttir**

frá Blönduósi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold að kvöldi 29. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þóra Stefánsdóttir, Kolbrún Erna Ingadóttir,
Bergvin Logi Ingason, Agnes Svavarsdóttir**

# Haldið upp á 150 ára afmæli í Skagafirðinum

**Sögufélag Skagfirðinga fagnar 80 ára afmæli á morgun og Héraðsskjalasafnið sjötugsafmæli. Málþing verður í Miðgarði af þessu tilefni og mætir forsetinn meðal annarra.**



Hjalti Pálsson er formaður Sögufélags Skagfirðinga.

Skagfirsk fræði í nútíð og fortíð verður umfjöllunarefni málþings í Miðgarði í Varmahlíð á morgun. Það er haldið í tilefni 80 ára afmælis Sögufélags Skagfirðinga og 70 ára afmælis Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Guðni Th. Jóhannesson forseti verður meðal gesta, og ætlar að flytja ávarp enda sagnfræðingur að mennt.

„Sögufélaginu og Héraðsskjalasafninu hefur hvoru tveggja verið sinnt vel í gegnum tíðina og eru þar af leiðandi öflugar stofnanir,“ segir Hjalti Pálsson, formaður Sögufélagsins, þegar hann er beðinn um að líta um öxl. Segir hafa verið gefin út á bilinu 90 til 100 rit á þessum tíma og mikið og gott samstarf hafi verið milli sögufélagsins og safnsins. „Þetta eru öflugustu menningarstofnanir sveitarfélagsins á sína vísu,“ fullyrðir hann.

Hjalti segir Sögufélag Skagfirðinga elsta héraðssögufélag landsins. Það hafi starfað óslitið síðan það var stofnað 1937 og gefið út yfir 90 rit um sögu Skagafjarðar. Félagsmenn séu nú um 750 talsins.

Bæði Sögufélagið og Héraðsskjalasafnið standa í stórræðum á þessum tímamótum því þeirra umfangsmesta verkefni er í fullum gangi. Það er útgáfa Byggðasögu Skagafjarðar sem mun fylla tíu bindi í stóru broti. „Það verk hefur þegar verið tuttugu og eitt ár í framkvæmd af tuttugu og fimm sem áætluð voru,“ segir Hjalti og upplýsir að í haust komi áttunda bindið út.

Í ritunum er farið yfir allar bújarðir í Skagafirði, sem eru yfir sex hundruð talsins. „Byggðasagan er hugsuð sem handbók og yfirlitsrit yfir allar jarðir í Skagafirði og hefur nú þegar komið að miklum notum, meðal annars við skipulagningu, til dæmis með tilliti til ferðaþjónustu,“ segir hann og er ekki í vafa um að útgáfan sé einstök á landsvísu.

Afmælishaldið ber upp á lokadag Sæluviku Skagfirðinga 2017 sem er ein elsta menningarhátíð landsins að sögn Hjalta. „Saga hennar nær allt aftur til ársins 1874 þegar svonefndar sýslunefndarvikur hófu göngu sína.“

**gun@frettabladid.is**

## Auk ávarps forsetans verða eftirfarandi erindi og fyrirlestrar á dagskránni:

- Guðný Zoëga: Byggðasagan ofan jarðar og neðan – vitnisburður fornleifafræðinnar.
- Harpa Björnsdóttir: Bóndi í klammerii. Um fangavist Sölva Helgasonar í Danmörku.
- Unnar Ingvarsson: Bærinn sem varð að þorpi. Sauðárkrókur í sókn og vörn um aldamótin 1900.
- Viðar Hreinsson: Jón lærði í vísindavagninum. Samskipti Jóns lærða við Hólamenn.
- Auk þess munu Ásta Pálmadóttir, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Hjalti Pálsson, formaður Sögufélagsins, og Sólborg Una Pálsdóttir héraðsskjalavörður taka til máls.
- Sölvi Sveinsson stýrir málþinginu.

# Riðið til kirkju

Hin árlega kirkjureið hestafólks á öllum aldri af höfuðborgarsvæðinu verður á morgun til Seljakirkju. Lagt verður af stað úr hesthúsahverfunum klukkan 12.30. Messan hefst klukkan 14. Séra Valgeir Ástráðsson predikar og Brokkkórinn syngur undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar. Að messu lokinni verður kaffi í safnaðarheimilinu og meðan á þessari stund stendur verða hestarnir í gæslu.





Elskulegur eiginmaður minn,

**Sigurður Hannes Oddsson**

rafmagnstæknifræðingur,
Hringbraut 2a,

lést á Landspítalanum 4. maí.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Hrafnhildur Lúthersdóttir**



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ármanns Ármannssonar**

skipstjóra og útgerðarmanns.

**Lára Friðbertsdóttir og fjölskylda**

# KJARAKAUP



74

**VW Golf GTI**
2.0 TSI 220hö

2013 ~~3.840.000~~ KR

Afsláttur 400.000 KR

KJARAKAUP **3.440.000** KR



40

**Audi A4 Avant**
2.0 TDI

2013 ~~3.890.000~~ KR

Afsláttur 600.000 KR

KJARAKAUP **3.290.000** KR



40

4x4

**Skoda Superb 4x4 Ambiente**
2.0 TDI AT

2015 ~~4.620.000~~ KR

Afsláttur 400.000 KR

KJARAKAUP **4.220.000** KR



83

**Mitsubishi Pajero Instyle**
3.2 DID

2015 ~~6.990.000~~ KR

Afsláttur 570.000 KR

KJARAKAUP **6.420.000** KR

- Raf / Bensín
- Ekinn þús. km. (30)
- Myndir á vef
- Dísil
- Fjórhjóladrif (4x4)
- Metan & bensín (ECO)
- Sjálfskiptur
- Beinskiptur
- Rafmagnsbíll

## Nú er tækifærið.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



142

**Mitsubishi Outlander Instyle**
7 manna 2.2 DID

2014 ~~4.150.000~~ KR

Afsláttur 700.000 KR

KJARAKAUP **3.450.000** KR



86

**VW Golf Highline**
1.4 TSI

2013 ~~2.790.000~~ KR

Afsláttur 400.000 KR

KJARAKAUP **2.370.000** KR



94

**Skoda Fabia Combi Ambition**
1.2 TSI

2012 ~~1.690.000~~ KR

Afsláttur 400.000 KR

KJARAKAUP **1.290.000** KR



93

ECO

**VW Passat Highline**
1.4 ECOFUEL

2014 ~~2.990.000~~ KR

Afsláttur 640.000 KR

KJARAKAUP **2.350.000** KR



71

**Toyota Auris Terra**
1.3

2013 ~~2.090.000~~ KR

Afsláttur 300.000 KR

KJARAKAUP **1.690.000** KR



38

4x4

**Honda CR-V Lifestyle**
2.0

2013 ~~4.350.000~~ KR

Afsláttur 400.000 KR

KJARAKAUP **3.950.000** KR



79

**Mazda 3 Advance**
1.6 Dísel

2013 ~~2.250.000~~ KR

Afsláttur 460.000 KR

KJARAKAUP **1.790.000** KR

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

**LÁRÉTT**
**1** Heyra má hljóðstafi steinsins (14)
**10** Stanslausar grillur og órar um ofn (7)
**11** Nafn læknisdóms er einsog það hafi verið skrifað með óæðri endanum (6)
**13** Skyndileg minnkun á úthaldi kallar á málfræðihugtak (7)
**14** Segjum bless við bjána með viðeigandi veifum (10)
**15** Rit um afturgöngu fastakúnna eru mín (10)
**16** Drap gaur til að sauma skip (9)
**17** Bjarg eftir óreiðu er sem þrítugur hamar (12)
**20** Vil að fólk takmarki notkun betri höfuðfata (10)
**25** Þetta reif var mikið fjör en samt sjokk (7)
**26** Borðaðir himneskt fæði meðal sjafna (8)
**27** Um hann flækist og alltaf að baula (7)
**31** Skaði skeldýrs er illkynja andskoti (9)
**32** Stuttur góðviðriskafli orsakar skyndisótt (8)
**33** Og doktorinn kýs slakandi veiðar (4)
**34** Dregnar niður, enda guggnar mjög (10)
**35** Aðspurð keyrir hún þangað sem hún lærir allt (8)
**36** Enn fer ég til endans, bakendans (13)
**40** Legbarn mun setja allt í uppnám (7)
**44** Læknakar flækist í krókana (8)
**45** Tel stjórnarandstæðinga mótþróagjarnt varnarlið (13)
**46** Við róum þá sem við smánum og sundrum (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Skjöldur Ugga, Hörpu og fjölskyldu þeirra (9)
**2** Hörfa fyrst vegna fyrirboða (9)
**3** Kenna sjávarmistrinu um allt (9)
**4** Kind fjármuna og fjölgunar mannkyns (9)
**5** Draga upp mynd af friði í sinni stofnskrá (8)
**6** Komum stjörnu á snúruna með geymsluþolnum ávöxtum (12)
**7** Hlunkur í goluþyt staðinn að söguburði (12)
**8** Klára síðustu lykkjuna (11)
**9** Leita að hreindýramosa í þursagróðri (11)
**12** Sjósalta þá sem heimskastir eru í ruglinu (8)
**18** Mestan tíma tekur að þvogla um Matvælastofnun (9)
**19** Kerfisrif sækja bein úr sjó (9)
**21** Hinar örsmáu kvalir eru verstar (9)
**22** Langt hungurverkfallið gerir hann örkumla (9)
**23** Svona handþvottur er algjört klúður (9)
**24** Þessi kengruglaða rotta rak ökumenn vinnuvéla (8)
**28** Á við vísindi um orsakir og eðli krankleika (10)
**29** Lærisveinn les rit um fiðraðan nafna sinn (10)
**30** Er ritið í 29 kannski helgað píslardauðum postulanum? (10)
**37** Af raflit og öðru litasulli (5)
**38** Þarf maður leyfi til að halda utan um annarra manna partí? (5)
**39** Arkaði æ sem eðla (5)
**40** Svolítill skellur að þú skulir stunda þessa íþrótt (4)
**41** Langamma er flestum skruddum frægari (4)
**42** Á annan tug manna leystu þessa þraut (4)
**43** Smáræði fyrir aðra ruglukolla (4)





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt upp birtist mubla sem þarf að vera til á öllum betri (krossgátu)heimilum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „22. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var
**SILFURSKEIÐ**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Andartak eilífðar** eftir **Paul Kalanithi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Svanhildur Hermannsdóttir, Akureyri.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák
Gunnar Björnsson

Indverska stúlkan Ramesh Babu Vaishali (2.259) átti leik gegn stórmeistaranum Eugene Perelshteyn (2.509) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.
**Hvítur á leik**
**40. Rxe5! Hxg4** (40.... dxe5 41. Hh3#). **41. Rxg4+** og sú indverska vann skákina nokkuð örugglega. Vaishali er systir Pragganandhaa sem sló í gegn á mótinu. Systirin er einnig afar efnileg.
**www.skak.is:** Landsmótið í gangi.



## Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

### MIKIL SAMLEGA

Sum spil eru með fjörugri skiptingu en önnur og þegar samlega er mikil, standa oft stórir samningar á tiltölulega fáa punkta. Eitt slíkt spil leit dagsins ljós í þriðju umferð úrslita Íslandsmótsins í sveitakeppni. Spilið var spilað á 12 borðum. Í spili 7 áttu AV mikla samlegu í hjartalitnum enda var lokasamningurinn í þeim lit á öllum borðum nema einu (5 tíglar doblaðir í NS), frá 4 og upp í 6 hjörtu. Svo sérkennilega vildi til að það stóðu 6 hjörtu í AV þó að punktar þeirra væru aðeins 17. Toppinn í AV fengu þeir sem spiluðu 6 hjörtu dobluð og stóðu þau með yfirslag þegar þeir hittu í hjartað (1-1 lega). Þeir voru þvingaðir til að finna laufleguna og hentu 5 spöðum í frían lauflit. Suður var gjafari og allir á hættu í þessu spili:

**Norður**
♠ ÁD96
♥ K
♦ ÁDG86
♣ D102

**Vestur**
♠ 87
♥ Á9876
♦ -
♣ ÁKG975

**Austur**
♠ K10543
♥ D106432
♦ 102
♣ -

**Suður**
♠ G2
♥ G
♦ K97543
♣ 8643

Þrír létu sér nægja að spila 4 ♥. Sex sögðu sig upp í 5 ♥ og var sá samningur doblaður í 4 tilfellum. Tveir AV-spilaranna sögðu sig alla leið upp í 6 ♥ og var sá samningur bara doblaður í öðru tilfellinu. Allir sagnhafar fengu 13 slagi í hjartasamning, nema í því tilfelli þegar 6 hjörtu voru spiluð ódobluð. Þá tók vörnin einn slag á spaðaás. Að spila geimsamning í hjarta ódoblaðan og standa sjö (710) gaf stóra mínustölu í þessu tilfelli (74 stig). Fyrir að standa 6 hjörtu dobluð með yfirslag fengust 147 stig í plús.


MERKJAVÖRU
MARKAÐUR
LOKADAGAR
HELGINA 6. & 7. MAÍ
ÓTRÚLEGT ÚRVAL
AF MERKJAVÖRU
VERÐ FRÁ
100 - 13.000 kr
Toppskórinn
Smáratorgi
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-18.00
Sunnudaga 12.00-18.00

## ALLAR VIFTUR

30%

BORÐVIFTA 40cm
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.495

GÓLFVIFTA 40cm
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 4.195

**VERÐ FRÁ 2.495**

BORÐVIFTA Hvít / Bleik
BORÐVIFTA Hvít / Blá
VERÐ ÁÐUR... 3.495
TILBOÐ ......... 2.495

BORÐVIFTA 30cm
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.495

## SOUS VIDE TÆKI



*Fyrir nákvæmari eldun*

Melissa Sous Vide hitajafnari

VERÐ ÁÐUR...17.995
TILBOÐ .........14.995

20%

**GUFUSLÉTTIR**
**ALGJÖR SNILLD**
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM

VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.795

**ÍSLENSKA**
PÖNNNUKÖKU
**PANNAN**

20%

„Eins og amma á"

VERÐ ÁÐUR... 10.995
TILBOÐ ...........8.795

# KRINGLUKAST

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

ALLIGATOR
**GRÆNMETISSKERI**
22%
3 gerðir
VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOÐ ......... 6.995

ALLIGATOR
**GRÆNMETISSKERI**
20%
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.995

25%
ROASTER POTTUR
MIÐSTÆRÐ 509
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 4.495

SEVERIN
**VÖFFLUJÁRN**
40%
Ekta belgískar vöfflur!
VERÐ ÁÐUR...8.995
TILBOÐ .........5.495




**Tefal** *TALENT POTTAR OG PÖNNUR*




• *Titanium húð* • *Engin skaðleg efni*
• *Virkar á allar hellur - einnig Span*

## PHILIPS
SJÁLFVIRK KAFFIVÉL



ÞÚ SPARAR 20.000

Með CoffeeSwitch

VERÐ ÁÐUR... 109.995
TILBOÐ ...........89.995

## GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ



GASGRILL - 2 BRENNARA
VERÐ ÁÐUR...79.995
TILBOÐ .........59.995

GASGRILL - 3 BRENNARA
VERÐ ÁÐUR...109.995
TILBOÐ ...........94.995

GASGRILL - 4 BRENNARA
VERÐ ÁÐUR...139.995
TILBOÐ .........119.995

Char-Broil

**Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!**

## RYKSUGUVÉLMENNI



30%

ÞÚ SPARAR 15.000

HREIN SNILLD!

iRobot

**Roomba 605**
iAdapt gervigreind. Dirt detect skynjari. Þrífur öll gólfefni. Xlife rafhlaða. Fallskynjari.

VERÐ ÁÐUR... 49.995
TILBOÐ ......... 34.995

**Roomba 865**
iAdapt gervigreind. Tímastillir. Dirt detect2. AeroForce. Þrífur öll gólfefni. Dual Mode sýndarveggur. Xlife rafhlaða. Fallskynjari.



VERÐ ÁÐUR... 89.995
TILBOÐ ......... 74.995



MEDISANA® HEILSUVÖRUR
made for Life
25%
SNYRTISPEGILL
2 IN1
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.495
LOFTHREINSITÆKI AIR
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........7.495
HÚÐRASPUR
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.995
YOGA MOTTA
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.995
KITCHENAID
BLANDARI
CLASSIC
28%
VERÐ ÁÐUR...34.995
TILBOÐ .........24.995
PHILIPS
DAGSLJÓSA
VEKJARI
20%
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ .........10.395
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
PHILIPS
MATVINNSLUVÉL
650W
20%
VERÐ ÁÐUR...10.995
TILBOÐ ...........8.795
EVA TRIO
SÓSUPOTTUR
33%
VERÐ ÁÐUR....14.995
TILBOÐ ............9.995
OBH
SMOOTHIE
TWISTER
25%
2 glös fylgja! BPA frítt.
VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ .........5.995
OBH KAFFIVÉL
GRAVITY
Sýður vatnið
20%
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........15.995
HÁGÆÐA RYKSUGUR
PHILIPS
PowerLife Eco Range
Philips 8322
• 3in1 TriActive+ ryksuguhaus
• CleanAir filter sem má þvo
• Orkunotkun B
• Hljóðstyrkur B - 84dB
Performer
Philips FC8373
• 3in1 TriActive ryksuguhaus
• AirflowMax - aukið sog
• Orkunotkun A
• Hljóðstyrkur - 79dB
23%
20%
VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOÐ ......... 12.995
VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOÐ ......... 15.995
KAI PURE
KOMACHI2
20%
3STK HNÍFASETT
VERÐ ÁÐUR... 11.985
TILBOÐ ........... 9.495
PHILIPS
Senseo
KAUPAUKI
Veglegur kaupauki sem inniheldur 2 Senseo glös og 8 gerðir af Senseo kaffi að verðmæti 5.250 kr. fylgir!
VERÐ
13.995
ÖRBYLGJUOFNAR
25%
DANTAX M23LEG
• 800W örbylgja
• 1000W grill
• 23 lítrar
• 5 hitastillingar
• Afþýðing
• 27 sm diskur
FULLT VERÐ... 15.995
TILBOÐSVERÐ 11.995
25%
DAEWOO KOR6607S
• 700w örbylgjuofn
• 20 lítrar
• 7 stillingar
FULLT VERÐ... 9.995
TILBOÐSVERÐ 7.495
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Allt að 42% minni fita
Losanlegar plötur sem mega fara í uppþvottavél
Russell Hobbs
40%
COMPACT 38sm² grillflötur
FULLT VERÐ.....13.995
KRINGLUKAST ...8.395
FAMILY 51sm² grillflötur
FULLT VERÐ.......16.995
KRINGLUKAST .....9.995
ENTERTAINING 64sm² grillflötur
FULLT VERÐ.......18.995
KRINGLUKAST ...11.495

## Konráð og félagar á ferð og flugi 248

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur svo mikið á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Eins og ævinlega,“ sagði Kata.

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Brandarar

Mamma: Hvað er að sjá þig?
Ásta: Ég datt í drullupoll.
Mamma: Í þessum fínu fötum?
Ásta: Já, ég hafði ekki tíma til að fara úr þeim.

Kári: Veistu hvað er með fjörutíu fætur og syngur?
Stebbi: Nei.
Kári: Tuttugu manna kór.

Kennarinn: Nefndu mér tíu afrísk dýr.
Gummi: Níu gíraffar og einn fíll.

Unnur: Hugsaðu þér, mamma, kennarinn minn hefur aldrei séð hest.
Mamma: Hvernig veistu það?
Unnur: Ég teiknaði hest í skólanum í dag og hann vissi ekki hvaða dýr það var.

Þegar amma átti hundrað ára afmæli komu margir að heimsækja hana. Meðal þeirra var blaðamaður sem spurði hana spjörunum úr. Ömmu þóttu spurningarnar fávíslegar og svaraði snubbótt. Loks spurði blaðamaðurinn: „Og hverju þakkarðu það að þú ert orðin hundrað ára?“ „O, ætli það sé ekki fyrst og fremst því að ég fæddist fyrir hundrað árum,“ svaraði sú gamla.

Einn af skátunum mætti á fund með glóðarauga.
Hvernig fékkstu þetta glóðarauga? spurði flokksforinginn.
Ég hjálpaði gamalli konu yfir götuna.
Og fékkstu glóðarauga af því?
Já, hún vildi ekki fara yfir.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér



Matthías á Biskupi og Óli Björn á Hamfara. MYND/EDDA RÚN

# Við höfum alveg hleypt á stökk

**Matthías Sigurðsson og Óli Björn Ævarsson eru bestu vinir og upprennandi knapar. Þeir keppa oft á mótum og gengur vel.**

Matthías Sigurðsson og Óli Björn Ævarsson eru báðir tíu ára og bekkjarfélagar í Selásskóla. Þeir halda mikið til í Víðidalnum í frístundum hjá hestunum sínum, gefa þeim, moka undan þeim og skreppa á þeim í útreiðar. Hvað skyldi vera langt síðan þeir fengu áhuga á hestum?

**Matthías:** Ég hef haft hann frá því ég man eftir mér. Pabbi og mamma eru á kafi í hestum og mamma er með reiðskóla.

**Smitaði Matthías þig? Óli Björn:** Það má segja það. En ég var alltaf mikið á hestbaki á sumrin hjá mömmu og ömmu og afa í Hvammi í Landsveit. Svo smitaði reiðskólinn mig eitthvað. Ég er líka í klúbb sem heitir Fákar og fjör og við fáum kennslu þar.

Matthías á eigin hest og Óli Björn á hest með öðrum. Hvað skyldu þeir heita og hvernig eru þeir?

**Matthías:** Minn heitir Biskup frá Sigmundarstöðum. Hann er 16 vetra stóðhestur, rauðblesóttur. Mjög góður hestur. Ég hef keppt á honum sex sinnum og vann minn flokk á honum síðasta laugardag.

**Óli Björn:** Minn heitir Hamfari frá Hvammi. Hann er fjórtán vetra, rauðblesóttur og hefur allan gang.

**Farið þið stundum í kapp á hestunum? Matthías:** Ekki ennþá en það hlýtur að koma að því. Við höfum alveg hleypt á stökk. Það er rosa gaman.

**Hafið þið aldrei orðið hræddir á hestbaki? Matthías:** Jú, ég datt einu sinni af baki og missti kjarkinn. Það tók smá tíma að ná honum aftur og á síðasta landsmóti var ég ekki orðinn alveg nógu öruggur. En það er allt komið í lag aftur. Ég sagði oft við sjálfan mig: Ég get, skal og ætla.

**En Óli Björn, hefur þú dottið af baki?** Já, nokkrum sinnum en það var aldrei neitt vont. Ég hef bara dottið beint á jörðina og farið aftur á bak.

**En hafið þið einhvern tíma lent ofan í keldu eða skurð? Matthías:** Já, ég sökk næstum í skítahaug og var kominn alveg upp að maga. Þá kom frændi minn og hjálpaði mér upp. Það var sko klaki yfir haugnum og ég hélt hann væri þykkur en svo brotnaði hann. Ég var líka einu sinni að hoppa yfir skurð og hoppaði á gaddavír og er með ör framan í mér.

**Óli Björn:** Ég var með honum þegar hann hoppaði á gaddavírinn. Það var nú frekar hlægilegt.

SAGAN AF BARNINU SEM HVARF EFTIR ELENU FERRANTE

# „MEISTARAVERK!“

TIME




Bækur sem farið hafa sannkallaða sigurför um heiminn.

Fjórða og síðasta bókin í Napólí-bálki Elenu Ferrante er komin í verslanir!

*„Napólí-sögurnar eru hreint snilldarverk.“*
Los Angeles Times

*„Ein blæbrigðaríkasta lýsing á vináttu tveggja kvenna sem ég hef nokkurn tíma lesið.“*
Vogue

BJARTUR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag er spáð hægum norðanvindi og að dragi heldur fyrir sól norðan- og austanlands og kólni þar. Áfram ætti að vera sóríkt og hlýtt fyrir sunnan og vestan.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 22° | Stokkhólmur 13° | Gautaborg 22° | Helsinki 12° | Þórshöfn 7° | Nuuk 4° |
| London 15° | Amsterdam 14° | París 15° | Berlín 16° | Madríd 18° | Brussel 18° | Róm 23° |
| Boston 15° | New York 15° | Orlando 16° | Moskva 16° | Singapúr 27° | Tókýó 20° | Sydney 16° |











## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↗3 | 6° →3 | 7° →6 | 6° ↖5 | 7° ←14 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° →3 | 6° ↗12 | 6° ↗11 | 2° ↙12 | -0° ↙20 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° →4 | 9° →9 | 8° →9 | 6° ↖10 | 2° ←13 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↑4 | 12° ↘4 | 8° ↘6 | 5° ←8 | 3° ←14 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↖2 | 11° ↘9 | 11° ↘9 | 5° ←11 | 4° ←13 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Stofnaður 1952
farsæl starfsemi í 65 ár



Skólaárið 2017–2018

# Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi





Myndirnar eru teknar á sýningum skólans
Ljósmyndari: Steve Lorenz og Valgarður Gíslason

## Listdansskóli Íslands

Inntökupróf fara fram laugardaginn 13. maí 2017
Rafræn skráning á www.listdans.is

Grunndeild, árgangar 2006–2008 klukkan 11:30. Árgangur 2005 og eldri fá boð í prufutíma

Framhaldsdeild, árgangur 2001 og eldri koma í inntökupróf klukkan 13:30

Tekið verður inná bæði nútíma listdansbraut og klassíska listdansbraut

Nám við Listdansskóla Íslands er góður undirbúningur fyrir atvinnumennsku og/eða frekara nám. Nemendur hafa fengið inngöngu í virta dansskóla og keppt erlendis fyrir Íslands hönd.

Staður
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar
www.listdans.is
588 91 88

# Að mennta, skamma og skemmta á leiksviðinu

**Magnús Þór Þorbergsson varði í vikunni doktorsritgerð um tengslin á milli sjálfsmyndar þjóðarinnar og upphafsára leikhúss á Íslandi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Magnús Þór Þorbergsson fyrir framan Iðnó sem var lengi vel heimili Leikfélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Já, ég er að velta upp spurningum um hvernig leikhúsið endurspeglar og tekur þátt í að móta sjálfsmynd þjóðar," segir Magnús Þór Þorbergsson, bókmennta- og leikhúsfræðingur, sem í vikunni varði doktorsritgerð sína við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands: Leiksvið þjóðar: Þjóð, stétt, sjálfsmynd og mótun leiklistarvettvangs á Íslandi 1850-1930. Magnús Þór segir að tímabilið taki mið af því þegar fyrstu opinberu leiksýningarnar hafi átt sér stað á Íslandi um 1850 og fram til 1930 þegar byggingu Þjóðleikhússins var frestað. „Aðalfókusinn er á þriðja áratuginn og þá einkum árin eftir að Alþingi ákveður að byggja Þjóðleikhús þar til sá draumur er settur á bið af völdum kreppunnar þegar byggingarsjóðurinn tæmdist."

**Kvöldfjelagið og Gúttó**

Magnús Þór segir að á þessum upphafsárum frá 1850 til 1890 hafi leikhúslífið mest samanstaðið af ómótuðum hópum. „Það var engin föst starfsemi en það sem ég er að skoða er mikilvægi leikhússins fyrir hugmyndina um menningarlega sjálfsmynd og í að sviðssetja hvað það er að vera Íslendingur. Maður sér þetta t.d. í verkum eins og Útilegumönnunum eða Nýársnóttinni og fleirum sem einkennast af menningarlegri þjóðernishyggju. Svo skoða ég einnig hversu mikilvægt leikhúsið var í að búa til borgaralega menningu í Reykjavík.

Fyrstu áratugina voru þetta sýningar sem voru á vegum skólapilta og nemenda í Prestaskólanum en svo voru líka menningarforkólfar í bæjarfélaginu sem stóðu að baki leiksýningum félaga á borð við Kvöldfjelagið. Það var svona leynifélag menningarlegra þjóðernissinna á milli 1860 og 1874. Það var nokkur stór hópur sem stóð að baki Kvöldfjelaginu en svo koma líka inn borgaraleg félög eins og Góðtemplarahreyfingin og fleiri sem settu sitt mark á leiklistarsöguna. En þegar við erum komin fram yfir 1890 þá erum við að sjá svolítið af hópum verða til á borð við Gúttó og Breiðfjörðsleikhúsið."

**Skamma og skemmta**

Magnús Þór segir að grundvallarhugmyndin á seinni hluta nítjándu aldar hafi verið sú að leikhúsið gæti menntað þjóðina. „Að þetta sé tækifæri fyrir þjóðina til þess að koma saman, horfa á eigin sögur og sjá sjálfa sig á sviðinu. Að upplifa sig líka sem þjóð í salnum og finna fyrir sér sem samfélagi að horfa á eigin sögur. Þar kemur upp þessi hugmynd um menntun bæði þjóðar og einstaklinga í gegnum leikhúsið. Sigurður Guðmundsson málari t.d. hélt ræðu á fundi hjá Kvöldfjelaginu þar sem hann talaði um að á sviðinu væri hægt að mennta almenning og efla þjóðerniskenndina. Tilfinningu fyrir þjóðinni og vitund hennar fyrir sögunni. Að þetta væri allt hægt að kenna á sviðinu."

Í ritgerð sinni rekur Magnús Þór svo hvernig áherslan breytist svo úr því að mennta yfir í að siðvæða. „Við sjáum að eftir aldamótin verður mjög algengt að áhorfendur séu skammaðir fyrir að kunna sig ekki í leikhúsi. Kunna ekki að haga sér og vera alltaf á einhverju rápi eða að tala og hlæja á vitlausum stöðum. Fólk var þá bæði skammað fyrir hegðun sína og líka fyrir að hafa ekki smekk. Þar sést greinarmunur á þeim menntuðu og ómenntuðu. Menntaða siðfágaða borgarastéttin er að verða sterk og tekur að sér að kenna öðrum hvernig þeir eiga að haga sér og nota leikhúsið óspart til þess.

Það breytist þó hversu vel það er samþykkt að skemmta. Það er smá togstreita þarna undir lok nítjándu aldar, hvort það eigi að gera leikhús til þess að mennta og betrumbæta samfélagið eða bara til þess að skemmta. Hrein innantóm skemmtun var ekki vel séð. Það var einmitt það sem fólst í því að skamma fólk fyrir að hafa ekki smekk og að vera að eltast við að sjá einhvern vitleysisgang á leiksviði. En þetta breytist með áhugaverðum hætti eftir fullveldið 1918 og á þriðja áratugnum. Þá kemur inn ný tegund af gamanleikjum, svona borgaralegir svefnherbergisfarsar eins og við þekkjum þá í dag með misskilningi og hurðarskellum. Þá er allt í einu skemmtanagildið orðið samþykkt. Að það sé gott að geta hlegið í leikhúsi fyrir þjóð eins og Íslendinga sem séu ekki mjög brosmildir."



Úr sýningu Leikfélags Reykjavíkur á Gluggum eftir John Galsworthy frá 1925. MYND/LJÓSMYNDASAFN ÞJÓÐMINJASAFNSINS/ÓLAFUR MAGNÚSSON

> **...ÞÁ VAR TIL AÐ MYNDA ALGENGT AÐ TEKIÐ VÆRI FRAM AÐ ÞAÐ VÆRI PÍANÓ Í STOFUNNI. ÞAÐ VAR JAFNVEL ALDREI SPILAÐ Á ÞAÐ Í VERKINU EN ÞAÐ VAR TÁKN UM MENNTAÐA STÖÐU HEIMILISINS.**

**Siðmenntuð þjóð**

Magnús Þór segir að verkefnavalið hafi líka verið breytilegt. „Á nítjándu öldinni var sterk löngun í það að sjá leikhúsið leika sitt eigið þjóðlíf, eins og Matthías Jochumsson orðaði það. En í byrjun tuttugustu aldar, árin eftir að heimastjórnin kemur og fram að fullveldinu, þá sjáum við mjög öflugt tímabil í sögu Leikfélags Reykjavíkur þar sem er sett upp mjög mikið af nýjum íslenskum verkum. Verk eftir Jóhann Sigurjónsson, Guðmund Kamban og fleiri og ég er m.a. að skoða hvernig þessi verk takast á við þær spurningar sem eru í gangi í samfélaginu. Hver erum við sem þjóð? Hvert viljum við fara? Átökin milli sveitalífs og borgarlífs. Stöðu konunnar og fleiri spurningar sem voru í gangi í samfélaginu sem var verið að takast á við í þessum verkum."

Magnús Þór bendir á að það sé merkilegt sem gerist á þriðja áratugnum þegar Alþingi samþykkir að byggja Þjóðleikhús. „Þá hefði mátt gera ráð fyrir að Leikfélag Reykjavíkur, sem var svona ígildi Þjóðleikhúss á þessum tíma, fengi heimili í Þjóðleikhúsinu. En í staðinn fyrir að halda áfram á þeirri braut sem það var á þá breytti það um stefnu og fór meira að gera sig að evrópsku stórborgarleikhúsi. Flytja meira af nýjum erlendum verkum, það kemur inn ný tegund gamanleikja og Shakespeare er settur upp í fyrsta sinn og íslensku verkin stíga svolítið til hliðar. Þau íslensku verk sem eru skrifuð fara meira að endurspegla borgaralegt líf, gerast á borgaralegum heimilum og þá var til að mynda algengt að tekið væri fram að það væri píanó í stofunni. Það var jafnvel aldrei spilað á það í verkinu en það var tákn um menntaða stöðu heimilisins.

Þannig að eftir fullveldið fer þjóðin að máta sig við hugmyndina um að vera siðmenntuð evrópsk menningarþjóð. Frekar en að hverfa aftur í söguna og skoða hvaðan við komum þá sjáum við sterka tengingu vaxandi millistéttar við sambærilega strauma í Evrópu."



# Vildi annað en óperugaul

**TÓNLIST**

**Viðburðastjórinn eftir Mozart**

★★★☆☆

**Iðnó**

**þriðjudaginn 2. maí**

**Leikstjórn og -gerð:** Bjarni Thor Kristinsson.
**Leikendur:** Fjóla Kristín Nikulásdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Snorri Wium og Bjarni Thor Kristinsson.
**Píanóleikari:** Matthildur Anna Gísladóttir.

Óperur Mozarts eru með þeim skemmtilegustu. Laglínurnar eru himneskar og söguþráðurinn villtur. Óperurnar hafa oft verið á dagskránni hér. Þó man ég ekki eftir að hafa séð Viðburðastjórann (Der Schauspieldirektor), sem var sett upp á þriðjudagskvöldið í Iðnó. Þetta er líka órópera, hún tekur ekki nema um hálftíma í flutningi.

Óperan var samin fyrir hádegisverð hjá keisaranum Jósef II. í Schönbrunn. Hún sýnir samkeppni tveggja söngkvenna (Lilju Guðmundsdóttur og Fjólu Kristínar Nikulásdóttur) í spaugilegu ljósi. Það á að ráða þær til að syngja opinberlega. Viðburðastjórinn (Snorri Wium) vill í fyrstu eitthvað skemmtilegt, ekki bara leiðinda óperugaul. En smám saman heillast hann af fegurð og söng kvennanna, og fer að syngja sjálfur. Loks tekur Bjarni Thor Kristinsson undir, en hann leikur aukahlutverk. Sýningin var sett upp í tilefni þess að hann varð fimmtugur á frumsýningardaginn. Hann leikstýrði óperunni, þýddi textann og samdi leikgerðina.

Það eru góðar fréttir og slæmar fréttir af sýningunni. Frammistaða söngkvennanna og píanóleikarans, Matthildar Önnu Gísladóttur, eru slæmu fréttirnar. Segjast verður eins og er að hún var ekkert til að hrópa húrra fyrir. Ég hef hingað til heyrt Matthildi leika prýðilega og það er því ljóst að hún er flottur píanóleikari. En forleikurinn sem hún spilaði var ekki nægilega nákvæmur. Hröð tónahlaup voru ójöfn og flaustursleg. Í heild virkaði píanóleikurinn stirður, það var eins og Matthildur ætti í töluverðum vandræðum með tæknilegar hliðar hans. Fyrir bragðið skilaði inntak tónlistarinnar sér ekki nægilega vel.

Söngurinn var líka býsna misjafn. Lilja Guðmundsdóttir söng að vísu af tilþrifum og það var viðeigandi kraftur í túlkun hennar. Röddin sjálf var hins vegar ansi hörð, sem má e.t.v. skrifa á afleitan hljómburðinn í Iðnó, en þar er engin endurómun.

Fjóla Kristín, sem kom fram í óperunni Baldursbrá eftir Gunnstein Ólafsson, var töluvert síðri. Í Baldursbrá var rödd hennar nokkuð veikburða, og þó merkja megi framför síðan þá var söngurinn nú ekki sérlega sannfærandi. Röddin er enn fremur máttlítil og því er ljóst að Fjóla þarf að bæta sig ef hún ætlar að ná langt á óperusviðinu.

Það eru aftur á móti góðar fréttir af söng karlanna. Snorri Wium er sjóaður óperusöngvari og stóð sig ágætlega. Leikurinn var reyndar óöruggur, en söngurinn var fallegur og sótti í sig veðrið eftir því sem á leið. Bjarni Thor var síðan með allt á hreinu í lok óperunnar og söng af miklum þrótti. Enn betri fréttir eru af húmornum í sýningunni, sem var í ærslafengnum revíustíl. Margt var svo fyndið að fólk veltist um af hlátri, og þá skiptu hnökrar minna máli en ella. Það er þó ekki hægt að líta alveg fram hjá þeim, þetta var opinber sýning og þá þarf allt að vera í lagi. Verst að svo var ekki. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fyndin sýning sem leið fyrir tæknilega vankanta.



„Bjarni Thor var síðan með allt á hreinu í lok óperunnar og söng af miklum þrótti," segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR













# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 6. MAÍ

### Uppákomur

**Hvað?** Heilsudagar á Seltjarnarnesi
**Hvenær?** 06.00
**Hvar?** Seltjarnarnes
Frítt í Seltjarnarneslaug allan daginn. Opið hús í World Class og frítt í alla tíma allan daginn. Opið hús hjá Björgunarsveitinni Ársæli í Gaujabúð og kynning á unglingastarfi sveitarinnar. Til sýnis verða ýmis björgunartæki ásamt ýmsum uppákomum, svo sem Neshlaupinu og sýningu í íþróttahúsinu með Hreyfilandi, World Class, Ballettskóla Guðbjargar, Dansskóla Brynju Björns og fimleikadeild Gróttu.

**Hvað?** Fatamarkaðsmadness á Lofti
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Berglind Pétursdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir og Sunna Ben eru meðal þeirra sem munu selja af sér spjarirnar á þessum fatamarkaði.



Það verður svakalegur fatamarkaður á Lofti á laugardeginum.




Sýningin Mame Coumba Bang er í Grafíksalnum í Hafnarhúsinu.

### Sýningar

**Hvað?** Mame Coumba Bang
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Grafíksalurinn, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17
Guðrún Öyahals myndlistarmaður opnar sýningu sem er opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18 og stendur til 21. maí. Titill sýningarinnar er sóttur til Senegal en Gyðjan, Mame Coumba Bang er verndari vatnsins í Saint Louis, þar sem Guðrún dvaldi á vinnustofu um tveggja mánaða skeið. Sýningin samanstendur af innsetningu ásamt myndbandi og teikningum, þar sem Senegaláin, Atlantshafið, hvít förn og bláar plastflöskur eru í öndvegi.

**Hvað?** Lokadagur á Fuglar og fantasíur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gallerí Fold
Sýningu Ernu Guðmarsdóttur, Fuglar og fantasíur, í Skotinu í Gallerii Fold lýkur í dag. Á sýningunni getur að líta nýjustu verk Ernu þar sem efniviðurinn er sóttur í margbreytilegan og litríkan heim fuglanna.

**Hvað?** Málverkasýningin Ömmurnar
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Húsnæði Ásatrúarfélagsins
Anna Leif Elídóttir opnar málverkasýningu í húsnæði Ásatrúarfélagsins, Síðumúla 15. Ömmurnar eru myndverk sem Anna Leif málaði af nokkrum formæðrum sínum sem fæddar voru á tímabilinu 1874-1923, og fleiri skyldum konum. Með myndunum fylgir saga hverrar þessara kvenna, en þær áttu mjög ólíka daga um ævina.

**Hvað?** Einkasýning Guðnýjar Rósu
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hverfisgallerí
Guðný Rósa Ingimarsdóttir opnar aðra einkasýningu sína og ber sýningin yfirskrift þagnarmerkisins í tónlist. Guðný Rósa Ingimarsdóttir hefur frá upphafi byggt verk sín upp á endurtekningu, ákveðnum persónulegum takti sem hefur verið vísun í minningar um gjörninga framkvæmda í einveru á vinnustofu listakonunnar – eins konar fryst augnablik.

### Tónlist

**Hvað?** Wacken Metal Battle á Íslandi
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Húrra
Hljómsveitakeppnin Wacken Metal Battle verður haldin 6. maí á tónleikastaðnum Húrra í Reykjavík. Headliner kvöldsins er hljómsveitin Auðn. Í ár keppa 6 sveitir í úrslitum og mun 14 manna alþjóðleg dómnefnd ásamt áhorfendum velja eina af þeim til þess að spila fyrir Íslands hönd á stærstu þungarokkshátíð heims, Wacken Open Air, í sumar.

**Hvað?** Sing-along stemning
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Guðrún Árný heldur uppi sing-











**Tvö verk eftir Guðnýju Rósu sem er að opna einkasýningu.**

along stemningu frá kl. 22.00 á efri hæðinni. Á miðnætti byrjar Bragi Guðmundsson að þeyta skífum í kjallaranum.

**Hvað?** Tónleikar með kór Grafarvogskirkju
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grafarvogskirkja
Tónleikarnir bera yfirskriftina Ferðalok þar sem hluti af efnisskránni var fluttur á tónleikum í München í haust en nú hér heima. Dagskráin verður fjölbreytt sneiðmynd í þrívídd af íslenskri tónlistarsögu frá Þorlákstíðum fram að Eurovision, flugferð frá fortíð til nútíðar í boði kórsins.

**Hvað?** Múmínálfar í söngvaferð
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harpa
Múmínálfarnir sem Tove Jansson skapaði eru mörgum afar kærir og ná vinsældir þeirra langt út fyrir heimahagana. 70 ára afmæli þessara ástsælu álfa var fagnað í Finnlandi með útkomu Múmínálfa í söngvaferð, nýrrar söngvabókar með geisladiski, sem hlaut finnsku Emma-verðlaunin 2014. Nú flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst hljómsveita utan Finnlands, þessa geysivinsælu söngva í þýðingu Þórarins Eldjárn. Með hljómsveitinni á tónleikunum koma fram stórsöngvararnir Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur.

**Hvað? Hvenær? Hvar?**
**Sunnudagur**
hvar@frettabladid.is

## 7. MAÍ

### Tónlist

**Hvað?** Vortónleikar Kórs Átthagafélags Strandamanna
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Árbæjarkirkja
Vortónleikar Kórs Átthagafélags Strandamanna verða haldnir á sunnudaginn. Stjórnandi er Ágota Joó og á píanó er Vilberg Viggósson Miðaverð við innganginn er 3.000 krónur fyrir fullorðna, frítt fyrir börn 14 ára og yngri.

**Hvað?** Vortónleikar Selkórsins
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Árlegir vortónleikar Selkórsins verða í Seltjarnarneskirkju. Að þessu sinni syngur kórinn ýmis gullfalleg lög bæði innlend og erlend og einnig lög tengd Írlandi, en þangað er förinni heitið í tónleikaferð nú í byrjun júní. Á Írlandi mun kórinn halda þrenna tónleika, í Dublin, Galway og Cork. Kórinn hefur á undanförnum árum sungið víða erlendis, síðast árið 2015 í Skotlandi, en þar hélt kórinn sömuleiðis þrenna tónleika. Miðaverð á tónleikunum er 1.500 krónur. Miðar fást hjá kórfélögum og við innganginn.

**Hvað?** Ágúst ágúst á Open Mic á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Ágúst ágúst með Open Mic-kvöld á Húrra. Í þetta skiptið verður glænýtt lag spilað auk þess sem lítil sniðug áskorun verður tekin ... ef stemningin er góð.

### Uppákomur

**Hvað?** Bókakaffi
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt
Svandís G. Ívarsdóttir rithöfundur er gestur Bókakaffis að þessu sinni. Svandís gaf út barnabókina Háfleyga Háðskreiða og Frúin í Hamborg árið 2011 og ljóðabókina Skrifað í sandinn árið 2013. Hún mætir í Hannesarholt með glóðvolga, glænýja skáldsögu, Marrið í sandinum. Svandís segir frá og les uppúr verkum sínum á meðan gestir geta notið kaffiveitinga. Viðburðurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis svo lengi sem húsrúm leyfir.

### Sýningar

**Hvað?** Síðustu sýningardagar á Hrinu og Mannslíki
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Sýningunum Hrinu og Mannslíki lýkur á sunnudaginn.


## Yfirlit um afkomu 2016

| **Efnahagsreikningur** (í þús.kr.): | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 50.375.936 | 49.822.065 |
| Skuldabréf | 87.014.544 | 85.407.797 |
| Innlán og bankainnistæður | 2.212.479 | 2.096.195 |
| Kröfur | 848.285 | 851.593 |
| Aðrar eignir og rekstrarfjármunir | 166.109 | 156.560 |
| | 140.617.353 | 138.334.210 |
| Skuldir | -34.957 | -245.794 |
| Séreignarsjóður, Söfnunarleið I og II | 2.380.923 | 2.410.739 |
| Samtals | 142.963.319 | 140.499.155 |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris:**

| | | |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 3.843.704 | 3.451.286 |
| Lífeyrir og endurhæfingarsjóður | -4.020.543 | -3.591.892 |
| Fjárfestingartekjur | 2.948.260 | 11.399.768 |
| Rekstrarkostnaður | -307.257 | -283.568 |
| Hækkun á hreinni eign á tímabilinu | 2.464.164 | 10.975.594 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 140.499.155 | 129.523.561 |
| Samtals | 142.963.319 | 140.499.155 |

**Lífeyrisskuldbindingar:**

| | | |
|---|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 1.152.774 | 5.916.502 |
| Sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum | 0,8% | 4,6% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -2.457.587 | 4.468.433 |
| Sem hlutfall af heildarskuldbindingum | -1,3% | 2,6% |

*Sjóðurinn hefur aldrei skert áunnin réttindi sjóðfélaga.*

**Kennitölur:**

| | | |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 1,9% | 8,8% |
| Hrein raunávöxtun | -0,2% | 6,6% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 5,3% | 5,9% |
| Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal | 2,3% | 3,2% |
| Hrein raunávöxtun 20 ára meðaltal | 4,6% | 4,9% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 6.571 | 6.510 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 13.908 | 12.806 |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum | 0,2% | 0,2% |
| Eignir í íslenskum krónum | 78,9% | 78,9% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 21,1% | 21,1% |

**Ávöxtun séreignardeildar 2016:**

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur var 4,1% eða 2,0% raunávöxtun. Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmis verðbréf nam 1,5% eða -0,6% raunávöxtun. Er þetta sú ávöxtun sem rétthafar njóta. Heildareignir séreignardeildarinnar eru 2.380,9 milljónir króna í árslok 2016.

**Sjóðfélagar:**

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann er því góður kostur fyrir þá aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

hunang

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Traustur sjóður – trygg framtíð

**Ársfundur 2017**

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 30. maí, kl 16.30

**Í stjórn sjóðsins eru:**
Guðmundur Árnason, formaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Reynir Þorsteinsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Hrafn Magnússon, varaformaður
Einar Sveinbjörnsson
Svana Helen Björnsdóttir

**Framkvæmdastjóri er:**
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · Fax 510 7401 · sl@sl.is · www.sl.is




Í þessari fjölbreyttu ferð munum við kynnast hinni gullfallegu Slóveníu en landið er löngum þekkt fyrir náttúrufegurð sína: alpa, skóga, ár og vötn, hella og kastala sem prýða útsýnið.

Við fljúgum til Trieste á Ítalíu og byrjum á að aka til fjallaþorpsins Kranjska Gora sem liggur í hlíðum slóvensku Alpanna, en þar munum við gista fyrstu nóttina. Á leið okkar til Kranjska Gora ökum við meðfram þjóðgarðinum Triglav sem fær nafn sitt af hæsta fjalli Slóveníu.

Því næst ökum við til vatnanna Bohinj og Bled og höldum áfram að njóta undurfagurrar náttúrunnar sem lætur engan ósnortinn. Við gistum í bænum Bled sem stendur við samnefnt vatn í hlíðum Karawanks fjallgarðsins. Næst liggur leið okkar til höfuðborgarinnar Ljubljana, en hún þykir mjög falleg og hefur verið afar vinsæl undanfarin ár.





Við getum ekki heimsótt Slóveníu án þess að koma við í hinum frægu Postojna dropasteinshellum og kastalanum Predjama. Næst liggur leið okkar til strandarbæjarins Portoroz eða „Rósahöfnin“, sem stendur við Adríahafið.

Frá Portoroz förum við í dagsferð til Króatíu, ökum til bæjanna Porec og Motovun á Istríuskaganum, heillandi bæja sem vert er að skoða. Porec er falleg hafnarborg og um tvö þúsund ára gömul. Hún þykir sérstök m.a. þar sem hún stendur á afar þröngu nesi. Motovun er sveitaþorp í miðaldastíl sem stendur upp á 270 m. hárri hæð. Við njótum síðasta dagsins í rólegheitunum í Portoroz en flogið er daginn eftir til Keflavíkur.

**Frá kr. 189.995 m/morgunmat o.fl.**
Netverð á mann frá kr. 189.995 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar og akstur. Gisting á 3-4* hótelum m/morgunmat, kvöldverður alla daga nema 2 kvöld í Ljubljana. Sigling um Bled vatnið og aðgangseyrir í Bled kastalann, kynnisferð í Ljubljana og sigling með drykk um ána Ljubljanica, aðgangseyrir í Postojna hellana og í Predjama kastalann, kynnisferð í Porec, íslensk fararstjórn.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Doddi litli og Eyrnastór
07.55 Nilli Hólmgeirsson
08.10 K3
08.20 Tindur
08.30 Með afa
08.40 Doddi litli og Eyrnastór
08.55 Stóri og litli
09.05 Mæja býfluga
09.20 Elías
09.30 Víkingurinn Viggó
09.45 Pingu
09.50 Kalli kanína og félagar
10.15 Tommi og Jenni
10.40 Ninja-skjaldbökurnar
11.05 Beware the Batman
12.20 Víglínan
13.05 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Bold and the Beautiful
14.05 Bold and the Beautiful
14.30 Friends
14.55 Catastrophe
15.20 Britain's Got Talent
16.40 Hvar er best að búa?
17.25 Falleg íslensk heimili
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.05 Lottó
19.10 Top 20 Funniest
19.55 Ghostbusters Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig , Melissu McCarthy, Chris Hemsworth, Kevin James, Bill Murray og fleiri frábærum leikurum.
21.55 Truth
00.05 Bridge Of Spies Spennumynd frá 2015 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Myndin segir sanna sögu lögfræðingsins James Britt Donovan sem í kjölfar þess að hafa varið Rudolf Abel og forðað honum frá dauðarefsingu árið 1957 varð aðalsamningamaður Bandaríkjanna þegar Sovétmenn handsömuðu flugmanninn Francis Gary Powers árið 1960 og vildu skipta á honum og Rudolf.
02.25 Get Hard
04.05 Triple 9

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Pepsí deild kvk- Valur og ÍBV
08.40 West Ham - Tottenham
10.20 PL Match Pack
10.50 Premier League Preview
11.20 Man. City - Crystal Palace
13.25 Bayern Munchen - Darmstadt
15.30 Teigurinn
16.20 Swansea - Everton
18.40 Granada - Real Madrid
20.50 Burnley - WBA
22.30 Leicester - Watford
00.10 Borussia Dortmund - Hoffenheim
01.50 Swansea - Everton

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 NBA - Houston Rockets og San Antonio Spurs
08.50 Monaco - Juventus
10.30 Meistaradeildarmörkin
10.55 Teigurinn
11.45 Inkasso-deildin - Leiknir R. og Keflavík
13.25 Borussia Dortmund - Hoffenheim
15.30 Evrópudeildarmörkin
15.55 1 á 1
16.25 Barcelona - Villarreal
18.30 NBA - Houston Rockets og San Antonio Spurs
20.20 Bournemouth - Stoke
22.00 Hull - Sunderland
23.40 Bayern Munc. - Darmstadt
01.20 Man. City - Crystal Palace

## STÖÐ 3

16.25 Who Do You Think You Are?
17.05 Baby Daddy
17.30 2 Broke Girls
17.55 Mike & Molly
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Fóstbræður
19.35 Hell's Kitchen
20.20 One Big Happy
20.45 Fresh Off The Boat
21.10 Banshee
22.10 Enlisted
22.35 Bob's Burgers
23.00 American Dad
23.20 The Mentalist
00.05 Fóstbræður
00.35 Hell's Kitchen
01.15 One Big Happy
01.40 Fresh Off The Boat
02.00 Banshee
03.00 Enlisted
03.20 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveins
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Víkingurinn Viggó
09.11 Zigby
09.25 Stóri og Litli
09.38 Brunabílarnir
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Víkingurinn Viggó
13.11 Zigby
13.25 Stóri og Litli
13.38 Brunabílarnir
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Víkingurinn Viggó
17.11 Zigby
17.25 Stóri og Litli
17.38 Brunabílarnir
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Hákarlabeita 2



Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47

## GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour
12.00 Champions Tour Highlights
12.55 PGA Tour
17.00 PGA Tour
22.00 Golfing World
22.50 Lalla Meryem Cup

## BÍÓSTÖÐIN

09.20 Collaborator
10.45 The Trials of Cate McCall
12.20 Tammy
14.00 Maggie's Plan
15.40 Collaborator
17.05 The Trials of Cate McCall
18.40 Tammy
20.20 Maggie's Plan Rómantísk gamanmynd frá 2015 með Ethan Hawke, Gretu Gerwig og Julianne Moore. Áætlun Maggie um að eignast barn ein og óstudd, fer aðeins út af sporinu þegar hún verður ástfangin af John, kvæntum manni, og eyðileggur þar með viðkvæmt hjónaband hans og hinnar bráðsnjöllu en erfiðu Georgette. En einni dóttur og þremur árum síðar er Maggie ekki lengur ástfangin af John og er í klípu.
22.00 The Hangover
23.40 Reach Me Dramatísk mynd frá 2014 með Sylvester Stallone, Kyru Sedgwick og Kevin Connolly, svo fáeinir séu nefndir. Í myndinni eru sagðar nokkrar sögur af ólíkum einstaklingum sem þekkjast lítið eða ekkert innbyrðis við upphaf myndarinnar en eiga það sameiginlegt að verða fyrir miklum áhrifum af boðskap dularfullrar bókar sem enginn veit þó hver skrifaði.
01.15 Unfinished Business
02.50 The Hangover

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
12.15 Útsvar
13.25 Unglingsskepnan
13.55 Öðruvísi magaverkir
14.25 Áfram konur
14.55 John Grant og Sinfó
16.40 Gunnel Carlsson heimsækir Ítalíu
16.50 Stephen Fry. Út úr skápnum
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Krakkafréttir vikunnar
18.15 Reikningur
18.30 Saga af strák
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Alla leið
21.00 The Big Year
22.40 To the Wonder
00.30 Arne Dahl
02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.20 King of Queens
08.45 King of Queens
09.10 How I Met Your Mother
09.35 How I Met Your Mother
10.00 Odd Mom Out
10.25 Black-ish
10.50 Dr. Phil
11.30 Dr. Phil
12.10 The Tonight Show
12.50 The Tonight Show
13.30 The Tonight Show
14.10 The Voice USA
15.40 The Bachelorette
17.10 The Bachelorette
17.55 Arrested Development
18.20 How I Met Your Mother
18.45 The Biggest Loser
20.15 The Voice USA
21.00 Hobbit. The Battle of the Five Armies
23.25 October Sky
01.15 Just Before I Go
02.55 We Are Your Friends
04.35 The Late Late Show
05.15 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# SPLUNKU NÝJAR!




Litla bakaríið við Strandgötu
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.899.-




Heimför
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.899.-




Þrjár mínútur
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.899.-




Stofuhiti
**VILDARVERÐ: 3.599.-**
Verð: 4.299.-




Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




Allir eru með rass
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




Mannsævi
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




Í skugga valdsins
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




Ég man þig
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.899.-




Konan frá öðru landi
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.699.-




Birtan yfir ánni
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 5.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 7. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




### FALLEG ÍSLENSK HEIMILI

Skemmtilegur íslenskur þáttur þar sem sérfræðingarnir Guðlaug Jónsdóttir arkitekt, Helgi Ómarsson ljósmyndari og Þóra Margrét Baldvinsdóttir hönnunarráðgjafi fá það skemmtilega verkefni að skoða falleg íslensk heimili. Í þessum þætti bönkum við upp á og kíkjum á falleg heimili á Bergstaðastræti, í Berjarima og á Kálfaströnd.

SPENNANDI SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

### BRITAIN´S GOT TALENT



Bráðfjörug sería af einum vinsælasta skemmtiþætti heims í dag. Eins og fyrri daginn fer Simon Cowell fremstur í flokki ásamt úrvals dómurum og kynnum sem fara algerlega á kostum.



### BROADCHURCH

Magnþrungnir spennuþættir þar sem Ellie Miller og Alec Hardy rannsaka alvarlegt og óhugnanlegt sakamál sem er ekki auðvelt viðureignar.

### THE SON



Vandaðir og stórkostlegir þættir sem fjalla um blóðugt upphaf ofurveldisins sem Ameríka varð. Aðalhlutverk leikur Pierce Brosnan.

### 60 MINUTES




Vandaður þáttur í vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem fréttaskýrendur fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.

### ONLY GOD FORGIVES



Julian er eiturlyfjasmyglari sem lifir og hrærist í undirheimum Bangkok. Þegar bróðir hans er myrtur ákveður Julian að leita uppi morðingjann.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Waybuloo**
**07.45** **Ævintýraferðin**
**07.55** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.05** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.20** **Mæja býfluga**
**08.35** **Kormákur**
**08.45** **Zigby**
**08.55** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.10** **Tommi og Jenni**
**09.35** **Kalli kanína og félagar**
**10.00** **Lína langsokkur**
**10.25** **Lukku láki**
**10.50** **Ninja-skjaldbökurnar**
**12.00** **Nágrannar**
**12.20** **Nágrannar**
**12.40** **Nágrannar**
**13.00** **Nágrannar**
**13.25** **Asíski draumurinn** Nýir, hörkuspennandi og skemmtilegir þættir um tvö lið sem þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir, eins og að fara í hæsta teygjustökk í heimi, skjóta úr basúku og fara í zombie-göngu til að safna stigum. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.
**14.00** **Ísskápastríð**
**14.35** **Friends**
**15.00** **Brother vs. Brother**
**15.45** **Masterchef Professionals - Australia**
**16.30** **Mom**
**16.50** **Heimsókn**
**17.15** **Í eldhúsi Evu**
**17.40** **60 Minutes**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Sportpakkinn**
**19.10** **Britain's Got Talent**
**20.15** **Falleg íslensk heimili**
**20.50** **Broadchurch**
**21.40** **The Son**
**22.30** **60 Minutes**
**23.15** **Vice**
**23.50** **NCIS**
**00.30** **The Path**
**01.20** **Wallander**
**02.50** **Rizzoli & Isles**
**03.35** **Aquarius**
**04.20** **The Third Eye**
**05.10** **Friends**
**05.35** **60 Minutes**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** **Burnley - WBA**
**09.00** **Man. City - Crystal Palace**
**10.40** **Swansea - Everton**
**12.20** **Liverpool - Southampton**
**14.30** **Arsenal - Man. Utd.**
**17.00** **NBA - Houston Rockets og San Antonio Spurs**
**19.00** **Pepsí deild karla -Víkingur Ólafsvík og KR**
**21.15** **Bayern Munchen - Darmstadt**
**22.55** **Arsenal - Man. Utd.**
**00.35** **NBA - Toronto Raptors og Cleveland Cavaliers**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** **Bournemouth - Stoke**
**08.40** **Hull - Sunderland**
**10.20** **Leicester - Watford**
**12.00** **Granada - Real Madrid**
**13.40** **Barcelona - Villarreal**
**15.20** **Teigurinn**
**16.10** **1 á 1**
**16.40** **Liverpool - Southampton**
**18.20** **NBA Special. 1984 NBA Draft**
**19.30** **NBA - Toronto Raptors og Cleveland Cavaliers**
**22.30** **Celta - Manchester United**
**00.10** **Pepsí-deild karla- Víkingur Ólafsvík og KR**

## STÖÐ 3

**15.50** **Mayday. Disasters**
**16.40** **Comedians**
**17.05** **Last Man On Earth**
**17.30** **Ground Floor**
**17.55** **The Goldbergs**
**18.20** **Mike & Molly**
**18.40** **Anger Management**
**19.05** **Fóstbræður**
**19.40** **2 Broke Girls**
**20.05** **Modern Family**
**20.30** **Bob's Burgers**
**20.55** **American Dad**
**21.20** **South Park**
**21.45** **The Mentalist**
**22.30** **Pretty Little Liars**
**23.15** **Fóstbræður**
**23.40** **2 Broke Girls**
**00.05** **Modern Family**
**00.30** **Bob's Burgers**
**00.55** **American Dad**
**01.20** **South Park**
**01.45** **The Mentalist**
**02.30** **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Víkingurinn Viggó**
**07.11** **Zigby**
**07.25** **Stóri og Litli**
**07.38** **Brunabílarnir**
**08.24** **Mörgæsirnar**
**08.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.24** **Svampur Sveins**
**09.49** **Lalli**
**09.55** **Rasmus Klumpur**
**10.00** **Strumparnir**
**10.25** **Hvellur keppnisbíll**
**10.37** **Ævintýraferðin**
**10.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00** **Víkingurinn Viggó**
**11.11** **Zigby**
**11.25** **Stóri og Litli**
**11.38** **Brunabílarnir**
**12.24** **Mörgæsirnar**
**12.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00** **Áfram Diego, áfram!**
**13.24** **Svampur Sveins**
**13.49** **Lalli**
**13.55** **Rasmus Klumpur**
**14.00** **Strumparnir**
**14.25** **Hvellur keppnisbíll**
**14.37** **Ævintýraferðin**
**14.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00** **Víkingurinn Viggó**
**15.11** **Zigby**
**15.25** **Stóri og Litli**
**15.38** **Brunabílarnir**
**16.24** **Mörgæsirnar**
**16.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00** **Áfram Diego, áfram!**
**17.24** **Svampur Sveins**
**17.49** **Lalli**
**17.55** **Rasmus Klumpur**
**18.00** **Strumparnir**
**18.25** **Hvellur keppnisbíll**
**18.37** **Ævintýraferðin**
**18.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00** **Lína Langsokkur**



**Mörgæsirnar kl. 8.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**09.10** **PGA Tour**
**14.10** **Golfing World**
**15.00** **PGA Special. Arnold Palmer Network**
**15.40** **PGA Highlights**
**16.35** **Inside the PGA Tour**
**17.00** **PGA Tour**
**22.00** **Zurich Classic of New Orleans**

## BÍÓSTÖÐIN

**07.30** **Belle**
**09.15** **American Graffiti**
**11.10** **E.T.**
**13.05** **Night At The Museum. Secret Of The Tomb**
**14.45** **Belle** Rómantísk bíómynd frá árinu 2013 sem byggð er á sannsögulegum atburðum, en með hlutverk fara meðal annars Tom Wilkinson og Emily Watson.
**16.30** **American Graffiti**
**18.25** **E.T.**
**20.20** **Night At The Museum. Secret Of The Tomb**
**22.00** **Only God Forgives**
**23.30** **Phone Booth**
**00.55** **Riddick**
**02.55** **Only God Forgives**

## RÚV

**07.00** **KrakkaRÚV**
**10.15** **Krakkafréttir vikunnar**
**10.35** **Saga af strák**
**11.00** **Silfrið**
**12.10** **Saga þriggja borga – París árið 1928**
**13.05** **Línudans**
**14.10** **Hönnunarkeppni 2017**
**14.45** **Ungdómurinn vestanhafs**
**15.40** **Opnun**
**16.15** **Sýklalyf - blikur á lofti**
**16.45** **Tómas Jónsson fimmtugur**
**17.15** **Saga af strák**
**17.35** **Menningin**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**17.55** **Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.00** **Stundin okkar**
**18.25** **Matur með Kiru**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Ísland - Makedónía**
**21.30** **Viktoría**
**22.20** **Kynlífsfræðingarnir**
**23.20** **Indversku sumrin**
**00.05** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **America's Funniest Home Videos**
**08.20** **King of Queens**
**08.45** **King of Queens**
**09.05** **How I Met Your Mother**
**09.30** **How I Met Your Mother**
**09.50** **Difficult People**
**10.15** **The Mick**
**10.35** **The Office**
**11.00** **Dr. Phil**
**11.40** **Dr. Phil**
**12.20** **Dr. Phil**
**13.00** **The Tonight Show**
**13.40** **The Tonight Show**
**14.20** **The Voice USA**
**15.05** **The Biggest Loser**
**16.45** **Superstore**
**17.10** **Top Chef**
**17.55** **King of Queens**
**18.20** **Arrested Development**
**18.45** **How I Met Your Mother**
**19.10** **Top Gear. Patagonia Special**
**20.15** **Chasing Life**
**21.00** **Law & Order. Special Victims Unit**
**21.45** **Billions**
**22.30** **House of Lies**
**23.00** **Penny Dreadful**
**23.45** **The People v. O.J. Simpson. American Crime Story**
**00.30** **Hawaii Five-0**
**01.15** **24. Legacy**
**02.00** **Law & Order. Special Victims Unit**
**02.45** **Billions**
**03.30** **House of Lies**
**04.00** **Penny Dreadful**
**04.45** **The Late Late Show**
**05.25** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Electrolux
1600 snúninga kolalaus A+++ þvottavél með Time Manager og barkalaus þurrkari með rakaskynjara.
Fullt verð kr. 79.900 / 64.900.
RISA LAGER HREINSUN
Þvottavél tilboð kr.
64.900
Þurrkari tilboð kr.
54.900
EDP-2074PTD
XXL
10 KG
TOPPMÓDEL
Electrolux
10 kg A+++ snjallþvottavél með kolalausum hágæðamótor, þvottavog, SoftDrum tromlu með LED ljósi, TimeManager og margt fleira. Fullt verð kr 129.900.
Tilboðsverð kr.
114.900
Electrolux
Fjölkerfa blástursofn með klukku.
Fullt verð kr. 54.900
Tilboðsverð kr.
39.900
HELLUBORÐ
Electrolux SIEMENS AEG
BOSCH eico exquisit
Span, keramíkhelluborð stór og smá. Mikið úrval.
Verð frá kr.
24.900
RISA
LAGER
HREINSUN
exquisit
170 cm kæli- og frystiskápur með svartri glerframhlið
Fullt verð 69.900.
Tilboðsverð kr.
39.900
Electrolux
185 cm stál kæli- og frystiskápur með LowFrost frysti sem þarf nær aldrei að affrysta.
Fullt verð kr. 84.900.
Tilboðsverð kr.
69.900
Fæst líka hvítur
Allt að
50%
afsláttur
Pottar, pönnur og hnífastandar
WMF
DOMO
Fjögurra sneiða brauðrist. Fáanleg stál eða rauð.
Fullt verð kr. 12.990.
Tilboðsverð kr.
5.990
magimix
Móðir allra matvinnsluvéla. Þessi meistarasmíði frá Frakklandi fer létt með erfiðustu verkefni í eldhúsinu.
Tilboðsverð kr.
29.990
DOMO
Besti blandarinn okkar. 2,2 hestöfl
Fullt verð kr. 29.990.
Tilboðsverð kr.
19.990
RISA LAGER HREINSUN
Electrolux
Hljóðlátar uppþvottavélar með Auto kerfi og 2 öflug hraðkerfi. Breytanleg innrétting og skjár. Fullt verð kr. 59.900 og 64.900
Hvít tilboðsverð kr.
49.900
Stál tilboðsverð kr.
54.900
OPIÐ
ALLA HELGINA
Rafha
Opið
Virka daga 9-18
laugardaga 11-17
sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is




TILBOÐSVERÐ

**TRAVELQ PRO 285X** gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**44.995kr.**

506600020
Almennt verð: 59.995 kr.




TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425** gasgrill, 10,6 kW 3 aðalbrennarar, grillgrind 60 x 45 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**79.995kr.**

506600036
Almennt verð: 99.995kr.




TILBOÐSVERÐ

TRIUMPH

**TRIUMPH 495** gasgrill, 18,4 kW, 4 aðalbrennarar og hliðarhella, heildargrillflötur er 73 x 43 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir, áfastur flöskuopnari.

**99.995kr.**

506600034
Almennt verð: 119.995 kr.




NÆR 980°C HITA

TILBOÐSVERÐ

**LE 485** gasgrill 22,2 kW, 3 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, heildargrillflötur er 69 x 46 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, i-GLOW™ baklýstir hnappar

**129.995kr.**

506600040
Almennt verð: 169.995 kr.

# GERUM GÓÐA GRILLVEISLU!

GR

ALGJÖRLEGA GRILLUÐ VERÐ Á GRILLUM **TIL 10. MAÍ**

**Q1200** gasgrill, svart. 2,64 kW/h—8.500 BTU ryðfrír brennari. Meðfærilegt, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, grillflötur: 32 x 42 cm, slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu.

**34.995kr.**

2,64 kw
1 brennari (hring)

50650007




weber

FRÁBÆRT VERÐ!




**Q2200** gasgrill, 3,51 kW, 12.000 BTU, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, 10 x 34 cm efri grind, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**44.995kr.**

50650005

FRÁBÆRT VERÐ!




**Q2200** meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**49.995kr.**

50650003

## BOSCH

Allar BOSCH háþrýstidælur
**20% AFSLÁTTUR** til 10. maí




**AQT 33-11** háþrýstidæla 110 bör, 1300W, 330 l./klst.

**13.595kr.**

74810231
Almennt verð: 16.995kr.

## PINTOTEX CLASSIC

viðarvörn, tekk/pine, 5 l.

**1.995kr.**

89412150-450
Almennt verð: 4.995 kr.




Einungis 2 dósir á mann

**60%*** AFSLÁTTUR til 8. maí

*Takmarkað magn - fæst aðeins í verslun BYKO Breidd

Pinotex
Sadolin

**50%** AFSLÁTTUR til 8. maí

**22%** AFSLÁTTUR til 8. maí




**KJÖRVARI 12**
pallaolía, gagnsær, margir litir, 4 l.

**2.995kr.**

86363140-540
Almennt verð: 3.835 kr.

Á PALLINN



**Broil King**
Great Barbecues Every Time

4,1 kw | 1 brennari

**TILBOÐSVERÐ**

**PORTA-CHEF** gasgrill, einn 4,1 kW ryðfrír brennari, eldunarsvæði: 46 x 31 cm. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Sure-Lite™ kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**19.895kr.**

50657524
Almennt verð: 23.895kr.



6,9 kw | 3 brennarar

**TILBOÐSVERÐ**

**GEM 320** gasgrill, 6,9 kW, eldunarsvæði: 2774 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**34.995kr.**

50657521
Almennt verð: 42.895kr.

**Broil King**
Great Barbecues Every Time



8,8 kw | 3 brennarar

**TILBOÐSVERÐ**

**MONARCH 320** 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**52.895kr.**

50657510
Almennt verð: 62.895kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð á grillum gilda út 10. maí, önnur tilboð gilda til 8. maí eða á meðan birgðir endast.

## GRILLAÐAR PYLSUR
Í ÖLLUM VERSLUNUM
LAUGARDAG 13-15

# ILL



**Broil King**
Great Barbecues Every Time



11,4 kw | 4+2 brennarar

**TILBOÐSVERÐ**

**BARON 490** gasgrill, fjórir 11,4 kW Dual-Tube™ aðalbrennarar, 2,7kW hliðarbrennari + 4,4kW aftari grillteinsbrennari, eldunarsvæði: 4155 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**89.895kr.**

50657488
Almennt verð: 105.895kr.



*FRÁBÆRT VERÐ!*

6,35 kw | 2 brennarar

**weber**

**Q3200** gasgrill grátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 63 x 45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

**69.995kr.**

50650021



*FRÁBÆRT VERÐ!*

9,4 kw | 3 brennarar

**weber**

**SPIRIT E310** gasgrill, svart, 9,4 kW/h, 32.000 BTU 3 ryðfríir brennarar, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 61 x 45 cm grillflötur, efri grind: 61 x 12 cm. Fjögur hjól eru á grillinu og hægt er að læsa tveim þeirra, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði. Innfeldur hitamælir er í loki.

**79.995kr.**

50650008



**barbecook**

**TILBOÐSVERÐ**

**SPRING 300** gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

**34.995kr.**

11,4 kw | 3 brennarar

50686930/1
Almennt verð: 49.995kr.

**20%**
AFSLÁTTUR
*til 8. maí*




**KJÖRVARI 14**
viðarvörn,gagnsær,
margir litir, 4 l.

**3.195kr.**

86332040-9040
Almennt verð: 3.995 kr.

**Á GIRÐINGUNA**



**25%**
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
**GARÐ-**
**VERKFÆRUM**
*ekki raf- eða bensínknúnum






**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# Hafa „meikað það“ á heimsvísu

**Kristín Ólafsdóttir** er framleiðandi og leikstjóri heimildarmyndarinnar Innsæi sem er fyrsta íslenska myndin sem fer á Netflix á heimsvísu. Kristín, sem leikstýrði myndinni með Hrund Gunnsteinsdóttur, er himinlifandi með árangurinn.


Kristín Ólafsdóttir hefur gert samninga um dreifingu á Innsæi við nokkrar af stærstu efnisveitum heims, þar á meðal er Netflix.

Kvikmyndin InnSæi eftir þær Kristínu Ólafsdóttur og Hrund Gunnsteinsdóttur verður tekin til sýninga á Netflix worldwide – eða á heimsvísu – þann 15. júlí næstkomandi. Það þýðir að myndin verður aðgengileg öllum áskrifendum Netflix-veitunnar í þeim 190 löndum þar sem hún er leyfð.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir myndina að fá þessa dreifingu um allan heim. Vandamálið við heimildarmyndir er oft að það er erfitt að nálgast þær á fljótlegan og þægilegan hátt fyrir áhorfendur. Netflix er með öflugan flokk heimildarmynda þannig að þeir sem hafa áhuga á myndum þar sem kafað er djúpt ofan í viðfangsefnið hafa úr nógu að velja. Að Innsæi verði ein af þeim myndum er mikill heiður fyrir okkur,“ segir Kristín hjá Klikk Productions um myndina Innsæi sem fjallar m.a. um álag og stress sem fylgir auknu upplýsingaflæði og hraðanum sem einkennir nútíma samfélag. Í myndinni er til dæmis fylgst með skólabörnum í Bretlandi sem er kennt, með hjálp taugalíffræði og núvitundar, að takast á við mikið upplýsingaflæði, streitu og auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra. Í myndinni koma einnig fram heimsþekktir leiðtogar og hugsuðir á sviði lista, vísinda og fræða sem leiða okkur inn í margræðan heim Innsæis.

„Við vorum frökk að gefa heimildarmynd íslenskt heiti sem enginn erlendis skilur og margir héldu að við myndum ekki geta selt hana á erlenda markaði. En hugtakið Innsæi virðist bara hafa vakið upp forvitni erlendis og virðist ekki spilla fyrir myndinni heldur þvert á móti veitir henni meðbyr. Innsæi er líka orð sem við viljum hefja upp því það er mjög fallegt og hefur margræða og djúpa merkingu eins og kemur fram í myndinni.“

Spurð út í hvort þessu stóra tækifæri fylgi ekki mikil vinna og ákveðið stress segir Kristín: „Í raun ekki, þetta er bara mikil viðurkenning og það eru greinilega margir um allan heim sem tengja við efnið. Netflix sér líka um alla framkvæmd sbr. að þýða á öll tungumálin og auglýsa myndina á veitunni sinni á hverju svæði fyrir sig,“ útskýrir Kristín sem er afar spennt.

### Athugasemdir og „likes“ hrúgast inn

Kristín áætlar að yfir 50.000 manns hafi núna séð Innsæi og þá er ótalið áhorf á Netflix sem veitan gefur ekki upp. Það gætu verið nokkrir tugir þúsunda í viðbót. „Rétt er að taka fram að langflestir eru erlendir áhorfendur. Viðbrögðin hafa verið mjög nærandi fyrir okkur öll sem unnum að myndinni. Fólk virðist bregðast sterkt við boðskap myndarinnar og eftir að hún var frumsýnd í Norður- og Suður-Ameríku vorum við að fá 350-400 athugasemdir og „likes“ á Facebook-síðuna okkar daglega. Síðan hafa fjölmargir áhorfendur sent okkur tölvupóst með áhugaverðum sögum þeirra og löngun til að kynna efni myndarinnar í sínu landi eða í sinni borg. Og við Hrund höfum ferðast um Evrópu og Ameríku með fyrirlestra um myndina. Háskólasamfélögin í Bandaríkjunum hafa líka sýnt myndinni mikinn áhuga.“

> **VIÐ VORUM FRÖKK AÐ GEFA HEIMILDARMYND ÍSLENSKT HEITI SEM ENGINN ERLENDIS SKILUR OG MARGIR HÉLDU AÐ VIÐ MYNDUM EKKI GETA SELT HANA Á ERLENDA MARKAÐI.**

Spurð út í hvaða tilgang og tækifæri þær sjái í Innsæi segir Kristín: „Við viljum breiða út boðskap Innsæis um allan heim. Fá áhorfendur til að tengjast aftur við sitt innsæi í nútímasamfélagi þar sem hraði og stress ræður oft ríkjum. Við viljum minna fólk á að gefa innsæi sínu séns og leyfa því að vera með í stórum ákvörðunartökum í lífi okkar og starfi. Ekki einungis treysta bara á rökhugsun okkar. Við þurfum bæði innsæi og rökhugsun til að funkera rétt, þetta er eins og tveir ryþmar sem geta ekki verið án hvor annars. Við erum búin að einblína á rökhugsunina of lengi núna en við erum öll með hafsjó af visku innra með okkur. Nýtum hana og njótum hennar. Þá fyrst fær sköpunargleði okkar að njóta sín.“

En Netflix er ekki eina efnisveitan sem Klikk Productions hefur gert samning við í tengslum við Innsæi. Nú þegar er hægt að leigja og kaupa Innsæi á efnisveitunni Vimeo on demand um allan heim nema í Bandaríkjunum og Kanada eins og sakir standa. Svo er einnig hægt að leigja og kaupa myndina á streymisveitusvæði Amazon í þremur löndum; Bretlandi, Japan og Þýskalandi. Það er því ljóst að Innsæi er komin víða og þá er óhætt að segja að þær Kristín og Hrund hafa „meikað það“ með myndinni. **gudnyhronn@365.is**

# Telur sig hafa orðið fyrir hönnunarstuldi

„Mér finnst sorglegt þegar fólk sér sig knúið til að stela hugmyndum annarra,“ segir eigandi Aftur, um þá staðreynd að nýverið komu í sölu peysur sem svipa mikið til hönnunar Aftur. Um er að ræða flíkur úr endurunnum efnisbútum.

„Endurvinnsla er æðisleg og ég vildi að flestir myndu stunda hana. En það er samt leiðinlegt þegar fólk tekur einhverja svona „signature“ hönnun annars hönnuðar og stelur henni. Allir mega verða fyrir innblæstri og jafnvel smitast af stíl, en þegar þetta er bara augljóst „copy paste“, þá er það ekki í lagi,“ segir Bára Hólmgeirsdóttir, eigandi Aftur, sem fékk ábendingu um málið í dag. „Ég fékk bara skjáskot af Instagram, frá vinkonu minni.“

Peysurnar frá Thelmu Steiman fást í versluninni Second Society í Kaupmannahöfn. „Ég veit alveg að þessi stelpa veit hvað Aftur er, hún hefur verslað hérna,“ útskýrir Bára en hún vonar að þessi hönnunarstuldur sé gerður í hugsunarleysi.

„Ég veit að það er hægt að rökræða um þessa hluti, hvort eitthvað sé nýtt undir sólinni. En þetta er bara Aftur,“ segir Bára sem er nokkuð viss um að flestir Íslendingar sem hafa áhuga á fatahönnun kannist við Aftur. „Aftur er næstum því átján ára gamalt merki.“


Þessi peysa er frá merkinu Aftur.

### Erfitt að vernda sig gegn hugverkastuldi

„Ég hef aldrei áður tjáð mig um kóperingar á Aftur. En þarna dreg ég línuna. Það er bara svo erfitt að taka á þessu, fólk fer gjarnan út í að segja „þetta er ekki alveg eins, og svo framvegis“, því oft eru línurnar svo óskýrar og það er erfitt að vernda sig gegn hugverkastuldi. „Þetta er alltaf erfitt og persónulegt málefni að taka, maður forðast þessa umræðu. En þetta er bara okkar „signature“ Aftur hönnun sem um ræðir.“

Að lokum vill Bára árétta að henni þyki jákvætt þegar hönnuðir vinna með endurvinnslu. „Mér finnst alltaf gaman að sjá unga hönnði endurvinna. En fólk verður að koma upp með sitt eigið, það er enginn frami í þessu ef maður ætlar bara að kópera. Þetta er ekkert hádramatískt, bara leiðinlegt.“



Þessi peysa þykir afar lík hönnun frá Aftur.

### Ber mikla virðingu fyrir Aftur

„Mér þykir leiðinlegt að heyra að mínar flíkur séu tengdar við svoleiðis umræðu,“ segir Thelma spurð út í málið. „Ég hef verið að vinna með sjálfbæra hönnun núna síðastliðin tvö ár. Þá bæði með afgangsefni, „zero waste“-snið, „second hand“-fatnað og fleira. Og ég var loksins að ganga frá því að kúnnar geti skilað inn eldri flíkum sem hægt er að nýta áfram. Allt sem sprottið er af minni vinnu og hönnun hefur verið þróað í samræmi við þau verkefni sem ég hef tekið að mér í samstarfi við önnur fyrirtæki, eða verkefnavinnu úr mínu námi, ásamt minni hugmyndafræði sem mig langar að innleiða á fatamarkaðinn. Ég hef aðeins auglýst á samfélagsmiðlum brot af því nýja sem ég hef upp á að bjóða. Ef það fer eitthvað fyrir hjartað á Báru í Aftur að ég sé að vinna með notaðan fatnað og nýta yfir í nýjar flíkur, þá þykir mér það miður. Ég ber mikla virðingu fyrir Aftur, þeirra hugmyndafræði og þykir gaman að kíkja við [í búðina] ef ég fer til Íslands," segir Thelma. **gudnyhronn@365.is**


Bára leggur áherslu á endurnýtingu í hönnun sinni.



Þessi peysa kemur úr smiðju Thelmu.

# Milkywhale með dansvæna plötu á Spotify

Popphljómsveitin Milkywhale, sem samanstendur af Melkorku Sigríði Magnúsdóttur og Árna Rúnari Hlöðverssyni, gaf út fyrstu plötuna sína á Spotify í gær. Platan ber sama heiti og hljómsveitin, Milkywhale, og inniheldur tíu dansvæn lög.

Sveitin er tiltölulega ung en hefur þó komið víða við þrátt fyrir ungan aldur. „Leiðir þeirra Melkorku og Árna lágu fyrst saman þegar þau unnu að leiksýningu í Borgarleikhúsinu í ársbyrjun 2015 og seinna það sama ár unnu þau danssýninguna



Árni og Melkorka skipa Milkywhale.

**PLATAN MILKYWHALE KOM Á SPOTIFY Í GÆR OG ER VÆNTANLEG Á VÍNYL Í NÆSTA MÁNUÐI.**

Milkywhale fyrir Reykjavik Dance Festival. Upp úr þeirri sýningu varð til samnefnd hljómsveit, Milkywhale, sem segja má að hafi stokkið fram á sjónarsviðið á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves seinna sama ár,“ segir í tilkynningu frá sveitinni. Í framhaldinu var Milkywhale boðið að spila á tónlistarhátíðinni í Hróarskeldu en auk þess hefur hljómsveitin komið fram á fjölmörgum tónleikum hérlendis og erlendis.

Þess má geta að lögin á plötunni eru samin í stofunni heima hjá Árna og segir Melkorka að sköpunarkrafturinn sé að miklu leyti kaffivélinni hans að þakka.

Platan er svo væntanleg á vínyl í júní en bandið er komin með samning við útgáfufyrirtækið Theory of Whatever Record um vínylútgáfu. – gha



Omnom kynnir til leiks þetta dásamlega fallega poppkorn.

# Omnom fagnar Eurovision með því að gefa súkkulaðipopp

Súkkulaðiframleiðandinn Omnom Chocolate er í óðaönn að búa til súkkulaðipopp fyrir sumarið. „Poppið mun innihalda 100% stuðning við Hinsegin daga í Reykjavík og mun koma í fimm litríkum glamúrbragðtegundum sem eru lakkrís + hindber, bláber, mangó + ástaraldin, jarðarber og matcha-te,“ segir Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Omnom Chocolate.

**LOKSINS GET ÉG BORÐAÐ SKRAUTIÐ OG ÞARF EKKI AÐ ÞRÍFA ALLT „CONFETTIÐ“ UPP OG HENDA ÞVÍ EFTIR GLEÐINA.**

Hildur er afar spennt fyrir þessari nýjung og er viss um að hún muni slá í gegn hjá sælkerum landsins. „Þetta er „confetti“ sem hægt er að borða! Ég er sko hrikalega spennt fyrir þessu poppi fyrir Eurovision-partíið. Loksins get ég borðað skrautið og þarf ekki að þrífa allt „confettið“ upp og henda því eftir gleðina. Þetta er því umhverfisvænt skraut,“ segir Hildur sem kallar sjálfa sig „poppálf“.

En Omnom ætlar að taka smá forskot á sæluna í tilefni Eurovision. „Til að hefja leika ætlum við að sjálfsögðu að gleðjast og horfa á Svölu keppa á þriðjudaginn. Við bjóðum alla velkomna þann dag í verslun okkar til að sækja sér frítt box af súkkulaðipoppi til að gæða sér á yfir Eurovision-herlegheitunum!“

Á þriðjudaginn ættu því allir sælkerar að leggja leið sína út á Granda. „Fólk er velkomið í verslun Omnom, Hólmaslóð 4, frá kl. 11.00 til 18.00 að sækja sér poppbox á meðan birgðir endast,“ segir Hildur að lokum. – gha










Opið söluferli – sveigjanleg kaup og stækkunarmöguleikar

VILTU EIGNAST STÆRSTA HÓTEL Á VESTURLANDI?

Til sölu er Hótel Bifröst og fjöldi fasteigna í sannkallaðri náttúruperlu miðsvæðis á Vesturlandi.

Hótel Bifröst tilheyra 51 herbergi og 170 manna veitingasalur í fullum rekstri. Auk þess eru til sölu tvær fasteignir með 48 litlum íbúðum sem nýst geta undir hótelrekstur. Fjárfestum bjóðast einnig til kaups fasteignir með möguleika á frekari stækkun, alls 88 herbergi. Hægt er að kaupa rekstur hótelsins og hluta eignanna og semja um frekari kaup í áföngum.

Vesturland er nú eitt helsta vaxtarsvæði ferðaþjónustunnar og miklar fjárfestingar hafa átt sér stað þar í innviðum; gistingu, afþreyingu og þjónustu. Náttúrufegurðin á Vesturlandi er rómuð og áhersla yfirvalda er á að beina fleirum á Vesturland.





Capacent hefur yfirumsjón með söluferlinu og hafa ráðgjafar þess tekið saman upplýsingar um rekstur hótelsins, rekstrarumhverfi og þær eignir sem eru til sölu í upplýsingaskýrslu sem finna má á capacent.is. Auk Capacent taka neðangreindar fasteignasölur þátt í söluferlinu.

Skila þarf tilboðum 8. júní nk.

| | |
|---|---|
| Borg | Brandur Gunnarsson |
| Byggð | Björn Guðmundsson |
| DomusNova | Haukur Halldórsson |
| Eignamiðlun | Kjartan Hallgeirsson |
| Fasteignamiðstöðin | Magnús Leópoldsson |
| Höfði | Runólfur Gunnlaugsson |
| Miklaborg | Þröstur Þórhallsson |
| Valhöll | Ingólfur Gissurarson |



Bifröst felur í sér einstakt tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu en svæðið er í einungis um 100 km fjarlægð frá höfuðborginni og hentar því vel sem áfangastaður ferðamanna sem vilja skoða Vesturland, á leið til Vestfjarða eða út á Snæfellsnes. Stutt er frá Bifröst til allra helstu ferðamannastaða Borgarfjarðar.

# Lakkrísdöðlukonfekt fyrir partíið

Meðfylgjandi uppskrift að einstöku döðlukonfekti er í miklu uppáhaldi hjá matarbloggaranum **Margréti Theodóru Jónsdóttur**, sem heldur úti blogginu Kakan mín. Margrét segir konfektið vera fullkomið í hvaða partí sem er.

Þegar ég sá lakkrísdöðlurnar fyrst þá varð ég að prófa að leika mér aðeins með þær og þar sem sterkar Djúpur eru mitt uppáhaldsnammi þá fannst mér alveg kjörið að blanda þessum hráefnum saman," segir matarbloggarinn Margrét Theodóra sem heldur úti matarblogginu Kakan mín þar sem aðaláherslan er lögð á sætindi.

Það besta er að það er tiltölulega auðvelt að búa til konfektið. „Útkoman var fullkomin og sló rækilega í gegn. Það er alveg ótrúlega auðvelt að búa þetta konfekt til, mesta vinnan er líklega fólgin í því að skera allt niður í byrjun en svo er restin bara skemmtileg og leikur einn.

Það er hægt að gera kúlurnar í hvaða stærð sem er og ef maður nennir ekki því dútli þá er líka í góðu lagi að fletja karamelluna út á plötu, hella súkkulaðinu yfir, kæla og skera svo í litla bita. Þetta lakkrísdöðlukonfekt er alveg fullkomið í hvers kyns partí og samkomur þar sem flestir elska að geta nælt sér í eitthvað gómsætt í munnbitastærð," segir Margrét.

Er þá ekki tilvalið að henda í þetta gómsæta konfekt fyrir Eurovision-partíið á þriðjudaginn?

**gudnyhronn@365.is**




**Margrét Theodóra Jónsdóttir er snillingur þegar kemur að kökubakstri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Hælisleitandi börn,**
fylgdarlaus börn á flótta

Hefur þú áhuga á að taka inn á heimili þitt barn sem gæti verið á aldrinum 13 – 17 ára og kemur án fylgdar fullorðinna til Íslands?

Óskað er eftir áhugasömu fólki sem er tilbúið að vista eða fóstra barn á heimili sínu til lengri eða skemmri tíma. Æskilegt er að þeir sem taka að sér börn í slíkum aðstæðum hafi reynslu eða þekkingu á málefnum flóttabarna, mismunandi menningu þeirra, trú og hefðum og eða tali tungumál þeirra.

Nauðsynlegt er að umsækjendur sæki undirbúningsnámskeið á vegum Barnaverndarstofu, hafi möguleika á að sinna þörfum barna í nýju umhverfi og veita þeim öruggt skjól á heimili sínu. Mikilvægt er að umsækjendur hafi sveigjanlegan vinnutíma.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða sendi tölvupóst á bvs@bvs.is.

BARNAVERNDARSTOFA




**Þetta konfekt er ekki bara gómsætt heldur gleður það einnig augað.** MYND/KAKANMIN.COM

## Döðlukonfekt með lakkrísdöðlum og sterkum Djúpum

- 250 g döðlur með lakkrísdufti
- 1 poki Djúpur (sterkar)
- 1 poki Freyju hrís (um 200 g)
- 100 g smjör
- 100 g púðursykur
- 150 g súkkulaði (dökkt eða ljóst)*

* Ég notaði suðusúkkulaði, það er svona mátulega hlutlaust á móti öllu hinu.

1. Byrjið á því að brjóta hrískúlurnar og saxa Djúpurnar, setjið til hliðar.

2. Klippið döðlurnar niður í litla bita.

3. Bræðið púðursykur og smjör saman í potti þar til sykurinn er vel uppleystur og smjörið blandað vel við.

3. Bætið döðlunum út í og bræðið þetta allt saman við miðlungshita þar til blandan er orðin eins og karamella.

4. Bætið sterku Djúpunum saman við og leyfið súkkulaðinu að bráðna saman við karamelluna.

5. Takið pottinn af hellunni og kælið karamelluna örlítið, blandið síðan hrískúlunum að lokum saman við allt saman. (Ef smjörið skilur sig frá er hægt að bjarga því með því að hræra stöðugt í karamellunni eða þar til allt gengur aftur saman. Ef það gengur ekki þá er í góðu lagi að hella smjörinu af.)

6. Mótið litlar kúlur og setjið í kæli.

7. Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði. Ef þið notið dökkt súkkulaði, reynið þá að bræða það við mest 32°C svo það haldi glansinum, annars myndi ég mæla með því að tempra það.

8. Dýfið kúlunum í súkkulaðið og húðið þær, setjið á plötu og leyfið súkkulaðinu að storkna.

# SPORTS DIRECT

**NÝ SENDING Í HVERRI VIKU**

LONSDALE 3/4 BUXUR



MEGA VALUE 2.990 KR.

SOUL CAL HERRA STUTTERMABOLUR



2 FYRIR 2.990 KR. 1.990 KR.

NIKE DOWNSHIFTER DÖMU



TIL Í STÆRÐUM 36-42

MEGA VALUE 7.990 KR.

NIKE MERC CR7 TAKKASKÓR



TIL Í STÆRÐUM 40-46

MEGA VALUE 9.590 KR.

FÍGÚRU SUNDFÖT FYRIR BÖRN



2 FYRIR 3.790 KR. 2.790 KR.

PUMA BARNA STUTTBUXUR



EINNIG TIL FYRIR FULLORÐNA

MEGA VALUE 2.990 KR.

ADIDAS BARNA STRIGASKÓR



TIL Í STÆRÐUM 28 - 34

MEGA VALUE 6.390 KR.

NO FEAR BARNA STUTTERMABOLIR



MEGA VALUE 1.790 KR.

DUNLOP HERRA GOLFSKÓR



TIL Í STÆRÐUM 41-47

MEGA VALUE 8.390 KR.

SLAZENGER HERRA GOLFBOLIR



MEGA VALUE 4.390 KR.

SLAZENGER DÖMU GOLFBOLIR



MEGA VALUE 2.990 KR.

DUNLOP GOLFBUXUR



2 FYRIR 4.390 KR. 2.990 KR.

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

SPORTS DIRECT

Skógarlind 2

**Opnunartími**
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Nike · Slazenger · adidas




Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect á íslandi!*

SPORTS DIRECT GJAFAKORT

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!

# Höfðu húmor fyrir „tískuslysinu“

**Svala Björgvinsdóttir og Anja Nissen klæddust nýverið báðar hönnun eftir Hrafnhildi Arnardóttur við undirbúning fyrir Eurovision. Hrafnhildur segir skemmtilegt að fá þessi jákvæðu viðbrögð við frumraun sinni í fatahönnun.**

Söngkonurnar Svala Björgvinsdóttir og Anja Nissen klæddust nýverið flíkum úr línu sem myndlistarkonan Hrafnhildur Arnardóttir, betur þekkt sem Shoplifter, hannaði fyrir keðjuna & Other Stories. Sú lína kom í takmörkuðu upplagi og hefur að geyma leggingsbuxur, jakka, tösku og skart svo eitthvað sé nefnt. Bæði Anja og Svala klæddust jakkanum úr línunni í Kænugarði þegar þær undirbjuggu og kynntu atriði sín fyrir Eurovision.

„Þetta er ferlega skemmtilegt auðvitað, þetta er í fyrsta sinn sem ég geri föt sem fara í framleiðslu svo það er hvetjandi að fá jákvæð viðbrögð og finna það að fólk vill klæðast fötunum.“

Það kom Hrafnhildi á óvart að sjá að Anja hafði nælt sér í jakka. „Ég hitti Svölu af tilviljun í Los Angeles nýlega og við vorum bara á spjalli og hún sá jakkann og heillaðist af honum, svo ég bauðst til að senda henni föt úr línunni sem hana langaði að nota í Kiev, en ég bjóst ekkert endilega við að það yrði svona áberandi. Hins vegar kom það mér algerlega í opna skjöldu að sjá Önju Nissen í jakkanum líka! Hann náttúrulega var til sölu í & Other Stories ekki fyrir svo löngu og hún eða stílistinn hennar hefur fundið hann,“ útskýrir Hrafnhildur.



Svala Björgvinsdóttir tók sig vel út í jakkanum sem er úr smiðju Hrafnhildar Arnardóttur. MYND/ANDRES PUTTING

## Jakkinn seldist upp á fyrsta degi

„Þessi jakki seldist upp á fyrsta degi og hann var gerður í takmörkuðu upplagi svo líkurnar á þessu voru ekki miklar. Við Svala höfðum frekar gaman af þessu „tískuslysi“,“ segir Hrafnhildur og hlær. „Mér fannst þær báðar flottar í flíkinni og fallegt hvað Svala tók þessu vel og hafði húmor fyrir því að lenda í þessu, það eru ekki allir sem myndu gera það. Þetta sýnir okkur hversu falleg manneskja Svala er.“

Hrafnhildur segir sölu línunnar sem hún hannaði fyrir & Other Stories hafa gengið vonum framar. „Já, línan hefur gengið rosalega vel skilst mér en einungis níu stærstu búðirnar þeirra seldu vörurnar sem eru „special edition“ svo nú fer hver að verða síðastur. En jakkinn seldist upp á fyrsta degi bæði í búðum og á netinu,“ segir Hrafnhildur.

Eins og áður sagði er þetta í fyrsta sinn sem Hrafnhildur leggur fyrir sig fatahönnun og þetta nýja verkefni lagðist vel í hana. Spurð út í hvort hún ætli að leggja frekari fatahönnun fyrir sig segir hún: „Það lítur út fyrir að maður geti ekki annað. Ég er til í að halda áfram ef ég fæ gott teymi til að vinna með mér. Það hefur gengið vel í myndlistinni og hún á hug minn allan akkúrat núna, en það væri lúxus að geta unnið í hönnun með fram myndlist því uppsprettan er sú sama,“ útskýrir Hrafnhildur og bætir við að línan sem hún hannaði fyrir & Other Stories sé innblásin af myndlist hennar.

„& Other Stories fyrirtækið, sem er dótturfyrirtæki H&M, hafði samband við mig út af myndlistarverkunum mínum og bað mig að hanna föt og fylgihluti sem væru algerlega byggð á þeim. Ég notaði ljósmyndir af verkunum mínum til að búa til mynstur og fleira svo þetta er allt samhangandi.“

Aðspurð hvort hún sé Eurovision-aðdáandi segir Hrafnhildur: „Ég dáist að menningarfyrirbærinu Eurovision og finnst ferlega skemmtilegt að fylgjast með ef ég er á Íslandi. Ég bý í Ameríku en vinsældir keppninnar ná barasta ekki þangað. Að sjálfsögðu ætla ég að horfa á keppnina í ár, Svala er frábær og á eftir að rúlla þessu upp eins og hverri annarri pappírsrúllu, snillingur sem hún er!“

gudnyhronn@365.is

**Jakkinn umræddi sem seldist upp á mettíma.**





Hrafnhildur Arnardóttir vinnur undir listamannsnafninu Shoplifter. MYND/ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR





HANDVERK OG HÖNNUN
CRAFTS AND DESIGN

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
4.–7. MAÍ

FIMMTUDAGUR 4. MAÍ 12 - 19
FÖSTUDAGUR 5. MAÍ 12 - 19
LAUGARDAGUR 6. MAÍ 12 - 19
SUNNUDAGUR 7. MAÍ 12 - 18

HANDVERK OG HÖNNUN #handverkoghonnun www.handverkoghonnun.is


MERIDA
MERIDA MATTS 10
VERÐ ÁÐUR 69.990.-
NÚNA 55.992.-
MERIDA MATTS 15
VERÐ ÁÐUR 79.990.-
NÚNA 63.992.-
MERIDA MATTS J24
VERÐ ÁÐUR 64.990.-
NÚNA 51.992.-
MERIDA HJÓLADAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HJÓLUM OG HJÓLAVARNINGI 3.–8. MAI
MERIDA MATTS J24
VERÐ ÁÐUR 64.990.-
NÚNA 51.992.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ ÁÐUR 119.990.-
NÚNA 95.992.-
MERIDA CROSSWAY 100
VERÐ ÁÐUR 119.990.-
NÚNA 95.992.-
MERIDA CYCLOCROSS 500
VERÐ ÁÐUR 219.990.-
NÚNA 175.992.-
MERIDA JULIET 10
VERÐ ÁÐUR 69.990.-
NÚNA 55.992.-
MERIDA JULIET 15
VERÐ ÁÐUR 79.990.-
NÚNA 63.992.-
MERIDA DINO 12
VERÐ ÁÐUR 24.990.-
NÚNA 19.992.-
MERIDA DINO 16
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
NÚNA 22.932.-
MERIDA BELLA 12
VERÐ ÁÐUR 24.990.-
NÚNA 19.992.-
MERIDA BELLA 16
VERÐ ÁÐUR 27.990.-
NÚNA 22.392.-
ELLINGSEN
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

# Lífið í vikunni

30.04.17-06.05.17



## VERÐLAUNIN SEM ENGINN VILL

Góður árangur er oft verðlaunaður með grip. En það getur verið erfitt að búa til fagurt stofustáss sem verðlaunahafar vilja hafa til sýnis. Álitsgjafar voru fengnir til að velja frekar mislukkaða gripi og Kuðungurinn 2008 og verðlaunagripur Íþróttamanns ársins komust á listann.

## BURT MEÐ NEIKVÆÐNINA



„Træbið“ Regnbogastríðsmenn er hópur sem Brynjar Oddgeirsson stofnaði eftir að hann fann fyrir mikilli neikvæðni í heiminum og lítilli tengingu við stjórnmálaflokkana. Markmiðið með hópnum er að eyða neikvæðni með jákvæðni. „Þegar maður er hamingjusamur þá er maður betur í stakk búinn,“ sagði Brynjar.

## BJÖRK Í BÓKAÚTGÁFU



Björk Guðmundsdóttir er að senda frá sér bók sem hefur að geyma nótur með 34 útsetningum laga hennar. Það var píanistinn Jónas Sen sem vann útsetningarnar með henni en vinnan á bak við bókina tók heil átta ár og útkoman er afar veglegt og vandað bókverk.

## ÓGLEÐI OLLI VESENI Í UPPTÖKUM



Eva Laufey Kjaran birtist á skjánum í vikunni í nýrri þáttaröð. Eva naut þess í botn að taka upp þættina þó að morgunógleðin hafi sett strik í reikninginn. „Það var erfitt að vera ekki nógu hress alla upptökudagana, að vera flökurt og líða eins og maður sé þunnur allan daginn en ekkert endilega besta dagsformið sem ég hefði kosið.“


NÝTT Tempur® Contour

Við gerðum stórkostlegt enn betra



Hvernig er hægt að bæta sig ef maður er nú þegar í fyrsta sæti þegar kemur að ánægju viðskiptavina í 13 löndum?*
... okkur tókst það.

Við kynnum nýju Tempur® Countour heilsudýnuna, hún er með QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo. Dýnan er einnig fáanleg með CoolTouch™ áklæði. Komdu og upplifðu einstaka eiginleika Tempur og finndu þá dýnu sem hentar þér best.

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt að taka QuickRefresh áklæðið af dýnunni og þvo.

TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!



* Byggt á viðtölum við 37.000 dýnueigendur í 13 löndum á árunum 2014–2015 þar sem Tempur-dýnueigendur, í öllum löndunum, mátu Tempur hærra á ánægjukvarða en eigendur dýna frá öðrum framleiðendum.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK


# Fann aftur ánægjuna við að semja tónlist

**Sóley Stefánsdóttir** mun koma fram á tónleikum í kvöld í Mengi en tilefnið er nýjasta plata Sóleyjar sem ber heitið Endless Summer. Sóley segir nýju plötuna vera glaðværari en fyrri plötur og hún naut þess í botn að semja hana.



Sóley Stefánsdóttir heldur uppi stuðinu í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Endless Summer, þriðja breiðskífa Sóleyjar Stefánsdóttur, kom út í gær en sú plata mun vera frábrugðin fyrri plötum hennar. „Ég gaf út plötuna Ask the Deep fyrir tveimur árum og hún var frekar þung, bæði í smíðum og flutningi. Eftir árs tónleikaferðalag fékk ég alveg nóg af því að spila hana, það er ótrúlegt hvað svona plata getur haft áhrif á andlega líðan. Ég kom heim, keypti mér flygil, málaði stúdíóið mitt gult og fjólublátt, settist niður og byrjaði að semja Endless Summer. Þarna var ég komin aftur á byrjunarreit. Ég og píanóið,“ útskýrir Sóley sem fékk mikla útrás við gerð plötunnar.

„Mig langaði til að finna löngunina í að semja aftur, hún var nánast horfin og sömuleiðis ánægjan við tónleikahald. Endless Summer kom á fjórum mánuðum. Ég nánast ældi lögunum upp úr mér. Ég naut þess mikið að semja hana. Ég naut þess líka að vera heima í rútínu og með dóttur minni. Þessi tónleikaferðalög rífa mann svolítið í tætlur.

Svo það fyndna við þetta allt saman að á þessari plötu hélt ég að ég hefði masterað þetta svokallaða gleðipopp af því að ég skellti inn nokkrum dúr-hljómum hér og þar en svo þegar ég leyfði fólki að hlusta þá var það víst ekki raunin! Sorgleg og falleg voru viðbrögðin. Endless Summer fjallar um von, fegurð og þrá.“

Spurð nánar út í titil plötunnar, Endless Summer, sem þýðist sem eilíft sumar, segir hún skammdegið í raun hafa veitt henni innblástur. „Titillinn kom áður en ég byrjaði að semja plötuna. Platan var samin í janúar/febrúarmyrkrinu. Ég er með glugga á stúdíóinu mínu svo ég verð vör við allar veðurbreytingar, ólíkt gluggalausum stúdíóum þá held ég að þessi gluggi hafi mikil áhrif á mig, að sjá dýnamíkina í veðrinu. Enda er þetta ekki beint sumarplata. Það er sumarþráin sem við finnum svo sterkt fyrir í skammdeginu. Það er líka þráin í þetta góða og bjarta. Fjarlægðin gerir fjöllin blá.

> ÞIÐ VITIÐ HVERNIG ÞAÐ ER AÐ EIGNAST BARN. ÉG HÉLT ÞAÐ VÆRI EKKI HÆGT AÐ ELSKA SVONA MIKIÐ.

En íslenska sumarið er eins og draumur. Kemur og fer áður en þú áttar þig á því. Dagur verður að nótt sem verður að öðrum degi. Það er svolítið magnað og virðist svolítið endalaust þar til þér er kippt aftur inn í raunveruleikann.“

### Hélt hún myndi aldrei semja mömmutónlist

Aðspurð um uppáhaldslag af plötunni segir Sóley: „Það breytist svo sem dag frá degi en núna er það fyrsta lag plötunnar, sem heitir Úa. Dóttir mín heitir Úlfhildur og ég samdi þetta lag til hennar. Ég, sem aldrei ætlaði að semja mömmutónlist. Þið vitið hvernig það er að eignast barn. Ég hélt það væri ekki hægt að elska svona mikið. Lagið er kannski aðeins sorglegt en það fjallar um að ég sé alltaf að fara frá henni. Það eina sem ég get sagt við hana er að ég komi alltaf aftur. Það tekur á fyrir okkur báðar. Svo er titillag plötunnar, Endless Summer, líka í miklu uppáhaldi. Það er svona sorglega fallegt sumarnæturlag.“

Sóley mun koma fram ásamt hljómsveit í kvöld klukkan 20.30 í Mengi og leyfa fólki að kynnast nýju plötunni. Hún lofar góðri stemningu. „Við ætlum að spila lög af plötunni, flest lögin allavega. Svo gömul lög í bland. Eftir tónleikana verður útgáfuhóf og þar getur fólk staldrað við, keypt sér eintak, kannski fengið sér smá í glas og spjallað. En þetta eru samt ekki útgáfutónleikar, ég ætla að halda útgáfutónleika í sumar með stærri hljómsveit,“ segir hún og bætir við: „Takk fyrir mig og megi allir kaupa sér eilíft sumar! Það er það sem við þráum, er það ekki?“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


V6
100% PALLBÍLL.
100% KRAFTUR.
V6 3.0L TDI
Frumsýnum nýjan Volkswagen Amarok.
Vertu velkominn í dag milli kl. 12 og 16 á frumsýningu VW Amarok.
Glæsilegur pallbíll með 3.0 lítra, 224 hestafla, V6 dísilvél og 550 Nm togi. Hann er með fullkomnu 4Motion fjórhjóladrifi og dráttargetan er 3.500 kg. Búnaður Amarok er einstaklega ríkulegur en Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls. Hlökkum til að sjá þig!
Verð frá kr. 7.140.000
Við látum framtíðina rætast.
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Torso
hornsvefnsófi

**25% AFSLÁTTUR**

Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: 225 x 235 cm H: 88 cm.
Svefnsvæði: 219 x 142 cm.

**Fullt verð: 199.900 kr.**

Aðeins **149.925 kr.**





**25% AFSLÁTTUR**

## MONTARIO
svefnsófi

Rúmfatageymsla. Svefnsvæði: 140x200 cm.
Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**

## MEMPHIS
svefnsófi

Slitsterkt áklæði, ljós- eða dökkgrátt. Svefnsvæði: 120 x 200 cm

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**

## TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 119.900**




Aðeins **89.925 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**

## MEGA
U-sófi **lítill**

Grátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 249.900 kr.**




Aðeins **187.425 kr.**



**25% AFSLÁTTUR**

## Mega
opinn hornsófi

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 219.900 kr.**




Aðeins **164.925 kr.**



Aukahlutur á mynd: Skemill

**25% AFSLÁTTUR**

## Mega
tungusófi

Grátt og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 179.900 kr.**




Aðeins **134.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*







**SAGA**
Tveggja sæta sófi

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 147 x 86 x 90 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**




**SAGA**
Þriggja sæta sófi

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 204 x 86 x 90 cm.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



# Píratar – Trump norðursins

Þegar Píratar komu fram á sjónarsviðið töldu einhverjir að þeir myndu bæta stjórnmálin á Íslandi. Nú er komin nokkur reynsla á pólitík Pírata og ljóst að þeir hafa ekki bætt stjórnmálin, en þeir eru vissulega að breyta þeim.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir er þingmaður Pírata. Í viðtali við Ríkisútvarpið í gær tjáði hún sig um fyrirhugaða sameiningu Tækniskóla Íslands og Fjölbrautaskólans við Ármúla. Það viðtal er einhvers konar samnefnari þess hvernig stjórnmálaflokkur Pírata er orðinn.

Í viðtalinu ræddi Þórhildur ekki um hvort fyrirhuguð sameining væri líkleg til að styrkja iðn- og verknám í landinu, hvort sameinaður skóli væri líklegur til að veita nemendum meira val og þjónustu, hvort auka mætti hagkvæmni í rekstri o.s.frv. Nei, ekki aldeilis, nemendur, gæði náms og annað slíkt smálegt var víðs fjarri Piratanum.

Gefum Þórhildi orðið: „Við höfum séð þetta áður og í rauninni líka hjá Viðreisn þar sem þau hafa innan sinna raða fyrrverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins (Þorgerði Katrínu) sem fór svipaða leið að sama marki við að koma á Tækniskólanum og tók svo sjálf sæti í stjórn Samtaka atvinnulífsins eftir það og maður spyr sig hvort að það sé verið að búa í haginn fyrir seinni tíma þegar starfstíma þessarar ríkisstjórnar lýkur.“

Þetta er með ólíkindum.

Við virðumst vera að eignast einhverja séríslenska útgáfu af Trump. Engin rökræða, bara saka andstæðinginn um spillingu, sama hversu langsótt og fáránleg ásökunin er. Aðalmálið er að koma ásökuninni á framfæri.

Það var hárrétt greining hjá norska stórblaðinu Verdens Gang þegar blaðið flokkaði Pírata á Íslandi í hóp lýðskrumaraflokka.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

ÚRVAL ÚTSÝN
SÓLARTILBOÐ SUMAR 2017
RAUÐIR DAGAR Á VÖLDUM BROTTFÖRUM Í SUMAR
TAKMARKAÐUR SÆTAFJÖLDI
VERÐ FRÁ 59.900 KR.
Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

